

Dear Kirsty,

I have finished reading *Last Rituals*, and I must say that I have enjoyed it very much. I would have finished reading it in three days even if you had not told me of the urgency. It really is compulsive reading.

It is a whodunnit, and the plot is managed extremely well. Not until reaching the final chapters did I begin to guess who was the murderer. When all was revealed, the whole plot seemed extremely convincing and realistic. It revolves around a group of young students (but not all that young: mostly in their twenties) at the University of Iceland who have become alienated and adopted a culture of drugs, sexual perversion (but not homosexuality) and the occult. Although many of the details of the plot are very sensational and will seem shocking to many people, the book is a serious attempt to understand the nature and origin of this culture and the story is entirely realistic and convincing. The characters dabble in the occult, but there is no actual supernatural element in the story.

The two investigators of the murder, which is of a German research student in his twenties, are not professional detectives: the police have concluded their investigations and have arrested one of the victim's friends. But the victim's family back in Germany are not convinced that the right man has been charged, and employ a German friend of the family and a female Icelandic lawyer (not a specialist in crime cases) to re-examine the case. The book consists largely of an account of their investigations and their gradual realisation of what lies behind the extraordinary crime: the victim's body was after death subjected to various rituals which have their origin in medieval accounts of witchcraft.

The details of witchcraft and torture that are described are authentic and based mainly on medieval or seventeenth century books, some of them Icelandic, some from continental Europe and in Latin. I was afraid that they would turn out to be over-sensationalised fantasies only loosely based on historical reality, but they are not. They are based on actual records of witchcraft and the persecutions of supposed witches in early times, which are convincingly linked with modern psychological ideas about sexual perversion and sadomasochism and Freudian psychology. I know a bit about this, because last year I published a translation of an account of Icelandic folklore, which included a lot of information on these matters.

The characterisation of the two investigators and their developing relationship is also very well handled. The Icelandic lawyer is a single mother with two children, one of whom, the son, is going through a difficult stage at the age of sixteen. Though his problems (and those of his mother) are nowhere near as great as those of the victim of the murder, they are integrated into the story of the murder in a very interesting and effective way. This is a serious book which addresses sensitively many important questions about modern society (all over the world, not just in Iceland), and is very topical (crime linked with drugs, sex, the occult, youth culture, women's roles in society, child abuse, police incompetence – nearly the lot).

The style of the narrative is quite straightforward and rather spare, with touches of humour and irony that are very attractive. Moreover, though the language of the youth culture presented in the book, the details of seventeenth-century and earlier Icelandic history, and the Icelandic psychological terminology may well present some problems to a translator, the technical matter is handled very skilfully in the book. Since one of the

investigators is a foreigner, he has to have all the information about Icelandic culture and history (and geography) explained to him by Icelanders, and this of course serves to inform the foreign reader too. The author clearly had a foreign audience in mind when writing the book, and has taken care not to make the Icelandic background to the story a stumbling block for uninformed readers. She has managed this extremely well.

While one of the chief attractions of the story to me has been the Icelandic background – the department of the University of Iceland that is the setting for much of the action is one that I know extremely well – I do not think that the book will appeal only to those who know Iceland, though the large number of tourists who have now been to Iceland will in many cases have visited exhibitions in the institute closely involved in the plot and will find that aspect of the book a great attraction. This means that an English translation could well find an audience in Iceland. For others, it will be just a rather exotic setting for a traditional type of detective novel, rather like the Caribbean in some of Graham Greene's novels. Nor would it be right to describe it as a campus novel, though its use of the University background will undoubtedly make it appeal particularly to the audiences of David Lodge or P. D. James or A. S. Byatt. As a detective novel it is perhaps most similar to Colin Dexter. I think that the translation will, if well publicised, find a wide readership in North America and Australia, where there is a considerable market for books about Iceland. We (the Viking Society) sell a large number of our books in the US and Canada, where also the majority of the sales of Snorri Sturluson's Edda take place as well, as Frances Wollen will tell you. The psychological element and the links with the occult will also give the book a particular attraction among a general audience of intellectual readers. The historical material puts the book into a class with Eco's *The Name of the Rose*.

I do not know where the English title has come from, but it is not very satisfactory. 'Last Rites' would be better, but the literal meaning of the Icelandic title is 'The Third Sign'. Both refer to the occult symbol cut on the corpse's chest which constitutes one of the most macabre features of the crime, and is also one of the indicators of the motive. Another link with Eco's semiology.

I very much hope you will get to publish a translation – the book deserves a serious publisher – and that you will not employ a hack translator who cannot do it justice. There are a lot of them around, especially in Iceland.

Regards,



Anthony Faulkes

Icelandic crime novel sold in nine languages prior to publishing

LAST RITUALS

by a welcome new voice, Yrsa Sigurdardottir
Dan Brown meets Minette Walters

The badly mutilated body of a young German student, who had been studying Icelandic history in Reykjavik, is discovered in Iceland. The man had been brutally murdered. The police soon make an arrest in the case, a drug addict that admits to having sold drugs to the student but maintains his innocence with regards to the murder.

The murdered student comes from a wealthy family and his German relatives are not certain that the police have done an adequate job. They employ Freyja, an Icelandic attorney to conduct her own investigation, which she reluctantly accepts. The price is right – however there is a snag, namely that Freyja must work alongside Matthew Reich, a former German policeman employed by the family and not exactly Freyja's cup of tea. She is easygoing and carefree; his mentality regimental and stiff. Tempted by the money offered Freyja does however take on the investigation.

Their independent investigation reveals that the murdered student had gathered substantial information regarding ancient documents and secret rituals and that he was a member of a mysterious, small group of Icelanders fascinated with historical events related to torture and execution. In addition they find out that the student was about to purchase a witchcraft artifact and some quite ugly things from the student's past life in Germany surface."

Freyja and Matthew soon become caught up in an investigation that leads them from Reykjavik of modern times to the far away northwest coast, infamous in Icelandic history for its witch-hunts during the dark ages, where – unlike other European nations – men were mainly burned for witchcraft instead of women. Who wanted this German student dead? And what connection does this tragedy have to horrible events that took place ages ago in a remote part of Iceland? Is it possible that experiments with sorcery are being executed in modern Reykjavik?




The award winning author, Yrsa Sigurdardottir, now debuts as a crime writer. **Last Rituals** is a sharp and skilfully plotted crime novel by a welcome new voice in this genre. It's an engaging page-turner that the reader will not be able to put down until the mystery has been solved. It offers a strong female character; a 36 year old woman leading a normal life who suddenly finds herself thrown into a personal turmoil where no-one is to be trusted and nothing is as it seems.

Yrsa Sigurdardottir has carved out an unusual carrier. A civil engineer, she is currently employed as the technical manager of one of the largest hydro construction projects in Europe in the wilderness of Iceland where she uses her spare time writing about vicious things going on in Reykjavik. Previously she has written five novels.

Hitting the bestseller lists in several countries, Icelandic crime novels have suddenly become extremely popular in Europe. The uncrowned king of this genre in Iceland has been Arnaldur Indridason. But every king needs his queen – and now she is finally brought to the world with her own personal style; witty, clever and unpredictable.

Sold in nine languages: Germany – Fischer (auction); Holland - De Fontain (auction); France – Seuil; Denmark – Aschehoug; Sweden – Damm; Norway – Damm (auction); Spain - World Spanish – Santillana; Italy - Sperling & Kupfer (a two book deal – Mondadori); Greece - Diigisi

ÞRIÐJA TÁKNIÐ



YRSA SIGURÐARDÓTTIR



VERÖLD

Reykjavík 2005

Priðja táknið
eftir Yrsu Sigurðardóttur



Útgefandi: Veröld, Reykjavík 2005
www.verold.is

© Yrsa Sigurðardóttir 2005.


Umbrot og prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson
Ljósmynd af höfundi: Atli Már Hafsteinsson



Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 9979-789-00-






Bókin er tileinkuð elsku Óla.
Sérstakar þakkir fær Harald Schmitt
sem lánaði mér nafnið sitt
– og leyfði mér að drepa sig.
– *Ýrsa.*





31. október 2005



Inngangur

Tryggvi húsvörður leit undrandi í kringum sig. Hvað var þetta? Gegnum rísl ræstingakvennanna barst sérkennilegt hljóð innan úr byggingunni. Það var í fyrstu lágstemmt en varð æ greinilegra. Hann sussaði á konurnar og lagði við hlustir. Þær litu stórum augum hver á aðra og tvær þeirra signdu sig. Húsvörðurinn lagði frá sér kaffibollann og tók stefnuna fram á gang.

Tryggvi hafði notið einverunnar áður en þær komu í hús. Hann beið rólegur eftir morgunsopanam við kaffivélina. Ræstingakonurnar voru væntanlegar á hverri stundu. Hann hafði verið húsvörður í byggingu sagnfræðiskorar í meira en þrjátíu ár og upplifað á þeim tíma ótrúleg umskipti. Í fyrstu voru konurnar allar íslenskar og skildu hvert orð sem hann sagði. Nú varð hann að segja þeim fyrir verkum með handapati og einföldum skipunum. Þær voru allar nýbúar og áður en kennarar og stúdentar mættu á svæðið hefði hann allt eins getað verið í Bangkok eða Manila.

Þegar kaffið var tilbúið hafði Tryggvi gengið með rjúkandi bollann að glugganum í auðri byggingunni, litið út og virt háskólasvæðið fyrir sér á kafi í snjó. Það var óvenju kalt og hvít voðin glitraði. Kyrrðin var algjör. Þetta minnti Tryggva á fæðingarhátíð frelsarans sem var handan við hornið og honum hlýnaði um hjartarætur. Hann fylgdist með bíl renna inn á stæðið. Þar fór jólaandinn, hugsaði hann með sjálfum sér. Tryggvi horfði á ökumanninn stíga út úr bifreiðinni, loka á eftir sér og ganga í áttina að húsinu. Hann lét gardínuna falla og vék frá glugganum.

Hann heyrði óminn af því þegar bílstjórinn opnaði dyrnar á byggingunni. Hvort sem það voru prófessorar, dósentar, lektorar, ritarar eða aðrir þá fannst Tryggva langerfiðast að eiga samskipti við þennan mann. Hann hét Gunnar og kvartaði endalaust undan störfum hús-

varðarins. Tryggvi þoldi ekki yfirlætið í honum og leið alltaf illa í návist hans. Í upphafi annarinnar hafði þessi sagnfræðiprófessor sakað ræstingakonurnar um að hafa stolið frá sér gamalli, vélritaðri grein um Papa á Íslandi. Sem betur fer fannst greinin og málið lognaðist út af. Upp frá því hafði Tryggva ekki bara fundist hann óþolandi – hann fyrirleit hann. Af hverju ættu asískar skúringakonur að stela einhverri andskotans grein um Papa? Sjálfur hafði Tryggvi ekki minnsta áhuga á skrifum prófessorsins. Í augum hans var þetta lággúrleg árás á þá sem gátu ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Tryggva leist ekki á blikuna þegar Gunnar var gerður að formanni sagnfræðiskorar. Hann hafði enda strax farið að ræða við húsörðinn um ýmsar breytingar sem hann taldi nauðsynlegar. Meðal annars vildi hann að ræstingakonurnar héldu sér saman við vinnu sína. Tryggvi reyndi án árangurs að benda þessum sjálfumglaða manni á að samtöl þeirra trufluðu ekki nokkurn mann þar sem enginn væri í húsinu þegar þær væru að störfum. Fyrir utan Gunnar auðvitað. Af hverju þurfti hann að mæta á hverjum morgni áður en jafnvel strætó byrjaði að ganga? Varla var svona mikið að gera? Það var ekki eins og fólk biði með öndina í hálsinum eftir nýjustu fréttum af Pöpum. Tryggvi hafði ekki sinnt tilmælum Gunnars um að biðja konurnar um að þegja við störf sín – hann vissi ekki hvernig hann átti að koma orðum að því og auk þess langaði hann hreinlega ekkert til þess. Þótt hann léti tungumálaörðugleikana einstaka sinnum ergja sig hafði hann lært að meta lífsgleði þessara harðduglegu kvenna.

Þennan morgun voru þær ekkert öðruvísi en vanalega. Þær komu saman inn á litlu kaffistofuna og buðu góðan daginn í einum kór með sterkum hreim. Því fylgdi geysilegt fliss að venju. Tryggvi gat ekki annað en brosað sem endranær. Þær tíndu af sér litríkar yfirhafnir á meðan hann stóð á lengdar og fylgdist með. Ósköp venjulegur dagur sem virtist nú vera að taka óvænta stefnu.

Tryggvi smeygði sér gegnum kvennahópin í átt að dyrunum fram á gang. Hann heyrði hvernig hljóðið breyttist úr stunu í öskur. Tryggvi gat ekki greint hvort það kom frá karli eða konu, né var hann viss um að það væri mennskt. Gat verið að eitthvert dýr hefði komist inn í bygginguna og skaðað sig? Honum gafst ekki tími til að hugsa þá



hugsun til enda því nú bættust við ógurlegir brestir eins og eitthvað væri að hrynja og brotna. Tryggvi jók hraðann út ganginn. Hljóðið virtist koma frá efri hæðinni svo hann beygði snarlega að stiganum og tók tvö þrep í einu á hlaupunum upp. Konurnar höfðu allar elt hann og voru líka farnar að veina.


Ekki fór á milli mála að öskrið barst frá skrifstofum sagnfræðiskor- ar. Tryggvi tók sprettinn og konurnar fylgdu fast á hæla honum. Hann slengdi upp eldvarnardyrnum inn á skrifstofuganginn og snarstans- aði – við það rákust konurnar hver á fætur annarri aftan á hann. Hann starði fram fyrir sig.

Það var hvorki bókaskápurinn á gólfinu, né skorarformaðurinn á fjórum fótum ofan á bókahrúgunni á ganginum sem hélt Tryggva líkt og í leiðslu. Við honum blasti lík sem lá þar fyrir innan og skagaði hálf út úr lítilli prentarakompu. Tryggvi fann hvernig maginn fór á hvolf. Hvað í ósköpunum voru þessir leppar fyrir augunum? Var bú- ið að teikna eitthvað á bringuna? Og tungan – hvað var að henni? Konurnar litu yfir öxlina á Tryggva og hann fann hvernig þær togudu í skyrtuna hans. Hann reyndi að losa sig en án árangurs. Skorarfor- maðurinn teygði fram hendurnar eftir hjálp. Maðurinn virtist algjör- lega viti sínu fjær af hræðslu og hélt annarri hendinni í hjartastað öskugrár í framan. Því næst valt hann til hliðar. Tryggvi stóðst freist- inguna að grípa um konurnar og hlaupa út. Hann steig eitt skref áfram og konurnar reyndu af enn meiri ákafa að koma honum í burtu en hann hristi þær af sér. Hann færði sig nær Gunnari sem virtist vera að reyna að segja Tryggva eitthvað.


Hann fékk lítinn botn í samhengislaust umlið sem rann upp úr mannum. Þó skildist honum að líkið – þetta hlaut að vera lík, eng- inn lifandi maður leit svona út – hefði hrúnið ofan á Gunnar þegar hann opnaði dyrnar að prentarakompunni. Augu Tryggva leituðu ósjálfrátt niður á þessar hræðilegu líkamsleifar.



Drottinn minn dýri. Svartir lepparnir yfir augunum voru alls engir leppar.





6. desember 2005





1. kafli

Þóra Guðmundsdóttir burstaði í flýti Cheerioshring af annarri buxna-skálminni og lagaði sig aðeins til áður en hún gekk inn á lögmansstofuna. Ekki svo slæmt. Þolraun morgunsins við að koma sex ára dóttur og sextán ára syni í skólann á réttum tíma var að baki. Nú neitaði dóttir Þóru skyndilega að vera í bleiku sem hefði ekki verið neitt tiltökumál ef öll fötin hennar væru ekki meira og minna í þeim lit. Sonurinn hefði aftur á móti glaður klæðst sömu slitnu fötunum allt árið að því gefnu að hauskúpumerki væri á einhverri flíkinni. Þrekvirki hans fólst í því að vakna yfirleitt. Þóra andvarpaði við tilhugsunina. Það var ekki auðvelt að vera ein með tvö börn. En það hafði ekki heldur verið auðvelt á meðan hún var ennþá gift. Munurinn var sá að þá bættist rífrildi þeirra hjóna við morgunverkin. Tilhugsunin um að það væri liðin tíð kom henni í betra skap og bros læddist fram á varir um leið og hún opnaði dyrnar.

„Góðan daginn,“ sagði hún glaðlega.

Ritarinn ansaði ekki kveðjunni en setti þess í stað upp svip. Hún leit hvorki af tölvuskjánum né hætti að hamast á músinni. Alltaf sami gleðigjafinn, hugsaði Þóra. Innra með sér bölvaði hún enn og aftur ritara-vandræðum þeirra. Þau höfðu án efa kostað stofuna einhver viðskipti. Þóra mundi ekki eftir neinum kúnna sem ekki hafði kvartað undan stelpunni. Hún var ekki aðeins ókurteis heldur líka fádæma óaðlaðandi. Þar var yfirþungavigtin ekki aðalatriðið heldur almennt hirðuleysi um eigið útlit. Þar að auki var hún iðulega reið út í allt og alla. Til að bæta gráu ofan á svart – eins og af tómunum kvikindisskap – höfðu foreldrarir skírt stúlkuna Bellu. Bara ef hún segði nú upp af sjálfsdáðum. Hún virtist langt frá því að vera ánægð hjá þeim og naut sín engan veginn. Ekki það að Þóra gæti ímyndað sér einhverja vinnu sem myndi hressa stúlkuna við. Það var hins vegar ekki hægt að reka hana.

Þegar Þóra og meðeigandinn, Bragi sem jafnframt var eldri og reyndari, höfðu lagt saman krafta sína og opnað stofuna höfðu þau heillast svo af húsnaðinu að þau létu það eftir leigusalanum að gera áskilnað um það í leigusamningnum að dóttir hans yrði ráðin sem ritari. Þá gátu þau alls ekki vitað í hverju þau voru lent. Stúlkan var með glæsileg meðmæli frá fasteignasöluum sem höfðu verið þarna á undan þeim. Þóra var núna sannfærð um að þeir hefðu flutt af þessum frábæra stað á Skólavörðustígnum eingöngu til að losna við ritara dauðans. Þeir veltust örugglega enn um af hlátri yfir meðmælunum sem Þóra og Bragi höfðu kokgleypt. Þóra var jafnsannfærð um að færu þau með málið fyrir dómstóla gætu þau fengið ákvæðinu hnekk á grundvelli þess að meðmælin hefðu verið í meira lagi vafasöm. En þar með færi það litla orðspor sem þau höfðu skapað sér. Hver leitar til lögmannsstofu sem sérhæfir sig að hluta til í samningarétti og klúðrar eigin samningum? En jafnvel þótt þau gætu losað sig við hana var ekki eins og góðir ritarar biðu í röðum.

„Það hringdi einhver,“ muldraði Bella límd við tölvuskjáinn.

Þóra leit undrandi upp frá því að hengja af sér úlpuna. „Nú?“ svaraði hún og bætti við í veikri von: „Hefurðu nokkra hugmynd um hver það var?“

„Nei. Talaði þýsku, held ég. Ég skildi hann allavega ekki.“

„Ætlaði maðurinn kannski að hringja aftur?“

„Ég veit það ekki. Ég skellti á. Óvart.“

„Ef svo ólíklega vill til að þessi maður hringir aftur, þrátt fyrir að þú hafir skellt á hann, ertu þá til í að gefa það á mig? Ég lærði í Þýskalandi og kann þýsku.“

„Hrmf,“ rumdi í Bellu. Hún yppti öxlum. „Kannski var þetta ekki þýska. Þetta gæti líka hafa verið rússneska. Svo var þetta kona. Held ég. Eða maður.“

„Bella, hver svo sem hringir – kona frá Rússlandi eða maður frá Þýskalandi, jafnvel hundur frá Grikklandi sem talar tungum – viltu þá gefa það á mig. Ókei?“ Þóra beið ekki svars – enda ekki við því að búast – og gekk þess í stað rակleitt inn á látlausa skrifstofuna sína.

Hún settist og kveikti á tölvunni. Það var ekki alveg sama óreiðan á skrifborðinu og vanalega. Daginn áður hafði hún eytt klukkutíma í að

flokka pappíra sem hlaðist höfðu upp hjá henni undanfarinn mánuð. Hún henti ruslpósti og bröndurum frá vinum og kunningjum. Þá sátu eftir þrjú skeyti frá skjólstæðingum, eitt frá Laufeyju vinkonu hennar sem bar titilinn *Dettum í það um helgina* og að endingu eitt frá bankanum. Fjandinn. Hún var án efa komin yfir á kortinu. Örugglega komin yfir á yfirdættinum líka. Hún ákvað að opna ekki póstinn til öryggis.

Síminn hringdi.

„Lögmenn Miðbæ. Þóra.“

„Guten Tag, Frau Guðmundsdóttir?“

„Guten Tag.“ Þóra leitaði að penna og blaði. Háþýska. Hún minnti sjálfa sig í flýti á að ávarpa konuna ávallt með „Sie“.

Þóra klemmdi aftur augun og vonaði að henni dygði þýskan sem hún hafði náð ágætum tókum á þegar hún tók masterspróf í lögfræði við Háskólann í Berlín. Hún vandaði framburðinn eins og hún gat. „Hvernig get ég aðstoðað?“

„Ég heiti Amelia Guntlieb. Ég fékk nafnið þitt hjá prófessor Anderheiss.“

„Já, hann kenndi mér í Berlín.“ Þóra vonaði að hún hefði komist rétt að orði. Hún fann hvað framburðurinn var orðinn slappur. Það gáfust ekki mörg tækifæri til að æfa sig í þýsku á Íslandi.

„Já.“ Eftir óþægilega þögn hélt konan áfram: „Sonur minn var myrtur. Við hjónin þörfnumst aðstoðar.“

Þóra reyndi að hugsa hratt. Guntlieb? Hét þýski stúdentinn sem fannst látinn upp í Háskóla ekki Guntlieb?

„Halló?“ Konan virtist í vafa um hvort Þóra væri ennþá á línunni.

Þóra flýtti sér að svara: „Já, fyrirgefðu. Sonur þinn. Gerðist þetta hérna á Íslandi?“

„Já.“

„Ég þykist vita hvaða morð þú átt við en ég verð að viðurkenna að ég hef aðeins heyrt um það í fjölmiðlum. Ertu viss um að þú sért að tala við rétta manneskju?“

„Ég vona það. Við erum ekki ánægð með rannsókn lögreglunnar.“

„Nú?“ sagði Þóra undrandi. Henni hafði þótt lögreglan leysa málið af stakri þryði. Morðinginn hafði verið handtekinn innan við þremur

sólarhringum eftir hryllilegt morðið. „Þú veist væntanlega að þeir eru með mann í haldi?“

„Okkur er fullkunnugt um það. Við erum hins vegar ekki sannfærð um að hann sé sá seki.“

„Af hverju ekki?“ spurði Þóra vantrúuð.

„Við erum bara ekkert sannfærð um það. Og ekkert meira um það að segja.“ Konan ræksti sig kurteislega. „Við viljum að annar sem jafnframt er hlutlaus, fari yfir málið. Einhver sem talar þýsku.“ Þögn. „Þú hlýtur að skilja hvað þetta er okkur erfitt.“ Aftur þögn. „Harald var sonur okkar.“

Þóra reyndi að sýna samúð sína með því að lækka röddina og tala hægar. „Jú, jú, ég get vel skilið það. Ég á sjálf son. Mér er ómögulegt að setja mig spor ykkar hjóna í sorginni en ég votta ykkur mína innilegustu samúð. Hins vegar er ég ekki viss um að ég geti hjálpað ykkur.“

„Þakka þér fyrir hlý orð í okkar garð.“ Röddin var ísköld. „Prófessor Anderheiss heldur því fram að þú búir yfir þeim eiginleikum sem við leitum að. Hann sagði að þú værir þrjósk, ákveðin og mikið hörkutól.“ Þögn. Þóru datt helst í hug að maðurinn hefði ekki kunnað við að segja frek. Konan hélt áfram. „Og jafnframt skilningsrík. Hann er góður vinur fjölskyldunnar og við treystum honum. Ertu til í að taka málið að þér? Við launum þér ríkulega.“ Konan nefndi upphæðina.

Hún var ótrúleg og gilti þá einu hvort hún var með eða án virðisaukaskatts. Meira en helmingi hærra tímakaup en Þóra var vön. Að auki bauð konan aukagreiðslu ef rannsóknin leiddi til handtöku annars manns en þegar var í haldi. Aukagreiðslan var hærri en sem nam árslaunum Þóru. „Til hvers ætlist þið fyrir þessa upphæð? Ég er enginn einkaspæjari.“

„Við erum að leita að einhverjum sem getur farið yfir málið á ný, skoðað sönnunargögnin og lagt mat á niðurstöðu lögreglunnar.“ Aftur gerði konan hlé á máli sínu áður en hún hélt áfram. „Lögreglan neitar að tala við okkur. Það fer í taugarnar á okkur.“

Sonur þeirra er myrtur og samskipti við lögregluna fara í taugarnar á þeim, hugsaði Þóra. „Ég skal hugsa málið. Ertu með síma sem ég get hringt í?“

„Já.“ Konan þuldi upp númerið. „Ég bið þig um að taka þér ekki of langan umhugsunarfrest. Ég leita á önnur mið ef ég heyri ekki frá þér síðar í dag.“

„Engar áhyggjur. Ég læt þig vita fljótlega á eftir.“

„Frú Guðmundsdóttir, eitt í viðbót.“

„Já?“

„Við setjum eitt skilyrði.“

„Sem er?“

Hún ræksti sig. „Við viljum verða fyrst til að fréttá af öllu því sem þú kemst að. Hvort sem það er mikilvægt eða ekki.“

„Við skulum sjá hvort ég get orðið ykkur að liði áður en við förum út í smáatriðin.“

Þær kvóddust og Þóra lagði á. Frábært að byrja daginn á því að láta fara með sig eins og þjónustustúlku. Og vera komin yfir á kortinu. Og á yfirdrættinum. Síminn hringdi aftur. Þóra tók upp tólið.

„Þetta er á bílaverkstæðinu. Heyrðu, þetta lítur nú svolítið verr út en við héldum.“

„Er honum hugað líf?“ svaraði Þóra pirruð. Bíllinn hafði tekið upp á því að neita að fara í gang þegar hún ætlaði að erindast í hádeginu daginn áður. Hún hafði ítrekað reynt að setja hann í gang en án árangurs. Á endanum hafði hún orðið að gefast upp og bíllinn var dreginn á verkstæði. Bifvélavirkinn hafði séð aumur á henni og lánað henni druslu meðan á viðgerðinni stæði. Óhrjálegur bíllinn var merktur í bak og fyrir Bílaverkstæði Bibba og gólfið í aftursætinu og farþegamegin frammí var þakið allskyns drasli, aðallega umbúðum utan af varahlutum og tómum kókdósum. Þóra varð að gera sér hann að góðu því ekki gat hún verið bíllaus.

„Varla.“ Alveg kaldur. „Þetta verður svolítið dýrt.“ Þessu fylgdi ræða með hugtökum úr heimi bílaviðgerða sem Þóra botnaði lítið í. Upphæðin sem fylgdi þurfti hins vegar engrar útskýringar við.

„Þakka þér fyrir. Gerðu bara við hann.“

Þóra lagði á. Hún horfði hugsi á símann í nokkrar mínútur. Jólin voru á næsta leiti með tilheyrandi útgjöldum, skreytingum, útgjöldum, gjöfum, útgjöldum, veislum, útgjöldum, fjölskylduboðum, útgjöldum og – merkilegt nokk – enn meiri útgjöldum. Það var ekki

beinlínis hægt að tala um annríki á lögmannsstofunni. Ef hún léti slag standa með þetta þýska verkefni hefði hún nóg að gera. Það myndi auk þess leysa peningavandræðin og miklu meira en það. Hún gæti jafnvel farið í frí með börnin. Það hlytu að vera til staðir sem væru fyrir sex ára telpu, 16 ára strák og 36 ára konu. Hún hefði meira að segja efni á að bjóða 26 ára karlmanni með til að fullkomna félagsskapinn og jafna kynjahlutföllin. Hún tók upp símann.

Frú Guntlieb varð ekki fyrir svörum heldur þjónustustúlka. Þóra spurði um húsmóðurina og fljótlega heyrði hún fótatak nálgast, líklega eftir flísalögðu gólfi. Kuldaleg rödd kom í símann.

„Sæl, frú Guntlieb. Þetta er Þóra Guðmundsdóttir á Íslandi.“

„Já.“ Eftir stutta þögn var ljóst að hún ætlaði ekki að segja meira í bili.

„Ég hef ákveðið að reyna að hjálpa ykkur.“

„Gott.“

„Hvenær viljið þið að ég byrji?“

„Strax. Ég er búin að panta borð í hádeginu þar sem þú getur rætt málið við Matthew Reich. Hann vinnur hjá eiginmanni mínum. Hann er staddur á Íslandi og hefur þá reynslu af rannsóknum sem þig skortir. Hann getur frætt þig nánar um málið.“

Ásökunartónninn í orðinu „skortir“ var einna líkastur því að Þóra hefði gerst sek um að mæta blindfull í barnaafmæli. Þóra lét samt sem ekkert væri. „Já, ég skil. Ég vil samt fá að ítreka að ég er ekki viss um að ég geti orðið ykkur að liði.“

„Það kemur í ljós. Matthew verður tilbúinn með samning sem þú þarft að undirrita. Gefðu þér góðan tíma til að lesa hann yfir.“

Skyndilega langaði Þóru að segja frúnni að fara til andskotans. Hún þoldi ekki svona yfirlæti og hroka. Þegar henni varð svo hugsað til sjálfrar sín, barnanna og 26 ára karlmannsins saman í frí kyngdi hún stoltinu og muldraði eitthvað til samþykkis.

„Vertu þá komin á Hótel Borg kl. 12. Matthew getur sagt þér eitt og annað sem birtist ekki í blöðunum. Ýmislegt af því er ekki prenthæft.“

Það fór hrollur um Þóru við að hlýða á rödd konunnar. Hún var bæði hörkuleg og tilfinningalaus en um leið eitthvað svo brostin. Líklega hljómaði maður svona við þessar aðstæður. Hún þagði.

„Náðirðu þessu? Kannastu við hótelið?“

Þóra skellti næstum upp úr. „Jú, ég held það bara. Ég geri ráð fyrir að mæta.“ Þótt hún hefði reynt að vekja upp efasemdir stoltsins vegna vissi Þóra að hún yrði á Borginni klukkan tólf. Alveg klárlega.

2. kafli

Þóra leit á klukkuna og lagði frá sér málið sem hún hafði verið að vinna í. Enn einn skjólstæðingurinn sem neitaði að horfast í augu við að hann var með tapað mál. Hún var ánægð með sjálfa sig, hafði klárað nokkur minni verk svo hún hefði tíma til að funda með Herr Matthew Reich. Hún hringdi fram til Bellu.

„Ég er að fara á fund út í bæ. Ég veit ekki hvað ég verð lengi en ekki reikna með mér fyrr en um tvöleytið.“ Það rumdi hinum megin á línunni sem Þóra varð að túlka sem samþykki. Jesús minn, hvað er að því að segja bara „já“?

Þóra tók veskið og setti minnisbók í skjalatöskuna. Hún hafði alla sína vitneskju um málið úr fjölmiðlum. Aftur á móti hafði hún ekki fylgst með því af neinum sérstökum áhuga. Hana minnti að helstu atviki þess væru eftirfarandi: Erlendur stúdent hafði verið myrtur, líkinu misþyrmt á óskilgreindan hátt og eiturlyfjasali, sem hélt statt og stöðugt fram sakleysi sínu, hafði verið handtekinn. Svo sem ekki mikið á þessu að græða.

Meðan hún klæddi sig í kápuna virti Þóra sjálfa sig fyrir sér í stórum spegli. Hún vissi að það var mikilvægt að koma vel fyrir á fyrsta fundi, ekki síst ef viðkomandi var í miklum efnunum. Fötin skapa manninn, segja þeir sem hafa efni á því besta. Og af skónum skuluð þér þekkja þá. Það hafði hún aldrei skilið. Skórnir voru sem betur fer allveg frambærilegir og buxnadragtin hæfði virðulegum lögmanni. Þóra renndi fingrunum gegnum ljóst og sítt hárið.

Þóra gramsaði í veskinu sínu, fann loks varalit og bar á varirnar í flýti. Hún var yfirleitt nær ómáluð, lét sér nægja rakakrem og maskara á morgnana. Varalitinn hafði hún með ef upp kæmu óvænt atvik eins og þetta. Hann fór henni vel og hún fylltist sjálfstrausti. Hún var svo heppin að líkjast móður sinni en ekki föður sem hafði einu sinni

verið beðinn um að sitja fyrir sem tvívari Winston Churchill. Að vísu væri líklega ekki hægt að segja að hún væri falleg eða glæsileg en há kinnbein og blá möndlulaga augu gerðu það að verkum að hún gat allveg talist myndarleg. Hún hafði líka verið svo lánsöm að hafa líkamsvöxtinn úr móðurættinni þannig að hún hélt sér alltaf grannri.

Þóra kastaði kveðju á samstarfsfólkið og Bragi kallaði „gangi þér vel“ á móti. Hún hafði sagt honum frá símtalinu við frú Guntlieb og væntanlegum fundi með fulltrúa hennar. Braga hafði fundist þetta mjög svo spennandi, taldi að það að erlendur skjólstæðingur skyldi hafa samband væri augljóst merki um að þau væru á réttri leið. Hann hafði jafnvel stungið upp á því að þau bættu *International* eða *Group* aftan við látaust heiti stofunnar. Þóra vonaði að Bragi hefði verið að grínast en var þó ekki viss.

Vindurinn úti hressti hana við. Það hafði verið óvenjukalt í nóvember sem vissi á langan og harðan vetur. Nú guldu þau fyrir það hvað sumarið hafði verið ótrúlega hlýtt. Þóru fannst eins og loftslagið væri að breytast, hvort sem það var eðlilegum sveiflum í veðurfari að kenna eða gróðurhúsaáhrifum. Barna sinna vegna vonaði hún að það fyrra ætti við en innst inni vissi hún að svo var ekki. Hún skýldi kinnunum með hettunni á úlpunni svo að hún kæmi ekki á fundinn kalin á eyrum. Hótel Borg var of stutt frá til að það tæki því að fara þangað á verkstæðisbílnum. Guð einn vissi hvað Þjóðverjinn gæti haldið sæi hann hana leggja skrapatólinu fyrir utan. Þá myndu skórnir hennar hafa lítið að segja, svo mikið var víst.

Það liðu ekki sex mínútur frá því að hún yfirgaf stofuna þangað til hún gekk inn um snúningsdyrnar á hótelinu.

Þóra horfði yfir fallegan veitingastaðinn. Hún uppgötvaði að fyrir utan stóru gluggana sem vissu út að Alþingishúsinu og Austurvelli minnti fátt á þau ár þegar hún var flest laugardagskvöld á Borginni með vinum sínum – iðulega öll á herðablöðunum. Þá hafði hún ekki áhyggjur af neinu nema kannski því hvernig rassinn á henni kæmi út í fötunum sem hún var í það kvöldið. Gróðurhúsaáhrif hefðu ekki fangað athygli hennar nema sem nafn á hljómsveit.

Þjóðverjinn leit út fyrir að vera um fertugt. Hann sat þráðbeinn á bólstruðum stólnum og breiðar axlirnar huldu fallegt sætisbakið.

Hann var aðeins tekinn að hærast og það gaf honum ákveðinn virðuleika. Hann virtist stífur og formlegur, klæddist gráum jakkafötum og var með bindi í stíl sem jók ekki beinlínis á litadýrðina. Þóra brosti og vonaði að þannig virkaði hún kumpánleg og áhugasöm en ekki eins og hálfviti. Maðurinn stóð upp, fjarlægði munnþurrkuna úr kjöltu sér og lagði á borðið.

„Frau Guðmundsdóttir.“ Harður og kuldalegur framburður.

Þau tókust í hendur. „Herr Reich,“ muldraði Þóra með eins góðum þýskum framburði og henni var frekast unnt. „Kallaðu mig endilega Þóru,“ bætti hún við. „Það er líka auðveldara að bera það fram.“

„Fáðu þér sæti,“ sagði maðurinn og settist sjálfur. „Og kallaðu mig Matthew.“

Hún gætti sín á að sitja bein í baki og velti því fyrir sér hvað aðrir gestir gætu haldið um þennan teinréttu dúett. Kannski að hér færi fram stofnfundur félags fólks með stálspekkur í hryggjarstað.

„Má ég bjóða þér eitthvað að drekka?“ spurði maðurinn Þóru kurtislega á þýsku. Þjóninn skildi greinilega hvað hann var að segja því að hann sneri sér að Þóru og beið svars.

„Vatn, takk. Sóðavatn.“ Það rifjaðist upp fyrir henni hvað Þjóðverjar voru sólgirnir í það. Raunar fóru vinsældir þess vaxandi á Íslandi – fyrir tíu árum hefði enginn heilvita maður látið sér detta í hug að borga fyrir vatn á veitingastað sem rann í stríðum straumum úr kröunum. Það var sök sér að kaupa kolsýrt vatn.

„Ég geri ráð fyrir að þú hafir rætt við vinnuveitendur mína, eða réttara sagt Frau Guntlieb?“ spurði Matthew Reich þegar þjónninn var farinn.

„Já. Hún sagði mér að ég fengi nánari upplýsingar hjá þér.“

Hann hikaði og dreypti á glærum vökva úr glasinu sínu. Loftbólurnar gáfu til kynna að hann hefði líka fengið kolsýrt vatn. „Ég safnaði saman gögnum og setti í möppu fyrir þig. Þú getur tekið hana með þér og skoðað hana síðar en það eru samt nokkur atriði sem mig langar til að fara yfir með þér núna, ef það er í lagi þín vegna.“

„Alveg endilega,“ svaraði Þóra að bragði. Áður en hann fékk tækifæri til að halda áfram flýtti hún sér að segja: „Mig langar meðal annars að fræðast aðeins betur um þetta fólk sem ég er að fara að vinna

fyrir. Það skiptir kannski ekki máli fyrir rannsóknina en það skiptir mig máli. Frau Guntlieb nefndi mjög áhugaverða upphæð sem þóknun. Ég hef engan áhuga á að færa mér sorg fjölskyldunnar í nyt ef hún skyldi ekki hafa efni á þessu.“

„Þau hafa efni á þessu,“ sagði hann og glotti. „Herr Guntlieb er bankastjóri og stærsti hluthafi í Anlagenbestand-bankanum í Bæjaralandi. Bankinn er ekki umsvifamikill en sinnir stórum fyrirtækjum og vellauðugum einstaklingum. Hafðu engar áhyggjur. Guntlieb-fjölskyldan er mjög, mjög vel stæð.“

„Ég skil,“ sagði Þóra og hugsaði með sér að þarna væri komin skýringin á því hvers vegna þjónustustúlka varð fyrir svörum á heimilinu.

„Hins vegar hefur Guntlieb-fjölskyldan ekki búið við eins mikið barnalán. Þeim varð fjögurra barna auðið, tveggja sona og tveggja dætra. Eldri sonurinn lést í bíslysi fyrir áratug og eldri dóttirin fæddist alvarlega fötluð. Veikindi hennar drógu hana til dauða fyrir nokkrum árum. Nú hefur Harald sonur þeirra verið myrtur og yngsta dóttirin, Elisa, stendur ein eftir. Þetta hefur reynt mikið á þau, eins og þú getur rétt ímyndað þér.“

Þóra kinkaði kalli og spurði svo hikandi: „Hvað var Harald að gera hér á landi? Ég hélt að það væri gnægð háskóla í Þýskalandi með góðar sagnfræðideildir.“

Af andliti Matthews að dæma sem annars var alveg svipbrigðalaust, var þetta erfið spurning. „Ég veit það eiginlega ekki. Hann hafði áhuga á 17. öldinni og mér er sagt að hann hafi stundað einhvers konar samanburðarrannsóknir á meginlandi Evrópu og Íslandi. Hann kom hingað á vegum einhvers skiptinemaprógramms sem er í gangi á milli háskólans í München og Háskóla Íslands.“

„Hvers konar samanburðarrannsóknir voru þetta? Voru þær um stjórnarfar eða eitthvað í þá veruna?“ spurði Þóra.

„Nei, þær voru meira á sviði trúarbragða.“ Hann fékk sér vatns-sopa. „Við ættum kannski að panta áður en við höldum lengra.“ Hann veifaði þjóninum sem birtist með tvo matseðla.

Þóra fékk á tilfinninguna að annað og meira byggi undir þessum flýti en skyndilegt hungur. „Trúarbrögð, segirðu.“ Hún leit yfir matseðilinn. „Hvernig þá?“

Hann lagði opinn matseðilinn á borðið. „Maður ræðir svona lagað eiginlega ekki meðan maður er að borða en ég býst við að það verði að gera fyrr en síðar. Ég er samt ekki viss um að áhugasvið hans í náminu komi morðinu nokkuð við.“

Þóra hleypti brúnum. „Var það einhver plága?“ spurði hún. Þetta var það eina sem henni kom til hugar.

„Nei, ekki plága.“ Hann horfði í augun á henni. „Galdrafárið. Pyntingar og aftökur. Ekkert sérstaklega aðlaðandi. Því miður hafði Harald mikinn áhuga á þessu. Það er raunar í ættinni.“

Þóra kinkaði kalli. „Ég skil.“ Hún skildi þetta hins vegar alls ekki. „Kannski ættum við að geyma þetta þangað til eftir matinn.“

„Það er reyndar óþarft. Aðalatriðin eru í möppunni sem þú tekur með þér á eftir.“ Hann greip aftur matseðilinn. „Seinna færðu líka í hendur nokkra kassa með eigum hans sem lögreglan hefur skilað. Þar eru gögn varðandi ritgerð hans sem gefa þér frekari upplýsingar. Það er einnig von á tölvunni hans og öðru dóti sem gæti hugsanlega veitt einhverjar vísbindingar.“

Þau skoðuðu matseðilinn þegjandi.

„Fiskur,“ sagði Matthew án þess að líta upp. „Þið borðið mikið af fiski hérna.“

„Já, við gerum það,“ var það eina sem Þóru datt í hug segja.

„Ég kann ekki að meta fisk,“ sagði hann.

„Í alvöru?“ Þóra lokaði matseðlinum. „Mér finnst hann góður og ég er að spá í að fá mér steiktan kola.“

Hann ákvað loks að fá sér böku. Þegar þjónninn var farinn spurði Þóra af hverju fjölskyldan héldi að lögreglan væri með rangan mann í haldi.

„Fyrir því eru ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi hefði Harald ekki eytt tíma sínum í að rífast við einhvern dópsala.“ Hann horfði í augun á henni. „Hann notaði eiturlyf annað slagið; það var vitað. Hann drakk líka áfengi. Hann var ungur. Hann var hins vegar ekki döpisti frekar en alkóhólisti.“

„Þetta er náttúrliga bara skilgreiningaratriði,“ sagði Þóra. „Fyrir mér er endurtekin eiturlyfjaneysla fíkn.“

„Ég veit eitt og annað um misnotkun á eiturlyfjum.“ Hann þagnaði

en flýtti sér svo að bæta við: „Ekki þó af eigin reynslu heldur vinnu minnar vegna. Harald var ekki fíkill – hann var eflaust á leið með að verða það en hann var það ekki þegar hann var myrtur.“

Þóra gerði sér grein fyrir því að hún hafði ekki hugmynd um af hverju þessi maður hafði verið fenginn til að koma til Íslands. Varla í þeim erindagjörðum einum að bjóða henni í hádegisverð og setja út á íslenskan fisk. „Hvað er það nákvæmlega sem þú gerir fyrir þessa fjölskyldu? Frú Guntlieb sagði að þú værir í vinnu hjá eiginmanni hennar.“

„Ég sé um öryggismál bankans. Það felur meðal annars í sér að skoða feril væntanlegra starfsmanna, halda utan um ýmis öryggisatriði í fyrirtækinu og peningaflutninga.“

„Varla koma eiturlyf þarna mikið við sögu?“

„Nei. Ég var að vísa til fyrra starfs mín. Ég var í rannsóknarlögreglunni í München í tólf ár.“ Hann horfði beint framan í hana. „Ég veit eitt og annað um morðmál og er ekki í minnsta vafa um að það var kastað til höndunum við rannsóknina á morði Haralds. Ég þurfti ekki að hitta stjórnanda hennar oft til að sjá að hann hefur ekki hugmynd um hvað hann er að gera.“

„Hvað heitir hann?“

Þóra skildi við hvern hann átti þótt framburðurinn væri brogaður. Árni Bjarnason. Hún andvarpaði. „Ég þekki hann úr öðrum málum. Hann er óttalegur asni. Óheppni að hann skyldi settur yfir rannsóknina.“

„Það eru líka aðrar ástæður fyrir því að fjölskyldan telur að eiturlyfjasalinn tengist ekki þessu voðaverki.“

Þóra leit upp. „Eins og hverjar?“

„Skömmu fyrir dauða sinn tók Harald mikið fé úr sjóði sem er á hans nafni. Það hefur ekki tekist að finna út hvert peningarnir fóru. Þetta var miklu meira en Harald hefði þurft til að kaupa eiturlyf. Jafnvel þótt hann hefði ætlað sér að vera í vímu næstu árin.“

„Var hann ekki bara að fjárfesta í eiturlyfjainnflutningi?“ spurði Þóra og bætti við: „Fjármagna smygl eða eitthvað slíkt?“

Það hnussaði í Matthew. „Útilokað. Harald þurfti ekki á peningum að halda. Hann var sjálfur sterkefnaður. Hann erfði mikla fjármuni eftir afa sinn.“

„Ég skil.“ Þóra vildi ekki ganga frekar á hann með þetta en velti því fyrir sér hvort aðrar ástæður kynnu að hafa legið að baki, til dæmis spennufíkn eða einfaldlega hrein heimska.

„Lögreglan hefur ekki sýnt fram á að eiturfjafsalinn hafi tekið við peningunum. Einu tengsl Haralds við eiturfjafaheiminn sem þeir hafa fundið eru þau að hann keypti dóp annað slagið.“

Maturinn kom og þau borðuðu þegjandi. Þóra varð svolítið vandræðaleg. Þessi maður var bersýnilega ekki einn af þeim sem var þægilegt að þegja með. Það hafði hins vegar aldrei reynst henni vel að þvaðra eitthvað út í loftið þótt þögnin væri þrúgandi og því ákvað hún að halda aftur af sér.

Þau pöntuðu kaffi og fljótlega komu tveir rjúkandi bollar á borðið ásamt sykurlari og mjólkurkönnu úr silfri.

Þóra saup á kaffinu og rauf svo þögnina. „Varstu með samning til að líta á?“

Maðurinn teygði sig í skjalatösku sem lá við stólinn og náði í þunna möppu. Hann rétti hana yfir borðið til Þóru. „Taktu samninginn með þér. Við getum farið á morgun yfir það sem þú vilt breyta og ég kynni það fyrir Guntlieb-hjónunum. Þetta er sanngjarn samningur og ég efast um að þú hafir mikið við hann að athuga.“ Hann beygði sig aftur niður, náði í aðra og þykkari möppu og lagði hana á borðið á milli þeirra. „Taktu þessa með þér líka. Þetta er mappan sem ég minntist á áðan. Mér þætti vænt um ef þú renndir yfir hana áður en þú ákveður þig. Það eru dapurlegar og óhugnanlegar hliðar á þessu máli sem ég vil að þér sé kunnugt um fyrirfram.“

„Heldurðu að ég ráði ekki við þetta?“ spurði Þóra ögn móðguð.

„Ég veit það satt að segja ekki. Þess vegna bið ég þig að fara í gegnum möppuna. Í henni eru myndir af vettvangi sem eru ekki beint geðslegar og allrahandi lesning sem er litlu skárri. Mér tókst að afla margvíslegra rannsóknargagna með aðstoð manns sem ég kys að nafngreina ekki.“

Hann lagði höndina á möppuna.

„Hér er líka að finna upplýsingar um líf Haralds. Þær eru á fárra vitordi og ekki fyrir viðkvæma. Ég treysti því að ákveðir þú að hætta við

allt saman haldir þú trúnað um þessi atriði. Fjölskyldan kærir sig ekki um að þau fari víðar.“

Hann tók höndina af möppunni og leit í augu Þóru. „Ég vil ekki auka á hörmungar þeirra.“

„Ég skil,“ svaraði Þóra. „Ég get fullvissað þig um að ég slúðra ekki um vinnu mína.“ Hún starði á móti og bætti við ákveðin: „Aldrei.“

„Gott.“

„En úr því að þú hefur safnað þessu öllu saman – til hvers þurfið þið þá á mér að halda? Þú virðist geta aflað upplýsinga sem ég er ekki viss um að ég geti fengið.“

„Viltu vita af hverju við þurfum á þér að halda?“

„Mér heyrðist ég segja það,“ svaraði Þóra.

Hann andaði snögg í gegnum nefið. „Ég skal segja þér hvers vegna. Ég er útlendingur í þessu landi og þar að auki Þjóðverji. Það þarf að ræða við ýmsa sem munu aldrei segja mér frá neinu sem skiptir máli. Ég hef rétt klórað í yfirborðið og megnið af upplýsingunum um persónulega hagi Haralds fékk ég í Þýskalandi. Ég er ekki maður sem fólki finnst notalegt að ræða óþægileg og erfið einkamál við.“

„Ég átta mig á því,“ datt upp úr Þóru.

Maðurinn brosti í fyrsta skipti. Það kom Þóru á óvart að bros hans var fallett, einhvern veginn ósvikið, þrátt fyrir að tennurnar væru óeðlilega hvítar og beinar. Hún gat ekki annað en endurgoldið brosið en bætti svo við vandræðaleg: „Hvaða óþægilegu atriði á ég svo að ræða við þetta fólk?“

Bros hans hvarf jafnskjótt og það birtist. „Kæfikynlíf, sjálfspýntingar, galdra, misþyrmingar á eigin líkama og annars konar afbrigðilega hegðun alvarlega truflaðra einstaklinga.“

Þóra var sem steini lostin. „Ég er ekki viss um að ég viti alveg út á hvað þetta allt saman gengur.“ Kæfikynlíf hafði hún til að mynda aldrei heyrt nefnt – ef *kæfi* var dregið af orðinu *kafna* þá myndi hún frekar kjósa *ekfikynlíf*-ið sem hún stundaði.

Þegar brosið birtist öðru sinni var það ekki eins og vinalegt og áður. „O, þú kemst að því. Hafðu engar áhyggjur.“

Þau luku við kaffið án þess að segja orð og á eftir tók Þóra möppuna

og bjóst til að fara aftur á stofuna. Þau komu sér saman um að hittast aftur daginn eftir og kvöddust.

Þegar Þóra var að ganga frá borðinu lagði hann hönd á öxl hennar. „Eitt að lokum, Frau Guðmundsdóttir.“

Hún sneri sér við.

„Ég gleymdi að segja þér hvers vegna ég er sannfærður um að maðurinn sem er í haldi lögreglunnar er ekki morðinginn.“

„Hvers vegna?“

„Hann var ekki með augun úr Harald.“

3. kafli

Þóra var í eðli sínu ekki þjófhrædd en á leiðinni af fundinum með Matthew gætti hún þess að halda þéttingsfast um töskuna sína. Hún mátti ekki til þess hugsa að þurfa að hringja í manninn og tilkynna að skjölunum hefði verið stolið. Hún var því þeirri stund fegnust þegar hún steig inn fyrir dyrnar á lögmannsstofunni.

Það mætti henni megn reykingarlykt. „Bella, þú veist að það er bannað að reykja hérna inni.“

Bella hrökk frá glugganum og henti einhverju út í fátí. „Ég var ekkert að því.“ Um leið og hún sagði þetta liðaðist örmjó reykjarræma út um annað munnvikið.

Þóra stundi innra með sér. „Nú, þá er kviknað í munnholinu á þér.“ Hún bætti svo við: „Lokaðu glugganum og reyktu á kaffistofunni. Það hlýtur að fara betur um þig þar en hangandi utan á húsinu.“

„Ég var ekki að reykja, ég var að reka dúfur af gluggasyllunni,“ svaraði Bella móðguð. Hún settist við skrifborðið án þess að líta á Þóru.

Þóra ákvað að láta málið kyrrt liggja. Reynslan hafði kennt henni að það hafði lítið upp á sig að munnhöggvast við stúlkuna. Hún færði sig inn á skrifstofuna sína og lokaði að sér.

Mappan sem Matthew hafði látið hana fá var stútfull og af þykkustu gerð. Hún var svört á lit sem var á einhvern hátt viðeigandi í ljósi innihaldsins. Kjölurinn var ómerktur, enda án efa erfitt að finna smekklegran titil. „Harald Guntlieb í lífi og dauða,“ tautaði Þóra fyrir munn sínum þegar hún opnaði möppuna og skoðaði snyrtilega uppsett efnisyfirlitið. Möppunni var skipt niður í sjö hluta með milliblöðum og virtist flokkunum vera raðað upp í tímaröð: Þýskaland, Herþjónusta, Háskólinn í München, Háskóli Íslands, Bankareikningar, Lögreglurannsókn. Sá sjöundi og síðasti nefndist Krufning. Hún ákvað að fara í

gegnum möppuna í sömu röð og hún var sett upp. Hún leit á klukkuna og sá að hún var að verða tvö. Hún næði varla að skoða þetta allt fyrir klukkan fimm er hún þurfti að sækja Sóleyju dóttur sína í skóla-skjólíð – nema hún hefði hraðan á. Þóra stillti farsímann svo að hann myndi hringja kortér fyrir fimm. Hún einsetti sér að komast í gegnum möppuna í megindráttum fyrir þann tíma. Hún vildi síður fara með þessi skjöl heim til sín þó að slíkt væri ekki óalgengt þegar mikið var að gera. Innihaldið var án efa þess eðlis að það ætti ekki heima á glámbekk innan um börn. Hún fletti fyrsta milliblaðinu og hóf að skoða.

Fremst var stimplað afrit af fæðingarvottorði. Af því mátti lesa að frú Amelia Guntlieb hefði eignast heilbriggt sveinbarn í München þann 18. júní árið 1978. Faðirinn var skráður herra Johannes Guntlieb, bankastjóri. Þóra kannaðist ekki við fæðingarstofnunina. Af nafninu að dæma var þetta ekki einn af stóru ríkisspítölunum og hún gerði því ráð fyrir að þetta væri eitthvert rándýrt einkasjúkrahús eða fæðingarheimili fyrir þá efnameiri. Í reit sem ætlað var að skrá trúarbrögð barnsins hafði verið ritað „rómversk-kaþólskur“. Ef minnið sveik hana ekki rámaði Þóru í að um þriðjungur Þjóðverja væri þeirrar trúar og að hlutfallið væri hærra í suðurhluta landsins. Þegar Þóra hafði verið við nám í Þýskalandi hafði það komið henni á óvart hversu margir kaþólikkar voru þar. Hún hafði ávallt tengt Þjóðverja við mót-mælendatrú og talið að kaþólikka væri aðallega að finna í suðlægari löndum Evrópu eins og Ítalíu og Spáni, að ógleymdu Frakklandi.

Þóra fletti áfram.

Næstu síður voru úr plasti og var þeim skipt í fjóra vasa. Í hverjum vasa var að finna ljósmynd, flestar af Guntlieb-fjölskyldunni við ýmis tækifæri. Í vasanum með hverri mynd var að finna hvíta pappírsræmu með nöfnum þeirra sem á myndunum voru. Þegar Þóra fletti í fljótheitum í gegnum allar myndirnar sá hún að þær áttu það sammerkt að Harald var að finna á sérhverri þeirra. Auk fjölskyldumyndanna voru einnig nokkrar skólamyndir af honum á ýmsum aldri, nýgreiddum og stroknum eins og vera ber. Þóra velti fyrir sér hvers vegna þessar ljósmyndir væru í möppunni. Eina rökréttu skýringin var sú að þeim væri ætlað að minna hana á að sá myrti hefði eitt sinn verið lifandi manneskja. Það hafði tilætluð áhrif.

Á fyrstu myndunum sem voru þær elstu, mátti sjá lítinn vel haldinn dreng, ýmist með bróður sínum, sem virtist um tveimur til þremur árum eldri, eða móður sinni. Það sló Þóru hversu falleg Amelia Guntlieb var. Þótt myndirnar væru sumar frekar grófar var ljóst að þetta var ein örfárna kvenna sem ávallt eru glæsilegar án þess að virðast hafa mikið fyrir því. Sérstaklega varð Þóru starsýnt á eina mynd af mæðginunum þar sem frú Guntlieb var greinilega að æfa drenginn í að ganga. Myndin var tekin úti í garði og hélt frú Guntlieb í hendur Haralds þar sem hann reyndi að labba með klaufalegu göngulagi ársгамals barns, með annan fótinn á lofti, vel beygðan við hné. Frú Guntlieb brosti á móti ljósmyndaranum og hamingjan skein úr fögru andliti hennar. Kuldaleg röddin sem Þóra hafði heyrt yfir hafið í símanum virtist ekki eiga við þessa ásýnd. Strákurinn var enn á þeim aldri að andlitið er ómótað vegna kinna, nefstubs og barnaspiks en engu að síður mátti greinilega sjá svip með þeim mæðginum.

Næstu myndir voru af Harald þar sem hann var tveggja til þriggja ára. Nú líktist hann móður sinni enn frekar, þó ekki á þann hátt að hann virtist stelpulegur. Móðir hans var einnig á þessum myndum, fyrst ófrísk, svo brosandí með ungabarn í fanginu, reifað í þykka voð. Á þeirri mynd stóð Harald við hlið stólsins sem hún sat í og teygði sig upp eins og til að kíkja á hvítvoðunginn, systur sína. Mamma hans hélt um axlirnar á honum. Af miðanum undir myndinni sá Þóra að telpan hefði verið skírð eftir móður sinni, Amelia, að viðbættu millinafninu Maria. Þetta var þá stúlkan sem hafði látist úr einhverjum meðfæddum sjúkdómi. Af myndinni að dæma hafði fjölskyldunni ekki strax verið ljóst að hún var veik. Móðirin virtist að minnsta kosti alsæl og áhyggjulaus. Á næstu myndum var hins vegar eins og eitt-hvað hefði breyst. Frú Guntlieb sem hafði undantekningarlaust brosað breitt á öllum myndum, virtist fjaræn og hrygg. Á einni myndanna hafði hún sett upp málamyndabros en það náði ekki til augnanna. Það sást heldur engin snerting milli hennar og Haralds eins og einkennt hafði fyrri myndir. Litli drengurinn virtist enn fremur niðurlútur og ráðþrota. Stúlkubarnið var hvergi að sjá.

Svo virtist sem einhverjum hluta úr fjölskyldusögunni hefði verið sleppt úr því að næstu myndir fleyttu Þóru fram um að minnsta kosti

fimm ár. Kaflinn hófst á uppstilltri fjölskyldumynd, þeirri fyrstu sem sýndi herra Guntlieb. Þetta var virðulegur maður að sjá, greinilega eitthvað eldri en eiginkonan. Allir á myndinni voru í sínu fínasta þússi og nú hafði bæst við ungabarn sem lá í faðmi móður sinnar. Þetta var án efa yngsta dóttir hjónanna, eina barnið sem nú var á lífi. Litla veika telpan var aftur mætt, nú í hjólastól. Það þurfti enga læknumenntun til að átta sig á því hversu alvarleg fötlun hennar var þar sem hún sat reyrð við stólinn, með höfuðið reigt aftur og opinmynt. Neðri kjálkinn gekk ekki beint niður heldur til hliðar sem gaf til kynna að telpan hefði litla stjórn á honum. Það virtist einnig eiga við útlimina; annar handleggurinn var krepptur upp við olnboga, og höndin sjálf beygð óeðlilega nærri handleggnum. Fingur þeirrar handar voru krepptir saman svo að höndin líktist kló. Hinn handleggurinn lá svo að því er virtist máttlaus í kjöltu hennar. Fyrir aftan hjólastólinn stóð Harald, nú á að giska átta ára. Svipurinn á honum var ekki líkur neinu því sem Þóra hafði séð á sínum syni á þessum aldri, barnið virtist eitthvað svo búið að vera. Þó að hinir í fjölskyldunni, herra og frú Guntlieb, svo og eldri bróðir Haralds, væru ekki beinlínis gleðin uppmáluð virtist strákurinn átakanlegur í eynd sinni. Það hafði greinilega eitthvað komið fyrir og Þóra velti fyrir sér hvort svona ungt barn gæti tekið veikindi yngra systkinis inn á sig með þessum hætti. Ef til vill átti hann einfaldlega við andlega erfiðleika að stríða, slíkt var ekki óþekkt meðal barna. Kannski hafði hann verið þunglyndur sem barn og samkeppnin um athygli við yngri systkini orðið honum um megn. Ef þannig var í pottinn búið var ljóst af næstu myndum að þau hjónin kunnu ekki að bregðast við þessu. Á engri þeirra var drengnum sýnd nein líkamleg væntumþykja, hann stóð ávallt aðeins utanvið fjölskylduna nema þá í þeim örfáu tilfellum þegar eldri bróðir hans stóð við hlið hans. Það var eins og móðirin hefði hreinlega gleymt honum eða væri viljandi að hundsa hann. Þóra áminnti sjálfa sig að draga ekki of miklar ályktanir af myndunum. Þær sýndu aðeins augnablik úr lífi þessa fólks og gætu aldrei gefið neina raunverulega mynd af því sem þau höfðust að eða hugsuðu.

Það var bankað á hurðina og inn gægðist Bragi, meðeigandi Þóru og stofnandi lögmannsstofunnar. „Áttu tvær?“

Þóra kinkaði kolti og Bragi steig inn fyrir. Hann var kominn fast að sextugu, þykkur og mikill maður vexti, einn af þeim sem var ekki bara hávaxinn heldur einfaldlega stór. Þóru fannst honum best lýst þannig að hann hefði verið stækkaður upp um tvö númer á alla kanta, fingur, eyru, nef og allt þar með talið. Hann hlammaði sér í stólinn fyrir fram- an skrifborðið hennar og dró til sín möppuna sem Þóra var að skoða. „Hvernig gekk?“

„Á fundinum? Bara vel held ég,“ svaraði Þóra og fylgdist með Braga fletta kæruleysislega í gegnum fjölskyldumyndirnar sem hún hafði verið að skoða.

„Voðalega er þessi strákur eitthvað dapur að sjá,“ sagði Bragi og benti á eina myndina af Harald. „Er þetta hinn myrti eða hvað?“

„Já,“ svaraði Þóra. „Þetta eru frekar undarlegar myndir.“

„Ég veit það nú ekki. Þú ættir að sjá myndirnar úr minni barnæsku. Ég var alveg ömurlegur krakki. Vansæll og í einu orði sagt glataður. Myndirnar frá þeim tíma bera því gott vitni.“

Þóra gaf ekkert út á þetta. Hún var orðin vön alls kyns einkennilegheitum frá Braga. Það voru örugglega ýkjur að hann hefði verið ömurlegur og glataður sem drengur, alveg eins og það að hann hefði orðið að vinna með laganáminu, bæði sem næturvörður á hafnarvigtinni allar nætur og á dagróðrabátum um helgar. Henni líkaði engu að síður ágætlega við manninn. Hann hafði aldrei reynst henni öðruvísi en vel, alveg frá því að hann bauð henni að stofna með sér lögmannsstofu fyrir um þremur árum sem hún þáði með þökkum. Hún starfaði þá á meðalstórri lögmannsstofu og var guðslifandi fegin að losna þaðan; saknaði þess ekki að hlusta á samræður um laxveiði og bindi við kaffivélina.

Bragi ýtti möppunni aftur að Þóru. „Ætlar þú að taka þetta að þér?“

„Já ég held það bara,“ var svarið. „Þetta er tilbreyting. Það er alltaf gaman að takast á við nýja hluti.“

Það rumdi í Braga. „Það er nú ekki algilt skal ég segja þér. Mér þótti ekkert spennandi að takast á við ristilkrabbameinið hérna um árið þó það hafi verið eitthvað alveg nýtt fyrir mér.“

Þóra kærði sig ekki um að fara nánar út í þá sálma og flýtti sér því að segja: „Þú veist hvað ég á við.“

Bragi stóð upp. „Jú, jú. Ég vildi bara vara þig við að gera þér ekki of miklar vonir.“ Hann gekk að dyrunum en sneri sér við í gættinni og bætti við: „Hvernig er það, getur þú ekki nýtt Þór eitthvað í þetta mál?“

Þór var nýútskrifaður lögfræðingur sem hafði einungis unnið hjá þeim í rúmt hálf ár. Hann var frekar einrænn og ómannblendinn en öll hans vinna var til fyrirmyndar svo að Þóra sá ekkert að því að fá hann í lið með sér ef með þyrfti. „Ég hafði nú hugsað mér að nýta hann meira til þess að létta af mér í öðrum málum svo að ég fengi frið til þess að sinna þessu. Ég er með fullt af verkefnum sem hann fer létt með að klára.“

„Ekkert mál, þú hefur þetta bara eins og þér best hentar.“

Þóra tók aftur upp möppuna og fletti hratt í gegnum afganginn af myndunum og sá hvernig Harald óx úr grasi, varð fjallmyndarlegur maður með ljóst yfirlit móður sinnar. Faðir hans var mun dekkri á brún og brá; eitt þeirra andlita sem ekki festist vel í minni. Síðasta blaðsíðan hafði einungis að geyma tvær myndir, báðar augljóslega teknar á ljósmyndastofu. Önnur í tilefni af útskrift, væntanlega úr háskólanum í München, og hin í tilefni af upphafi eða lokum herþjónustu, að minnsta kosti var Harald klæddur í búning þýska hersins. Þóra var ekki nægilega vel að sér til að átta sig á því af búningnum einum saman hvaða deild hersins hann hefði tilheyrt. Hún gerði ráð fyrir að það skýrðist í samantektinni um herþjónustuna sem talin var upp í efnisyfirlitinu.

Á næstu blöðum var að finna ljósrit af útskriftareinkunnum Haralds á hinum og þessum skólastigum og var ljóst að drengurinn hafði verið afburðagreindur. Hann var ávallt með ágætiseinkunn, en Þóra vissi af eigin raun að það var ekki hrist fram úr erminni í þýska skólakerfinu. Síðasta yfirlitið var frá háskólanum í München þaðan sem Harald hafði lokið B.A. prófi í sagnfræði og var það í sama anda. Lokaritgerð hans hafði meira að segja fengið hæstu mögulegu einkunn. Af ártölum í gögnunum að dæma var ljóst að Harald hafði tekið sér frí frá námi áður en hann skráði sig í háskóla. Væntanlega hafði það eitthvað með herþjónustuna að gera. Þóru þótti reyndar undarlegt að þessi ungi maður skyldi hafa kosið að fara í herinn í ljósi þess hve glæsileg

skólaganga hans var. Þó að herskylda væri í Þýskalandi þá var leikur einn fyrir nema að koma sér undan henni. Ekki gat heldur spillt fyrir að vera sonur svo auðugra foreldra. Þau hefðu auðveldlega getað fengið hann lausan undan þeirri plikt.

Þóra fletti yfir í annan hluta möppunnar sem merktur var Herþjónusta. Þetta var þunnur kafli, einungis nokkrar síður. Á þeirri fremstu var ljósrit af skráningu Haralds Guntlieb árið 1999 í Bundeswehr eða þýska herinn. Svo virtist sem hann hefði skráð sig í Das deutsche Heer eða landherinn. Henni fannst undarlegt að hann skyldi ekki hafa kosíð að ganga í flug- eða sjóherinn. Þóra taldi víst að hann hefði með áhrifum föður síns getað valið hvaða deild innan hersins sem var. Á næstu síðu var plagg sem sýndi að herdeild Haralds skyldi send til Kosovo og á þeirri þriðju og síðustu var brottvikning hans úr hernum, dagsett sjö mánuðum síðar. Engin skýring var gefin nema hvað hroðvirknislega hafði verið skrifað á það „medizinische Gründe“ eða læknisfræðilegar ástæður. Á spássíu ljósritsins hafði einhver svo párað nett spurningarmerki. Þóra gerði ráð fyrir að þetta væri skrift Matthews; henni vitanlega hafði hann einn safnað þessu saman. Til minnis skrifaði Þóra hjá sér að hún þyrfti að spyrja hann um nákvæma ástæðu brottvikningarinnar. Hún fletti yfir á næsta kafla.

Eins og kaflinn um herþjónustuna hófst þessi á ljósriti af skráningu, nú í háskólann í München. Þóra tók eftir að hún var dagsett einungis mánuði eftir brottvikninguna úr hernum. Það leit því út fyrir að Harald hefði batnað tiltölulega hratt eftir að hann yfirgaf herinn ef veikindi voru raunveruleg ástæða þess að hann hætti herþjónustu. Á eftir komu nokkrar síður sem Þóra áttaði sig ekki alveg á; ein var ljósrit af stofnfundardagskrá sagnfræðifélags sem nefndist „Malleus Maleficarum“, önnur hafði að geyma meðmæli frá einhverjum prófessor Chamiel sem lofaði Harald í hástert og á nokkrum voru að því er virtist lýsingar á námsáföngum í sögu 15., 16. og 17. aldar. Þóru var ekki alveg ljóst hvað á þessu var að græða.

Aftast í þessum hluta var svo að finna úrklippu úr þýsku dagblaði þar sem fjallað var um andlát nokkurra ungra manna af völdum ankannalegrar kynlífsathafnar. Eftir lesturinn skildist Þóru að þessi afhöfn fælist í því að herða að öndunarveginum með snöru á meðan

sjálfsfróun var stunduð. Þetta hlaut að vera kæfíkynlífið sem Matthew hafði minnst á. Ef eitthvað var að marka greinina var þetta ekki óalgeng iðja meðal þeirra sem eiga erfitt með að fá fullnægingu af völdum mikillar neyslu fíkniefna, drykkju eða annars slíks. Engin skýring var rituð á blaðið sem tengdi greinina við Harald að öðru leyti en því að einn þeirra sem fjallað var um hafði verið í námi við sama háskóla. Stúdentinn var hvorki nafngreindur né var minnst á ártal í því sambandi. Einhver tenging hlaut þó að vera fyrst þessi grein var á annað borð í möppunni. Þóra fletti aftur upp á útskriftarmyndinni af Harald sem hafði verið að finna aftast í fyrsta kaflanum. Hún rýndi í myndina og sá ekki betur en að það væri einhver roði á þeim hluta hálsins sem stóð upp úr skyrtukraganum. Hún losaði myndina úr vasanum og reyndi að átta sig betur á þessu. Myndin var aðeins skýrari þegar hún var komin undan plastinu en ekki nægilega þó til að Þóra gæti fullvissað sig að um mar væri að ræða. Hún punktaði hjá sér að muna að spyrja Matthew einnig um þetta atriði.

Það síðasta sem var að finna í þessari annars undarlegu samantekt um háskólaár Haralds í München var forsíða B.A. ritgerðar hans í sagnfræði. Af titli ritgerðarinnar að dæma fjallaði hún um galdraofsóknir í Þýskalandi, einkum og sér í lagi aflífun barna sem grunuð voru um galdra. Þóra fékk hroll. Hún kannaðist auðvitað við galdra-brennur úr sögukennslu menntaskólaáranna en mundi ekki til þess að börn hefðu verið nefnd í því sambandi. Það hefði varla farið framhjá henni þótt henni hafi leiðst saga afskaplega á sínum tíma. Ekki fylgdi annað en þetta fremsta blað ritgerðarinnar svo að Þóra leyfði sér að halda í þá von að niðurstaða ritgerðarinnar hefði verið sú að engin börn hefðu verið brennd. Innra með sér vissi hún samt að svo var ekki. Hún hóf lestur kaflans um Háskóla Íslands.

Hér var að finna bréf frá Háskólanum þar sem Harald var tilkynnt að umsókn hans um meistaranám í sagnfræði hefði verið samþykkt og hann boðinn velkominn í skólann á haustönn 2004. Þar á eftir var að finna útprentun af einkunnum í fögum sem Harald hafði lokið. Þóra sá af dagsetningu útprentunarinnar að skjalið var fengið eftir lát hans. Væntanlega hafði Matthew orðið sér úti um það. Þótt Harald hefði ekki tekist að ljúka mjög mörgum áföngum á þessu rúma ári sem

hann var við nám voru einkunnirnar sem fyrr allar mjög háar. Þóru renndi í grun að hann hlyti að hafa fengið að taka prófin á ensku þar sem henni vitanlega kunnir hann ekki íslensku. Henni sýndist hann eiga tíu einingar eftir fyrir utan mastersritgerðina.

Næst kom blaðsíða með lista með fimm nöfnum. Þetta voru allt Íslendingar og fyrir aftan hvert nafn var skrifað heiti á fræðigreini og það sem gat verið fæðingarár. Ekkert annað kom fram og taldi Þóra líklegt að þetta væri vinnuhópur Haralds, en þau voru flest á svipuðum aldri og hann. Nöfnin voru: Marta Mist Eyjólfsdóttir, kvennafræði, f. 1981, Brjánn Karlsson, sagnfræði, f. 1981, Halldór Kristinsson, læknisfræði, f. 1982, Andri Þórsson, efnafræði, f. 1979 og Bríet Einarsdóttir, sagnfræði, f. 1983. Þóra fletti áfram í von um að frekari upplýsingar kæmu fram um ungmennin en svo var þó ekki því næst kom útprentun af skólalóð háskólans og helstu byggingum hans. Búið var að gera hring utan um sagnfræðiskorina og Árnastofnun, auk aðalbyggingarinnar. Aftur varð Þóra að gera ráð fyrir því að Matthew hefði párað þetta inn á skjalið. Þessu fylgdi svo önnur útprentun af heimasíðu háskólans, Þóra skimaði yfir textann sem var á ensku og fjallaði um sagnfræðiskor. Næst kom svipuð síða um nám fyrir erlenda nemendur. Ekki var neitt á þessu að græða.

Síðasta skjalið í þessum kafla var útprentun af tölvupósti, sent frá tölvupóstfanginu hguntlieb@hi.is sem var augljóslega pósthfang Haralds við háskólann. Pósturinn var til föður hans, dagsettur stuttu eftir að hann hóf nám haustið 2004. Við lestur póstsins sló það Þóru hversu óinnilegur textinn var, miðað við að um var að ræða bréf frá syni til föður. Í stuttu máli fjallaði bréfið um hversu ánægður Harald væri á Íslandi, hann væri búinn að koma sér fyrir í hentugu húsnæði og svo framvegis. Pósturinn endaði á því að Harald sagðist hafa fundið prófessor til að hafa umsjón með meistararitgerðinni sinni, prófessor Þorbjörn Ólafsson. Ritgerðin átti samkvæmt póstinum að fjalla um samburð á galdrabrennum á Íslandi og í Þýskalandi í ljósi þess að flestir þeirra sem dæmdir voru fyrir galdur hér voru karlmenn, ólíkt því sem gerðist í Þýskalandi þar sem konur voru í meirihluta. Síðan lauk bréfinu með kveðju en það snerti streng í brjósti Þóru að sjá P.S. undir nafni Haralds þar sem stóð: „Ef þú kærir þig um að vera í sambandi

þá ertu núna með netfangið mitt.“ Þetta benti nú ekki til mikilla kærleika. Kannski hafði brottvikningin úr hernum eitthvað með þetta laka samband að gera. Pabbi hans virtist að minnsta kosti af myndunum að dæma ekki sá allra skilningsríkasti og eflaust óhress með afkvæmi sem ekki stæðist kröfur sem gerðar væru til þess.

Á næstu síðu var svo stutt svar frá föður hans, einnig útprentun úr tölvupósti. Þar stóð: „Sæll Harald, ég legg til að þú haldir þig frá þessu ritgerðarefni. Það er slæmt og ekki til þess fallið að byggja upp karakter. Farðu vel með peningana þína. Kveðja,“ og undir var síðan stöðluð undirskrift tölvupóstsins með fullu nafni föður hans, stöðu og heimilisfangi. Það var einmitt það, hugsaði Þóra, en sá skarfur! Ekki orð um að honum þætti gaman að heyra frá syni sínum né heldur að hann saknaði hans neitt sérstaklega, hvað þá að hann skrifaði „pabbi“ eða eitthvað álíka undir. Það var greinilegt að sambandið var kalt, ef ekki gaddfreðið. Ennfremur var undarlegt að hvorugur þeirra bað fyrir kveðju frá eða til móðurinnar, eða yngstu systurinnar ef út í það var farið. Ekki vissi Þóra hvort aðrir tölvupóstar hefðu gengið á milli þeirra feðga; í það minnsta voru ekki fleiri í möppunni.

Að endingu var svo að finna útprentun frá Háskólanum með upptalningu á félögum stúdenta við skólann og heitum á tímaritum sem nemendur í hinum ýmsu deildum gáfu út. Þóra renndi yfir listann en sá ekkert áhugavert fyrr en neðst í upptalningunni þar sem stóð: „Malleus Maleficarum – félag áhugamanna um sagn- og þjóðfræði“. Þóra leit upp frá lestrinum. Þetta var sama nafnið og hafði verið á ljósrituðu stofnfundargerðinni í samantektinni um háskólanám Haralds í München. Þóra fletti til baka til að vera viss og það stemmdi. Hún sá að fyrir neðan nafn félagsins á íslenska listanum hafði verið skrifað með blýanti: „errichtet 2004“ – stofnað 2004. Það var eftir að Harald hóf nám við HÍ. Ef til vill hafði hann haft forgöngu um stofnun félagsins? Það var ekki ólíklegt nema þetta „Malleus Maleficarum“ væri eitthvað mjög táknrænt fyrir sagn- og þjóðfræði. Það gat auðvitað þýtt hvað sem var; Þóra kundi ekkert fyrir sér í latínu. Hún fletti yfir á fimmta kafla, þann um bankareikninga.

Þetta var þykkur bunki sem samanstóð af yfirlitum erlends banka-reiknings. Harald Guntlieb var skráður eigandi og velti hann gífurleg-

um fjármunum fljótt á lítið þótt lítið væri inni á honum við lok síðasta yfirlitsins. Búið var að túska með yfirstrikunarpenna yfir nokkrar færslur með bleiku ef um stóra úttekt var að ræða en með gulu ef lagt var mikið inn. Þóra sá fljótlega að það sem merkt var með gulu var ávallt sama upphæðin og var hún lögð inn í upphafi hvers mánaðar. Þetta var væn fúlga, meira en Þóra aflaði á hálfu ári – ef mikið var að gera. Þetta hlutu að vera greiðslur úr sjóðnum sem Matthew sagði Harald hafa erfð eftir afa sinn. Ekki var ólíklegt að arfgreiðslum hefði verið þannig háttáð að Harald fengi greitt út reglulega, í stað þess að fá allt upp í hendurnar í einu. Oftar en ekki var slíkt fyrirkomulag haft á ef arfþegi var ungur og þá eingöngu þar til ákveðnum aldri væri náð. Aldurstakmarkið var háð því hversu áreiðanlegan einstakling var um að ræða. Harald Guntlieb hafði augljóslega ekki verið talinn mjög ábyrgur þar sem Þóru reiknaðist til að hann hefði verið tuttugu og sjö ára þegar hann lést – og enn ekki kominn með yfirráð yfir höfuðstólnum. Þó höfðu umtalsverðir fjármunir safnast fyrir á reikningnum og greinilegt að framfærslukostnaður Haralds var langt undir því sem hann hafði til umráða í hverjum mánuði.

Um yfirstrikuðu úttektirnar gildi allt annað. Þær voru mjög misjafnar og áttu þær sér ekki stað með neinu reglulegu millibili að því er Þóra gat séð. Búið var að skrifa athugasemdir við hlið flestra þeirra og þar sem þetta voru ekki sérlega margar færslur renndi Þóra augunum yfir þær. Nokkrar athugasemdanna skildi Þóra um leið og hún las þær, til að mynda stóð BMW við stóra úttekt í byrjun ágúst 2004 og gerði Þóra ráð fyrir að Harald hefði verið að kaupa sér bíl á Íslandi. Öðrum skildi hún hvorki upp né niður í. „Urteil G.G.“ stóð til að mynda við eina hressilega úttekt frá þeim tíma þegar Harald var við nám í München. Urteil þýddi úrskurður og það fyrsta sem Þóru flaug í hug var að Harald hefði verið að borga einhverjum fyrir að fela ástæðu brottvikningarinnar úr hernum. Dagsetningin passaði þó engan veginn og G.G. gat hún ekki ímyndað sér hvað stæði fyrir. Við aðra stóð „Schädel“ sem þýddi hauskúpa, á öðrum stað „Gestell“ sem hún vissi ekki hvað þýddi. Hún fann fleiri samhengislausar úttektir sem hún taldi best að eyða ekki tíma í.

Þóra rak þó augun í tvær færslur sem vöktu sérstaka athygli henn-

ar. Við aðra, sem var nokkurra ára gömul og nam um 42.000 evrum, stóð aftur og enn þetta latneska hugtak „Malleus Maleficarum“ en við hina sem var öllu nýrri og hærri hafði verið sett spurningarmerki. Þetta voru væntanlega peningarnir sem Matthew hélt fram að hefðu horfið, rúmlega 310.000 evrur. Þóru reiknaðist til að það væru yfir tuttugu og fimm milljónir króna. Það var ekki skrytið að Matthew efaðist um að slíkir peningar hefðu farið í kaup á eiturlyfjum. Hann hefði mátt hafa sig allan við drengurinn ef svo hefði verið, jafnvel þó hann hefði verið í slagtogi með Keith Richards. Ennfremur virtist rétt, af þessum bankayfirlitum að dæma, að Harald hafði ekki skort fé, þrátt fyrir stórar úttektir á borð við þessa.

Hún fletti yfir á næstu síður sem sýndu yfirlit yfir notkun á kreditkortu Haralds, mánuðina áður en að hann dó. Hún skimaði yfir þær og sá að stærstur hluti þeirra tengdist matsölustöðum og börum, eins var einstaka úttekt í fataverslunum. Matsölustaðirnir áttu það sammerkt að vera „trendí“ eins og Laufey vinkona hennar myndi kalla þá. Áberandi fáar þeirra voru úr matvöruverslunum. Þóra rak augun í háa upphæð greidda á Hótel Rangá um miðjan september, eina færslu merka Flugskólanum og einnig öllu lægri upphæð í Húsdýragarðinum – af öllum stöðum – dagsetta í lok september. Ennfremur var að finna margar litlar færslur í gæludýraverslun á höfuðborgarsvæðinu. Kannski hafði Harald gaman af dýrum eða hafði jafnvel verið að slá sér upp með einstæðri móður. Enn eitt atriðið til þess að spyrja Matthew út í. Kaflanum um fjármál Haralds lauk á þessum yfirlitum. Þóra leit á klukkuna og sá að henni miðaði bara ágætlega.

Þóra ákvað að hvíla sig aðeins á möppunni, vatt sér að tölvunni og prófaði að leita að „Malleus Maleficarum“ á netinu. Yfir fimmtíu og fimmþúsund síður stóðu henni til boða að leit lokinni. Hún fann strax eina sem virtist efnileg, en í samantekt um innihald síðunnar kom fram að þetta þýddi „Nornahamarinn“ og væri titill á bók frá 1486. Þóra valdi tengilinn og á skjánum birtist texti á ensku. Eina skreytingin á síðunni var forn teikning sem sýndi konu í kufli sem virtist bundin við stiga. Tveir menn voru í óða önn að reisa stigann upp og velta honum og konunni inn í mikinn bálköst sem logaði framan við stigann. Augljóst var að til stóð að brenna hana lifandi. Konan horfði

opinmynt til himins en Þóru var ekki ljóst hvort listamaðurinn ætlaði henni að vera að ákalla guð eða úthrópa hann. Örvænting hennar var hins vegar skýr. Þóra sendi síðuna til prentunar og gekk fram til að sækja hana áður en Bella tæki blöðin úr prentaranum. Stúlkunni var til alls trúandi.

4. kafli

Blöðin í prentaranum reyndust fimm en ekki eitt eins og Þóra hafði ætlað. Heimasiðan hafði greinilega innihaldið mun meira efni en það sem rúmaðist á skjánum og Þóra hóf lesturinn á leiðinni aftur inn á skrifstofuna.

Í stuttum inngangi var sagt frá því að Malleus Maleficarum væri án efa ein alræmdasta bók mannkynssögunnar. Hún var fyrst gefin út árið 1486 og átti að vera handbók fyrir rannsóknarréttinn, kenna þeim sem við hann störfuðu að þekkja, saksækja nornir. Bókin var sögð leggja áherslu á það að svartigaldur og ýmsir siðir almúgafólks teldust nú guðlast, en dauðarefsing lá við slíku á þeim tíma – þeir sem gerðust sekir um slíkt skyldu brenndir á báli. Fram kom að bókinni var skipt í þrjá þætti. Þeim fyrsta var ætlað að koma fólki í skilning um að galdrar og nornir væru raunveruleg fyrirbæri og einnig um það hversu óeðlilegt og djöfullegt slíkt teldist. Ennfremur var tekið fram að það eitt að trúa ekki á tilveru svartagaldurs væri guðlast sem var víst nýjung. Í öðrum hluta var upptalning á æsilegum sögum af því sem nornir hefðu fyrir stafni og bar kynlíf með djöfullegum verum þar hæst samkvæmt samantektinni. Þriðji og síðasti þáttur lagði svo grunn að lögsókn á hendur nornum. Þar var áréttað að pyntingar væru leyfilegar til að ná fram játningum og að allir teldust hæfir til að vitna gegn þeim sem sakaður var um slík brot, óháð orðspori eða öðru því sem annars gerði vitni óhæft eða hlutdrægt.

Höfundar textans voru sagðir tveir dóminískir svartmunkar, Jakob Sprenger, sem var þáverandi rektor háskólans í Köln, og Heinrich Kramer, sem var prófessor í guðfræði við háskólann í Salzburg og settur „Inquisitor“ rannsóknarréttarins í Týrol. Sá síðarnefndi var talinn eiga meira tilkall til ritsins, enda hafði hann starfað töluvert við lögsóknir á hendur nornum, allt frá árinu 1476. Verkið var talið ritað fyrir

tilstilli þáverandi páfa, Innocentíusar VIII sem virtist ekki beinlínis hrífandi persóna af lesningunni um hann að dæma. Hann er talinn hafa hrundið af stað galdraofsóknum í Evrópu með útgáfu yfirlýsingar Páfagarðs þann 5. desember 1484 sem titluð var „Summis desiderantes affectibus“ en þar var rannsóknarréttinum heimilað að saksækja nornir og galdraiðkun lögð að jöfnu við guðlast.

Þarna voru einnig raktar tilraunir þessa páfa í ellinni til þess að forðast eigið andlát með því að drekka mjólk af brjóstum kvenna og láta skipta um blóð í sér. Það tryggði honum ekki endurnýjun lífdaga en olli hins vegar dauða þriggja tíu ára drengja vegna blóðmissis.

Þóra sá að bókin hafði fljótlega náð mikilli útbreiðslu vegna tilkomu prentlistarinnar og eins út af því að höfundar hennar voru þekktir og virtir fræðimenn. Kapólikkar jafnt sem mótmælendur studdust við hana í baráttunni við galdra. Hlutar hennar rötuðu svo inn í laga-bókastaf hins Heilaga rómverska ríkis, eða núverandi Þýskaland, Austurríki, Tékkland, Sviss, Austur-Frakkland, Niðurlönd og hluta af Ítalíu. Þóru rak í rogastans þegar hún sá að bókin var enn gefin reglulega út.

Þóra lagði frá sér útprentunina. Þetta var vissulega áhugavert en 600 ára gömul bók varpaði samt tæplega ljósi á morðið á Harald Guntlieb. Hún leit á klukkuna og sá að hún hafði einungis klukkutíma til stefnu. Hún heftaði blöðin saman, lagði þau til hliðar og dró aftur til sín möppuna með samantektinni um Harald. Hún fletti upp á sjötta kaflinum um lögreglurannsóknina.

Við fyrstu sýn var samantektin ekki nægilega þykk til að rúma máls-skjölín í heild sinni. Ef til vill hafði Matthew ekki tekist að útvega nema hluta þeirra, raunar þótti Þóru makalaust að hann hefði komist yfir þau yfirleitt án þess að bera sig formlega eftir þeim. Hún skimaði gegnum innihaldið sem reyndist vera ljósrit af yfirheyrslum lögreglunnar, stimpluð móttekin fyrir um hálfum mánuði. Þarna var hún á heimavelli. Þetta var allt á íslensku og ef til vill ástæða þess að Guntlieb-fjölskyldan ákvað að fá Íslending til liðs við sig. Mikið var um krot á síðunum og það var augljóst að Matthew hafði reynt að stauta sig í gegnum þetta. Matthew hafði meðal annars skrifað efst í hægra hornið á flestum skýrslunum stutta skýringu þar sem hann tiltók

hvern væri verið að yfirheyra hverju sinni og eðli sambands viðkomandi við Harald. Flestar skýrslurnar voru frá yfirheyrslum yfir Huga Þórisssyni sem enn sat í gæsluvarðhaldi og beið ákæru í málinu. Þóru fannst athyglisvert að við yfirheyrslur hafði hann frá upphafi réttarstöðu grunaðs manns, aldrei vitnis – eitthvað hlaut því strax að hafa gefið sekt hans til kynna. Þannig bar honum ekki lögum samkvæmt að skýra satt og rétt frá eins og kveðið er á um vitni. Hann gat því sagt nánast hvað sem var þó svo að slíkt þjónaði tæplega hagsmunum hans þegar í dóminn kæmi – dómarar áttu það nefnilega til að fara í fýlu ef sakborningar sögðust hafa verið í kvöldverði hjá Andrési Önd eða eitthvað álíka trúverðugt þegar hinn meinti glæpur þeirra hafði verið framinn.

Það rann upp fyrir Þóru hvernig Matthew hefði komist yfir þessi gögn. Réttargæslumaður grunaðs manns á rétt á aðgangi að málskjöllum lögreglu. Lögmaður Huga Þórissonar hafði því haft aðgang að þessu öllu saman. Þóra fletti hratt í gegnum skýrslurnar í leit að einhverri þar sem Hugugi hefði haft hann með sér svo að hún sæi hvaða lögmaður þetta var. Í fyrstu yfirheyrslunum hafði Hugugi verið einn síns liðs. Það var eins og við var að búast – yfirleitt óska menn þess ekki að hafa lögmann viðstaddan við upphaf rannsóknar, væntanlega vegna þess að þeir telja að með því auki þeir á grunsemdir í sinn garð. Þegar harðnar á dalnum fara þeir hins vegar að tvístíga og oftast en ekki neita þeir í lokin að tjá sig án þess að slíkur aðili sé þeim til halds og trausts. Það átti greinilega við um Huga því að í blálokun á rannsókninni sá Þóra að hann hafði loks haft rænu á því að óska eftir slíkum réttargæslumanni. Honum hafði verið skipaður Finnur Bogason. Þóra kannaðist við nafnið. Finnur þessi var einn af þeim lögfræðingum sem aðallega sinna málum þar sem þeir eru skipaðir verjendur. Það leitar með öðrum orðum enginn til þeirra af sjálfsdáðum. Þóra var sannfærð um að fyrir rétta upphæð hefði hann látið Matthew fá gögnin. Ánægð með ályktunarhæfni sína fór hún að lesa gegnum yfirheyrslurnar.

Skýrslunum var ekki raðað í tímaröð heldur voru þær flokkaðar eftir því hvern var verið að yfirheyra. Nokkur vitni voru einungis yfirheyrð einu sinni. Í þeim hópi voru húsvörður skólans, skúringakonur, leigusali Haralds, leigubílstjóri sem hafði tekið hann og Huga upp í

kvöldið örlagaríka svo og nokkrir samnemendur hans og kennarar. Skorarformaður sagnfræðiskorar, sá sem kom að líkinu, hafði hins vegar verið yfirheyrður í tvígang þar sem hann var í slíkri geðshræringu í fyrra skiptið að ekkert af viti fékkst upp úr honum. Þóra vorkenndi aumingja manninum; þetta hafði væntanlega verið hrikaleg lífsreynsla og skelfingin sem hafði gripið hann við að fá líkið í fangið draup af hverri setningu í seinni yfirheyrslunni.

Næstir komu svo þeir sem grunsemdir höfðu beinst að, tímabundið í það minnsta. Þar á meðal var að sjálfsgöðu Hugi Þórisson sem hélt statt og stöðugt fram sakleysi sínu. Þóra flýtti sér að lesa meginmál yfirheyrslnanna yfir honum. Hugi sagðist hafa hitt Harald umrætt kvöld í partíi í Skerjafirðinum, þeir brugðið sér frá og svo hefðu leiðir skilið þar sem Harald hefði ætlað aftur í partíið en Hugi viljað fara niður í bæ. Í fyrstu yfirheyrslunum gaf Hugi lítið upp um það hvert þeir hefðu farið saman félagarnir, minntist óljóst á göngutúr í kirkjugarðinum. Í þeim seinni, þegar rann upp fyrir honum að það ætti að ákæra hann fyrir morð, sagði hann að þeir hefðu farið heim til hans á Hringbrautina til að sækja eiturlyf sem Harald vildi kaupa af honum. Hann sór og sárt við lagði að hann hefði ekki séð Harald eftir það, hann hefði ekki nennt aftur út og því orðið eftir heima hjá sér. Nákvæmar tímasetningar gat hann ekki gefið upp á neinum þáttum atburðarásarinnar og bar við ölvun og vímuástandi umrætt kvöld. Hann sagðist telja að Harald hefði ætlað aftur í partíið. Í ljósi þess hve oft Hugi virtist spurður að því hvort hann gæti gert nánari grein fyrir ferðum sínum um eittleytið aðfaranótt sunnudagsins 30. október taldi Þóra víst að krufning hefði leitt í ljós að það væri líkleg dánarstund. Staglast var á því hvers vegna Hugi hefði fjarlægt augun úr Harald og hvar hann hefði komið þeim fyrir. Hugi bar einatt við að hann hefði ekki tekið augun. Hann væri því ekki með nein augu, nema náttúrlega sín eigin. Þóra gat ekki annað en vorkennt greyinu ef hann var að segja rétt frá. Hana renndi í grun að svo væri. Þótt hún hefði farið yfir málið á hundavaði þá sat eftir sú tilfinning hve hæpið það væri að veikgeðja maður, eins og þessi Hugi virtist vera, gæti haldið fram öðru en sannleikanum gegnum langa einangrun og strangar yfirheyrslur.

Vinir og kunningjar Haralds sem voru í partíinu í Skerjafirðinum lágu í fyrstu undir grun en voru síðar yfirheyrd sem vitni. Þetta voru alls tíu manns, þar á meðal fjögur af ungmennunum fimm á nafnalistanum sem Þóra hafði rekist á framfar í möppunni. Eina nafnið sem vantaði var læknaneminn Halldór Kristinsson.

Allir báru partígestirnir sömu sögu. Partíið byrjaði um klukkan níu og lauk um tvöleytið þegar þau fóru niður í bæ. Harald hafði yfirgefið samkvæmið um miðnætti með Huga, en enginn þóttist vita af hverju. Þeir höfðu sagst ætla rétt að skjótast og óku burt í leigubíl sem Hugi pantaði. Um tveimur tímum seinna höfðu þau gefist upp á að biða og ákveðið að drífa sig niður í bæ. Aðspurð um það hvort þau hefðu ekki reynt að hringja í þá sögðu þau öll ennfremur sömu söguna. Sími Haralds hefði orðið batteríslaus fyrr um kvöldið og Hugi ekki ansað ítrekuðum hringingum í gemsann sinn eða heimasíma. Enginn hafði heldur ansað í heimasíma Haralds þegar reynt var að hringja þangað. Nokkrar spurningar voru svo um það hvenær þau hefðu farið heim úr bænum en vegna tímarammans voru þær spurningar meira til málamynda. Þar kom fram að fólkið hafði tínst heim á misjöfnum tíma, allt til klukkan fimm. Síðastir fóru vinirnir af nafnalistanum en sá fimmti, læknaneminn, hafði bæst í hópinn niðri í bæ. Þóra fletti áfram í von um að hann hefði líka verið yfirheyrdur. Hann virtist sá eini þeirra sem ekki hafði verið í partíinu um það leyti sem morðið var framið. Hvar hafði hann þá verið? hugsaði Þóra.

Svarið við því var að finna aftarlega í kaflanum. Halldór hafði verið yfirheyrdur og kom í ljós að hann var að vinna á Landspítalanum í Fossvogi til miðnættis þar sem hann leysti af meðfram námi. Þess vegna hafði hann ekki verið í partíinu. Ekki var um að ræða nema örfáar vaktir í mánuði samkvæmt Halldóri; hann leysti af í þeim tilfellum þegar einhver veiktist eða forfallaðist af öðrum orsökum. Hann hafði haft með sér föt til skiptanna og eftir að hafa farið í sturtu á spítalanum og gert sig kláran tók hann strætó niður í bæ. Að eigin sögn var bíllinn hans bilaður og gaf hann upp nafn á verkstæðinu þar sem hann var í viðgerð á umræddu tímabili. Halldór sagðist upphaflega hafa ætlað að skipta um strætó og taka vagninn sem gengi út í Skerjafjörð en hann hefði rétt misst af síðasta vagninum og því ákveðið að

fara heldur ofan í bæ og bíða eftir partígestunum á kaffihúsi frekar en að splæsa í leigubíl eða ganga þangað. Hann bar að hann hefði hringt til þeirra og þau sagst vera rétt ókomin. Klukkuna taldi hann hafa verið rétt um eitt þegar hann fór inn á Kaffibrennsluna og keypti sér bjór á meðan hann beið. Um tvöleytið hafi hann svo loksins hitt partígestina þegar þeir komu í bæinn í leigubílum.

Nokkrar vitnaskýrslur komu svo í röð þar sem rætt var við ýmsa kennara við sagnfræðiskor. Þær snerust að mestu um kynni þeirra af Harald og allir báru þeir sömu söguna – að þeir hefðu ekki þekkt til hans utan skólans og haft lítið af honum að segja. Annað sem var spurt út í varðaði fund í Árnagarði kvöldið sem Harald var myrtur. Hann var haldinn til að fagna samstarfi við norskan háskóla við umsókn um stóran Erasmus-styrk. Þóra las á milli línanna að „fundur“ þessi hefði verið líkari kokteilboði en hann stóð fram eftir kvöldi. Þeir síðustu fóru ekki fyrr en undir miðnætti. Nöfnin þekkti Þóra ekki fyrir utan Gunnar skorarformann og Þorbjörn Ólafsson, prófessorinn sem hafði umsjón með ritgerð Haralds.

Lokaskýrslurnar höfðu annars vegar verið teknar af þjóni á Kaffibrennslunni og strætóbílstjóranum sem ók Halldóri úr Fossvogi niður í bæ.

Þjónninn, sem hét Björn Jónsson, bar að hafa afgreitt Halldór fyrst um eittleytið umrætt kvöld, svo nokkrum sinnum aftur síðar á sama klukkutímanum og loks í síðasta sinn um tvöleytið þegar vinir hans höfðu bæst í hópinn. Hann sagðist muna vel eftir Halldóri þar sem hann drakk óvenju hratt og stíft þetta kvöld.

Strætóbílstjórinn bar einnig að hann myndi eftir Halldóri sem farþega í síðustu ferð sinni, það hefðu verið fáir í vagninum og þeir farið að ræða um ástandið í heilbrigðiskerfinu og hversu illa væri farið með gamalt fólk. Þóru sýndist sem Halldór þessi væri með nokkuð skothelda fjarvistarsönnun sem og aðrir vinir Haralds að Huga undanskildum.

Á eftir skýrslunum fylgdu nokkrar blaðsíður af ljósrituðum myndum sem teknar voru á vettvangi. Þær voru óskýrar og svarthvítar, en þó nógu skýrar til að gera hryllilegri aðkomunni góð skil. Þóra skildi nú enn betur geðshræringu þess manns sem fann líkið og leyfði sér að

efast um að hann myndi nokkru sinni jafna sig að fullu á þeim ósköpum sem hann upplifði.

Farsíminn minnti Þóru á að klukkan væri orðin kortér í fimm. Hún flýtti sér að fletta yfir á síðasta kaflann um krufninguna. En einkennilegt, hugsaði hún og stóð upp. Ekkert leyndist bak við sjöunda milli-
blaðið. Kaflinn var tómur.

5. kafli

Þóra náði á réttum tíma í skólaskjólíð. Hún mætti einni mömmunni úr bekk dóttur sinnar á bílastæðinu fyrir utan. Konan leit á merktan verkstæðisbílinn og brosti, var greinilega viss um að nú væri Þóra komin með einhvern Bibba upp á arminn. Þóru dauðlangaði að elta konuna til að útskýra málið og taka það fram að hún og Bibbi ættu bara í viðskiptasambandi. Hún lét það þó eiga sig og gekk þess í stað beinustu leið yfir skólalóðina. Sóley gekk í Mýrarhúsaskóla og það var ekki löng leið þangað ofan af Skólavörðustíg, rétt tæp tíu mínútna keyrsla. Í skilnaðinum við Hannes fyrir rúmum tveimur árum hafði Þóra lagt mikla áherslu á að halda húsi þeirra á Seltjarnarnesi, þó svo að hún hefði átt í mesta basli með að greiða hann út. Hún gat þó þakk- að fyrir að húsið var metið áður en hinar miklu fasteignahækkningar skullu á. Væri hún að skilja núna hefði hún ekki möguleika á að eign- ast það. Þetta fór vitanlega ægilega í taugarnar á Hannesi þar sem hann sá ofsjónum yfir því hversu mikið Þóra hlyti að hafa grætt. Þótt Þóra liti ekki á húsið sem fjárfestingu heldur heimili gladdi það hana að hafa hagnast á því, eiginlega einvörðungu vegna þess hvað það fór í taugarnar á honum. Þau höfðu ekki beinlínis skilið í góðu þó svo að þau reyndu að halda sambandinu á kurteisu nótunum barnanna vegna. Ef líkja ætti þeim saman við lönd væri hún Indland og hann Pakistan – það kraumaði undir þó sjaldan sýði upp úr.

Þóra gekk inn og skimaði yfir salinn. Meirihluti barnanna var greinilega farinn til síns heima. Það kom henni svo sem ekki á óvart og hún gat ekki bægt frá sér þeirri hugsun að hún væri ekki að reyn- ast dóttur sinni nægilega vel. Móðir, kona, meyja, rann gegnum huga hennar áður en hún áttaði sig á því að raunar ætti kona tæplega við sig. Hún hafði varla verið við karlmann kennd þau tvö ár sem liðin voru frá skilnaðinum. Allt í einu laust niður í huga hennar mikilli

löngun til að njóta ásta með manni. Hún hrsti sig aðeins; þetta var eins óviðeigandi staður til að hugsa um kynlíf og frekast mátti vera. Hvað var eiginlega að henni?

„Sóley!“ kallaði umsjónarkonan sem hafði komið auga á Þóru.
„Mamma þín er komin.“

Litla stúlkan sem sat með bakið í mömmu sína leit upp frá perluverkinu og sneri höfðinu í átt að Þóru. Hún brosti þreytulega og strauk ljósan lokk frá augunum. „Hæ, mamma. Sjáðu, ég er að perla hjarta.“ Þóra fékk sting fyrir eigið hjarta og hét sjálfri sér því að sækja telpuna fyrir á morgun.

Eftir stutt stopp í matvöruversluninni komu þær mæðgur loksins í hús. Gylfi, sonur hennar, var augljóslega heima. Það mátti merkja á strigaskónum sem stóðu á skjön úti á miðju forstofugólfinu svo og dúnúlpunni sem hafði verið svo kæruleysislega hengd upp á snaga við hlið hurðarinnar að hún hafði runnið niður á gólf.

„Gylfi!“ hrópaði Þóra og beygði sig til að raða skónum upp á skógrind og hengja úlpuna tryggilegar upp. „Hversu oft á ég að segja þér að ganga frá útifötunum þínum þegar þú kemur heim?“

„Heyr' ekki!“ heyrðist kallað innan úr húsinu.

Þóra ranghvolfdi í sér augunum. Það var ekki von að hann heyrði; hávaðinn frá einhverjum tölvuleik var gjörsamlega yfirþyrmandi. „Lækkaðu þá!“ hrópaði hún á móti. „Þú skemmir í þér heyrnina!“

„Komdu! Ég heyr' ekki!“ var svarið sem æpt var á móti.

„Ó, Guð,“ tautaði Þóra og hengdi af sér. Dóttir hennar gekk snyrtilega frá öllum sínum útifötum og Þóra undraði sig í hundradasta sinn á því hversu ólík systkinin tvö voru. Dóttirin alger snyrtipinni, hafði varla slefað sem ungarbarn, en sonurinn vildi helst búa í fatahrúgu þangað sem hann gæti eflaust skutlað sér alsæll til svefnis á kvöldin. Eitt áttu þau þó sameiginlegt og það var ótrúleg samvissusemi þegar kom að skólanum og heimanámi. Það átti einhvernveginn mjög vel við manngerð Sóleyjar en Þóru fannst alltaf frekar fyndið þegar Gylfi, með sitt síða, úfna hár og í hausjúpufötunum, fékk hálfgerð móðursýkisköst yfir því að hafa gleymt stafsetningaræfingu í skólanum eða einhverju ámóta.

Þóra steig í gættina á herbergi sonar síns. Gylfi sat límdur fyrir fram-

an skjáinn á tölvunni sinni og hamaðist á músinni. „Í guðanna bænum lækkaðu í þessu, Gylfi,“ sagði Þóra og varð að hækka aðeins röddina þótt hún stæði við hliðina á syni sínum. „Ég heyri ekki eigin hugsanir fyrir þessu gargi.“

Án þess að líta af skjánum eða draga úr músarhamaganginum svo merkjanlegt væri teygði sonur hennar vinstri höndina að takka á hátalara og lækkaði. „Betra?“ spurði hann, enn án þess að líta upp.

„Já, betra,“ svaraði Þóra. „Slökktu nú á þessu og komdu að borða. Ég keypti pasta og það tekur enga stund að græja það.“

„Ég ætla bara að klára þetta borð,“ var svarið. „Tekur tvær.“

„Bara tvær mínútur,“ sagði hún og snerist á hæl. „Ég minni á að það virkar svona: Ein. Svo tvær. Ekki: Ein, þrjár, fjórar, fimm, sex og tvær.“

„Ókei, ókei,“ svaraði sonur hennar hálfpirraður og hélt áfram leiknum.

Þegar maturinn var kominn á borðið um kortéri síðar birtist Gylfi og hlammaði sér á sinn vanalega stað. Sóley var þegar sest og sat geispanði fyrir framan diskinn sinn. Þóra nennti ekki að byrja máltíðina á leiðindum með því að minna Gylfa á að hann hefði verið lengur en tvær mínútur að klára „borðið“. Hún ætlaði hins vegar að fara að minna hann á mikilvægi þessarar stundar fyrir fjölskylduna þegar farsími hennar hringdi. Hún stóð upp til að ansa. „Farið þið bara að borða og ekki rífast. Þið eruð miklu sætari bæði tvö þegar þið eruð vinir.“ Hún teygði sig í símann á eldhússkenknum, kíkti á númerið á skjánum en það kom ekki fram. Hún fór út úr eldhúsinu um leið og hún ýtti á takkann til að svara. „Þóra.“

„Guten Abend Frau Guðmundsdóttir,“ heyrðist þurr rödd Matthews segja. Hann spurði svo hvort illa stæði á.

„Nei, þetta er í lagi,“ laug Þóra. Hún taldi að Matthew yrði miður sín ef hún segði sannleikann, að hún sæti við matarborðið. Hann var eitthvað svo svakalega kurteis, maðurinn.

„Hefur þú haft tíma til að skoða gögnin sem ég lét þig hafa?“ spurði hann svo.

„Já, reyndar, en ekki í neinum smáatriðum svo sem,“ svaraði Þóra. „Ég rak raunar strax augun í það að rannsóknargögnin frá lögreglunni voru ekki tæmandi. Ég legg til að farið verði fram á það formlega að

fá þau afhent. Það er afskaplega vont að vera einungis með hluta þeirra.“

„Endilega.“ Við tók óþægileg þögn. Þegar Þóra ætlaði að fara að bæta einhverju við tók Matthew aftur til máls.

„Hefur þú sem sé gert upp hug þinn?“

„Varðandi málið meinarðu?“ spurði Þóra.

„Já,“ svaraði hann stuttaralega. „Ætlar þú að taka það að þér?“

Þóra hikaði aðeins áður en hún svaraði því játandi. Hún var ekki frá því að þegar hún sleppti orðinu hafi Matthew andað skarpt frá sér af feginleika. „Sehr gut,“ sagði hann óvenju reifur.

„Raunar á ég eftir að fara yfir samninginn. Ég tók hann með mér heim til að skoða í kvöld. Ef það er rétt að hann sé sanngjarn og eðlilegur þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu að skrifa undir á morgun.“

„Fínt.“

„Hérna, eitt vakti forvitni mína, af hverju var kaflinn um krufninguna ekki í möppunni?“ Þóra vissi að þetta gat vel beðið til morguns en hún vildi engu að síður vita svarið núna.

„Það varð að sækja sérstaklega um að fá þau gögn afhent og ég fékk ekki allt saman – bara lauslega samantekt með aðalatriðum. Mér þótti það heldur þunnur þrettandi og hef farið fram á að fá að sjá skýrsluna í heild sinni,“ svaraði Matthew.

Eftir andartaksþögn bætti hann við til skýringar: „Það flækti víst eitthvað málið að ég er ekki aðstandandi heldur einungis fulltrúi þeirra en þetta er sem betur fer komið í höfn núna. Þess vegna hringdi ég nú raunar í stað þess að bíða eftir að heyra frá þér á morgun eins og við ræddum.“

„Ha?“ sagði Þóra sem skildi ekki alveg samhengið.

„Ég fékk tíma klukkan níu í fyrramálið hjá réttarlæknum sem krufði Harald. Hann ætlar að afhenda gögnin og fara yfir ýmis atriði úr þeim með mér. Ég vil að þú komir með mér.“

„Nú,“ sagði Þóra hissa. „Jæja, fínt bara. Ég er til.“

„Gott, ég sæki þig þá á skrifstofuna klukkan hálf.“

Þóra beit í tunguna á sér til að missa ekki út úr sér að hún mætti nú yfirleitt aldrei svo snemma. „Hálf níu. Sjáumst þá.“




„Frau Guðmundsdóttir,“ sagði Matthew þá.

„Kallaðu mig Þóru, það er mikið einfaldara,“ greip Þóra fram í. Henni leið eins og níraðri ekkju þegar hún var kölluð þessu hátíðlega nafni Frau Guðmundsdóttir.




„Þóra þá,“ sagði Matthew. „Bara svona eitt í lokin.“

„Hvað?“ spurði Þóra forvitin.

„Ekki borða þungan morgunverð. Þetta verður ekki fallett.“



7. desember 2005



6. kafli

Það var án efa margt auðveldara í þessum heimi en að finna stæði á Landspítalalóðinni. Matthew fann loks eitt í töluverðri fjarlægð frá byggingunni sem hósti rannsóknarstofuna í meinafræði. Þóra hafði mætt snemma á skrifstofuna og lokið við bréf til lögreglunnar þar sem hún fór fram á að fá málgögnin afhent sem fulltrúi aðstandenda. Bréfið var komið í umslag og í bakka Bellu sem myndi vonandi fara með það í póst í dag en Þóra ákvað samt að auka líkurnar á því með því að klessa á umslagið miða sem á stóð: Má alls ekki fara í póst fyrr en eftir helgi! Þóra hafði ennfremur hringt í Flugskólann til að grennslast fyrir um úttekt af korti Haralds í september. Þar fékk hún þær upplýsingar að Harald hefði leigt litla rellu með flugmanni til þess að fljúga til Hólmavíkur og til baka sama dag. Þóra fletti Hólma- vík upp á netinu og var ekki lengi að átta sig á því hvað hafði heillað Harald – Galdrasýning á Ströndum var þar til húsa. Hún hafði ennfremur hringt á Hótel Rangá til að kanna ferðir Haralds þangað og fengið uppgefið að hann hefði tekið og greitt fyrir tvö herbergi í tvær nætur – nöfnin í bókuninni voru Harald Guntlieb og Harry Potter. Þóru var ljóst að síðara nafnið var dulnefni. Hún sagði Matthew frá þessu sem og ferð Haralds til Hólmavíkur meðan þau óku í hringi á Landspítalalóðinni.

„Mikið var,“ sagði Matthew og renndi bílaleigubílnum inn í nýyfir- gefið stæði.

Þau gengu í átt að húsinu sem var staðsett fyrir aftan aðalbyggingu- una. Það hafði snjóað um nóttina og Matthew þrammaði á undan troðninginn sem hafði myndast. Veðrið var hryssingslegt og nöpur norðanáttin reif í hárið á Þóru. Um morguninn hafði hún ákveðið að vera með það slegið en nú sá hún eftir þeirri ákvörðun þegar vindur- inn hreif það með sér í allar áttir. Ég verð aldeilis fín á leiðarenda,

hugsaði Þóra. Hún staldraði aðeins við, sneri bakinu í veðrið og reyndi að verja hárið með því að vefja trefli um höfuð sér. Þetta var varla smart en hárið á henni fékk þó frið fyrir veðrinu. Eftir að þessu var lokið gekk hún hröðum skrefum á eftir Matthew.

Þegar þau komu loks að húsinu leit hann við í fyrsta sinn frá því að þau höfðu lagt af stað frá bílnum. Honum varð starsýnt á hana með trefilinn um höfuðið. Hún gat rétt ímyndað sér hvað hún leit glæsilega út og fékk það staðfest þegar hann lyfti augabrúnum og sagði: „Það er áreiðanlega klósett sem þú getur farið á hérna inni.“

Þóra hafði hemil á sér þótt hana dauðlangaði til að hreyta einhverju í hann. Þess í stað brosti hún bara stirt til hans og reif upp hurðina inn í húsið. Þaðan arkaði hún að konu sem ýtti á undan sér tómum stálvagni og spurði hana hvar lækninn sem þau áttu að hitta væri að finna. Eftir að hafa spurt hvort sá ætti von á þeim, vísaði konan þeim í átt að skrifstofu við enda eins gangsins. Hún sagði þeim enn fremur að hinkra fyrir utan í smástund þar sem hún vissi að læknirinn væri rétt ókominn af morgunfundi.

Þóra og Matthew fengu sér sæti í tveimur lúnum stólum sem stillt var upp við vegginn á ganginum.

„Ég ætlaði ekki að móðga þig. Þú fyrirgefur,“ sagði Matthew án þess þó að horfa á Þóru.

Þóra hafði ekki áhuga á að ræða um útlit sitt og gaf ekkert út á þetta. Hún tók trefilinn af höfðinu eins virðulega og henni var unnt og lagði hann í kjöltu sér. Hún teygði sig svo í bunka af tættum tímaritum sem lá á litlu borði milli stólanna.

„Hver hefur áhuga á að lesa þetta eiginlega?“ muldraði hún um leið og hún fletti í gegnum bunkann.

„Ég held að þeir sem hingað sækja séu ekki komnir í leit að lesefni,“ svaraði Matthew. Hann sat beinn í baki og starði beint fram fyrir sig.

Þóra lagði bunkann frá sér pirruð. „Nei, kannski ekki.“ Hún leit á klukkuna og sagði óþolinmóð. „Hvar er maðurinn eiginlega?“

„Hann kemur,“ var stuttaralegt svarið. „Ég er reyndar farinn að fá nokkra bakþanka varðandi þig og þennan fund.“

„Hvað meinarðu?“ spurði hún pirruð.

„Ég held að þetta verði fullógeðfellt fyrir þig,“ svaraði hann og sneri

sér að henni. „Þú hefur enga reynslu af svona löguðu og ég er ekki viss um að þetta sé sniðugt. Best væri bara ef ég segði þér frá því sem ber á góma.“

Þóra hvessti augun. „Ég hef fætt tvö börn með tilheyrandi kvölum og blóði og fylgjum og slímtöppum og guð má vita hvað. Ég lifi þetta af.“ Hún krosslagði hendur og sneri sér frá honum. „Hvað hefur þú annars gert?“

Matthew virtist ekkert upprifinn yfir þessari stórkostlegu reynslu Þóru. „Margt og mikið. Ég ætla mér hins vegar að hlífa þér við því; ólíkt þér hef ég ekki þörf fyrir að berja mér á brjóst.“

Þóra ranghvolfdi í sér augunum. Hann var nú ekki beint neinn skemmtikraftur þessi Þjóðverji. Hún ákvað að kynna sér Varðturninn frekar en að reyna að halda uppi samræðum við hann. Hún var hálfnuð með grein um slæm áhrif sjónvarps á ungvíði heimsins þegar maður í hvítum slopp kom askvaðandi eftir ganginum í áttina að þeim. Hann var um sextugt, farinn að grána í vöngum en mjög útitekinn. Augu hans voru umkringd hvítum broshrukkum sem fékk Þóru til að álykta að hann hefði skemmt sér vel í sólinni. Hann staðnæmdist fyrir framan þau og Þóra og Matthew stóðu bæði upp.

„Komið þið sæl,“ sagði maðurinn og rétti fram hönd sína. „Þráinn Hafsteinsson.“

Þóra og Matthew heilsuðu og kynntu sig.

„Gangið inn,“ sagði lækurinn á ensku svo að Matthew fengi skilið og opnaði inn á skrifstofuna sína. „Þið afsakið hvað ég var seinn fyrir,“ bætti hann svo við á íslensku og beindi orðum sínum til Þóru.

„Allt í þessu fína,“ svaraði hún. „Það er svo mikið af áhugaverðum tímaritum þarna frammi; ég hefði helst viljað bíða lengur.“ Hún brosti til hans.

Lækurinn leit undrandi á hana. „Já, einmitt það.“ Þau gengu inn í skrifstofuna þar sem fátt var um auða fleti. Veggirnir voru að mestu þaktir bókahillum með fræðibókum og tímaritum af öllum stærðum og gerðum en stöku skjalaskáp var stillt upp þar á milli. Lækurinn gekk að stóru skrifborði þar sem allt var í röð og reglu og settist um leið og hann bauð þeim að setjast í stóla sem stillt var upp fyrir framan það. „Jæja.“ Hann lagði báðar hendur á skrifborðsbrúnina um leið og hann

sagði þetta, eins og til að leggja áherslu á að nú hæfist hinn eiginlegi fundur þeirra. „Ég geri ráð fyrir að þetta verði að fara fram á ensku.“

Þóra og Matthew kinkuðu bæði kolli.

Hann hélt áfram: „Það verður ekki vandamál þar sem ég lauk framhaldsnámi í Ameríku. Þýsku hef ég hins vegar ekki talað síðan ég gekk út úr munnlega stúdentsprófinu í henni á sínum tíma svo ég skal hlífa ykkur við henni.“

„Eins og ég sagði þér í símanum þá er enska í fínu lagi,“ sagði Matthew og Þóra reyndi að brosa ekki að þunga þýska framburðinum.

„Gott,“ sagði læknirinn og teygði sig í gult skjalahulstur sem lá efst í blaðastafla á borðinu fyrir framan hann. Hann stillti því upp fyrir framan sig og gerði sig líklegan til að opna það. „Ég ætti nú að byrja á því að afsaka hve langan tíma það tók að fá leyfi fyrir því að sýna krufningargögnin í öllu sínu veldi.“ Hann brosti afsakandi til þeirra. „Skrifræðið sem fylgir svona málum er alltaf mikið og ekki alltaf ljóst hvernig bregðast á við þegar kringumstæður eru óvenjulegar eins og í þessu tilviki.“

„Óvenjulegar?“ sagði Þóra í spurnartón.

„Já,“ svaraði læknirinn. „Óvenjulegar að því leyti að aðstandendur kjósa að tilnefna fyrir sig fulltrúa til að kynna sér niðurstöður krufningar, svo og það að um erlendan ríkisborgara er að ræða. Á tímabili var ég farinn að halda að það þyrfti undirskrift hins látna til þess að koma þessu leyfi í gegnum kerfið.“ Hann brosti aftur til þeirra.

Þóra brosti kurteislega á móti en sá út undan sér að andlitid á Matthew var sem steinrunnið.

Læknirinn leit undan og hélt áfram. „Nú, skriffinnskan sem fylgdi þessu var nú raunar ekki það eina sem gerði mál þetta sérstakt en ég tel rétt að þið gerið ykkur grein fyrir því áður en við byrjum.“ Læknirinn leit á þau og brosti aftur. „Þetta var nefnilega einhver undarlegasta og óvenjulegasta krufning sem ég hef komið að og sá ég nú ýmislegt þegar ég var úti við nám.“

Þóra og Matthew sögðu ekkert en biðu eftir framhaldinu, Þóra sýnilega spenntari en Matthew sem hefði eins getað verið stytta.

Læknirinn ræksti sig og opnaði skjalahulstrið. „Við skulum engu að síður byrja á því sem telst nokkuð hefðbundið.“

„Endilega,“ rumdi í Matthew en Þóra reyndi að leyna vonbrigðum sínum. Hún vildi fá að heyra þetta skrýtna.

„Nú, dánarorsök var köfnun við kyrkingu,“ sagði læk'nirinn og bankaði létt ofan á gula skjalahulstrið. „Þegar við erum búin mun ég afhenda ykkur afrit af krufningarskýrslunni og þar getið þið kynnt ykkur niðurstöður okkar í meiri smáatriðum ef þið kærið ykkur um. Aðalatriðið hvað dánarorsök varðar snýr að því hvernig hinn látni var kyrktur en við teljum að til þess hafi verið notað belti úr efni, ekki leðri. Sá sem það gerði hefur beitt miklum kröftum þegar hann eða hún herti að en áverkar á hálsinum eru miklir. Ekki er heldur ólíklegt að þrýstingnum hafi verið haldið mun lengur en þurfti til að deyða hann, af einhverjum orsökum – væntanlega æðisgenginni heift eða bræði.“

„Hvernig vitið þið það?“ spurði Þóra.

Læk'nirinn gramsaði í möppunni og sótti úr henni tvær ljósmyndir. Hann lagði þær á borðið fyrir framan sig og sneri þeim að Þóru og Matthew. Þær sýndu illa farinn háls Haralds. „Þið sjáið að við útbrúnir kyrkingarólarinnar hefur holdið gefið aðeins eftir sumsstaðar auk þess sem húðin hefur brunnið af núningnum. Það bendir til þess að yfirborð hennar hafi verið ögn óslétt. Takið líka eftir að hvað svo sem þetta var þá virðist það ekki reglulegt í laginu – misbreitt ef eitthvað er að marka hversu ójöfn breidd sársins er.“ Læk'nirinn gerði hlé á máli sínu meðan hann benti á aðra myndina. „Annað athyglisvert er að hér neðar á hálsinum er að finna merki um eldri áverka, alls ekki eins alvarlega en athyglisverða samt.“ Hann leit á þau. „Vitið þið eitthvað um þetta?“

Matthew varð fyrri til. „Nei, ekkert.“ Þóra hélt sér saman þó svo að hana grunaði hvernig þetta hefði komið til.

„Þetta er morðinu eflaust óviðkomandi. Maður veit þó aldrei.“ Læk'nirinn virtist sáttur við svar Matthews, í það minnsta gekk hann ekki frekar á þau. Hann benti á hina myndina sem var einnig af hálsi Haralds en mikið stækkuð. „Þessi mynd er ágæt en á henni sést hvernig eitthvert málmstykki, skreytt beltissylgja eða annað óþekkt fyrirbæri á lindanum sem notaður var, hefur borast inn í háls hins myrta. Ef þið skoðið þetta vel þá sjáið þið að þetta er einna líkast litlum rýtingi – þó

getur það verið eitthvað allt annað; þetta er auðvitað engin gifsafsteypa.“

Þóra og Matthew teygðu sig í áttina að myndinni til að sjá betur. Þetta var rétt hjá mannum. Greinilegt far var að sjá á hálsinum eftir einhvern hlut. Af mælikvarða sem var að finna neðst á myndinni mátti sjá að hluturinn var um það bil átta til tíu sentimetrar á lengd og útlínurnar sem lágu upp með hálsinum líktust þó nokkuð litlum rýtingi eða krossi. „Hvað er þetta?“ spurði Matthew og benti á sár sitt hvorum megin við þessi för.

„Eitthvað með hvössum brúnum virðist hafa legið utan um þennan litla hlut og hafa þær rofið húðina þegar hert var að. Nær kemst ég ekki.“

„Hvað varð um þetta belti eða hvað sem þetta nú var?“ spurði Matthew. „Fannst það?“

„Nei,“ svaraði lækurinn. „Árásarmaðurinn hefur losað sig við það. Hann hefur eflaust talið að við næðum einhverjum lífsýnum af því.“

„Hefðuð þið getað gert það?“ spurði Þóra.

Lækurinn yppti öxlum. „Hver veit? Það er í það minnsta ljóst að ef það fyndist núna, svona löngu eftir atburðinn, væri lítið að marka slík sýni.“ Hann ræksti sig. „Svo er það áætluð dánarstund. Það er öllu tæknilegra mál.“ Lækurinn fletti í skjölunum og dró fram nokkrar síður. „Ég veit ekki hversu kunnug þið eruð slíku ferli, það er að segja hvernig við metum þetta?“ Hann leit á Þóru og Matthew.

„Ég veit ekkert,“ flýtti Þóra sér að segja. Hún sá að þetta fór í taugararnar á Matthew sem sagði ekki orð, en hún lét sig það engu skipta.

„Þá er líklega rétt að ég skýri stuttlega út á hvað þetta gengur svo að þið séuð meðvituð um að niðurstöðurnar eru ekki einhver galdur eða óhagganlegar staðreyndir. Þetta eru nefnilega einungis líkindi þar sem nákvæmni niðurstöðunnar er háð nákvæmni ýmissa upplýsinga eða vísbendinga sem þarf að safna.“

„Safna?“ spurði Þóra.

„Já, til þess að vinna slíkt mat þurfum við að safna vísbendingum sem er að finna á eða í líkinu sjálfu eða í nágrenni og umhverfi staðarins þar sem það fannst. Við nýtum okkur einnig vísbendingar úr lífi hins látna, til dæmis hvenær hann sást síðast fyrir andlátið, hvenær

hann borðaði síðast, hvað hann lagði í vana sinn og svo framvegis. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða voveifleg dauðsföll á borð við þetta.“

„Að sjálfsögðu,“ sagði Þóra og brosti til læknisins.

„Þessar upplýsingar eða vísbendingar eru svo notaðar á ýmsan hátt til þess að fá sem best mat á því hvenær andlátíð átti sér stað.“

„Hvernig þá?“ spurði Þóra.

Læknirinn hallaði sér aftur í stólnum, sýnilega ánægður með áhuga hennar. „Aðferðirnar eru tvenns konar: Annars vegar byggjast þær á því að mæla breytingar á líkinu sem eiga sér stað með þekktum hraða eins og til dæmis dauðastirðnun, líkamshita og rotnun. Hins vegar eru aðferðir sem byggjast á samanburði upplýsinga við þekktar tímasetningar; hvenær neytti hinn látni þeirrar fæðu sem er í maganum og hvernig hefur hún verið melt, og þar fram eftir götunum.“

„Hvenær lést hann?“ Matthew kom sér beint að efninu.

„Þegar stórt er spurt,“ svaraði læknirinn og brosti. „Í framhaldi af því sem ég var að segja er rétt að renna fyrst í gegnum þær upplýsingar sem við nýttum okkur í mati á dánarstund. Ég man ekki hvort ég minntist á það áðan en því fyrir sem lík finnast frá andláti því greinarbetri reynast vísbendingarnar. Í þessu tilviki leið um einn og hálfur sólarhringur sem er ekki slæmt. Sérstaklega þar sem líkið var innandyra og því er umhverfishitastig tiltölulega vel þekkt stærð.“ Hann opnaði gula skjalahulstrið og renndi augunum yfir textann á einu blaðinu. „Samkvæmt lögreglurannsókn sást Harald síðast á lífi af óháðu vitni klukkan 23:42 umrætt laugardagskvöld þegar hann greiddi fyrir og yfirgaf leigubíl á Hringbraut. Segja má að það sé því upphafspunktur tímarammans sem hefur að geyma mögulega dánarstund. Endapunktur sama tímabils er svo að sjálfsögðu þegar líkið fannst eða klukkan 7:20 mánudagsmorguninn þann 31. október.“

Hann þagnaði og leit á þau. Þóra kinkaði kolli til merkis um að hún væri með á nótunum og að hann skyldi halda áfram. Matthew var sama stytta.

„Þegar lögreglan kom á svæðið í kjölfar líkfundarins var líkamshitinn mældur og reyndist hann hinn sami og hitastig umhverfisins. Það gaf strax til kynna að einhver tími var liðinn frá andláti. Hversu hratt

Það gerist nákvæmlega fer eftir ýmsu, ef manneskja er grönn gerist þetta til dæmis hraðar en ef hún er feit þar sem yfirborðsflatarmál hitaútsstremmis er hlutfallslega meira hjá grannri manneskju.“ Læknirinn bandaði út höndum. „Þetta er einnig háð klæðnaði og aðbúnaði líksins, ásamt stellingu þess sem og hreyfingu og rakastigi loftsins í umhverfinu og ýmsu öðru. Upplýsingar um þetta allt eru hluti þeirra vísbendinga sem ég minntist á áðan.“

„Og hvað kom út úr þessu?“ spurði Matthew.

„Ekkert, eiginlega. Með þessu gátum við bara þrengt rammann að eins. Það gefur augaleið að þessi aðferð getur einungis látið okkur í té vísbendingar um dánarstund ef líkamshitinn er annar en umhverfisins.“ Hann dæsti. „Eftir að líkið hefur náð því hitastigi fylgir það umhverfishita, eins og gefur að skilja. Við getum hins vegar reiknað út hve langan tíma það tekur líkið að ná umhverfishita og ályktað sem svo að sá tími hafi að minnsta kosti liðið frá andláti.“ Hann renndi augunum niður eftir blaðinu. „Hérna er þetta, í þessu tilviki þrengdi þessi greining aftari mörk tímarammans þannig að ljóst var að yfir 20 klukkustundir voru liðnar frá andláti.“

„Þetta er allt saman mjög áhugavert, ekki spurning um það,“ sagði Matthew. „Hins vegar hefði ég viljað fá að vita hvenær Harald er talinn hafa látist og hvernig það bar að.“ Hann leit ekki á Þóru.

„Já, auðvitað, fyrirgefðu,“ sagði læknirinn. „Dauðastirðnun gaf til kynna að andlát hefði átt sér stað að minnsta kosti sólarhring áður en líkið fannst sem þrengdi tímarammann enn frekar.“ Læknirinn leit til skiptis á Matthew og Þóru. „Viljið þið að ég útskýri dauðastirðnun eitthvað frekar? Ég get gert það í stuttu máli ef þið kærið ykkur um.“

„Endilega,“ svaraði Þóra um leið og Matthew sagði: „Nei takk, engin þörf á því.“

„Er ekki almenn kurteisi að verða við óskum dömunnar?“ sagði læknirinn og brosti til Þóru. Hún brosti sínu blíðasta á móti. Matthew skáskaut til hennar augunum, hálfvúll að því er Þóru virtist. Hún lét það ekkert á sig fá.

„Dauðastirðnun er eins og nafnið gefur til kynna stirðnun líkamans eftir andlát. Þessu ástandi veldur efnafræðileg breyting á vöðva-próteínum í kjölfar lækkunar á sýrustigi vöðvafruma eftir andlát. Ekk-

ert sírefni, enginn glúkósi og pH-gildi frumanna fellur. Þegar svo magn ATP- núkleótíðs lækkar í kjölfarið niður fyrir ákveðið krífskt gildi hefst hin svokallaða dauðastirðnun þar sem ATP ver gegn tengingu aktíns og mýósíns.“

Þóra ætlaði að fara að spyrja nánar út í þetta skemmtilega aktín og mýósín en hætti snarlega við þegar Matthew steig þéttingsfast á fótinn á henni. Hún sagði því einfaldlega „Ég skil,“ sem var auðvitað af og frá. Hún sá útundan sér hvar stytta Matthew brosti í fyrsta sinn þann morguninn.

Læknirinn hélt áfram. „Dauðastirðnun byrjar í þeim vöðvum sem mest eru notaðir og færast svo yfir alla vöðva. Þegar hún hefur náð hámarki er líkaminn orðinn stífur og þá í þeirri stellingu sem hann var í þegar stirðnun náði yfirhöndinni. Það stig varir raunar ekki lengi því dauðastirðnun gengur yfir og líkaminn verður aftur alveg slakur. Undir venjulegum kringumstæðum hefur dauðastirðnun náð fullum framgangi 12 klukkustundum eftir andlát en byrjar svo að fjara út að 36-48 stundum liðnum. Raunar í tilfelli eins og Haralds þar sem dánarorsök er köfnun, hefst ferlið eitthvað síðar.“ Læknirinn, fletti í blöðunum, dró fram ljósmynd og rétti þeim. „Eins og þið sjáið var lík Haralds algerlega stíft þegar það fannst.“

Matthew varð fyrri til að teygja sig í myndina sem var í A4-stærð. Hann leit á hana svipbrigðalaus og rétti svo Þóru. „Þetta er frekar ógeðfellt,“ sagði hann um leið og hún tók við myndinni.

Ógeðfellt var ekki alveg nægilega sterkt til að lýsa því sem fyrir augu Þóru bar. Myndin sýndi unga manninn sem Þóra þekkti af fjölskyldumyndunum sem Harald Guntlieb, liggjandi á gólfi í ankanna-legri stellingu sem hún þekkti af myndunum úr möppunni með rannsóknargögnunum. Þær höfðu hins vegar verið það grófar og illa ljósritaðar að þær voru næstum hæfar til birtingar í Stundinni okkar miðað við það sem fyrir augu hennar bar nú. Annar handleggur Haralds vísaði beint upp frá olnboga, eins og hann væri að benda á eitthvað í loftinu. Það var ekkert sem hélt handleggnum í þessari stellingu eða studdi við hann. Þrátt fyrir það var algerlega ljóst af myndinni að Harald Guntlieb var látinn. Andlitið var þrútið og bólgið og undarlegt á litinn og taldi Þóra víst að það væri ekki vegna þess að höndum hefði

verið kastað til framköllunarinnar. Það sem vakti þó hvað mestan óhug með henni voru augun, eða augntóftirnar réttara sagt. Hún flýtti sér að skila myndinni til Matthews.

„Eins og þið sjáið hefur líkið líklega legið upp við eitthvað, væntanlega vegg, og handleggurinn hefur skorðast í þessari stellingu. Þið vit-ið eflaust að morðið var ekki framið þarna á ganginum. Hann féll þangað að innan úr lítilli kompu þegar einn kennarinn opnaði dyrnar þangað inn þarna á mánudagsmorgninum. Af lýsingu þess manns að dæma hefur líkinu verið komið fyrir þar inni og það svo annaðhvort fallið á hurðina eða verið þannig fyrirkomið að það hryndi út þegar dyrnar væru opnaðar. Eins og sést á myndinni opnast kompan út á ganginn.“

Matthew skoðaði myndina og kinkaði þögull kalli. Þóra lét sér það nægja; hana langaði ekkert til að horfa aftur á þessa mynd. „En þú ert ekki búinn að segja okkur hvenær talið er að hann hafi dáið,“ sagði Matthew og skilaði myndinni.

„Já, fyrirgefðu,“ sagði læknirinn og fletti í skjölunum. Hann rétti úr sér þegar hann fann það sem hann leitaði að. „Að teknu tilliti til magainnihalds og upptöku amfetamíns í blóðinu er dánarstund talin liggja á bilinu 1:00 til 1:30.“ Hann leit upp og útskýrði þetta nánar. „Tímasetning bæði á inntöku fæðunnar og amfetamínsins var þekkt. Hann hafði borðað pizzu um níuleytið þetta kvöld og tekið amfetamín í nefið rétt áður en að hann yfirgaf partíið eða um hálf tólf.“ Hann rétti Matthew aðra mynd sem hann valdi úr bunkanum. „Melt-ing pizzu er tiltölulega vel þekkt og skráð.“

Matthew skoðaði myndina án þess að sýna nokkur svipbrigði. Hann leit svo upp úr henni íbygginn og rétti Þóru. Hann brosti svo í annað sinn þennan morgun. „Langar þig í pizzu?“

Þóra tók við myndinni sem sýndi magainnihald Haralds. Það yrði bið á því að hún pantaði sér pizzu í matinn. Hún reyndi að láta á engu bera og skilaði myndinni til Matthews.

„Niðurstöðurnar varðandi amfetamínið voru unnar af Lyfjafræðistofnun. Þið fáið afrit af skýrslunni frá þeim með krufningarskýrslunni. Raunar fannst einnig e-pilla í maga hans, hálfmelt en ekki er vit-að hvenær hún var innbyrt svo hún kom ekki að gagni við ákvörðun dánarstundar.“

„Fínt,“ sagði Matthew stuttlega.

Læknirinn tók aftur til máls. „Það er svo rétt að geta þess að krufning leiddi í ljós að líkið var fært til eftir andlát, einhverjum klukku-stundum síðar. Það sjáum við af eins konar mari sem myndast í lægstu punktum líkamans um leið og blóðrásin stöðvast. Við það byrjar blóðið að safnast fyrir í nokkurs konar pollum vegna þyngd-arafslsins. Við tókum eftir því að slíkt dauðamar var að finna á stöð-um sem ekki fóru saman, það er á baki, rasskinnum og aftan á kálf-um annars vegar svo og á iljum, fingrum og höku. Fyrirnefndu svæð-in voru daufari en það gefur til kynna að líkið hafi legið á bakinu til að byrja með en hafi svo verið komið fyrir upprétu einhverjum tím-um síðar. Ennfremur bera skór hans þess merki að líkið hefur verið dregið einhvern spotta; væntanlega hefur sá sem það gerði haldið undir handarkrikana og fætturnir runnið eftir einhverju. Af hverju þetta var gert er okkur ekki kunnugt um. Helsta skýringin er að mínu mati sú að morðinginn hafi drepit Harald heima hjá sér en ekki get-að losnað við líkið undireins, væntanlega vegna ölvunar. Af hverju hann kaus svo að koma því fyrir þarna uppi í Árnagarði er svo önn-ur ráðgáta. Það er ekki beinlínis fyrsti staðurinn sem manni kæmi í hug ef maður stæði frammi fyrir þessum vanda.“

„En augun?“ spurði Matthew.

Læknirinn ræskti sig. „Augun. Það er önnur ráðgáta sem ég kann ekki skýringu á. Eins og fjölskyldunni er kunnugt voru þau fjarlægð eftir andlát Haralds sem er þó nokkur huggun fyrir aðstandendur að mínu mati. Hvers vegna það var gert veit ég hins vegar ekki.“

„Hvernig tekur maður augu úr líki eiginlega?“ sagði Þóra en sá um leið eftir því að hafa spurt.

„Eflaust er hægt að gera það á marga vegu,“ svaraði læknirinn. „Svo virðist hins vegar sem morðinginn okkar hafi notað til þess slétt verk-færi. Öll ummerki eða kannski frekar skortur á ummerkjum virðast að minnsta kosti benda til þess.“ Læknirinn fór að fletta í myndunum.

Þóra flýtti sér að stöðva hann. „Við trúum þér alveg. Við þurfum ekki að sjá neinar myndir.“

Matthew leit á hana og brosti. Honum var greinilega skemmt yfir því að Þóra þætti þetta ógeðfellt eftir orðaskipti þeirra á ganginum.

Það pirraði hana og hún ákvað að sýna honum hvað í henni bjó. „Þú sagðir í upphafi að krufningin hefði verið óvenjuleg og undarleg. Hvað áttirðu við með því?“

Læknirinn hallaði sér fram og það birti yfir honum. Hann hafði greinilega hlakkað til að ræða þetta. „Ég veit ekki hversu náin þið voruð Harald Guntlieb; kannski vissuð þið af þessu öllu saman.“ Hann fletti í skjölunum og dró fram nokkrar myndir. „Þetta er það sem ég á við,“ sagði hann svo og lagði myndirnar á borðið fyrir framan Þóru og Matthew.

Það tók Þóru smástund að gera sér grein fyrir hvað hún var að horfa á en þegar það skýrðist fyrir henni gat hún ekki annað en hryllt sig. „Oj bara, hvað er þetta eiginlega?“ missti hún út úr sér.

„Það er ekki nema von að þú spyrjir,“ svaraði læknirinn. „Harald Guntlieb hefur greinilega stundað svokallaðar líkamsbreytingar – body modification, eins og það er víst kallað erlendis, þaðan sem þessi iðja er sprottin. Í fyrstu töldum við að þetta með tunguna í honum væri hluti af misþyrmingunum á líkinu en svo sáum við að þetta var það gróíð að maðurinn hefur látið gera þetta fyrir einhverju síðan – þetta er nokkrum stigum ofar en tungulokkarnir í brenglun, verð ég nú að segja.“

Þóra leit á hverja andstyggðarmyndina af annarri. Ógleði greip hana hjartökum og hún reis upp úr stólnum. „Afsakið,“ sagði hún óðamála gegnum samanbitnar tennurnar og rauk á dyr. Þegar hún steig fram á ganginn heyrði hún Matthew segja við lækninn með uppgerðarundrun: „Skrýtið, hún sem er tveggja barna móðir.“

7. kafli

Á Alþjóðahúsinu var ekki margt um manninn. Þóra hafði valið þetta kaffihús af því að þarna var hægt að tala saman í meira næði en á flestum öðrum slíkum stöðum í miðbænum. Hún og Matthew gætu þannig rætt saman án þess að hafa áhyggjur af því að gestir á nærliggjandi borðum heyrðu til þeirra. Þau sátu ein í herbergi inn af aðalrými staðarins. Á mósaikborðplötunni á milli þeirra hvíldi gula skjalahulstrið með krufningargögnunum sem Matthew hafði fengið afhent.

„Þér líður betur eftir að hafa fengið þér kaffi,“ sagði Matthew vandræðalega og horfði í áttina að dyragættinni sem stúlkan með pöntunina þeirra var nýgengin út um.

„Mér líður ágætlega,“ svaraði Þóra hvasst. Það var raunar alveg rétt; ógleðin sem hafði gripið hana inni hjá læknum var gengin yfir. Hún hafði farið af skrifstofunni inn á klósett sem hún fann á ganginum og náð að hressa sig við með því að skvetta köldu vatni framan í sig. Hún hafði alltaf verið frekar klíjugjörn og það rifjaðist upp fyrir henni hversu illa hún þoldi námsbækurnar sem maðurinn hennar fyrrverandi hafði skilið eftir opnar úti um allt þegar hann var við nám í læknisfræði. Myndirnar í þeim komust þó ekki í hálfkvisti við það sem hún hafði séð þarna um morguninn; kannski vegna þess að myndirnar úr bókunum voru á einhvern hátt ópersónulegri. Hún bætti við í mildari tón: „Ég veit ekki hvað kom yfir mig. Ég vona að ég hafi ekki móðgað læknum.“

„Þetta eru ekkert sérstaklega geðslegar myndir,“ sagði Matthew. „Flestir myndu bregðast nákvæmlega eins við. Þú þarft svo ekkert að hafa áhyggjur af læknum. Ég sagði honum að þú værir nýstigin upp úr ælupest og því ekki í allra besta formi til að skoða svona lagað.“

Þóra kinkaði kolli. „Hvað í ósköpunum var þetta eiginlega? Ég held að ég hafi áttað mig á flestu en eftir á að hyggja er ég ekki viss um að ég hafi meðtekið innihald myndanna.“

„Eftir að þú fórst fórum við yfir hverja þeirra,“ sagði Matthew. „Svo virðist sem Harald hafi látið framkvæma allskyns afskræmingar á eigin líkama. Samkvæmt læknum eru þær elstu einhverra ára gamlar en þær nýjustu fárra mánaða.“

„Hvers vegna gerði hann þetta?“ spurði Þóra. Henni var fyrirmun- að að skilja hvað gæti rekið unga manneskju til þess að afskræma sjálfa sig.

„Guð má vita hvers vegna,“ svaraði Matthew. „Harald var aldrei alveg eins og fólk er flest. Frá því að ég kynntist fjölskyldunni var hann alltaf í slagtogi við einhverja jaðarhópa þjóðfélagsins. Eitt sinn voru það umhverfissinnar, um tíma hópur sem mótmælti G8-ríkjunum. Þegar hann hellti sér loks í sagnfræðina hélt ég að hann hefði náð átt- um.“ Matthew klappaði laust ofan á gula hulstrið. „Af hverju hann tók upp á þessu er ofar mínum skilningi.“

Þóra sagði ekkert á meðan hún hugleiddi myndirnar og sársaukann sem Harald hlaut að hafa gengið í gegnum. „Hvað var þetta nákvæm- lega?“ spurði hún og bætti í fljótheitum við: „Ég þoli alveg að heyra það.“

Í því kom stúlkan inn með kaffið og smáréttina sem þau höfðu pant- að sér. Þau þokkuðu fyrir sig og þegar hún var farin tók Matthew til máls. „Þetta voru allra handa aðgerðir og skurðir. Það sem sló mig mest var tungan í honum. Þú hefur væntanlega gert þér grein fyrir því að ein myndanna var af munnholinu í Harald.“ Þóra kinkaði kalli og Matthew hélt áfram. „Hann hefur látið skera hana í tvennt, sum sé kljúfa hana eftir endilöngu. Hún hefur án efa átt að líkjast tungu úr slöngu sem ég verð að játa að tókst ágætlega hjá honum.“

„Gat hann talað eðlilega eftir svona lagað?“ spurði Þóra.

„Samkvæmt læknum er ekki ólíklegt að hann hafi orðið eitthvað smámæltur í kjölfarið en þó sagði hann það óvíst. Hann tók ennfrem- ur fram að þessar aðgerðir væru ekkert einsdæmi. Þetta væri skiljan- lega mjög sjaldgæft en Harald var allavega enginn brautryðjandi í þessu.“

„Ekki hefur hann gert þetta sjálfur? Hver gerir svona aðgerðir á fólki?“ spurði Þóra.

„Læknirinn taldi þetta hafa verið gert frekar nýlega þar sem þetta

var ekki alveg fyllilega gróið. Hann hafði ekki hugmynd um hver skar en bætti við að hver sá sem hefði yfir deyfilyfjum, tögum og skurðarhníf að ráða gæti gert þetta á augabragði. Hann nefndi lækna, skurðstofuhjúkkur og tannlækna í því sambandi. Hann bætti raunar við að sá hinn sami yrði að geta ávísað sýklalyfjum og verkjastillandi eða að lágmarki tryggt aðgang að þeim.“

„Jesús Kristur, ég segi nú ekki annað,“ sagði Þóra. „En allt hitt; kúlurnar, örin, merkin og hornin og guð má vita hvað þetta var allt saman?“

„Samkvæmt læknum hafði Harald látið græða hina ýmsu hluti undir húðina á sér til þess að kalla fram upphleyptar útlínur þeirra. Þar á meðal þessi litlu horn eða gadda sem stóðu út úr öxlunum. Læknirinn sagðist auk þeirra hafa fjarlægt 32 hluti, allt frá litlum kúlum eins og þeim sem þú sást á kynfærum hans.“ Matthew leit sem snöggvast vandræðalega á Þóru. Hún saup á kaffinu og brosti til merkis um það að henni þætti þetta ekkert pínlegt. Hann hélt áfram. „Svo voru þarna einhver tákni; öll reyndust þau tengd svartagaldri og djöflatrú. Harald hefur verið iðinn við kolann; þeir voru ekki margir né stórir fletirnir á líkama hans sem ekki voru skreyttir á einhvern hátt.“ Matthew gerði smáhlé á máli sínu til þess að fá sér litla snittu. Hann hélt svo áfram. „Honum virðist ekki hafa hugnast hefðbundið húðflúr því þau tattú sem hann var með voru ör.“

„Ör?“ spurði Þóra. „Lét hann fjarlægja tattú?“


„Nei, nei. Þetta voru tattú sem eru gerð með því að skera í húðina eða fjarlægja hana til að mynda munstur eða tákni úr örum. Fremur endanleg ákvörðun að fá sér slíkt. Mér skildist á læknum að maður gæti ekki losnað við slík tattú nema með húðágræðslu og þá sæti eftir annað og stærra ör.“

„Jæja, já,“ sagði Þóra undrandi. Allt var nú til. Þegar hún var ung þótti villt að vera með þrjú göt í eyrunum.

„Læknirinn sagði ennfremur að ein ristan á Harald hefði verið gerð að honum látnum. Í fyrstu héldu þeir að þetta væri bara eitt af tattúnum sem hann hefði nýlega látið gera en við nánari skoðun kom í ljós að svo var ekki. Þetta var tákni sem líktist galdrastaf og var rist í bringuna á honum.“ Matthew dró penna upp úr vasa á jakkanum sín-

um og teygði sig í ljósa servíettu. Hann rissaði upp táknið og sneri svo servíettunni að Þóru. „Þetta tákn er ekki þekkt,“ sagði læknirinn, „í það minnsta hefur lögreglunni ekki tekist að finna neitt út úr því, svo kannski hefur morðinginn hreinlega skáldað það upp á staðnum. Hugsanlega hafa aðstæður orðið til þess að fipa hann og táknið því ekki útlits eins og til stóð. Það er ekki auðvelt að rista í húð.“

Þóra tók servíettuna upp og skoðaði táknið. Það samanstóð af fjórum strikum sem mynduðu kassa, nokkurskonar myllu. Strikað var í gegnum enda línanna sem stóðu útfyrir kassann en innan í hann var teiknaður hringur. Frá hringnum lá strik og svigi eða hálfhringur teiknaður í enda þess.



Þóra rétti Matthew aftur servíettuna. „Ég þekki því miður ekkert til galdrastafa. Ég átti einhverntíma hálsmen með rún en ég man ekki hvað hún átti að tákna.“

„Við þurfum að ræða við einhvern sem þekkir eitthvað til þessara mála. Hver veit nema lögreglan hafi kastað til höndunum þegar hún var að grafast fyrir um táknið. Kannski er merking þess eitthvað tengd lausn málsins,“ Matthew reif servíettuna í fernt. „Eitthvað hefur morðingjanum að minnsta kosti gengið til, að hafa svona fyrir þessu. Flestir hugsa um það eitt að koma sér sem allra fyrst og allra lengst í burtu eftir að hafa framið morð.“

„Kannski er morðinginn geðbillaður,“ stakk Þóra upp á. „Það er varla merki um góða geðheilsu að rista rúnir í lík og plokka úr þeim augun.“ Hún hryllti sig. „Nú eða þá að hann hefur verið útúrdópaður. Sem gæti reyndar átt við um strákgreyið sem nú situr inni.“

Matthew yppti öxlum. „Kannski.“ Hann fékk sér kaffisopa. „Og kannski ekki. Við þurfum raunar að komast til hans í fangelsið sem allra fyrst.“

„Ég skal setja mig í samband við lögmann hans,“ sagði Þóra. „Hann hlýtur að geta komið á viðtali og ætti að auki að sjá sér hag í því að greiða götu okkar. Hagsmunir okkar fara saman. Ef okkur tekst að finna morðingja sem lögreglunni yfirsást höfum við að sjálfsögðu hreinsað skjólstaðing hans. Ég hef líka sent lögreglunni formlegt erindi um afhendingu á rannsóknargögnum. Slíkt er alvanalegt og mér vitanlega fá aðstandendur þau oftast afhent án málalenginga nema í einhverjum undantekningartilvikum.“

Matthew fékk sér aðra snittu og leit á klukkuna. „Hvernig líst þér á að koma við í íbúð Haralds? Ég er með lyklna að henni og lögreglan hefur þegar skilað hluta þess sem þeir tóku við húsleitina. Við getum kannski litið yfir það dót og kannað hvort eitthvað sé á því að græða.“

Þóru leist bara vel á þessa hugmynd. Hún sendi syni sínum SMS og bað hann um að sækja systur sína í skólaskjólíð strax eftir skólann. Þóru leið betur að vita af Sóleyju heima snemma og fékk því stundum son sinn til þess að sækja hana með fyrra fallinu. Hún reyndi samt að misnota ekki góðmennsku Gylfa hvað þetta varðaði en hann tók oftár en ekki vel í umleitanir hennar. Þóru fannst hún varla hafa sleppt „send“ takkanum þegar svar Gylfa barst. Hún opnaði skilaboðin og las. „OK – hvenær kemur thu heim?“ Þóra svaraði um hæl að það yrði um sexleytið og velti því fyrir sér hvort það væri eintóm ímyndun að Gylfi væri orðinn æði áhugasamur um það undanfarið hvenær hún kæmi nákvæmlega heim. Kannski var það bara til að geta verið í tölvuleik í rólegheitum en það var að minnsta kosti áberandi hvað hann var farinn að spyrja mikið út í þetta.

Áður en Þóra lagði frá sér símann hringdi hún á skrifstofuna til þess að láta vita að hún væri ekki væntanleg á næstunni. Enginn svaraði heldur greip símsvari inn í eftir fimmtu hringingu. Þóra talaði inn skilaboð um fjarveru sína og lagði á. Eitt af meginhlutverkum Bellu var að sinna símsvörun, en þá sjaldan að Þóra þurfti að hringja á skrifstofuna var einungis ansað í um helmingi tilvika. Þóra andvarpaði, vissi að það var ekki til neins að ræða þetta eina ferðina enn

við ritaraæfilinn. „Ókei, ég er til,“ sagði hún við Matthew sem hafði notað tímann til að ljúka við það sem eftir var af matnum. Þóra drakk síðasta kaffisopann úr bollanum áður en hún stóð upp og fór í kápuna.

Þau gengu að afgreiðslunni þar sem Matthew gerði upp reikninginn áður en þau yfirgáfu kaffihúsið. Hann tók sérstaklega fram að þetta væri allt á kostnað Guntlieb-fjölskyldunnar en Þóra var ekki ljóst hvort hann gerði það til þess að fyrirbyggja að hún teldi þetta vera í hans boði og þar með stefnumót, eða hvort hann hefði sagt þetta af einskærri upplýsingaskyldu. Hún kinkaði bara áhugalaus kolli og þakkaði fyrir sig.

Þau gengu út í kuldann og að bílastæðahúsinu þar sem þau höfðu lagt bílaleigubílnum. Íbúð Haralds var á Bergstaðastræti svo ekki var löng leið þangað frá Hverfisgötu. Þóra var orðin vel kunnug Þingholtunum eftir að hún fór að vinna á Skólavörðustíg svo hún gat vísað Matthew veginn án vandkvæða – þó ekki væru göturnar margar í hverfinu var ruglingslegt fyrir þá sem ekki þekktu til að rata akandi um tiltölulega þröngar einstefnugöturnar. Þau fengu stæði beint fyrir utan virðulegt hvítt steinhús við Bergstaðastræti þar sem Matthew sagði að íbúð Haralds væri. Þetta var ein af eigulegri fasteignum hverfisins, greinilega vel við haldið og Þóra gat ekki ímyndað sér á hvað það væri metið. Þetta skýrði í það minnsta svimandi háa leiguna sem hún hafði séð í leigusamningi Haralds.

„Hefur þú komið hingað inn áður?“ spurði Þóra þegar þau gengu upp að hliðarinngangi hússins. Aðalinngangurinn sem sneri út á götu gekk að sögn Matthews að annarri íbúð á jarðhæð þar sem eigendur þess bjuggu.

„Já, reyndar nokkrum sinnum,“ svaraði Matthew. „Þetta er þó bara í annað sinn sem ég fer inn á eigin vegum ef þannig má að orði komast. Hin skiptin kom ég með lögreglunni. Þeir þurftu á vitni að halda þegar þeir fjarlægðu einhverja pappíra og hluti vegna rannsóknarinnar og svo aftur þegar þeim var skilað. Ég er nokkuð viss um það að okkar yfirferð yfir íbúðina verður mun ítarlegri en lögreglunnar. Þeir höfðu þegar einsett sér að morðinginn væri þessi Hugí og íbúðin því rannsökuð meira svona til málamynda.“

„Er íbúðin jafnóvenjuleg og íbúinn var?“ spurði Þóra.

„Nei, hún er ósköp venjuleg,“ svaraði Matthew og stakk öðrum af tveimur lykklum í skrá útidyráhráðarinnar. Lyklarnir héngu á stálkippu með íslenska fánanum og Þóra dró þá ályktun að kippan hefði verið keypt sérstaklega fyrir þessa lykla í einni af túristabúðum bæjarins. Hún sá Harald ekki beinlínis fyrir sér í slíkum verslunarleiðangri, umkringdan lopapeysum og lundum. „Gjörðu svo vel,“ sagði Matthew og opnaði dyrnar.

Áður en Þóra náði að stíga inn fyrir gekk ung kona fyrir hornið og kallaði til þeirra á tiltölulega lýtalausri ensku. „Fyrirgefið,“ sagði hún og dró að sér mittispeysu sem hún var í, til að verjast kuldanum. „Eruð þið ekki á vegum fjölskyldu Haralds?“

Af klæðnaði konunnar dró Þóra þá ályktun að hún hlyti að hafa komið úr hinni íbúðinni. Matthew teygði fram höndina til konunnar og sagði á ensku: „Jú, sæl við hittumst þegar ég fékk hjá þér lykklana. Matthew.“

„Já, mér sýndist það,“ sagði konan, tók í höndina á Matthew og brosti. Hún var mjög glæsileg, grönn með vel snyrt hár og andlit, augljóslega vel efnum búin. Þegar hún brosti var Þóru ljóst að hún var ef til vill ekki jafnunng og hún virtist í fyrstu þar sem miklar hrukkur mynduðust við það kringum munn hennar og augu. Konan rétti Þóru höndina. „Sæl, Guðrún heiti ég,“ sagði hún og bætti svo við: „Ég og maðurinn minn vorum leigusalar Haralds.“

Þóra kynnti sig og brosti á móti. „Við ætluðum að fá að svipast aðeins um. Ég veit ekki hvað við verðum lengi.“

„Ó, allt í þessu fína,“ flýtti konan sér að segja. „Ég kom nú bara til þess að spyrja hvort það væru einhverjar fréttir af því hvenær íbúðin losnar.“ Hún brosti aftur, nú afsakandi. „Við höfum fengið svolítið af fyrirspurnum, þið skiljið.“

Þóra skildi það raunar ekki því hún vissi ekki betur en að Guntlieb-fjölskyldan greiddi ennþá leiguna og það hlyti að teljast gott að leigja út íbúð á þessu verði án þess að því fylgdu nokkur óþægindi af leigjandanum. Hún sneri sér að Matthew sem hugsanlega gæti svarað konunni um þetta.

„Því miður verður það ekki alveg á næstunni,“ svaraði hann stutt-

lega. „Samningurinn heldur, skildist mér á þér síðast þegar við ræddum þessi mál.“

Konan flýtti sér að afsaka sig. „Jú, jú – ekki misskilja mig – hann gerir það. Okkur þætti bara gott að vita hvenær fjölskyldan ráðgerir að segja honum lausum. Þetta er dýr eign og ekki alltaf gott að finna leigjendur sem geta greitt uppsett verð.“ Konan leit vandræðalega á Þóru. „Við erum nefnilega með tilboð frá einu útrásarfyrirtækjanna sem er þess eðlis að það er erfitt að verða að segja pass. Þeir þurfa að fá íbúðina innan tveggja mánaða svo það er spurning hvað vakir fyrir ykkur. Þið skiljið hvað ég á við.“

Matthew kinkaði kolli. „Ég skil vandræði þín en ég get því miður engu lofað að svo stöddu,“ sagði hann. „Þetta er allt háð því hvernig okkur gengur að komast í gegnum eigur Haralds. Ég vil fullvissa mig um að ekkert fari ofan í kassa sem gæti skipt máli.“

Konan sem farin var að skjálfa af kulda kinkaði ákaft kolli. „Ef ég get eitthvað gert til þess að flýta fyrir, þá látið mig endilega vita.“ Hún rétti fram nafnspjald innflutningsfyrirtækis sem Þóra kannaðist ekkert við. Á því mátti lesa nafn konunnar og símanúmer, þar á meðal farsímanúmer.

Þóra veiddi kortið sitt upp úr veskinu og rétti konunni í staðinn. „Taktu líka mitt og hringdu ef þú eða þá maðurinn þinn munið eftir einhverju sem gæti hugsanlega hjálpað okkur. Við erum að reyna að komast að því hver myrta Harald.“

Konan rak upp stór augu. „Hvað með manninn sem lögreglan er með í haldi?“

„Við höfum okkar efasemdir um að hann sé morðinginn,“ svaraði Þóra einfaldlega. Hún tók eftir að konunni virtist bregða við þessi tíðindi. Hún flýtti sér því að bæta við: „Ég held að þú þurfir nú ekki að hafa áhyggjur – hver sem hann nú er fer hann tæplega að koma hingað.“ Hún brosti.

„Nei, það var ekki málið,“ sagði konan flauturslega. „Ég hélt bara að þetta væri búíð.“

Þau kvöddust og Þóra og Matthew gengu inn í hlýjuna. Í anddyrinu mætti þeim hvítlakkaður stigi upp á aðra hæð þar sem íbúðina var að finna. Ennfremur var þar hurð sem Matthew sagði henni að lægi að

sameiginlegu þvottahúsi. Þau gengu upp stigann og á stigapallinum opnaði Matthew sjálfa íbúðina með seinni lyklinum af fánakippunni.

Það fyrsta sem hvarflaði að Þóru þegar hún steig þangað inn var að Matthew hefði farið heldur frjáslega með staðreyndir þegar hann sagði að íbúðin væri „ósköp venjuleg“. Hún leit undrandi í kringum sig.

8. kaflí

Gunnar Gestvík, formaður sagnfræðiskorar Háskóla Íslands, gekk röskum skrefum inn ganginn að skrifstofu forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar og kinkaði annars hugar kolli til ungs sagnfræðings sem hann mætti á leið sinni. Ungi maðurinn brosti vandræðalega og Gunnar var enn á ný minntur á nýfengna frægð sína innan veggja skólans og stofnana hans. Fáir virtust geta gleymt því að það var hann sem fékk lík Haralds Guntlieb í fangið svo ekki væri minnst á taugaáfallið sem hann hlaut í fundarlaun. Aldrei hafði hann verið jafnvinsæll, ef svo mátti að orði komast, þar sem fæstir þeirra sem nú lögðu lykkju á leið sína til þess að ræða við hann gátu réttilega flokkast sem vinir. Þetta ástand hlaut auðvitað að líða hjá en Guð einn vissi hversu langþreyttur hann var orðinn á því að þurfa að svara heimskulegum spurningum fólks um atvikið sem sprotnar voru af forvitni einni saman. Hann var kominn með andstyggð á svipnum sem fólk setti einatt upp þegar það mannaði sig upp í að bera fram spurningar sínar. Þetta var svipur sem átti að lýsa í senn hryggð yfir ótímabæru andláti ungs manns og samúð í garð Gunnars en útkoman var hins vegar undantekningarlaust allt önnur. Úr andlitum fólksins skein einungis áhugi á hinu ógeðfellda og gleði yfir því að þetta hafði hent einhvern annan en það sjálf. Hefði hann ef til vill átt að fara að ráðum rektors og taka sér tveggja mánaða rannsóknarleyfi? Hann var svei mér þá ekki viss. Fólk væri ef til vill búið að missa mesta áhugann að þeim tíma liðnum en á hinn bóginn myndi sá áhugi á endanum blossa aftur upp þegar málið færi fyrir dómstóla. Hann væri þá bara að fresta hinu óumflýjanlega með því að taka sér frí frá störfum. Svo hefði það orðið uppspretta endalausra kjaftasagna um að hann hefði innritast á taugahæli, lægi blindfullur heima eða eitthvað þaðan af verra. Nei, væntanlega var það rétt ákvörðun að afþakka leyfið og láta þetta yfir

sig ganga. Á endanum fengi fólk leið á umræðuefninu og sneri sér aftur að því að sniðganga hann.

Gunnar bankaði létt á hurð Maríu Einarsdóttur forstöðumanns, meira fyrir kurteisissakir en nokkuð annað þar sem hann opnaði beint í framhaldinu án þess að bíða eftir meldingu um að hann skyldi ganga inn. Hún var í símanum en gaf til kynna með handapati að Gunnar ætti að fá sér sæti, sem og hann gerði. Óþolinmóður sat hann og beið meðan hún lauk símtalinu sem virtist vera í tengslum við pöntun á tóner í prentara sem ekki hafði skilað sér.

Gunnar reyndi að láta lítið á því bera hversu mjög þetta fór í taugarnar á honum. Þegar María hafði hringt í hann nokkrum mínútum áður hafði hún sagt málið alvarlegt og óskað eftir því að hann kæmi strax á sinn fund. Hann hafði lagt frá sér verkefnið sem hann vann að þá stundina, umsókn um Erasmus-styrk handa sagnfræðiskor í samvinnu við háskólann í Bergen. Umsóknina átti að leggja fram á ensku og Gunnar hafði einmitt verið að komast í gír á því tungumáli þegar María hringdi. Ef þetta alvarlega mál hennar snerist um þennan tóner skyldi hann sannarlega láta hana fá það óþvegið. Hann var byrjaður að setja saman nokkur vel valin orð þegar hún lagði á og beindi athygli sinni að honum.

Áður en hún tók til máls horfði hún íhugul á Gunnar – eins og hún væri sjálf að velja orðin af kostgæfni. Fingur hægri handar hennar slógu hraðan takt á skrifborðsbrúninni og hún dæsti. „Kræst,“ sagði hún loks.

Hún hafði greinilega ekki verið að nota tímann til þess að vanda málfarið, hugsaði Gunnar, og reyndi að láta ekki á því bera hversu óviðeigandi sér þætti að forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar skyldi taka sér slíkt orð í munn. Tímarnir voru aldeilis breyttir frá því að Gunnar var ungur maður fyrir um fjörutíu árum. Þá þótti eftirsóknarvert að vanda mál sitt – nú fannst mönnum það hreinlega hallærislegt og uppskrúfað. Meira að segja kona eins og María, hámenntuð og komin af léttasta skeiði, tók sér ambögur í munn. Gunnar ræksti sig. „Hvað var svona áriðandi, María?“

„Kræst,“ endurtók hún og renndi fingrum beggja handa gegnum stuttklippt hárið. Það var aðeins farið að grána, og það stirndi á nokk-

ur silfrud hár við gagnaugun þegar hún ýfði það upp með þessum hætti. Hún hristi svo höfuðið og kom sér loks að efninu. „Það vantar eitt fornbréf.“ Smáþögn og svo: „Sem hefur verið stolið.“

Höfuð Gunnars hrökk aftur og hann gat ekki leynt undrun sinni og vanþóknun. „Hvað áttu eiginlega við? Stolið? Af safninu?“

María dæsti. „Nei. Ekki af safninu. Héðan – innanhúss.“

Gunnar sat opinmyntur. Innanhúss? „Hvernig má það vera?“

„Það er góð spurning; þetta er mér vitanlega í fyrsta sinn sem slíkt hefur gerst hérna.“ Hún hvessti róminn og bætti við: „Hver veit, kannski er eitthvað fleira horfið en þetta eina bréf. Eins og þú veist vel eru hér geymd um sextánhundruð handrit og handritshlutar úr safni Árna Magnússonar, auk allra fornbréfanna úr því safni og um eitt hundrað og fimmtíu handrit úr Konungsbókhöfðu. Já, svo og sjöttíu önnur handrit og bréf héðan og þaðan.“ Hún gerði smáhlé á máli sínu og starði beint í augu Gunnars. „Það er alveg á hreinu að hér verður farið yfir hvert einasta plagg og kannað hvort fleiri skjöl séu horfin. Ég vildi hins vegar ræða við þig undir fjögur augu áður en ég gerði þetta opinbert. Um leið og ég fyrirskipa talningu verður öllum ljóst hvað er á ferðinni.“

„Af hverju viltu bera þetta undir mig?“ spurði Gunnar hissa og ögn pirraður. Hann þurfti sem skorarformaður ekki að hafa mikil samskipti við stofnunina og gegndi þar engu sérstöku hlutverki. „Ekki ertu að saka mig um að hafa tekið þetta bréf?“

„Í guðanna bænum, Gunnar. Það er best að ég útskýri þetta fyrir þér áður en þú spyrð hvort ég gruni rektor.“ Hún rétti honum bréf sem lá á borðinu hennar. „Manstu eftir skjölunum sem við fengum að láni frá danska þjóðskjalasafninu?“

Gunnar hristi höfuðið. Stofnunin fékk oft að láni erlend söfn sem tengdust með einhverjum hætti rannsóknarverkefnum sem unnið var að innanhúss. Gunnar frétti oftast en ekki af þeim en lagði slíkt ekki sérstaklega á minnið nema ef um væri að ræða skjöl sem tengdust hans áhugasviði innan fræðanna. Þetta danska bréfasafn hafði greinilega ekki verið eitt af þeim. Hann skimaði yfir bréfið sem var ritað af einhverjum Karsten Josephsen, deildarstjóra á danska þjóðskjalasafninu. Það var ritað á dönsku og var verið að minna á það að nú liði að

því að skila þyrfti skjölunum. Hann rétti Maríu aftur bréfið. „Ég kem alveg af fjöllum.“

Hún tók við bréfinu og lagði aftur á sama stað fyrir framan sig á borðinu. „Það má vel vera. Þetta var safn bréfa sem rituð voru til presta dómkirkjunnar í Hróarskeldu. Þau voru öll frá tímabilinu 1500–1550. Mér skilst að það hafi ekki verið ýkja margt í þeim sem vakti áhuga okkar fræðimanna þó svo að bréfin, sem dagsett eru um og í kringum siðaskiptin þar í landi 1536, hafi verið áhugaverð. Bréfið sem er horfið var hins vegar ekki eitt af þeim.“

„Hvert var efni bréfsins?“ spurði Gunnar, enn óviss um aðkomu sína að málinu.

„Ég veit að sjálfsögðu ekki nákvæmlega hvað stóð í bréfinu þar sem það er horfið – ég veit hins vegar að það var frá árinu 1510 og skrifað af Stefáni Jónssyni, þáverandi biskupi í Skálholti, til dómkirkjuprests í Hróarskeldu. Þær upplýsingar hef ég úr skrá sem fylgdi safninu þegar það kom hingað. Þannig uppgötvaði ég raunar að þetta bréf var horfið; ég notaði skrána til hliðsjónar við þökkun og frágang á safninu vegna flutnings þess aftur til Danmerkur.“

„Getur verið að það hafi aldrei borist hingað – hafi hreinlega vantað frá upphafi?“ spurði Gunnar vongóður.

„Útilokað,“ var svarið. „Ég var viðstödd þegar safnið var tekið upp í fyrra og þess var skilmerkilega gætt að bera það saman við skrána sem fylgdi með. Þetta var allt saman í himnalagi og allt var á sínum stað.“

„Hefur þetta bréf ekki bara lent einhvers staðar annars staðar?“ spurði Gunnar. „Gæti það hafa lent fyrir einhvern misgáning með öðrum skjölum?“

„Veistu,“ svaraði María, „ef það kæmi ekki fleira til gæti það vissulega verið möguleiki.“ Hún þagnaði smástund til að leggja áherslu á framhaldið. „Þegar ég uppgötvaði hvarfið fór ég strax inn á tölvukerfið okkar til þess að skoða bréfið – þú veist væntanlega að við skönnum inn hvert einasta skjal sem okkur berst, hvort sem það er í okkar eigu eða fengið að láni?“ Gunnar kinkaði kolli og María hélt áfram. „Hvað heldurðu – það var búið að eyða skránni, – eingöngu þessu eina bréfi.“

Gunnar hugsaði sig aðeins um. „Bíddu nú hæg. Er það ekki bara vísbending um það að bréfið hafi alls ekki verið í sendingunni? Voru bréfin ekki skönnuð fljótlega eftir að þau voru tekin upp?“

„Jú, það var hafist handa við það daginn eftir. En bréfið var með og það var skannað. Ég sé það af númerakerfinu sem við notum til þess að auðkenna rafrænu skrárnar. Safnið fær ákveðna kennitölu en einstök skjöl þess að auki hlaupandi númer sem er raðað á skrárnar eftir aldri þeirra; það elsta fremst í röðinni.“ Hún renndi fingrunum aftur gegnum hárið. „Það vantar númer á þeim stað í röðinni þar sem bréfið hefði lent.“

„En hvað með öryggisafritin af tölvukerfinu? Það er alltaf verið að hamra á því hve vel við séum tryggð fyrir tölvuóhöppum. Getur þú ekki fundið skrána á einu þessara afrita?“

María brosti dræmt. „Ég er búin að kanna það. Samkvæmt netstjóranum okkar er þessa skrá ekki að finna á neinu vikudagaafritanna né á nýjasta mánaðarafritinu. Hann segir að það sé skrifað yfir vikudagaspólurnar á viku fresti, það er sem sé sérstök mánudagsspóla, sérstök þriðjudagsspóla og svo framvegis. Það eru því aldrei til eldri afrit en vikugömul á þeim spólum. Það sama á við um mánaðarafritin, það er einnig skrifað yfir þau svo að við eigum elst mánaðargamalt afrit. Þessari skrá hefur því verið eytt fyrir meira en mánuði síðan. Raunar er til sex mánaða afrit sem er geymt í bankahólfi stofnunarinnar. Ég hef ekki látið sækja það enda var mér ekki að fullu ljóst fyrir en nú hvað málið er í raun alvarlegt.“

„Þú hefur enn ekki sagt mér hvar ég kem til sögunnar í þessu máli,“ var það eina sem Gunnari datt í hug að segja. Tölvur og tölvukerfi voru ekki hans ær og kýr.

„Að sjálfsögðu er ég búin að kanna hverjir unnu með þetta safn. Það er eins og þú veist, allt saman skráð í bak og fyrir. Samkvæmt skránni var síðasti maður til að fá aðgang að því nemandi úr þinni skor.“ Svipurinn á Maríu varð hörkulegri. „Harald Guntlieb.“

Gunnar bar aðra höndina upp að enni sér og lokaði augunum. Hvað nú? Ætlaði þessu aldrei að linna? Hann dró andann djúpt og vandaði sig við að tala hægt og rólega til að missa ekki stjórn á röddinni. „Það hljóta nú fleiri að hafa fengið safnið til skoðunar. Hvernig getur þú

verið viss um að Harald hafi tekið bréfið en ekki einhver á undan honum? Hér vinna nú 15 manns í fullu starfi auk einhverra endalausra gesta og nemenda sem eru hér við rannsóknir.“

„Ó, ég er viss,“ sagði María staðföstum rómi. „Sá sem skoðaði safnið á undan honum var enginn annar en ég sjálf og þá var allt til staðar. Að auki var búið að stinga öðrum pappír í skjalahulstrið sem hýsti bréfið, væntanlega til að þurfa ekki að skila því tömu. Það hefði strax vakið athygli. Sá pappír tekur af allan vafa.“

Hún greip skjal á borðinu og rétti Gunnari með hraðri handarhreyfingu sem lýsti miklum pirringi hennar yfir því hvernig málum var komið.

„Ég vona að þú áttir þig á því að nemendur sagnfræðiskorar fá aðgang að okkar gögnum, handritum og skjölum á ábyrgð skorarinnar. Þú sem skorarformaður getur engan veginn skotið þér undan þeirri ábyrgð. Það er útilokað fyrir stofnunina að fá á sig það orð að hér týnist gömul og verðmæt skjöl. Vinna okkar byggir að miklu leyti á góðri samvinnu við aðrar ámóta stofnanir á Norðurlöndum og ég má ekki til þess hugsa að því samstarfi sé stefnt í voða vegna óheiðarleika nemenda ykkar.“

Gunnar kyngdi og leit á pappírinn sem María hafði rétt honum. Hann langaði mest til þess að fórna höndum og rjúka út. Þetta var útprentun frá nemendaskrá með samantekt á loknum einungum og fögum, kirfilega merkt nafni Haralds Guntlieb efst á síðunni. Gunnar lagði pappírinn í kjöltu sér. „Ef Harald hefur stolið bréfinu og skipt því út fyrir þetta plagg hefur hann verið einn verst gefni þjófur samtímans. Hann hlaut að átta sig á því að þetta kæmi honum í koll.“ Gunnar lyfti útprentuninni á loft og veifaði henni.

María yppti öxlum. „Hvernig á ég að vita hvað hann var að hugsa? Ætli hann hafi ekki ætlað sér að skila því. Þú þekkir manna best hvað kom í veg fyrir það – hann fékk aðgang að skjalasafninu einungis um mánuði áður en hann kom út úr skápnum og í fangið á þér. Án efa hefur hann séð af skráningarkerfinu að þá hafði safnið legið óhreyft í um tvo mánuði. Það voru allir sem þurftu búnir að skoða það í krók og kring. Hann hefur réttilega talið að hann hefði einhvern tíma til stefnu áður en þetta uppgötvaðist og hann næði að skipta því út að

nýju áður en til þess kæmi. Hvað hann hugsaði sér að gera með skjalið í millitíðinni er mér hulin ráðgáta. En honum entist sumsé ekki aldur til að skila því. Nær kemst ég ekki skýringu á þessari upptöku.“

„Hvað viltu að ég geri?“ spurði Gunnar magnausrí röddu.

„Gerir?“ sagði María háðsk. „Ég leitaði ekki til þín til að fá móralskan stuðning. Ég vil að þú finnir skjalið.“ Hún baðaði út höndum: „Leitaðu í lesaðstöðu hans og annars staðar þar sem hann hefur hugsanlega getað komið skjalinu fyrir í geymslu. Þú veist betur en ég hvar helst er að leita. Þetta var nemandi þinn.“

Gunnar beit fast saman. Hann bölvaði þeim degi sem Harald Guntlieb var veitt innganga í deildina og rifjaði það upp að hann einn hafði sett sig á móti umsókn hans. Hann hafði strax fengið einhverja ónotatilfinningu, sérstaklega þegar hann sá efni B.A. ritgerðar hans sem hafði fjallað um galdraofsóknir í Þýskalandi. Hann vissi þá strax að ungi maðurinn myndi ekki vita á gott. Lýðræðið bar hann hins vegar ofurliði og nú sat hann uppi með þessi ósköp ofan á allt annað sem hafði fylgt unga manningum. „Hverjir vita af þessu?“

„Ég. Þú. Aðra hef ég ekki rætt þetta við nema þá netstjóran og hann þekkir ekki alla söguna. Hann heldur að þetta varði bara raf-rænu skrána.“ Hún hikaði aðeins. „Svo gekk ég einnig á Boga; hann hafði unnið með safnið eftir að það barst hingað fyrst og ég reyndi að rekja úr honum garnirnar. Hann grunar að ekki sé allt með felldu. Ætli hann haldi ekki að bréfið hafi farið á flakk, ég gaf ekkert upp varðandi grunsemdir mínar um að því hefði verið stolið.“

Bogi var einn fræðimannanna sem fastráðinn var við stofnunina. Þetta var hæglætismaður og Gunnar taldi ólíklegt að hann færi að gera veður út af þessu. „Hvenær á safnið að vera komið til Danmerkur? Hvað hef ég langan frest til að leita bréfið uppi?“

„Ég get tafið þetta um svona viku í mesta lagi. Ef bréfið er ekki fundið að þeim tíma liðnum mun ég ekki eiga annan kost en að tilkynna hvarf þess. Ég tek það fram að þitt nafn mun koma þar oft við sögu. Ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að smánin verði ykkar en ekki okkar. Lítill fugl sagði mér raunar að það væri þá ekki í fyrsta sinn sem skjöl hverfa og deildin kemur þar við sögu.“ Hún starði á hann rannsakandi.

Gunnar stóð upp rjóður í kinnum. „Ég skil.“ Hann treysti sér ekki til að segja fleira að svo komnu máli en sneri sér þó við í dyragættinni til að spyrja einnar spurningar í lokin sem brann á honum – jafnvel þótt hann langaði helst að strunsa út með miklum hurðarskelli. „Hefur þú enga hugmynd um hvað það var sem stóð í þessu bréfi? Þú segir safnið hafa verið skoðað í krók og kring, einhvern hlýtur að reka minni til þess.“

María hrsti höfuðið. „Bogi mundi óljóst eftir þessu. Hann var í raun að vinna að rannsókn er varðaði stofnun Sjálandsbiskupsdæmis og áhrif þess á kirkjusögu Íslendinga. Það gerðist talsvert eftir að þetta bréf var ritað svo að hann rannsakaði það ekki sérstaklega. Hann mundi þó að það var illskiljanlegt, fjallaði eitthvað um helvíti, farsótt og dauða einhvers sendiboða. Það var það eina sem ég gat dregið upp úr honum án þess að hann færi að gruna hvernig í málinu lægi.“

„Ég verð í sambandi,“ sagði Gunnar að skilnaði. Hann steig út og lokaði á eftir sér án þess að bíða eftir kurteisiskveðju Maríu.

Eitt var ljóst. Hann yrði að finna þetta bréf.

9. kafli

Þóra sneri sér í hægan hring á glansandi parketinu í risastórri stofunni. Hún var í þeim naumhyggjustíl sem nú þótti hvað fínastur. Þær fáu muðlur sem þarna voru báru þess augljós merki að hafa kostað sitt. Tveimur stórum og stílhreinum, svörtum leðursófum var stillt upp í stofunni miðri og voru þeir töluvert lægri en þeir sófar sem Þóra átti að venjast. Hana dauðlangaði að prófa að setjast í annan þeirra en vildi ekki gefa Matthew til kynna hvað þetta væri nýtt fyrir henni. Á milli þeirra var enn lægra sófaborð sem Þóru sýndist varla geta verið á neinum löppum – það var líkast því sem borðplatan hvíldi sjálf á gólfinu. Hún leit af húsgögnunum og lét augun reika yfir það sem á veggjunum var. Fyrir utan stóran flatskjá á einum þeirra miðjum voru verkin sem héngu uppi öll ævagömul að sjá. Ennfremur var nokkrum fornum hlutum stillt upp þarna, meðal annars gömlum klossalegum viðarstól sem Þóra gerði ráð fyrir að væri ekta en ekki eftirlíking. Hún velti fyrir sér hvort Harald hefði sjálfur haft eitthvað með útkomuna að gera eða hvort innanhússarkitekt hefði raðað þessu öllu upp. Það að blanda saman svona gömlu og nýju gerði rýmið mjög óvenjulegt og gaf því persónulegan svip.

„Hvernig líst þér á?“ spurði Matthew kæruleysislega. Tónninn gaf til kynna að ólíkt Þóru væri hann vanur ríkidæmi.

„Þetta er verulega flott íbúð,“ svaraði hún og gekk að einum hvítmáluðum veggnum til að virða fyrir sér innrammaða koparstungu sem virtist eldgömul. Hún leit á myndefnið en steig strax frá. „Hvaða ógeð er nú þetta?“ Á koparristunni var mikið um að vera og hafði listamaðurinn þurft að hafa sig allan við til að koma öllu því fólki fyrir sem á myndinni var. Alls voru um tuttugu manns á litlausri myndinni, aðallega karlmenn, og var þeim haganlega fyrirkomnið í þörum þar sem annar var upptekinn við að pynta hinn eða refsa honum með einhverjum hætti.

Matthew gekk til hennar og leit á myndina. „Þetta.“ Hann gretti sig örlítið og hélt svo áfram: „Þetta er mynd sem Harald fékk í arf frá afa sínum. Hún er þýsk og lýsir ástandinu í Þýskalandi um sextánhundrað og eitthvað þegar átök um trúarbrögð stóðu þar sem hæst. Eins og þú sérð þá gekk á ýmsu.“ Matthew sneri sér frá myndinni. „Það sem gerir hana sérstaka er að hún er frá þessum tíma og er sem sé ekki túlkun seinni tíma manna á ástandinu. Þær myndir eru oft óraunverulegar og ýktari. Kannski er þetta samt eitthvað fært í stílinn.“

„Ýktari?“ spurði Þóra hvumsa. Hvað gat verið ýktara en þetta?

„Já, eða þannig,“ svaraði Matthew og yppti öxlum. „Gegnum vinnu mína fyrir Guntlieb-fjölskylduna hef ég fengið að kynnast þessu tímabili aðeins og trúðu mér, þetta er langt í frá ógeðfelledasta myndin úr safni hennar.“ Hann brosti kaldhæðnislega. „Þessi færi jafnvel vel í barnaherbergi í samanburði við þær verstu.“

„Dóttir mín er með mynd af Mínú Mús upp á vegg hjá sér,“ sagði Þóra og gekk að næstu mynd. „Þú getur verið viss um að svona mynd færi aldrei þar upp á vegg, né nokkurn annan vegg á mínu heimili.“

„Nei, þetta er ekki allra,“ svaraði Matthew og fylgdi Þóru að mynd af manni sem verið var að limlesta á strekkingarbeck fyrir framan hempuklædda menn. Mennirnir sátu í þéttum hópi og fylgdust íbyggjir með tveimur böðlum sem beittu að því er virtist miklum kröftum í að snúa hjóli á bekknum. Ætlunin var væntanlega að strekkja frekar á útlimum mannsins og auka þannig á þjáningar hans. Matthew benti á myndina miðja. „Þessi sýnir pyntingar rannsóknarréttarins og er einnig frá Þýskalandi. Þeir lögðu mikið upp úr því að ná fram játningum, eins og sjá má.“ Hann leit á Þóru. „Það er nú eflaust áhugavert fyrir þig sem lögfræðing að skilja rætur pyntinga þar sem upphaf þeirra í Evrópu má rekja til lögfræði, það er að segja í víðum skilningi.“

Þóra bjó sig undir enn eina móðgunina við stétt sína – hún hafði orðið að láta þær yfir sig ganga allt frá því að hún hóf laganám. „Já, auðvitað – við lögfræðingarnir berum fulla ábyrgð á þessu.“

„Nei, grínlaust,“ svaraði Matthew. „Á miðöldum var ákærvaldið í höndum einstaklinga. Sá sem taldi sig verða fyrir miska eða vera fórnarlamb glæpsamlegrar hegðunar einhvers varð að ákæra hann sjálfur

og sækja svo málið. Réttarhöldin voru svo hálfgert grín. Ef hinn ákærði játaði ekki hreinlega fyrir dómi eða eitthvað kæmi til sem berlega sýndi fram á sekt hans var úrskurður um sekt falinn Guði á vald. Lagt var próf fyrir þann ákærða, hann látinn ganga yfir glóandi kol, hent bundnum ofan í vatn eða eitthvað ámóta. Ef sár hans höfðu til dæmis jafnað sig að einhverjum tíma liðnum, eða hann sökk í vatninu, taldist hann saklaus. Þar með var sá sem ákærði hann í vondum málum því þá var réttað yfir honum. Eins og gefur að skilja var fólk tregt til að ákæra náungann þar sem það átti á hættu að málið snerist í höndunum á þeim.“ Matthew benti á manninn á pyntingarbekknun. „Þetta kerfi tók svo við þegar yfirvöld og kirkjunnar menn áttuðu sig á því að glæpir, bæði veraldlegir og trúarlegs eðlis, höfðu aukist gífurlega vegna máttleysis dómstóla. Til að draga úr glæpum hurfu þeir til rómverskra laga þar sem bæði ákæruferlið og málarekstur fyrir dómstólum var allt öðruvísi uppbyggt. Þá var lagst í rannsóknir og þaðan er þetta nafn til komið – rannsóknarrétturinn. Það var kirkjan sem byrjaði á þessu en veraldlegir dómstólar fylgdu svo í kjölfarið og nú þurfti fórnarlamb glæpsins hvorki að ákæra né reka málið fyrir dómstólum.“ Matthew brosti til Þóru. „Ergo – lögfræðingar.“

Þóra brosti á móti. „Það er nú langt seilst að kenna lögfræði um þessi ósköp.“ Nú var komið að henni að benda á vesalings strekkta manninn. „Ég sé nú heldur ekki alveg samhengið á milli rannsóknar og pyntinga, þú fyrirgefur.“

„Nei,“ svaraði Matthew. „Það var því miður galli á nýja fyrirkomulaginu. Til þess að geta dæmt einhvern sekan varð annaðhvort að finna tvö vitni að glæpnum eða fá fram játningu þess ákærða. Sumir glæpir, svo sem guðlast, eru ekki þess eðlis að það séu endilega vitni að þeim og því gekk allt út á játningar. Þær urðu dómaramarnir að hafa og þeim mátti ná fram með pyntingum. Það taldist rannsókn.“

„Viðbjóðslegt,“ sagði Þóra og sneri sér frá myndinni að Matthew. „Hvernig veist þú þetta allt saman?“

„Afi Haralds var gífurlega fróður um þetta tímabil og sagði frá því af ástríðu. Það var mjög gaman að heyra hann segja frá en ég hef í raun mjög yfirborðskennda þekkingu á þessu miðað við gamla manninn.“

„Ja, hérna,“ sagði Þóra. „Eru þetta allt myndir sem þú hefur séð áður?“

Matthew leit yfir veggina. „Flestar, sýnist mér. Þetta er raunar ekki nema brot af þeim myndum og öðru sem safninu tilheyrir. Harald hefur greinilega einungis tekið hluta þess með sér. Afi hans eyddi góðum hluta ævinnar í að safna þessu saman, svo ekki sé nú talað um peningana sem hann eyddi í það. Ég gæti trúað því að þetta væri merkasta safn heims um pyntingar og aftökur gegnum aldirnar. Því tilheyrir til að mynda næstum fullkomið sett af hinum ýmsu útgáfum af Malleus Maleficarum.“

Þóra leit í kringum sig. „Var safnið bara svona hangandi upp á stofuvegg?“

„Nei, ertu frá þér,“ svaraði Matthew. „Bækurnar og nokkur önnur skjöl, bréf og fleira, eru geymd í bankahólfi vegna þess hversu verðmæt þau eru. Svo eru tveir sérstakir salir á heimili Guntlieb-fjölskyldunnar sem hýsa það sem er til sýnis af safninu. Hluti þess sem þú sérð hér er fenginn þaðan. Ég geri ekki ráð fyrir að þeim hafi þótt neitt sérstaklega leitt að missa hluta verkanna. Flestum var bølvanlega við þetta; mamma Haralds fékkst til að mynda aldrei til þess að fara þangað inn. Harald var eini afkomandinn sem deildi áhuga afa síns á þessu. Það er án efa ástæða þess að afi hans arfleiddi hann að safninu.“

„Harald gat því flutt það milli landa eins og honum sýndist eða hvað?“ spurði Þóra.

Matthew brosti. „Ég gæti nú alveg trúað því að hann hefði fengið að taka það með sér þótt hann hefði ekki erft það. Ég hugsa að foreldrum Haralds hafi hreinlega létt við að losna við þó ekki væri nema hluta þess út af heimilinu.“

Þóra kinkaði kalli. „Er þessi stóll úr safninu?“ Hún benti á gamla viðarstólinn sem stillt var upp í einu horni stofunnar.“

„Já,“ svaraði Matthew. „Þetta er dýfingarstóll, notaður til þess að dýfa fólki ofan í vatn. Þetta er raunar dæmi um refsingu í formi pyntingar sem eru allt annars eðlis en pyntingar í þágu rannsóknar. Hann er frá Bretlandi.“

Þóra gekk að stólnum og lét fingurna leika um útskurðinn á baki

hans. Hún gat ekki lesið áletrunina en letrið var orðið mjög máð, auk þess sem hún þekkti ekki leturgerðina. Stórt gat var á miðri setu stólsins en á örmunum voru raðir af herptum og skorpnum leðurólum sem greinilega var ætlað að reyra hendur þess sem í stólnum sat.

„Gatið var til að hleyppa vatni í gegn þannig að stóllinn sykki nú örugglega og hægt væri að koma fólkinu í kaf. Þetta var hugsað sem niðurlægning en endaði stundum með því að fólkið sem í stólnum sat drukknaði vegna óvandaðra vinnubragða þeirra sem sáu um að dýfa.“

„Mikið er ég ánægð að hafa ekki verið uppi á þessum tíma,“ sagði Þóra og sleppti stólnum. Hún hefði örugglega lent í þessu öllu þar sem hún átti oftast en ekki erfitt með að þegja þegar eitthvað brann henni á hjarta.

„Þessi er nú með skárri tólum sem tilheyra safninu,“ sagði Matthew. „Frumleiki þeirra sem fundu sum tækjanna upp er með ólíkindum. Kvalalosti virðist gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn.“

„Mig langar eiginlega að yfirgefa þessa huggulegu stofu; eigum við ekki að halda áfram.“

Matthew jánkaði því. „Komdu, ég skal sýna þér hin herbergin. Þau eru reyndar litlu skárrí hvað þetta varðar. Eldhúsið er þó laust við allt svona, byrjum þar.“

Þau gengu að eldhúsinu sem lá inn af forstofunni. Það var ekki svo ýkja stórt en engu að síður hið glæsilegasta og fullbúið nýjum eða nýlegum tækjum. Vínflöskur í rekkum voru á víð og dreif í hillum eldhúsinnréttingarinnar. Þóra fór að efast um að Matthew þekkti mikið til „venjulegs fólks“. Eldhúsið hjá henni var í það minnsta jin ef þetta var jang. Þarna var stór gaseldavél með miklum stálháf, uppþvottavél, vaskur útbúinn eins og í mótuneyti, vinkælir og tvöfaldur ísskápur af stærstu gerð. Þóra gekk að upp að honum. „Mig hefur alltaf langað í svona ísmolavél.“

„Af hverju færðu þér þá ekki svona ísskáp?“ spurði Matthew.

Þóra sneri sér frá ísskápnum og að Matthew. „Af sömu ástæðu og ég hef ekki keypt mér aðra dýra hluti sem mig langar í. Af því að ég á ekki fyrir þeim. Þótt það sé erfitt fyrir þig að gera þér það í hugarlund þá kemur það fyrir á sumum heimilum að peningar eru af skornum skammti.“

Matthew yppti öxlum. „Ísskápur er nú ekki beinlínis munaðarvara.“

Póra lét þessu ósvarað. Hún gekk að skápunum og kíkti í þá. Í einum neðri skápanna var að finna stálpottasett með glerlokum sem var svo skínandi hreint að hún efaðist um að þeir hefðu mikið verið notaðir. „Mér sýnist sem Harald hafi lítið verið í eldamenskunni þrátt fyrir þetta fína eldhús,“ sagði hún og lokaði skápnnum. Hún rétti úr sér.

„Nei, ef ég þekki hann rétt þá hefur hann verið meira í því að kaupa tilbúinn mat eða þá að fara bara út að borða.“

„Kreditkortayfirlit hans bar það með sér.“ Hún leit í kringum sig og sá ekkert sem gat hugsanlega veitt þeim neinar vísbendingar. Meira að segja hurðin á ísskápnum var auð – engin segulstál og því engir miðar hangandi framan á honum. Ísskápshurðin hennar var notuð sem nokkurskonar upplýsingamiðstöð heimilisins. Hún mundi vart hvernig hún var á litinn; hún var þakin stundatöflum, boðskortum í afmæli og öðru tilfallandi. „Eigum við að skoða restina?“ spurði Póra, búin að sjá nægju sína af eldhúsinu. „Ég efast um að við finnum nokkuð hér sem gæti leitt okkur áleiðis.“

„Ekki nema einhver hafi drepit hann vegna ísskápsins,“ sagði Matthew og bætti svo við í stríðnistón: „Hvar varst þú nóttina sem morðið var framið?“

Póra lét sér nægja að brosa hæðnislega til hans. „Á kreditkortayfirlitinu voru nokkrar minniháttar færslur úr gæludýrabúð – átti Harald einhver gæludýr?“

Matthew hristi höfuðið hissa. „Nei, hér var ekkert dýr eða nokkuð sem benti til þess að svo hefði verið.“

„Mér datt helst í hug að hann hefði verið að kaupa eitthvað handa gæludýrinu sínu.“ Póra kíkti inn í eldhússkápana í leit að kattamat eða öðru dýrafæði. Ekkert.

„Hringdu,“ sagði Matthew. „Kannski muna þau eftir honum – hver veit?“

Póra gerði það. Hún hafði uppi á númerinu hjá búðinni, hringdi, ræddi við starfsmenn búðarinnar og lagði svo á. „Furðulegt,“ sagði hún við Matthew. „Þeir mundu eftir honum og sögðu hann nokkrum

sinnum hafa keypt hamstur. Ertu viss um að hér hafi ekki verið hamstrabúr?”

„Pottþétt ekki,“ svaraði Matthew.

„Undarlegt,“ sagði þá Þóra. „Strákurinn sem ég talaði við sagði enn fremur að Harald hefði líka reynt að kaupa af þeim hrafn.“

„Hrafn?“ sagði Matthew hneykslaður. „Til hvers?“

„Hann hafði ekki hugmynd það. Þeir eru ekki með hrafna til sölu svo það var ekkert rætt frekar. Honum þótti þetta bara undarlegt og mundi því eftir honum.“

„Mér kæmi ekki á óvart að hann hafi séð slíkan fugl fyrir sér sem einhverskonar stöðutákn í galdravitleysunni,“ sagði Matthew.

„Kannski,“ svaraði Þóra. „En tæplega hamstrarnir.“

Þau yfirgáfu eldhúsið og fóru inn á gang þaðan sem önnur herbergi íbúðarinnar lágu. Matthew opnaði inn á baðherbergi sem Þóra rétt leit inn í – það virtist ekki hýsa nein leyndarmál. Eins og eldhúsið var það mjög nýttískulegt og stílhreint en að öðru leyti ekkert sérstaklega áhugavert. Þau færðu sig inn í svefnherbergi Haralds sem reyndist mun athyglisverðara.

„Hefur einhver tekið til herna eða var alltaf svona fínt hjá honum?“ spurði Þóra og benti á snyrtilega umbúið rúmið. Rúmið óvenju lágt eins og sófinn í stofunni.

Matthew settist á rúmstokkinn. Hnén á honum náðu honum upp að höku. Hann hagræddi fótunum og lét þá hvíla beint fram fyrir sig. „Hann var með hreingerningarkonu sem tók allt í gegn helgina sem hann var myrtur, lögreglunni til lítillar gleði. Hún vissi á þeim tíma auðvitað ekkert um morðið frekar en aðrir. Hún mætti bara á sínum venjulega tíma og tók til. Ég ræddi við hana og hún bar Harald ágætlega söguna. Hún sagði reyndar að það hefðu fáar konur hjá fyrirtækinu sem hún starfar hjá viljað taka þessa íbúð að sér.“

„Hvernig gæti nú staðið á því?“ sagði Þóra hæðnislega og pataði í áttina að myndunum sem héngu á veggjunum. Þær voru sama eðlis og þær sem voru í stofunni en á þessum var aðallega verið að pynta konur, refsfa þeim eða taka af lífi. Yfirleitt voru þær naktar niður að mitti, aðrar allsnaktar. „Þetta er eins og hvert annað svefnherbergi eðlilegs manns.“

„Kannski hefur þú verið í tygjum við ranga manngerð,“ svaraði Matthew og brosti snögg.

„Ég var að grínast,“ svaraði Þóra. „Ég hef að sjálfsgöðu aldrei fyrr komið inn í svefnherbergi sem er skreytt á þennan hátt.“ Hún gekk að stórum skjá sem festur var á vegginn andspænis rúminu. „Mig hryllir við því að vita hvað hann var með í spilaranum,“ sagði hún og beygði sig að DVD-spilara sem stóð á lágri kommóðu þar fyrir neðan. Hún kveikti á honum, ýtti á takkann til að ná út diskum en sleðinn rann tómur út.

„Ég var búinn að fjarlægja diskinn,“ sagði Matthew þaðan sem hann fylgdist með aðförum hennar af rúminu.

„Hvað var hann að horfa á?“ spurði Þóra og sneri sér að Matthew.

„Lion King,“ svaraði Matthew svipbrigðalaus og stóð upp. „Komdu, ég ætla að sýna þér skrifstofuna. Þar er helst að finna eitt-hvað sem gæti hjálpað okkur.“

Þóra rétti úr sér og fylgdi á eftir. Hún ákvað þó að leggja smálykkju á leið sína og skoða náttborð Haralds. Hún renndi út einu skúffunni sem á því var. Þar blasti við aragrúi af kremdollum og túpum sem höfðu augljóslega verið notaðar við einhverjar prívatathafnir, sem og smokkapakkning sem búið var að rífa upp og fjarlægja nokkra smokka úr. Það voru þá til konur sem settu ekki veggskrautið fyrir sig, hugsaði Þóra. Hún lokaði skúffunni og elti Matthew.

10. kafli

Laura Amaming leit á klukkuna. Hana vantaði sem betur fer bara kortér í þrjú – hún hefði nægan tíma til að ljúka störfum sínum og mæta stundvíslega í tímann klukkan fjögur. Eftir að hafa búið í ár á Íslandi hafði hún loksins látið verða af því í haust að innrita sig í íslensku fyrir útlendinga. Henni var bölvánlega við að mæta of seint. Það kom sér ágætlega að kennt var í aðalbyggingu Háskólans, steinsnar frá Árnagarði þar sem hún vann við þrif. Henni hefði verið nánast ómögulegt að fara í þetta nám ef kennt væri annarsstaðar – hún var ekki búin að vinna fyrr en hálf tíma áður en tíminn byrjaði og hún átti ekki bíl til þess að komast milli staða.

Laura lagði moppuna í vaskinn og skolaði mestu óhreinindin af undir heitri vatnsbununni. Hún tautaði orðin „heitt“ og „kalt“ fyrir munn sinn og bölvaði í huganum þessum erfiða framburði.

Laura vatt moppuna og bætti henni í klórfyllta fötuna fyrir óhrein- ar tuskur. Hún teygði sig eftir úðabrúsa með gluggahreinsi og þremur hreinum afþurrkunarklútum. Í dag átti að þrifa alla glugga að innan á norðurhlið annarrar hæðar og því veitti ekki af fleiri en einni tusku. Hún yfirgaf kompuna og gekk upp á hæðina.

Hún var heppin; þrjár fyrstu skrifstofurnar voru tómar. Það var miklu betra að þrifa ef enginn var viðstaddur. Sérstaklega þegar um gluggaþvott var að ræða en þá þurfti hún að klöngrast upp á stóla eða önnur húsgögn til þess að ná til efstu hluta þeirra. Henni þótti mjög svo óþægilegt að gera það með áhorfanda sem hún gat ekki spjallað neitt við. Þetta yrði allt miklu betra þegar hún næði tókum á tungumálinu. Heima á Filippseyjum hafði hún verið ræðin og allsendis ófeimin. Hér fannst henni hún aldrei njóta sín nema innan um landa sína – í vinnunni leið henni raunar oft eins og hlut fremur en mann- eskju; menn töluðu og létu eins og hún væri ekki þarna. Allir nema

yfirmaður þrifanna, hann Tryggvi. Sá maður kom ávallt fram af fyllstu kurteisi, gerði allt sem í hans valdi stóð til þess að eiga einhver samskipti við Lauru og samstarfskonur hennar, þótt oft en ekki fælust þau í handapati sem gat orðið æði skondið á köflum. Hann virtist heldur ekki kippa sér upp við hlátur þeirra þegar þær reyndu sín á milli að geta sér til um það hverju hann væri að reyna að koma til skila. Þetta var mesti öðlingur og Laura hlakkaði til að geta sagt eitthvað við hann á hans eigin máli þegar fram liðu stundir. Eitt var samt víst – hún gæti aldrei borið fram nafnið hans þótt hún tæki öll ís-lenskunámskeið sem í boði væru. Hún sagði lágt: „Tryggvi“ og gat ekki annað en brosað þegar hún heyrði hvernig það kom út.

Laura gekk að fjórða herberginu. Þetta var stóra skrifstofan sem tilheyrði nemendum og var notuð sem einhverskonar félagsaðstaða. Hún bankaði létt á hurðina og gekk inn. Í lúnum sófa innst í herberginu sat ung stúlka sem Laura þekkti úr vinahópi myrta nemandans. Það unga fólk var raunar auðþekktanlegt, ávallt eins og þrumuský, bæði í fasi og klæðaburði. Rauðhærð stúlkan var niðursokkin í samtali í farsíma og þó að henni lægi lágt rómur var ljóst að umræðuefnið var ekki skemmtilegt. Stúlkan leit fýld upp á Lauru og brá hendinni fyrir munninn og neðri enda símans, eins og til að tryggja það að Laura heyrði ekki hvað hún segði. Þannig kvaddi hún viðmælanda sinn, tróð símanum ofan í hermagngræna hliðartuðru, stóð upp og gekk þóttafull framhjá Lauru. Laura reyndi að brosa til hennar og vandaði sig ógurlega við að segja bless við bakið á henni. Stúlkan sneri sér við í gættinni, hissa á kveðjunni og muldraði eitthvað ógreinilegt áður en hún gekk út og lokaði á eftir sér. Synd, hugsaði Laura. Þetta var myndarlegasta stúlka, gæti meira að segja talist falleg ef hún gerði minnstu tilraun til þess að bæta útlit sitt, fjarlægði þessa hræðilegu hringi úr augabrúnunum og nefinu og brosti þó ekki væri nema endrum og eins. Hvað um það, gluggarnir biðu og tíminn leið. Laura hófst handa. Hún úðaði hreinsivökvanum á fyrstu rúðuna og dró klútinn í ítrekaða hringi eftir glerinu. Það var ekki miklum óhreindum fyrir að fara sem betur fer. Það var oftast dregið fyrir þarna inni og því ekkert kám á rúðunum. Hún lauk við gluggana einn af öðrum en þegar hún var að verða búin með þann síðasta rak hún augun í fyrstu alvöru

óhreinindin. Þau voru raunar ekki á glerinu sjálfu heldur var lítill brúnleitur blettur á hlið stálhandfangsins sem notað var til að opna gluggann.

Laura dró aftur fram óhreinu tuskuna sem hún var að setja í vasann á sloppnum sínum. Það var óþarfi að skíta út þá tusku sem hún var núna með í höndunum; hún var enn tandurhrein. Hún úðaði vökvanum á handfangið og brá tuskunni yfir það og undir. Það kom fyrir að yngstu skúringakonurnar slepptu því að þrifa fleti sem ekki voru sýnilegir og hún sá að þetta kám – hvað sem það nú var – var einnig að finna undir stálinu. Hún var fegin að hafa rekið augun í þetta – það þyrfti nú ekki annað en að einn þessara fúlu nemanda sem sóttu í aðstöðuna opnaði gluggann, gripi um skítugt stálið og kvartaði undan því hversu illa væri þrifið þarna inni.

Laura fussaði yfir umgengninni þarna inni – handfangið var bara enn eitt dæmið um sóðaskapinn þarna. Hver gat eiginlega verið svona óhrein á höndunum? Hvað sem þetta var þá rann það af eins og ekkert væri og Laura brá tuskunni yfir aðra umferð til málamynda. Hún leit ánægð á skínandi hreint stálið – fannst eins og hún hefði unnið smásigur á Gunnari. Þegar hún ætlaði að stinga tuskunni aftur í vasann varð henni starsýnt á blettinn sem hafði myndast í henni. Hann var dökkrauður. Brúni liturinn hafði greinilega þynnst út við að blotna í tuskunni. Þetta var blóð – það fór ekkert á milli mála. En hvernig hafði það komist á handfangið? Laura mundi ekki eftir neinu blóði á gólfinu þarna inni; þeim sem hafði gripið um handfangið hlyti að hafa blætt á aðra fleti. Hún velti fyrir sér hvort þetta gæti hugsanlega verið í einhverjum tengslum við morðið, en henni þótti það hæpíð. Gluggarnir höfðu verið þrífir síðan þá. Hún hnyklaði brýnnar hugsu. Hana rak ekki minni til þess að hafa sjálf þrifið gluggana en það eitt þýddi ekki að einhver annar hefði ekki gert það. Hún reyndi að rifja þetta upp – var ekki einmitt þrifið í austurálmunni daginn eftir morðið? Jú, hvað var að henni. Auðvitað var það gert – lögreglan hafði meira að segja yfirheyrt eina af yngri stelpunum – hana Gloríu sem tók vaktir um helgar.

Hvað í ósköpunum átti hún að gera? Ekki byði hún í það að reyna að útskýra þessa uppákomu á íslensku. Hér dugði ekki að segja heitt

og kalt. Auk þess gæti hún lent í vandræðum við yfirvöld fyrir það eitt að hafa þurrkað þetta af handfanginu og þar með hugsanlegt fingrafar af morðingjanum. Hún gæti einnig lent í vandræðum ef hún reyndi að gera mál úr einhverju sem reyndist eiga sér einfalda skýringu. Þetta voru nú meiri ósköpin. Hún mundi vel hvað Gloria gerði mikið úr yfirheyrslunni sem hún varð að fara í – felldi meira að segja nokkur tár þegar hún lýsti fyrir þeim hinum af hve mikilli hörku lögreglan gekk fram. Lauru hafði þótt víst að tárin væru af gerð krókódíla en nú var hún ekki jafnviss. Hún svipaðist um í leit að blóði á gólfinu. Fyndi hún það væri málið leyst þar sem hún hafði sjálf oftár en einu sinni skúrað herna inni síðan morðið var framið. Þá hlyti þetta að vera eitt-hvað sem hefði gerst nýverið og ætti sér því eðlilegar skýringar.

Á gólfinu var ekkert blóð, ekki einu sinni í kverkunum við gólf-listana. Laura nagaði áhyggjufull á sér neðri vörina. Hún hughreysti sjálfa sig. Lögreglan var með morðingjann í haldi. Þetta skipti engu máli. Ef blóðið tengdist morðinu væri það án efa bara enn frekara sönnunargagn um að sá aðili hefði framið morðið. Laura andaði djúpt. Henni varð hugsað til tímaritanna sem var oft sveiflað framan í hana á samkomum Filippseyinga, þar sem finna mátti viðtal við einhvern viðstaddra, son þeirra eða dóttur, og myndir af þeim með ótrúlegustu hluti sem þeir virtust allir hafa sömu þörf fyrir að leggja að vanga sér. Laura gat ekki séð sjálfa sig fyrir sér með gluggahandfangið við vangann á mynd í opnu slíkra tímarita. Nei, þetta var óþarfa vitleysa í henni – einhver nemandinn hafði fengið blóðnasir, svimað og viljað anda að sér fersku lofti. Hún andaði rólegar í um það bil eina mínútu, þangað til hún mundi eftir eigin börnum með blóðnasir. Þau leituðu þá inn á klósett – ekki út að opnum glugga.

Samt. Það var ekkert sem benti frekar til þess að morðingi þýska stúðentsins hefði reynt að opna gluggann en að einhver þessu ótengdur hefði slasast og orðið að fá sér ferskt loft. Laura tók tuskuna og ákvað að prófa hvort blóð væri að finna í kverkum gólflistanna – ef einhver meiriháttar átök höfðu átt sér stað í herberginu væri hugsanlegt að við þrif á ummerkjum hefði það orðið eftir. Sá sem ekki var vanur þrifum myndi seint átta sig á því. Hún signdi sig og ákvað að kæmi ekki meira blóð í tuskuna væru það skilaboð að ofan um að hún

væri að gera mál úr engu. Annars ætlaði hún að láta lögregluna vita þótt það þýddi að hún yrði að raska ró hins almennilega Tryggva. Laura lagðist á hnén og fíkraði sig áfram eftir veggjum herbergisins. Ekkert. Tuskan kom ávallt hrein undan listunum, fyrir utan smáryk og önnur venjuleg óhreinindi. Henni leið betur og hún reis upp ánægð með niðurstöðuna. Bull og vitleysa – auðvitað var einhver eðlileg skýring á þessu blóði. Það að henni skyldi detta annað í hug var án efa tengt áfallinu sem hún fékk þegar líkið fannst – hræðilega illa útleikið og óguðlegt líkið. Hún signdi sig á nýjan leik.

Þegar hún var að yfirgefa herbergið varð henni starsýnt á þröskuldinn. Hann gapti mun meira frá gólfinu heldur en gólflistarnir og hún beygði sig niður til að renna tuskunni eftir honum. Hún festist í einhverju. Laura beygði sig betur niður til þess að sjá hver fyrirstaðan væri. Það glitti í eitthvað silfurlitt og Laura svipaðist um í leit að einhverju sem hún gæti notað til að ná því undan þröskuldinum. Hún kom auga á reglustiku sem lá á einu borðanna og sótti hana. Síðan reyndi hún með lagni að þvinga hlutinn fram og tókst það að endingu eftir nokkrar tilraunir. Laura tók hann upp og klöngraðist á fætur. Þetta var lítil stjarna úr stáli, á stærð við nögl á litla fingri. Hún lagði hana í opinn lófann og velti henni fyrir sér. Stjarnan virtist kunnugleg en Laura gat ekki fyrir nokkra muni komið henni fyrir sig. Hvar hafði hún séð hana áður? Henni gafst ekki tími til að velta því frekar fyrir sér þar sem hún varð að halda áfram við gluggaþvottinn ef hún ætlaði ekki að verða of sein í tíma. Hún stakk stjórnunni í vasann, ákveðin í að láta Tryggva hafa hana. Kannski vissi hann hvaðan hún kom. Þetta tengdist varla morðinu – ekki frekar en blóðið á handfanginu sem átti sér áreiðanlega eðlilegar skýringar. Eða hvað? Fingrinum skaut skyndilega upp í kollinum á henni. Hún signdi sig og bægði frá sér minningunni um þann viðbjóð. Hún einsetti sér að ræða aðeins við Gloríu. Stúlkan yrði örugglega að vinna um helgina og Laura líka. Það gat meira en vel verið að hún vissi meira en hún hafði sagt þeim og lögreglunni.

Marta Mist hékk upp við vegg á ganginum og pirraði sig á því hvað þessi skúringakona væri lengi að ljúka sér af. Það var ekki eins og það væri mikið verk að þrifa þarna inni – henda nokkrum dósum, þvo upp einhverja bolla og skúra. Hún leit á klukkuna á símanum sínum. Andskotinn – helvítis vitleysingurinn hafði áreiðanlega lagt sig í sófanum. Marta Mist kallaði fram símanúmer Bríetar úr minni símans með hröðum handtökum. Það var eins gott fyrir hana að ansa; það var fátt sem fór meira í taugarnar á Mörtu Mist en að vita til þess að sá sem hún hringdi í liti á skjáinn, sæi að hún væri að hringja og sleppti því að ansa. Áhyggjur hennar reyndust óþarfar.

„Hæ,“ svaraði Bríet.

Marta Mist sleppti öllu kurteisishjali. „Ég fann hana ekki,“ sagði hún fúl. „Ertu viss um að þú hafir sett hana í skúffuna?“

„Shit, shit, shit,“ endurtók Bríet taugaóstyrk í rómnum. „Ég er alveg með það á hreinu að ég setti hana þarna. Þú horfðir á mig gera það.“

Marta Mist hló hæðnislega. „Gleymdu því, ég gat ekki einu sinni fókuserað.“

„Ég setti hana þarna. Ég veit það,“ svaraði Bríet þrjósk. Hún stundi þungt. „Hvað á ég að segja Dóra? Hann verður brjáláður.“

„Ekkert. Þú segir honum ekki rassgat.“

„En ...“

„Ekkert en neitt. Hún er ekki þarna og hvað? Hvað ætlarðu að gera við því?“

„Ja ... Ég veit það ekki,“ sagði Bríet í uppgjöf.

„Þá er gott fyrir þig að ég skuli vita það,“ svaraði Marta Mist að bragði. „Ég er búin að tala við Andra og hann er sammála mér – við segjum ekkert og gerum ekkert, enda fátt hægt að gera.“ Hún sleppti því að segja Bríeti að það hafði tekið hana tuttugu mínútur að telja Andra af því að láta Halldór vita af þessu. Hún bætti við mildari röddu: „Ekki hafa áhyggjur af þessu. Ef þetta væri eitthvert mál þá væri það komið í ljós.“

Dyrnar að herberginu opnuðust og út steig ræstingakonan. Af andliti hennar að dæma voru einhver stórtíðindi í gangi í heimi skúringa og þrifa. Munnsvipur hennar var einna líkastur því að hún hefði verið þvinguð til að borða súran rabbabara. Mikið var, hugsaði Marta

Mist og rykkti sér frá veggnum. „Bríet,“ sagði hún í símann. „Skúr-
ingakerlingin var að ganga út. Ég ætla að leita aðeins betur. Ég hringi
seinna.“ Hún skellti á án þess að gefa Bríeti færi á að kveðja. Djöfuls
vesen alltaf.

11. kafli

Þóra sat við skrifborð Haralds Guntliebs og fletti gegnum skjalabunkann. Hún leit upp úr blöðunum, rétti úr bakinu og beindi sjónum sínum að Matthew. Hann sat niðursokkinn við sömu iðju í hægindastól í einu horni skrifstofunnar. Þau höfðu ákveðið að byrja á að skoða þau gögn sem lögreglan hafði tekið við húsleitina og nýlega skilað. Þetta voru þrír stórir pappakassar fullir af allrahanda pappírurum og eftir tæplega klukkutíma lestur og flokkun var Þóra farin að missa sjónar á tilganginum í þessu. Skjölin voru héðan og þaðan, meirihluti þeirra tengdur námi Haralds á einn eða annan hátt, fyrir utan pappíra frá bönkum, kreditkortafyrirtækjum og öðrum stofnunum. Þar sem mikið af þessu var á íslensku nýttist Matthew ekki sem skyldi og varð hann að leggja stóran hluta gagnanna til hliðar fyrir Þóru til að skoða síðar.

„Að hverju erum við eiginlega að leita hérna?“ spurði hún allt í einu.

Matthew lagði pappírskannann sem hann hélt á ofan á lítið hliðarborð og nuddaði þreytuleg augun. „Í fyrsta lagi erum við að leita að einhverju sem gæti leitt okkur áleiðis, einhverju sem lögreglunni yfirsást. Einhverju sem skýrir til dæmis hvað varð af peningunum sem Harald lét senda hingað. Eins gætum við rekist á ...“

Þóra greip fram í fyrir honum. „Þetta hjálpar mér ekki. Það sem ég átti við er að við reyndum kannski að leggja niður fyrir okkur hverjir gætu hugsanlega tengst morðinu eða haft af því einhvern ávinning. Ég hef nákvæmlega enga reynslu í að rannsaka morð og hefði viljað vera meira með á nótunum áður en ég fer yfir fleiri gögn. Ég er ekkert sérlega spennt fyrir því að þurfa kannski að endurtaka leikinn ef við fengjum einhverja hugljómun síðar.“

„Nei, ég skil það,“ sagði Matthew. „Ég er samt ekki alveg viss um

hverju ég á að svara þér. Við erum ekki að leita að neinu fyrirfram ákveðnu. Því miður. Kannski erum við ekki einu sinni að leita að neinu í sjálfu sér. Við erum í raun bara að reyna að átta okkur á lífi Haralds fyrir morðið til þess að fá hugmynd um þær aðstæður og þau atvik sem leiddu til þess – finnst eitthvað í leiðinni sem vísar okkur á morðingjann er það bara bónus. Ef það hjálpar þér eitthvað að þrengja rammann þá má segja að það sem fær fólk helst til að fremja morð sé afbrýðisemi, reiði, fjárhagslegur ávinningur, hefnd, sturlun, sjálfsvörn, kynferðisleg brenglun.“

Þóra beidd eftir fleiru en Matthew hafði greinilega lokið upptalningunni. „Ekkert annað?“ spurði Þóra. „Það hlýtur að vera eitthvað fleira.“

„Ég sagðist ekki vera neinn sérfræðingur í þessu“, svaraði Matthew pirraður. „Það eru örugglega fleiri ástæður til; þetta er hins vegar það eina sem mér dettur í hug.“

Þóra velti þessu fyrir sér áður en hún tók til máls. „Allt í lagi, segi-um að þetta séu helstu ástæðurnar. Hver þeirra gæti átt við um morðið á Harald? Var hann til dæmis í sambandi við einhverja konu? Getur afbrýði átt hlut að máli?“

Matthew yppti öxlum. „Ég held að hann hafi verið laus og liðugur. Samt gæti afbrýðisemi alveg spilað inn í. Kannski elskaði hann einhver án þess að fá ást sína endurgoldna.“ Hann þagnaði aðeins en bætti svo við: „Raunar held ég að konur kyrki sjaldan þá sem þær drepa svo það er ólíklegt að þetta hafi verið ástríðuglæpur.“

„Nei,“ sagði Þóra hugsí. „Ekki nema að þetta hafi verið ástríðuglæpur framinn af öðrum karlmanni. Var Harald kannski hommi?“

Matthew yppti öxlum. „Nei, það held ég alveg áreiðanlega ekki.“

„Hvernig veistu?“ spurði Þóra.

„Ég veit það bara,“ svaraði Matthew. Hann sá efasemdasvipinn á Þóru og bætti við: „Það er nokkuð magnað; ég finn það yfirleitt um leið ef karlmaður spilar fyrir hitt liðið. Ég veit ekki alveg hvað það er en ég er mjög naskur á það.“

Þóra ákvað að segja ekkert frekar um þetta en vissi af eigin reynslu að það voru yfirgnæfandi líkur á því að Matthew væri ekkert betri en aðrir í að greina kynhvatir annarra. Maðurinn hennar fyrrverandi var

haldinn sömu grillu og Þóra hafði ótal sinnum staðið hann að því að hafa rangt fyrir sér. Hún breytti um umræðuefni. „Þetta virðist ekki hafa verið nauðgun og engin merki fundust um kynferðislegar at-hafnir þannig að við getum útilokað það.“

„Þá hefur mögulegum ástæðum fækkað aðeins,“ svaraði Matthew og brosti hæðnislega til Þóru. „Nú fer þetta að liggja ljóst fyrir hjá okk-ur.“

Þóra lét þetta ekki á sig fá. „Hvers vegna heldur þú að hann hafi verið drepinn?“

Matthew horfði á hana svolitla stund áður en hann svaraði. „Líkleg-ast er að það hafi haft eitthvað með peningana að gera. Samt losna ég ekki við þá tilfinningu að þetta tengist á einhvern hátt galdrarann-sóknum hans. Þetta með augun og galdrastafinn sem var ristur á lík-ið bendir augljóslega til þess. Ég get bara ekki ímyndað mér ástæðuna og það ergir mig. Af hverju að fremja morð út af göldrum eða mörg hundruð ára gömlum atburðum?“

„Er það ekki frekar hæpið? Lögreglan fann ekkert sem benti til þess að morðið tengdist göldrum, þrátt fyrir meðferðina á líkinu. Þeir hljóta að hafa kannað þennan möguleika,“ sagði Þóra og flýtti sér að bæta við: „Og ekki segja að þeir séu svona vitlausir; það er alltof mik-il einföldun.“

„Það er raunar alveg rétt hjá þér,“ sagði Matthew. „Þeir könnuðu hvort um einhver tengsl væri að ræða. Ég held að þeir hafi bara hrein-lega ekki gert sér grein fyrir því að rannsóknir Haralds voru ekki ein-hver brenglun eða kukl. Þeir komu hingað inn, sáu það sem hangir á veggjunum og fannst eftir það sem Harald hefði einfaldlega verið brenglaður ónytjungur. Fyrir þeim eru þessir dýrmætu forngripir bara viðbjóður sem er kannski ekki svo fjarri þínum eigin viðbrögðum.“ Matthew beið eftir andsvari Þóru en þegar hún gaf ekkert út á síðustu ummælin hélt hann áfram. „Ekki hefur hjálpað til að það fundust eit-urlyf í blóði hans. Í augum lögreglunnar var hann geðbilaður dópisti haldinn kvalalosta sem síðast sást í slagtoyi við ámóta einstakling. Sá hafði ekki fjarvistarsönnun og hafði auk þess dópað sig út úr heimin-um. Þetta er svo sem ekki óskynsamlega ályktað en ég er á engan hátt sáttur. Það er alltof mörgum spurningum ósvarað.“

„Þú heldur sem sé að þessar rannsóknir Haralds á galdrabrennum og göldrum séu tengdar morðinu?“ spurði Þóra og vonaði að hann svaraði því neitandi. Ef þær skiptu ekki máli fyrir rannsóknina gætu þau strax lagt riflega helming gagnanna til hliðar.

„Ja, ég er fjarri því að vera viss,“ sagði Matthew. „En ég hef sterkan grun um það. Sjáðu þetta til dæmis.“ Hann fletti í pappírskbankanum sem hann var með í kjöltunni og rétti Þóru útprentun á tölvupósti frá Harald.

Þóra las það sem í póstinum stóð. Af haus útprentunarinnar sá hún að þetta var sent frá Harald, til einhvers malcolm@gruniv.uk og var skrifað á ensku, dagsett átta dögum fyrir morðið.

Hæ Mal,

Jæja vinur fáðu þér nú sæti. FUNDIN TAKK FYRIR. Þú skalt ávarpa mig „háæruverðugi herra“ héðan í frá. Ég vissi það, ég vissi það, ég vissi það – ekki að ég vilji nú þér efasemdunum um nasir. Eða þannig.

Bara eftir að ganga frá algjöru smáatriði – það er djöfulsins fiðl sem er eitthvað að bakka. Sem sé – búðu þig undir tíðindin – alger snilld, er að hugsa um að detta ærlega í það plús ef þú skilur hvað ég á við. Verð í bandi asninn þinn.

H

Þóra leit á Matthew eftir að hafa lokið við lesturinn. „Heldur þú að þetta sé vísbending?“

„Kannski,“ svaraði Matthew. „Kannski ekki.“

„Löggan hlýtur að hafa haft samband við þennan Malcolm. Þeir hefðu varla látið sér nægja að prenta þetta út.“

„Kannski.“ Matthew yppti öxlum. „Kannski ekki.“

„Jæja, við getum allavega sett okkur í samband við hann og fengið að vita hvað Harald fann.“

„Og hvort hann viti eitthvað um þetta djöfulsins fiðl sem minnst er á þarna.“

Þóra lagði tölvupóstinn frá sér. „Hvar er tölvan hans? Hann hlýtur að hafa verið með tölvu.“ Hún benti á músarmottu á skrifborðinu.

„Lögreglan er enn með hana,“ svaraði Matthew. „Þeir skila henni væntanlega með öðrum eigum Haralds.“

„Kannski finnum við fleiri svona pósta,“ sagði Þóra vongóð.

„Og kannski ekki,“ svaraði Matthew og brosti. Hann stóð upp og teygði sig í bókahillu fyrir ofan skrifborðið. „Hérna, taktu þetta með þér heim að lesa. Þetta er góð lesning ef þú vilt komast inn í hugarheim Haralds.“ Hann rétti henni Nornahamarinn í kilju.

Þóra tók við bókinni og leit undrandi af henni á Matthew. „Er hún til í kilju?“

Hann kinkaði kalli. „Hún er enn í útgáfu – ég held að það kaupir hana nú fáir af öðru en forvitni nú til dags. Hafðu það samt í huga við lesturinn að þannig var því ekki alltaf farið.“

Þóra stakk bókinni í töskuna sína. Hún stóð upp og teygði úr sér. „Er ekki allt í lagi að nota baðherbergið?“

Matthew brosti aftur. „Kannski. Kannski ekki.“ Hann flýtti sér að bæta við: „Jú, ég held að það ætti að vera í lagi. Ef lögreglan ryðst inn til þess að rannsaka það frekar skal ég halda aftur af þeim þar til þú ert búin.“

„Það var fallett af þér.“ Þóra fór fram á gang og gekk að baðherberginu. Hún komst hægar yfir en hún hafði ætlað sér því að á veggjunum á ganginum héngu fleiri myndir og fornmunir sem vöktu forvitni hennar. Raunar vakti þetta frekar með henni hroll en hreina forvitni. Því var samt ekki að neita að þessir gripir höfðu mikið aðdráttarafl. Þetta var eflaust sama kennd og olli því að fólk hægði á sér þegar það keyrði framhjá slysstað. Myndirnar voru augljóslega úr safni afans þar sem stefið var hið sama og í stofunni og svefnherberginu: Dauðinn og djöfullinn.

Það var fátt á baðherberginu sem minnti á áhugamál fyrrum leigjanda íbúðarinnar, ólíkt öðrum herbergjum hennar. Þeim fáu lausu hlutum sem inni voru var raðað upp á mjög svo kerfisbundinn hátt í hurðarlausum skápum – og allt í stíl. Þóra skoðaði sig í óaðfínnanlega þrifnum speglinum fyrir ofan vaskinn og renndi fingrunum gegnum hárið á sér til þess að fríska aðeins upp á útlitið. Hún rak augun í tannbursta í einum skápanna. Hann virtist ónotaður. Hún leit gagnrýnin í kringum sig. Það hlaut að vera annað baðherbergi í íbúðinni sem Harald notaði – þetta var alltof pottþétt. Annað gat ekki staðist.

Þegar Þóra kom aftur að skrifstofunni staldraði hún við í gættinni og sagði: „Það hlýtur að vera annað baðherbergi í íbúðinni.“

Matthew leit undrandi upp. „Hvað meinarðu?“

„Baðherbergið á ganginum er svo til ónotað. Það er gjörsamlega útilokað að Harald hafi ekki átt svo mikið sem tannþráð í umbúðum sem ekki passa inn í litasamsetninguna.“

Matthew brosti til hennar. „Sko mína. Segðu svo að þú kunnir ekki að rannsaka.“ Hann benti í átt að þeim hluta íbúðarinnar sem þau gengu áðan í gegnum. „Það eru dyr inn af svefnherberginu. Þar er bað.“

Þóra snerist á hæli. Hún mundi eftir dyrunum sem hún hafði talið liggja að fataherbergi og hana langaði að sjá hvernig baðherbergið liti út. Auk þess gat hún ekki hugsað sér að setjast strax aftur yfir pappírana. Hún brosti þegar hún leit inn á lítið baðið. Þar inni var raunar ekkert baðker heldur sturtuklefi en að öðru leyti var þetta eins og hvert annað baðherbergi á venjulegu heimili. Allrahandu hreinlætisvörum var stráð yfir vaskborðið, engin þeirra í stíl við neitt. Þóra kíkti inn í sturtuklefann. Á veggfestri plasthillu voru tveir sjampóbrúsar, annar á haus, rakvél, notuð sápa og tannkremstúpa. Á blöndunartækjunum hékk einhver þar til gerður brúsi sem merktur var „Shower Power“. Þetta var líkara því sem hún átti að venjast og henni létti að eins. Mest gladdi hana þó blaðagrindin við klósettið; ef þetta var ekki dæmigert fyrir einbúa þá vissi hún ekki hvað. Henni lék forvitni á að vita hvaða blöð Harald las og hún fletti gegnum blöðin sem í grindinni voru. Þetta var töluverður samtíningur: Nokkur bílablöð, eitt sagnfræðitímarit, tvö eintök af Der Spiegel, tímarit um tattú sem Þóra fletti hratt framhjá, svo og eitt eintak af Bunte. Þóra leit hissa á það. Bunte var dæmigert kvennablað, fjallaði um frægt fólk á svipuðum nótum og hið breska Hello. Ekki hefði það hvarflað að henni að Harald læsi slíkt. Tom Cruise og nýjasta konan hans brostu til hennar framan á blaðinu undir fyrirsögninni: „Tom Cruise wird Papa!“ – „Tom Cruise verður pabbi!“ Barnalán leikarahjónanna hafði álíka aðdráttarafl fyrir Þóru og grein um gúrkurækt svo hún setti blaðið aftur á sinn stað.

„Ég vissi það,“ sagði Þóra sigurviss þegar hún kom aftur fram.

„Ég vissi það líka,“ svaraði Matthew. „Ég vissi bara ekki að þú vissir það ekki.“

Þóra ætlaði að fara að svara honum einhverju þegar farsíminn hennar hringdi. Hún veiddi hann upp úr veskinu.

„Mamma,“ sagði smá rödd Sóleyjar dóttur hennar. „Hvenær kemurðu?“

Þóra leit á klukkuna. Hún var orðin meira en hún hafði gert sér grein fyrir. „Rétt bráðum, elskan. Er ekki allt í lagi?“

Þögn og svo: „Jú jú. Ég er bara leið. Gylfi nennir ekki að tala við mig. Hann er bara að hoppa í rúminu sínu og neitar að hleypa mér inn.“

Þóra áttaði sig ekki alveg á aðstæðum en það var greinilegt að Gylfi var ekki að sinna barnapössuninni sem skyldi. „Heyrðu ljúfan,“ sagði hún blíðlega í símann. „Ég dríf mig fljótlega heim. Segðu bróður þínum að hætta að láta eins og asni og koma fram til þín.“

Þær kvöddust og Þóra setti símann aftur í veskið sitt. Þar rak hún augun í miðann með spurningunum sem hún ætlaði að bera upp við Matthew varðandi gögnin í möppunni. Hún tók hann upp og breiddi úr honum. „Mig langar að spyrja þig út í nokkur atriði varðandi gögnin sem voru í möppunni.“

„Nokkur?“ sagði hann hissa. „Ég bjóst nú við fleirum en „nokkrum“ – þó nokkrum í það minnsta. En láttu vaða.“

Þóra leit á listann órugg. Djöfullinn, hafði henni yfirsést fullt af atriðum? Hún reyndi að láta sem ekkert væri. „Þetta eru raunar svona aðalatriði, smáatriðin voru of mörg til að fara að skrifa þau niður.“ Hún brosti til hans og hélt áfram. „Til dæmis herinn. Hvers vegna voru þau gögn þarna inni og var Harald í raun of veikur til að ljúka herskyldu?“

„Herskyldan, já. Ég setti hana nú bara þarna inn til þess að þú fengir sem besta mynd af lífshlaupi Haralds. Það hefur kannski ekkert að segja en maður veit aldrei hvar þræðirnir munu tengjast.“

„Heldurðu að morðið sé í einhverjum tengslum við herinn?“ spurði Þóra full efasemda.

„Nei, eflaust ekki,“ svaraði Matthew. Hann yppti öxlum. „Þegar Harald er annars vegar er nú samt ekki gott að segja.“

„En af hverju fór hann í herinn?“ spurði Þóra. „Af lýsingunum að dæma virðist hann hafa verið líklegri til að vera á móti öllu hernaðarbrólti en sækja í það.“

„Það er alveg rétt hjá þér. Hann fékk raunar kvaðningu en undir venjulegum kringumstæðum hefði hann örugglega kosið að sinna samfélagsþjónustu í staðinn. Þú veist að það er valmöguleiki fyrir þá sem fá kvaðningu?“ Þóra kinkaði kolti. „En hann gerði það ekki. Amelia systir hans var nýlega dáin og hann tók það mjög nærri sér. Ég er ekki frá því að hann hafi tekið þessa ákvörðun í andlegri krísu. Þetta var í upphafi árs 1999 og í nóvember eða desember sama ár var ákveðið að senda hersveitir til Kosovo. Harald fór með bros á vör. Ég er ekki með smáatriðin á hreinu varðandi feril hans í hernum en veit að hann þótti til fyrirmyndar, einarður og harður af sér. Því kom atvikið í Kosovo hernum gjörsamlega í opna skjöldu.“

„Hvað þá?“ spurði Þóra.

Matthew kímdi. „Þetta er frekar skondin saga – eða þannig. Sérstaklega ef haft er í huga að þessi leiðangur til Kosovo var sá fyrsti sem þýski herinn fór í eftir síðari heimsstyrjöld. Fram að því höfðu þýskir hermenn einungis sinnt friðargæslu utan Þýskalands. Það skipti því miklu máli að hermenn okkar væru afbragð annarra.“

„Sem Harald var ekki eða hvað?“ spurði Þóra.

„Jú, jú. Það má kannski bara segja að hann hafi verið óheppinn. Þegar hann var búinn að vera þarna í um þrjá mánuði handsamaði herdeild hans Serba sem grunaður var um að búa yfir upplýsingum um mannskætt sprengjutilræði. Það hafði kostað þrjá þýska hermenn lífið og nokkrir misstu einhverja útlími. Serbinn var geymdur í kjallara húss þar sem herinn var með bækistöð. Harald var einn þeirra sem átti að gæta fangans. Hann var einn á vaktinni aðra eða þriðju nóttina sem fanginn hafði verið þarna í yfirheyrslum – án þess að segja orð. Harald hafði nefnt það við yfirmann sinn að hann kynni ýmislegt fyrir sér í yfirheyrslutækni og fékk leyfi til þess að reyna að veiða eitt-hvað upp úr manningum um nóttina.“ Matthew leit á Þóru. „Sá maður sem leyfði honum að spreyta sig hafði auðvitað ekki hugmynd um að Harald var vel að sér í sögu pyntinga. Hann hefur ábyggilega talið að Harald myndi reka inn nefið af og til og spyrja fangann einhverra sakleysislegra spurninga.“

Þóra glennti upp augun. „Pyntaði hann manninn?“

„Við skulum bara orða það þannig að Serbinn hefði glaður haft

vistaskipti við nöktu mennina sem mynduðu pýramídann í Abu Graheb. Nú er ég ekki að mæla því bót sem þar gerðist en sú uppákoma var eins og atriði á setningarathöfn Ólympíuleikanna miðað við það sem þessi aumingja maður mátti þola þessa nótt. Við vaktaskiptin morguninn eftir hafði Harald tekist að ná upp úr manningnum öllu því sem hann vissi – og örugglega meiru til. En í stað þess að fá hrósið sem honum fannst hann eiga fyllilega skilið var Harald umsvifalaust rekinn – eftir að yfirmenn hans höfðu séð flakið sem lá í blóði sínu á gólfi fangaklefans. Þetta var auðvitað þaggað niður, enda ekki gott til afspurnar. Í öllum opinberum skjölum kemur hins vegar fram að Harald hafi hætt í hernum af heilsufarsástæðum.“

„Hvernig veist þú þetta þá?“ spurði Þóra, fegin að geta spurt að einhverju sem var tiltölulega eðlilegt.

„Ég þekki menn,“ svaraði Matthew sposkur á svip. „Svo ræddi ég við Harald eftir að hann kom til baka frá Kosovo. Hann var breyttur maður, það get ég sagt þér. Hvort það var reynslan úr hernum eða blóðbragðið í munningnum á honum veit ég ekki. Hann varð allavega enn undarlegri en áður.“

„Hvernig þá?“ spurði Þóra forvitin.

„Bara undarlegri,“ svaraði Matthew. „Bæði í útliti og háttum. Hann fór raunar fljótlega í háskólann eftir þetta – fluttist að heiman svo maður sá hann ekki jafnoft og áður. Af þeim fáu skiptum sem fundum okkar bar saman var alveg ljóst að hann var lentur í spirál – niður á við. Það hjálpaði væntanlega ekki heldur til að afi hans dó skömmu síðar en þeir höfðu verið nánir.“

Þóra vissi ekki hvað segja skyldi. Harald Guntlieb var greinilega enginn venjulegur maður. Hún leit á blaðið sitt og ákvað að spyrja út í kæfifynlífsfórnarlambið sem fjallað var um í blaðaúrklippunni. En hún var eiginlega komin með upp í kok. Hún leit á símann og sá að klukkan var orðin margt. „Matthew, ég verð að fara heim. Listinn minn er ekki tæmdur en ég hef nóg að melta í bili.“

Þau gengu lauslega frá því sem þau höfðu rótað til á skrifstofunni. Þau gættu þess vel að rugla ekki saman bunkunum sem þau höfðu flokkað gögnin í. Tilhugsunin um tvíverknaðinn sem því fylgdi var óbærileg.

Þegar hún var að leggja síðasta bunkann snyrtilega til hliðar sneri Þóra sér að Matthew og spurði: „Gerði Harald ekki erfðaskrá – svona í ljósi þess hve miklar eigur hans voru?“

„Jú, raunar lá eftir hann erfðaskrá – frekar nýleg meira að segja,“ svaraði Matthew. „Hann hafði alltaf verið með eina slíka en breytti henni um miðjan september síðastliðinn. Hann gerði sér sérstaka ferð til Þýskalands til að hitta lögfræðing Guntlieb-fjölskyldunnar og láta gera nýja útgáfu hennar. Það veit reyndar enginn hvað stendur í henni.“

„Nú?“ spurði Þóra hissa. „Hversvegna ekki?“

„Hún var í tveimur hlutum – með fyrirmælum um að annan þeirra skyldi opna fyrst. Þar kom fram að seinni hlutann mætti ekki opna fyrir en að Harald jörðuðum – en það hefur enn ekki verið hægt vegna málsins.“

„Var það allt og sumt sem kom fram?“ spurði Þóra.

„Nei, þarna voru einnig fyrirmæli um það hvar hann vildi láta jarða sig.“

„Og hvar er það?“

„Á Íslandi – en það er svolítið skrýtið miðað við hvað hann hefur dvalið hér stutt. Landið virðist hafa náð einhverjum tókum á honum. Annað sem kom fram var að foreldrar hans verði að vera viðstaddir jarðarförina og standa við gröfina í að minnsta kosti tíu mínútur við fótagafl kistunnar eftir að hún hefur verið látin síga. Verði þau ekki við þessu skuli allar eigur hans renna til lítillar tattústofu í München.“

Þóra hváði. „Hélt hann að þau myndu ekki mæta eða hvað?“

„Greinilega,“ sagði Matthew. „Hann gulltryggði það hins vegar með þessu ákvæði – foreldrar hans kæra sig ekki um að lenda í blöðunum af því að sonur þeirra hefur arfleitt tattústofu að fúlum fjár.“

„Heldurðu að þau erfi hann?“ spurði Þóra. „Það er að segja ef þau mæta.“

„Nei,“ svaraði Matthew. „Þeim gæti í raun ekki staðið meira á sama um það – þau vilja bara ekki lenda í gulu pressunni.

Hann hugsaði sig um stundarkorn.

„Mér finnst trúlegt að Elisa systir hans erfi megnið af eigum hans. Vænn hluti af peningunum fer þó vafalaust til einhvers hér á landi –

lögmaðurinn gaf það sterklega í skyn þegar gengið var á hann. Seinni hluta erfðaskrárinnar á vísit að opna héraendis samkvæmt fyrirmælum Haralds.“

„Hver ætli það sé?“ spurði Þóra forvitin.

„Ekki hugmynd,“ svaraði Matthew. „Sá eða sú hafði í það minnsta ágæta ástæðu til þess að drepa Harald – hafi hann vitað þetta á annað borð.“

Þóru var létt þegar þau gengu út úr íbúðinni. Hún var þreytt og hana langaði heim til barnanna sinna. Samt voru einhver ónot í henni. Hún hafði á tilfinningunni að sér hefði yfirsést eitthvað. En hvernig sem hún reyndi að koma því fyrir sig eftir að hún var orðin ein í verkstæðisbílnum gat hún gat ekki hent reiður á því. Og þegar hún stöðvaði bílinn í innkeyrslunni heima gleymdi hún því algerlega.

12. kafli

Hjónaskilnaður hefur ekki bara kosti í för með sér. Þóru var löngu orðið ljóst að honum fylgja líka ókostir. Áður var heimilið til dæmis rekið af tveimur en nú þurftu laun eins að duga. Það var leikur einn að auka eyðslu og þar með þægindin, að minnsta kosti mundi Þóra ekki eftir neinum sérstökum vandræðum við að fara úr því að vera fátækur námsmaður og verða launþegi. Öðru máli gegndi hins vegar þegar átti að draga saman seglin, eins og Þóra hafði fengið að reyna. Hannes, maðurinn hennar fyrrverandi, var sérfræðingur í slysalækningum – með öðrum orðum í góðu starfi með háar tekjur. Við skilnaðinn varð Þóra því að sleppa hendinni af mörgu sem hún var farin að taka sem sjálfsögðum hlut. Nú var ekki lengur sjálfsagt að fara út að borða, skreppa í helgarferðir til útlanda, kaupa dýr föt eða annað sem ein-kennir líf þeirra sem ekki þurfa að hafa áhyggjur af peningum. Þótt ókostirnir snerust ekki einungis um fjármál – þar skaust *ekki kynlíf* strax upp í huga Þóru – saknaði hún einna mest konunnar sem hafði komið til þeirra tvisvar í viku til þess að þrifa. Þegar Þóra og Hannes skildu hafði hún orðið að segja henni upp þar sem endar náðu einfaldlega ekki saman. Því stóð Þóra nú við kútaskápinn og reyndi eftir bestu getu að loka honum án þess að merja ryksugubarkann sem tróð sér sífellt aftur út og kom í veg fyrir að hurðin gæti lokast. Að endingu tókst það og Þóra varpaði öndinni léttar. Hún var búin að ryksuga öll gólf í ríflega tvöhundruð fermetra húsinu og nokkuð ánægð með sjálfa sig.

„Er ekki allt annað að sjá þetta?“ spurði hún Sóleyju dóttur sína sem sat í eldhúsinu, niðursokkin við að teikna.

Litla telpan leit upp. „Sjá hvað?“ spurði hún forvitin.

„Gólfín,“ svaraði Þóra. „Ég er búin að ryksuga. Eru þau ekki fín?“

Sóley leit á gólfið fyrir neðan sig og svo aftur á mömmu sína. „Þú

gleymdir herna.“ Hún benti með grænum vaxlit á lóvöndul sem stóð undan einum fætinum á stólnum sem hún sat á.

„Ó, afsakið, frú mín,“ sagði Þóra og kyssti dóttur sína á kollinn. „Hvað ertu að teikna svona fínt?“

„Þetta eru ég og þú og Gylfi,“ svaraði Sóley og benti á þrjár misstórar figúrur á blaðinu. „Þú ert í fínum kjól og ég líka en Gylfi er í stuttbuxum.“ Hún leit á mömmu sína. „Það er sumar á myndinni.“

„Vá hvað ég er fín,“ sagði Þóra. „Ég ætla sko að fá mér svona kjól í sumar.“ Hún leit á klukkuna. „Komdu nú. Ég ætla að bursta í þér tennurnar. Það er kominn háttatími.“

Meðan Sóley gekk frá litunum sínum fór Þóra inn til sonar síns. Hún bankaði nett á hurðina inn í herbergið hans áður en hún opnaði. „Er þetta ekki allt annað líf?“ spurði hún og átti við gólfið í herberginu hans.

Gylfi svaraði ekki strax. Hann lá útaf á rúminu sínu og talaði í far-síma. Hann kvaddi í skyndi þegar hann sá mömmu sína og lofaði viðmælandanum í hálfum hljóðum að hringja á eftir. Hann reis upp og lagði frá sér símann. Þóra fannst hann hálfvankaður að sjá. „Er ekki allt í lagi? Þú ert svo fölur.“

„Ha?“ spurði Gylfi. „Jú, jú, það er allt fínt. Bara frábært.“

„Það er aldeilis,“ svaraði Þóra. „Ég kom bara til að vita hvort þér fyndist ekki betra loft herna inni eftir að ég ryksugaði hjá þér. Já, og gá hvort ég fengi ekki koss að launum.“

Gylfi reis upp. Hann leit í kringum sig annars hugar. „Ha, jú. Þetta er flott.“

Þóra horfði rannsakandi á son sinn. Það var á hreinu – eitthvað var ekki eins og það átti að vera. Eðlileg viðbrögð hans hefðu verið þau að yppta öxlum eða muldra eitthvað um að sér væri sama um gólfin. Augnaráðið var flöktandi og hann forðaðist að horfa á mömmu sína. Eitthvað var að og Þóra fékk sting í magann. Hún hafði ekki sinnt honum sem skyldi. Hann hafði breyst úr litlum dreng í einhverskonar hálfkarlmann frá því að skilnaðurinn átti sér stað og Þóra hafði verið of upptekin af sjálfri sér og eigin vandamálum til þess að gefa honum nægan gaum. Nú vissi hún ekki hvernig hún átti að bera sig að. Mest langaði hana til þess að faðma hann að sér og renna fingrunum gegn-

um óþarflega sítt hárið en það kæmi bara hálfvitallega út – sá tími var liðinn og henni horfinn. „Hey,“ sagði hún og lagði hönd á öxl hans. Hún varð að sveigja höfuðið til þess að sjá framan í hann þar sem hann hafði litið undan. „Það er eitthvað að. Þú getur sagt mér það. Ég lofa að verða ekki reið.“

Gylfi leit á hana hugsí en sagði ekki neitt. Þóra sá að örsmáar svítaperlur höfðu myndast á enni hans og það hvarflaði að henni að hann væri kominn með flensu. „Ertu með hita?“ spurði hún og gerði sig líklega til að leggja handarbakið að enninu á honum.

Gylfi vék sér fimlega undan. „Nei, nei. Alls ekki. Ég var bara að fá slæmar fréttir.“

„Nú?“ sagði Þóra varfærnislega. „Hver var í símanum?“

„Sigga ... Siggi meina ég,“ svaraði Gylfi án þess að líta í augun á mömmu sinni. Hann bætti við í flýti. „Arsenal tapaði fyrir Liverpool.“

Þóra var ekki fædd í gær og henni var algerlega ljóst að þetta var hraðsoðinn fyrirsáttur. Hún kannaðist ekki við neinn Sigga úr vínahópi Gylfa – ekki þar fyrir að Gylfi átti fullt af kunningjum sem hún þekkti hvorki með nafni eða í sjón. Hún þekkti hins vegar son sinn nægilega vel til þess að vita að hann var ekki slíkur áhugamaður um knattspyrnu að úrslit í enska boltanum kæmu honum úr jafnvægi. Hún velti fyrir sér hvort hún ætti að ganga á hann eða láta sem ekkert væri. Hún mat stöðuna þannig að síðari kosturinn ætti betur við – í bili. „Æ, æ. En fúlt. Djöfuls Liverpool alltaf hreint.“ Hún horfði fast í augu hans. „Ef þú vilt eða þarft að ræða þetta við mig, Gylfi minn, þá lofarðu að hika ekki við það.“ Þegar hún sá að hann fór undan í flæmingi flýtti hún sér að bæta við: „Ég meina með leikinn. Arsenal þarna. Þú veist að þú getur leitað til mín, elskan. Ég get ekki leyst öll heimsins vandamál en ég get reynt að takast á við þau sem lenda á okkar borði.“

Gylfi horfði á hana án þess að segja nokkuð. Hann brosti veiklulega og muldraði eitthvað um að hann þyrfti að klára ritgerð. Þóra tautaði eitthvað á móti, fór fram og lokaði dyrunum að herbergi hans. Hún gat ekki ímyndað sér hvaða áfall kæmi sextán ára strákur úr jafnvægi – hún hafði aldrei verið í því hlutverki og var að auki ekkert sérstaklega minnug um eigin unglingsár. Það eina sem henni kom til hugar voru

stelpumál. Kannski var hann skotinn í einhverri sem ekki endurgalt þær tilfinningar. Þóra ákvað að reyna að komast að þessu með lagni – hún gæti lagt nokkrar lúmskar spurningar fyrir hann í fyrramálið yfir morgunmatnum. Kannski yrði þessi krísa jafnvel gengin yfir þá. Það gæti vel hugsast að þetta væri bara stormur í vatnsglasi – hormóna-sjökk.

Eftir að hafa burstað tennurnar í Sóleyju og lesið fyrir hana kom Þóra sér fyrir í sófanum fyrir framan sjónvarpið. Hún afgreiddi símtal við móður sína sem stödd var í mánaðarfrí á Kanaríeyjum með pabba hennar. Alltaf mætti henni sami barlómurinn þegar hún hringdi. Síðast var það skyrleysi sem var að ganga af foreldrum hennar dauðum, nú var það Discovery Channel í hótelsjónvarpinu sem pabbi hennar var orðinn háður ef eitthvað var að marka mömmu hennar. Þær kvöddust og mamma hennar sagðist mæðulega ætla að hlamma sér hjá manningnum sínum og fræðast um það hvernig lifur eðluðu sig. Þóra brosti, lagði á og fór aftur að glápa. Þegar hún var um það bil að sofna yfir hallærislegum raunveruleikaþætti hringdi síminn. Hún reis upp úr sófanum og teygði sig í símann.

„Þóra,“ svaraði hún og gætti þess að rödd hennar kæmi ekki upp um að hún hefði verið að lognast út af.

„Já, blessuð, Hannes hérna,“ heyrðist á hinum endanum.

„Já, sæll.“ Þóra velti fyrir sér hvort það kæmi aldrei að því að sér hætti að þykja óþægilegt að tala við sinn fyrrverandi Hannes. Þessi pínlegu samskipti áttu án efa rætur sínar að rekja til umskiptanna frá nánnum kynnum yfir í þvingaða kurteisi, svipað því þegar hún hittir gamla kærasta eða menn sem hún hafði sofið hjá á yngri árum – eitt-hvað sem var óhjákvæmilegt á litlu landi eins og Íslandi.

„Heyrðu, varðandi helgina þá var spurning hvort ég mætti ekki renna aðeins seinna eftir krökkunum á föstudaginn. Ég ætla að fara með Gylfa í æfingaakstur og held að það sé betra að gera það eftir há-annatíma, svona um áttaleytið.“

Þóra svaraði því játandi þó svo að hún vissi vel að þessi seinkun hefði ekkert með æfingaakstur að gera. Hannes þurfti eflaust að vinna lengur eða þá að hann ætlaði í ræktina eftir vinnu. Ein af ástæðum endalausra rifrilda þeirra fyrir skilnaðinn hafði einmitt verið að Hann-

es virtist aldrei geta tekið á sig ábyrgð á neinu; allt var öðrum að kenna eða einhverjum ímynduðum ytri aðstæðum sem hann réð ekkert við. Nú var þetta ekki lengur hennar vandamál heldur Klöru, núverandi sambýliskonu hans. „Hvað á að gera um helgina?“ spurði Þóra til þess að segja eitthvað. „Á ég að pakka niður einhverju sérstöku?“

„Ja, við förum kannski á bak þannig að það væri gott að þau hefðu með sér fót í það,“ svaraði Hannes.

Klara var hestakona og hafði dregið Hannes með sér í það sport. Þetta olli Sóleyju og Gylfa ómældu hugarangri þar sem þau höfðu erft lífhræðslu Þóru og hafði sá meðfæddi ótti ef eitthvað er magnast við að ganga frá móður til barna. Þóra átti bággt með að keyra í hálfu, klífa fjöll, fara í lyftu, borða hráan mat og allt það sem hugsanlega gat endað með ósköpum. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum var hún hins vegar laus við flughræðslu. Hún skildi börnin sín því fullkomlega en þau voru bæði skelfingu lostin við tilhugsunina að fara á hestbak, sannfærð um að hver útreiðatúr yrði þeirra síðasta stund. Hannes gat á hinn bóginn ekki viðurkennt að þetta væri viðvarandi ástand og reyndi í sífellu að telja börnunum trú um að þau ættu bara eftir að venjast þessu. „Ertu viss um að það sé sniðugt?“ spurði hún þótt hún vissi vel að hún fengi litlu ráðið um fyrirætlanir Hannesar. „Gylfi er eitthvað daufur í augnablikinu og ég er ekki viss um að hestaferð sé það sem hann þarf á að halda nú.“

„Hvaða rugl,“ svaraði Hannes höstugur. „Hann er allur að koma til sem hestamaður.“

„Þú segir það. Reyndu samt að ræða aðeins við hann. Ég hef grun um að hann sé í einhverjum stelpuvandræðum og þú veist meira um það en ég.“

„Stelpuvandræðum? Hvað veit ég um slíkt?“ hváði Hannes. „Hann er nýorðinn sextán. Það getur nú varla verið alvarlegt.“

„Nei, kannski ekki. Hafðu það samt bak við eyrað og reyndu að koma einhverri speki að.“

„Speki? Hvernig speki? Hvað meinarðu?“ Hannes var allur úr lagi genginn og Þóra brosti með sjálfri sér.

„Þú veist, einhverju sem hjálpar honum að fást við vandamál lífsins.“ Brosið á Þóru stækkaði.

„Þú ert að grínast,“ sagði Hannes vongóður.

„Nei, raunar ekki,“ svaraði Þóra. „Ég treysti því að þú finnur út úr þessu. Ég skal svo gera slíkt hið sama fyrir dóttur okkar þegar að strákavandræðum kemur. Þú getur reynt að ná honum afsíðis í útreið-artúrnum til dæmis og spjallað við hann í ró og næði á baki.“

Þau slitu samtalinu og var Þóra nokkuð viss um að henni hefði tekist að minnka líkurnar á því að þau færu í útreiðatúr. Þóra reyndi að sökkva sér aftur í óraunveruleika sjónvarpsins. Það mistókst því sím-inn hringdi strax aftur.

„Þú afsakar hvað ég hringi seint en mér datt í hug að þú værir að hugsa um mig,“ sagði Matthew sallarólegur eftir að þau höfðu heilsast. „Ég ákvað að leyfa þér að heyra í mér.“

Þóru rak í rokastans – henni var ekki ljóst hvort Matthew hefði klikkast, hann væri drukkinn eða hvort hann væri að grínast. „Það var nú ekki beint þannig sem þú sækir að mér.“ Hún teygði sig í fjarstýringuna á sjónvarpstækini til að lækka hljóðið svo að hann heyrði ekki hvað hún væri að horfa á mikið rugl. „Ég var að lesa.“

„Hvað ertu að lesa?“ spurði hann þá.

„Stríð og frið eftir Dostojevskí,“ laug Þóra.

„Nú, já,“ sagði Matthew. „Er sú bók eitthvað lík Stríði og friði Tolstojs?“

Þóra kreppti lausa hnefann pirruð út í sjálfa sig fyrir að hafa ekki nefnt Laxness eða eitthvert íslenskt skáldverk sem hann þekkti ekki. Hún hafði alltaf verið lélegur lygari. „Ég meina Tolstoj. Var það annars eitthvað sérstakt? Varla hringdirðu til að ræða bókmenntir?“

„Nei, sem betur fer ekki því þá hef ég greinilega valið skakkt númer,“ svaraði Matthew að bragði. Þegar Þóra ansaði þessu engu bætti hann við: „Nei, fyrirgefðu, ég hringdi vegna þess að lögfræðingur mannsins sem lögreglan er með í haldi hafði samband áðan.“

„Finnur Bogason?“ spurði Þóra.

„Já, þótt þú berir það ólíkt betur fram en ég,“ svaraði Matthew. „Hann vildi láta mig vita af því að við getum hitt strákinn á morgun ef við viljum.“

„Fáum við leyfi til þess?“ spurði Þóra hissa. Fólk í gæsluvarðhaldi fékk yfirleitt ekki leyfi til heimsókna frá hverjum sem var.

„Þessi Finnur,“ Matthew bar það fram eins og *Fínúr*, „honum tókst að sannfæra lögregluna um að við værum að vinna með honum að vörn stráksins. Sem við erum auðvitað óbeint að gera.“

„Hvað rak hann til þess?“

„Við getum orðað það svo að ég hafi gefið honum smáhvatningu.“

Þóra spurði ekki frekar út í þetta þar sem hún kærði sig ekki um aðild að neinu misjöfnu. Hún efaðist um að Matthew hefði haft í hótunum við lögmanninn, taldi trúlegra að hann hefði lofað greiðslu fyrir að koma viðtali á – sem myndi í besta falli teljast ósiðlegt. Henni leið betur með það að ímynda sér að þau væru að aðstoða verjandann.

Skítt með siðlegt eða ósiðlegt. Hún varð að hitta þennan Huga. Kannski var hann sekur þegar allt kom til alls. Það jafnaðist ekkert á við að fá að ræða við fólk í eigin persónu. Það jafnaðist ekkert á við það að horfast í augu við þann sem sagði frá og fylgjast með hreyfingum og líkamstjáníngu hans. „Eigum við ekki að drífa okkur þá. Við þurfum auðvitað að hitta hann.“

„Til er ég. Ég þarf þá bara að láta *Fínúr* vita.“



„Af hverju hringdi hann svona seint í þig?“ spurði Þóra. „Varla hefur leyfið fengist í kvöld.“

„Nei, nei. Það lágu fyrir mér skilaboð hérna á hótelinu og ég var bara að koma inn. Ég vil ekki dreifa símanúmerinu mínu mjög víða.“

Það angraði Þóru að hana dauðlangaði að vita hvert Matthew hefði farið eftir að leiðir þeirra skildu – þó svo að langlíklegast væri að hann hefði einfaldlega farið í bæinn og fengið sér að borða.

Þau ákváðu að Matthew myndi sækja Þóru á skrifstofuna klukkan níu og þau ækju saman austur á Litla-Hraun. Henni varð litið út um gluggann á snjóinn sem kyngdi niður og vonaði innilega að hann kynni að keyra við vetraraðstæður. Annars væru þau í vondum málum.

8. desember 2005



13. kafli

Þóra sat við tölvuna á stofunni þegar Matthew kom að sækja hana klukkan níu. Hún var í þann veginn að ljúka við að svara tölvupóstum sem höfðu borist deginum áður og afgreiddi flest með því að vísa á Þór. Bragi hafði mætt henni brosandí um morguninn. Hann var enn að gæla við hugmyndina um að þetta þýska mál myndi opna gáttir til útlanda – verða uppspretta endalausra verkefna fyrir stofuna. Þóra var ekkert að draga úr honum, enda dauðfegin að geta einbeitt sér að morðgátunni án þess að vera samtímis tætt milli annarra smærri mála. Hún hafði sent tölvupóst til hins óþekkta vinar Haralds, Mal, þar sem hún skýrði í stuttu máli lát Haralds og aðkomu þeirra Matthews að málinu fyrir hönd Guntlieb-fjölskyldunnar. Í niðurlagi póstsins óskaði hún kurteislega eftir því að Mal setti sig í samband við sig þar sem hann byggði ef til vill yfir upplýsingum sem skipt gætu máli. Þegar Bella hringdi til að tilkynna komu Matthews átti Þóra það lítið eftir að hún bað stúlkuna um að segja honum að fá sér sæti í afgreiðslunni og bíða í fimm mínútur. Henni var mikið í mun að geta skilið við hreint borð og þurfa síður að koma aftur við á skrifstofunni seinni partinn. Hún flýtti sér að klára, náði því á liðlega fimm mínútum, og slökkti á tölvunni ánægð með afrakstur morgunsins. Hún velti fyrir sér að fara að mæta fyrr á morgnana. Þótt það tæki á heima fyrir nýttist þessi tími ótrúlega vel, enda ekkert áreiti frá símanum svona fyrir hefðbundna opnun skrifstofunnar.

Hún kippti með sér litlu upptökutæki úr einni skrifborðsskúffunni til þess að nota við yfirheyrsluna á Huga. Meðan hún kannaði hvort rafhlöðurnar væru heilar varð henni hugsað til sonar síns sem hafði verið óttalega rotinpúrulegur þá um morguninn. Hvert sem vanda málið var virtist það ekki hafa gengið yfir um nóttina eins og Þóra hafði vonað. Drengurinn hafði setið annars hugar og lystarlaus og

Þóru hafði einungis tekist að draga upp úr honum örfá orð. Sóley hafði hins vegar talað viðstöðulaust eins og hennar var von og vísa á morgnana og Þóru hafði því reynst ómögulegt að ná neinu sambandi við son sinn. Hún ákvað að ganga á hann í róleghitum í kvöld eftir að Sóley væri farin í háttinn. Þessum hugsunum bægði hún frá sér, stakk upptökutækinu í veskið og dreif sig fram.

Þóru rak í rogastans þegar hún kom fram í afgreiðsluna. Þar sat Matthew á skrifborðsbrún Bellu á mikilli kjaftatörn við ritarann sem ljómaði eins og sól í heiði. Þau tóku ekki einu sinni eftir því að Þóra væri komin og hún varð að ræskja sig til að ná athygli þeirra.

Matthew leit við. „Æ þú, ég var að vona að þetta drægist frekar hjá þér.“ Hann brosti til Þóru og blikkaði hana.

Þóra átti erfitt með að beina athygli sinni frá andliti Bellu sem var eitthvað svo breytt við það eitt að brosa. Hún var bara sæt svona kát á svipinn. „Jæja þá, eigum við ekki bara að leggja í hann?“ sagði Þóra og sótti kápuna sína. „Gaman að sjá þig svona káta, Bella,“ bætti hún við og brosti sínu blíðasta til ritarans.

Brosið á Bellu hvarf eins og dög fyrir sólu. Töfrarnir sem Matthew hafði reynt að beita ritarann höfðu greinilega ekki áhrif. „Hvenær kemur þú aftur?“ spurði hún fúl.

Þóra reyndi að láta ekki á því bera hve vonsvikin hún var yfir því að vera ekki með í góða liðinu „Ég á nú ekki von á að koma aftur í dag en ég hringi til þín ef ég held að það breytist eitthvað.“

„Já, já, einmitt,“ svaraði Bella snúðugt og það lá í orðanna hljóðan að Þóra stundaði það að láta ekki vita af sér – sem var af og frá.

„Þú heyrðir hvað ég sagði.“ Þóra gat ekki látið sem ekkert væri þó svo að hún vissi vel að það væri skynsamlegra. „Komdu, Matthew.“

„Já, frú,“ sagði Matthew og sendi Bellu bros. Þóru til mikillar armæðu var það endurgoldið.

Þegar þau settust inn í bílinn spennti Þóra á sig öryggisbeltið og sneri sér að Matthew. „Kanntu að keyra í háلكu?“

„Það kemur í ljós,“ svaraði Matthew að bragði og ók bílnum út úr stæðinu. Þegar hann sá svipinn á Þóru bætti hann við: „Engar áhyggjur, ég er góður bílstjóri.“

„Þú mátt bara ekki bremsa ef bíllinn byrjar að renna til,“ sagði

Þóra og var fráleitt sannfærð um að Matthew væri með þetta á hreinu.

„Vilt þú keyra?“

„Nei, þakka þér fyrir,“ svaraði Þóra. „Ég ræð ekki við þessa bremsu-reglu, ef bíllinn byrjar að skrika til þá negli ég ósjálfrátt niður – þó svo að ég viti betur. Ég er mjög takmörkuð þegar kemur að akstri.“

Þau óku sem leið lá út úr bænum og voru komin upp á heiði þegar Þóra gat ekki lengur hamið forvitni sína varðandi samtal Matthews og Bellu. „Um hvað voruð þið að ræða?“

„Við?“ spurði Matthew hissa.

„Já, þú og hún Bella, ritarinn minn. Hún er yfirleitt eins og snúið roð í hund.“

„Já, hún. Við vorum að ræða um hesta. Mig langar að prófa að fara á bak meðan ég er hér; það er svo vel látið af íslenska hestinum. Hún var að gefa mér ráð.“

„Hvað veit hún um hesta eiginlega?“ spurði Þóra hissa.

„Hún er hestakona, vissir þú það ekki?“

„Nei, raunar ekki,“ svaraði Þóra. Hún gat ekki annað en vorkennt hestunum sem þurftu að sitja undir farginu af Bellu. „Hvernig hesta er hún með? Flóðhesta?“

Matthew leit af veginum á Þóru. „Ertu afbrýðisöm?“ spurði hann hæðnislega.

„Ertu fullur?“ skaut hún á móti.

Þau keyrðu þegjandi í gegnum hraunið í átt að Þrengslunum. Þóra virti fyrir sér landslagið út um bílrúðuna – þótt fáir væru henni ef til vill sammála fannst henni þetta einn fallegasti staður landsins, sérstaklega á sumrin þegar grænn mosi var hvað mest áberandi – mjúkar línur mosabreiðanna mynduðu algjöra andstæðu við hvassar nibbur hraunsins. Núna var svæðið þakið snjó og því vantaði þrívíddina í heildarmyndina. Hún var þannig ekki eins tilkomumikil og á sumrin. Samt var yfir svæðinu einhver ró sem höfðaði til Þóru. Hún rauf þögnina. „Finnst þér þetta ekki fallegt?“

Matthew leit sem snöggvast af veginum og virti fyrir sér umhverfið. Það var lítil sem engin umferð. „Mjög svo.“ Hann brosti til hennar eins og til að semja frið.

„Við erum ekki beint góðir félagar, ég og þú,“ sagði hún og átti með því við smáskærunar sem einkenndu samskipti þeirra. „Við ættum kannski að prófa nýja taktík.“

Hann brosti aftur til hennar. „Finnst þér það? Ég er alsæll. Þú ert mun skemmtilegri félagsskapur en ég á að venjast í vinnunni. Endalausir karlar og þær fáu konur sem ég á samskipti við á þeim vettvangi eru svo uppskrúfaðar að þær molna ef þær losa um skeifuna.“

Nú var komið að Þóru að brosa. „Þú ert raunar skárri en Bella, þú mátt eiga það.“ Hún þagði smástund. „Segðu mér eitt. Í möppunni var úrklippa úr þýsku dagblaði sem fjallaði um andlát ungra manna við þetta kæfifyklíf. Hvers vegna settir þú hana með?“

„Ahh.“ Matthew dró orðið á langinn. „Það helvíti. Einn af þeim sem fjallað var um í greininni var góðvinur Haralds. Þeir kynntust við háskólann í München og voru án efa jafnleitandi sálir og því samstíga í endaleysunni sem þeir tóku upp á. Ég veit ekki hvor þeirra kynnti þessa undarlegu athöfn fyrir hinum en Harald sór að það hefði verið vinurinn sem byrjaði. Harald var á staðnum þegar ungi maðurinn dó og lenti fyrir vikið í miklum yfirheyrslum og bölvuðu klandri. Þó skömm sé frá að segja þá held ég að hann hafi keypt sig út úr eftirmálunum – þú tókst kannski eftir stórri úttekt frá þessum tíma sem ég merkti sérstaklega við?“ Þóra jákaði því. „Ég setti þetta með í ljósi þess að Harald var kyrktur. Þetta gæti hugsanlega skipt máli. Hver veit – hugsanlega dó hann á sama hátt og vinur hans þótt það sé mjög hæpið.“

Þau lögðu bílnum á bílastæði utan girðingarinnar á Litla-Hrauni og gengu að hliðinu sem ætlað var gestum. Fangavörður vísaði þeim inn á litla setustofu á annarri hæð. „Okkur datt í hug að þið gætuð verið hérna; það ætti að fara ágætlega um ykkur, mun betur en í yfirheyrsluherberginu,“ sagði hann. „Hugi er rólegur og ætti ekki að valda ykkur neinum vandræðum. Hann er rétt ókominn.“

„Þakka þér fyrir, þetta er fínt,“ sagði Þóra og gekk inn. Hún kom sér fyrir í brúnum leðursófa og Matthew settist þétt við hlið hennar. Hún undraðist sætisvalið hans þar sem nóg var af stólum.

Hann leit á hana. „Ef Hugi sest hérna á móti okkur er best að við sitjum svona. Ég vil sjá beint framan í hann.“ Hann lyfti augabrúnum hratt í tvígang. „Svo er afskaplega gott að sitja svona þétt upp við þig.“

Þóra náði ekki að svara þessu þar sem dyrnar opnuðust að nýju og Hugi Þórisson birtist í fylgd fangavarðar. Hann hélt um axlir unga mannsins, sem horfði niðurlútur fram fyrir sig, og stýrði honum inn um gættina. Hann var í handjárnnum en Þóru fannst hann svo umkomulaus að slíkt hlaut að vera alger óþarfi. Fangavörðurinn ávarpaði hann og leit strákurinn þá fyrst upp. Hann strauk úr sér vaxið hár-ið úr augunum með báðum höndum og Þóra sá að hann var mjög myndarlegur, allt öðruvísi útlits en hún hafði gert sér í hugarlund. Henni fannst ótrúlegt að hann skyldi vera 25 ára – 17 virtist nær lagi. Hann var dökkbrýndur og stóreygur en mest áberandi í andliti hans voru framstæð kinnbeinin, líklega af því hversu grannholda drengurinn var. Ef hann var morðingi Haralds þá hefur hann mátt hafa sig allan við, hugsaði Þóra. Hann virtist að minnsta kosti ekki fær um að drösla 85 kílóa líki langar leiðir.

„Ætlar þú ekki að hegða þér vel, vinurinn?“ spurði fangavörðurinn Huga vingjarnlega. Hugi kinkaði þegjandi kolli og fangavörðurinn dró hendur hans til sín og losaði um handjárnin. Hann lagði svo hönd á öxl Huga að nýju og stýrði honum að stólnum beint andspænis Þóru og Matthew. Þar settist strákurinn, lét sig frekar detta í stólinn en nokkuð annað. Hann forðaðist að horfa framan í Þóru og Matthew, sneri andlitinu algerlega frá þeim og mændi niður á gólfið við hlið stólsins sem hann sat hengslalega í.

„Við erum hérna í næsta herbergi ef á þarf að halda. Hann ætti ekki vera með neitt vesen.“ Fangavörðurinn beindi orðum sínum til Þóru.

„Fínt,“ sagði Þóra. „Við höldum honum ekki lengur en þörf er á.“ Hún leit á armbandsúrið sitt. „Við ættum að ná að klára þetta fyrir hádeggi.“

Fangavörðurinn yfirgaf þau og þegar hann hafði lokað á eftir sér heyrðist ekkert nema andardráttur þeirra þriggja og lágt hljóðið sem myndaðist þegar Hugi klóraði taktfast í hnén á hermabuxunum sem hann var í. Strákurinn var enn ekki farinn að horfa á þau.

Fangar máttu greinilega klæðst eigin fötum – ólíkt amerísku fangelsunum sem Þóra þekkti úr sjónvarpi og bíó þar sem þeir sprönguðu um í samfestingum sem virtust einna helst búnir til úr appelsínuberki. Strákurinn var enn ekki farinn að horfa á þau.

„Hugi,“ sagði Þóra eins blíðlega og henni var unnt. Hún hélt áfram á íslensku þar sem henni fannst eitthvað asnalegt við það að byrja viðtalið á ensku. Það átti hvort eð er eftir að koma í ljós hvort það yrði nokkuð hægt. Þau máttu ekki klúðra þessu vegna tungumálaörðugleika; ef strákurinn skildi ekki almennilega ensku yrði hún að sjá um þetta ein. „Þú veist væntanlega hver við erum. Ég heiti Þóra Guðmundsdóttir og er lögfræðingur og þetta er Matthew Reich frá Þýskalandi. Við erum hér vegna morðsins á Harald Guntlieb sem við erum að rannsaka óháð lög-reglunni.“

Engin viðbrögð. Þóra hélt áfram. „Við vildum fá að hitta þig þar sem við erum ekki sannfærð um að þú hafir haft nokkuð með þetta morð að gera.“ Hún dró andann djúpt til að leggja áherslu á það sem á eftir kom. „Við erum á höttunum eftir morðingja Haralds og teljum vel hugsanlegt að þú sért ekki sá seki. Okkar markmið er að finna þann sem drap Harald og ef það ert ekki þú þá er það þér í hag að hjálpa okkur.“ Hugi leit upp og á Þóru. Hann opnaði hins vegar ekki munninn né gerði hann sig að öðru leyti líklegan til að tjá sig svo Þóra hélt áfram. „Þú skilur væntanlega að ef okkur tekst að sýna fram á að einhver annar en þú hafi drepið Harald þá ert þú nokkurn veginn laus allra mála.“

„Ég drap hann ekki,“ sagði Hugi lágróma. „Það trúir mér enginn en ég drap hann ekki.“

Þóra hélt áfram. „Hugi, hann Matthew hérna er frá Þýskalandi. Hann er vanur rannsóknum en hann skilur ekki íslensku. Treystir þú þér til þess að ræða við okkur á ensku svo að hann skilji? Ef ekki þá er það allt í þessu fína. Við viljum að þú skiljir spurningar okkar og getir svarað þeim án vandræða vegna tungumálsins.“

„Ég kann alveg ensku,“ var svarið, enn borið fram í hálfum hljóðum.

„Fínt,“ sagði Þóra. „Ef þú skilur ekki eitthvað af því sem við segjum eða átt í vandræðum með að svara þá skiptum við einfaldlega aftur yfir í íslensku.“

Þóra sneri sér að Matthew og sagði honum að þau gætu haldið áfram á ensku. Hann lét ekki segja sér það tvisvar, hallaði sér fram og tók til máls. „Hugi, nú skaltu byrja á því að rétta úr bakinu og snúa

beint að okkur. Losaðu þig við þennan vælutón úr röddinni og mannaðu þig aðeins upp, þó ekki væri nema rétt á meðan við erum hérna.“

Þóra stundi innra með sér, hvaða karlakjafaði var nú þetta? Hún bjóst einna helst við að drengurinn stæði upp, færi að gráta og krefðist þess að fá að fara og því yrðu þau bara að kyngja þar sem hann var hér af fúsum og frjálsum vilja. Henni gafst ekki færi á að grípa inn í því Matthew hélt viðstöðulaust áfram. „Þú ert í mjög vondum málum, ég þarf ekkert að velta þér upp úr því. Fyrir framan þig er í raun eina von þín til þess að losna úr þeim og þú skalt því leggja þig allan fram við að hjálpa okkur og svara okkur hreinskilnislega. Í þínum sporum er mjög auðvelt að detta niður í einhverja sjálfsvorkunn en nú riður á að þú hegðir þér eins og maður en ekki eins og krakki. Gerðu nú eins og ég segi, réttu úr bakinu, horfðu framan í mig og svaraðu samviskusamlega því sem við spyrjum þig. Þér líður betur við það eitt að bera þig mannalega. Prófaðu það.“

Þóra fylgdist hissa með þegar Hugi gerði eins og Matthew sagði. Hann reis upp úr rækjustellingunni og gerði sitt ítrasta til þess að bera sig mannalega. Táningslegt útlit hans gerði honum erfitt fyrir en umskiptin voru samt einhver. Þegar hann tók til máls var röddin breiðari og fullorðinslegri. „Ég á erfitt með að horfa mikið í augun á ykkur. Ég er á einhverjum lyfjum sem gera mig svolítið ruglaðan.“ Þóra sá það í augum hans; þau flöktu til og frá og yfir þeim var einhver sljóleiki sem vart væri hægt að framkalla án róandi lyfja. „Ég skal samt reyna að svara ykkur.“

„Hvernig lágu leiðir ykkar Haralds saman,“ spurði Þóra.

„Ég kynntist honum á djamminu í bænum. Spjallaði aðeins við hann og hann reyndist mjög skemmtilegur. Ég kynnti hann svo fyrir Dóra stuttu síðar.“

„Hver er Dóri?“ spurði Þóra.

„Halldór Kristinsson. Hann er í læknisfræði,“ svaraði Hugi og það var ekki laust við stolt í röddinni. „Við höfum verið vinir síðan við vorum smástrákar. Við bjuggum hlið við hlið í Grafarvoginum. Hann er ógeðslega klár en samt enginn prófessor, alltaf til í djammið.“

Þóra hripaði þetta hjá sér. Þetta var ungi maðurinn sem hafði ætlað í partíð þar sem Harald var kvöldið sem hann var myrtur – sá sem

ákvað svo að hinkra eftir partígestunum á Kaffibrennslunni. „Voruð þið miklir vinir, þú og Harald?“

Hugi yppti öxlum. „Já, já. Ekki eins nánir og Harald og Dóri samt. Harald keypti stundum af mér ...“ Hugi snarhætti í miðri setningu og setti upp áhyggjusvip.

„Það er öllum nákvæmlega sama um þessa dópsölu þína eins og er. Haltu áfram,“ sagði Matthew höstugur.

Barkakýlið á Huga gekk upp og niður áður en hann ákvað að taka aftur til máls. „Ókei. Hann kallaði mig stundum besta vin sinn; það var samt bara í gríni og bara þegar hann vildi kaupa eitthvað af mér. Hann var samt mjög skemmtilegur; allt, allt öðruvísi en allir sem ég þekki.“

„Hvernig þá?“ spurði Þóra.

„Í fyrsta lagi átti hann endalaust af peningum og var alltaf að bjóða í glas eða eitthvað. Svo átti hann geðveika íbúð og bíl.“ Hann hugsaði sig aðeins um áður en hann hélt áfram. „Það var samt ekki málið. Hann var svo miklu meira kúl en allir aðrir. Hann var ekki hræddur við neitt, fann alltaf upp á einhverju klikkuðu að gera og dreif einhvernveginn alla með sér. Hann var mega svalur með allt þetta skraut á líkamanum – ekkert okkar þorði að leika það eftir. Ekki einu sinni Dóri sem langaði það hrikalega. Hann hélt að það myndi skemma fyrir sér í framtíðinni, sá rosalega eftir einu litlu tattúu sem hann lét gera á handlegginn á sér. Harald gat hins vegar ekki staðið meira á sama um framtíðina.“

„Enda kom í ljós að hann átti hana ekki fyrir sér,“ sagði Matthew. „Hvað gerðuð þið, um hvað spjölluðuð þið?“

„Ég man ekkert hvað við töluðum saman um.“

„Ræddi hann einhverntímann um rannsóknir sínar eða um galdra-brennur?“ spurði Þóra vongóð.

„Galdrar,“ sagði Hugi og það hnussaði í honum. „Fyrst var nú varla talað um annað. Þegar ég fór að vera með þeim bauð Harald mér að vera með í galdrafélaginu þeirra.“

Matthew greip fram í fyrir honum. „Galdrafélagi? Hvaða galdrafélagi?“

„Malleus eitthvað. Þetta átti að vera félag áhugafólks um galdraof-sóknir og einhverja söguspeki.“ Hann leit undan augnaráði Þóru,

roðnaði aðeins og beindi orðum sínum að Matthew. „Þetta var samt eitthvað allt annað. Það var enginn Harry Potter-andi yfir þessu, trúið mér. Þetta snerist um fernt. Kynlíf, kukl, eiturlyf og meira kynlíf.“ Hann brosti. „Þess vegna fannst mér gaman að fá að vera með. Mér gæti ekki staðið meira á sama um sögu eða galdra og þessa galdrastafi og vísur sem þau fóru með. Mig langaði bara að skemmta mér. Stelpurnar voru sætar.“ Hugi datt aðeins út – væntanlega að rifja upp einhverja gleðistundina með sætu stelpunum. „Sumar sögurnar um galdrabrennur voru samt skemmtilegar. Ég man eftir einni þar sem ófrísk kona var sett á bálið og hún eignaðist barnið inni í eldinum. Einhverjir prestar náðu barninu lifandi út en ákváðu svo að það gæti verið smitað af göldrum móðurinnar og hentu því aftur inn. Harald sagði þetta vera dagsatt.“

Þóra gretti sig og kippti honum aftur inn í samtímann. „Hverjir voru í þessu félagi? Hvað hétu sætu stelpurnar?“

„Harald var aðalmaðurinn; svo Dóri sem var eiginlega hans hægri hönd; ég; Bríet sem var í sögu í háskólanum, – hún var sú eina sem var í þessu af einhverri alvöru, held ég; Brjánsi eða Brjann sem var líka í sögu; Andri sem var að læra efnafræði og Marta Mist sem var í einhverjum kvennafræðum. Hún var algerlega óþolandi, alltaf að væla eitthvað um konur og hvað allt væri ósanngjarnt gagnvart þeim. Hún átti það til að drepa niður allt stuð með þessu tuði sínu. Harald stríddi henni rosalega, kallaði hana alltaf Nebel sem fór hrikalega í taugarnar á henni. Það þýðir þoka á þýsku. Út af Mist skilurðu?“ Þóra gaf til kynna að hún skildi en Matthew sat sem steinrunninn. „Þetta var uppistaðan í hópnum, einstaka sinnum komu nýir inn en það entist enginn nema við. Ég fylgdist ekki mjög vel með því sem þau voru að gera, þannig séð, eins og ég sagði þá hafði ég engan áhuga á kuklinu – bara því sem því fylgdi.“

„Þú segir að Dóri hafi verið hans hægri hönd; hvað áttu við með því?“ spurði Þóra.

„Þeir voru oft tveir eitthvað að pæla. Ég held að Dóri hafi hjálpað honum með þýðingar og svona. Svo lá það ljóst fyrir að Dóri tæki við af Harald þegar hann færi af landi brott. Dóri var ekkert smáánægður með það; hann var algerlega hugfanginn af Harald.“

„Er Dóri hommi?“ spurði Matthew.

Hugi hristi höfuðið. „Nei, alveg pottþétt ekki. Hann var bara með stjórnur í augunum eða þannig. Dóri kemur frá fátæku heimili, eins og ég reyndar. Harald jós í hann peningum, dýrum gjöfum og hrósi og fyrir vikið dýrkaði Dóri hann. Maður sá að Harald naut þess. Hann var reyndar ekki alltaf næs við Dóra; hann átti það til að lítillækka hann fyrir framan okkur hin. Hann passaði sig samt alltaf á því að bæta fyrir það þannig að Dóri gæfi ekki skít í hann. Þetta var frekar furðulegt samband.“

„Hvernig fannst þér að horfa upp á Dóra sem þú segir að hafi verið æskuvinur þinn, svona hugfanginn af Harald? Varstu ekkert afbrýðisamur?“ spurði Þóra.

Hugi brosti. „Nei, engan veginn. Við vorum áfram vinir. Harald var bara hér á Íslandi tímabundið og ég vissi að þetta myndi ganga yfir. Mér fannst ef eitthvað var frekar gaman að sjá Dóra í þessu hlutverki aðdáanda. Hann hafði fram að þessu alltaf verið sá sem ég leit upp til; það var einhvernvegin tilbreyting í að fylgjast með honum í mínum sporum eða þannig. Ekki það að Dóri kæmi nokkru sinni fram við mig eins og Harald við hann, hvorki hvað almennilegheit eða andstyggilegheit varðaði.“ Svipurinn á Huga varð skyndilega áhyggjufullur. „Ég drap hann ekki til að fá vin minn aftur. Þetta var ekki þannig.“

„Nei, kannski ekki,“ sagði Matthew. „Segðu mér eitt samt. Ef þú drapst hann ekki, hver gerði það þá? Þú hlýtur að hafa einhverjar tilgátur. Þú veist að þetta getur ekki hafa verið sjálfsmorð eða slys.“

Augun í Huga leituðu aftur á gólfið. „Ég veit það ekki. Ef ég vissi það myndi ég auðvitað segja frá því. Mig langar ekki að vera hér.“

„Heldurðu að Dóri vinur þinn hafi drepið hann?“ Spurði Þóra. „Ertu að halda hlífiskildi yfir honum?“

Hugi hristi höfuðið. „Dóri myndi ekki drepa neinn. Allra síst Harald. Ég sagði ykkur að hann dýrkaði hann.“

„Já, en þú sagðir líka að Harald hefði oft verið leiðinlegur við hann, niðurlægt hann fyrir framan ykkur hin. Kannski reiddist hann og réð ekki við sig. Slíkt kemur fyrir,“ sagði Þóra.

Hugi leit upp, ákveðnari að sjá en fyrr. „Nei. Dóri er ekki þannig.“

Hann er að læra að verða læknir. Hann vill hjálpa fólki að lifa, ekki drepa það.“

„Hugi minn, mér þykir fyrir því að þurfa að segja þér það en læknar hafa drepið fólk í gegnum tíðina. Allar stéttir eiga sín skemmdu epli,“ sagði Matthew hálfhæðnislega. „En ef það var ekki Dóri – hver þá?“

„Kannski Marta Mist,“ muldraði Hugi ósannfærandi. Stúlkan var greinilega ekki í miklu uppáhaldi. „Kannski hefur Harald kallað hana Nebel einum of oft.“

„Marta Mist, já,“ sagði Matthew. „Það er frábær tilgáta að því undanskildu að hún er með pottþétta fjarvistarsönnun. Sem og allir aðrir í þessum galdrahópi ykkar. Nema ef vera skyldi Dóri. Hans fjarvistarsönnun er sú tæpast. Það er alveg hugsanlegt að hann hefði getað skotist frá þessari Kaffibrennslu – drepið Harald og sest aftur að drykkju án þess að eftir yrði tekið.“

„Og náð aftur sama sætinu? Á Kaffibrennslunni á laugardagskvöldi? Ég held ekki,“ svaraði Hugi hæðnislega á móti.

„En þér dettur enginn annar í hug?“ spurði Þóra.

Hugi fyllti kinnarnar af lofti og blés því hægt út. „Kannski einhver úr háskólanum. Ég veit það ekki. Eða einhver frá Þýskalandi.“ Hann passaði sig að horfa ekki á Matthew þegar hann sagði þetta, eins og hann teldi Matthew ofurviðkvæman fyrir hönd landa sinna. „Ég veit að Harald var að halda upp á eitthvað þetta kvöld. Hann sagði mér það, hann vildi kaupa af mér dóp í tilefni dagsins eða eitthvað.“

„Eða eitthvað hvað?“ spurði Matthew höstugur. „Þú verður að vera skýrari. Hvað sagði hann nákvæmlega.“

Hugi setti upp þóttasvip. „Nákvæmlega? Ég man það ekkert nákvæmlega en það var eitthvað í sambandi við eitthvað sem hann hafði loksins fundið. Hann hrópaði eitthvað á þýsku og steytti hnefann. Svo tók hann utan um mig og kreisti mig hrikalega fast og sagði að ég yrði að redda sér ellu því hann væri svo djöfull hress og sig langaði að djamma almennilega.“

„Var það þá sem þið fóruð úr partíinu?“ spurði Þóra. „Eftir að hann kreisti þig og bað um ellu?“

„Já, fljótlega eftir það. Ég var orðinn rosalega ruglaður; ég hafði

bæði drukkið of mikið og gert mislukkaða tilraun til að stramma mig af með því að taka spítt. Alltof mikið. Við tókum allavega leigubíl heim til mín og ég man bara að ég fann engar ellur; ég var eiginlega út úr kortinu og hefði átt erfitt með að finna mjólk í ísskápnum. Ég man líka að Harald varð frekar pirraður út í mig og talaði um að þetta væri andskotans fýluferð. Ég man líka að ég lagðist í sófann því að það fór allt að hringsnúast fyrir augunum á mér.“

Þóra greip fram í fyrir Huga. „Sagðirðu að þú hefðir ekki látið hann hafa e-pillu?“

„Ég fann þær ekki,“ svaraði Hugi. „Ég var út úr kortinu, ég var að segja það.“

Þóra leit á Matthew en sagði ekki neitt. Í krufningarskýrslunni hafði komið fram að í blóði Haralds fannst virka efnið úr e-pillu svo að hann hafði á einhverju stigi náð sér í efnið. „Getur verið að hann hafi fengið sér fyrr um kvöldið? Eða þá fundið þær heima hjá þér þegar þú lognaðist útaf?“

„Hann var ekki búinn að taka neina ellu í partíinu; það er pottþétt. Hann var ekki þannig og ég þekki alveg áhrifin. Það er líka útilokað að hann hafi fundið þær heima hjá mér því að löggan gróf þær upp í geymslunni minni í kjallaranum þegar þeir gerðu húsleit. Ég hafði falið þær þar og ég var með lykilinn í vasanum. Harald hefði varla farið að leita í geymslunni; ég efast um að hann hafi vitað af henni einu sinni. Kannski hefur hann farið heim og náð sér í. Ég veit að hann átti nokkrar sem hann sagði að væru ekki nógu góðar. Af hverju spyrjið þið svona mikið um þetta?“

„Ertu viss um að Harald hafi ekki farið í vasann þinn og náð í lyklana? Kannski manstu ekki eftir því en þú gætir vel hafa munað þetta og sagt honum frá því?“ spurði Matthew. „Reyndu að muna þetta. Þú lást í sófanum og allt hringnerist og hvað svo?“

Hugi kreisti aftur augun og gerði greinilega sitt ítrasta til að rifja þetta upp. Skyndilega opnaði hann augun og leit hissa á þau. „Jú, ég man það. Reyndar sagði ég ekkert en Harald sagði eitthvað við mig. Hann beygði sig niður að mér og hvíslaði einhverju að mér; ég man að mig langaði svo til að svara honum og biðja hann að bíða eftir mér en ég gat það ekki.“

„Hvað? Hvað sagði hann?“ spurði Matthew óþolinmóður.

Hugi leit á þau efins á svip. „Ég er kannski bara að rugla en mig minnir að hann hafi sagt: *Sofðu rótt gæskur. Þú heldur upp á þetta með mér síðar. Ég kom til Íslands í leit að helvíti og gettu hvað? Ég er búinn að finna það.*“

14. kafli

„Láttu ekki eins og fífl.“ Marta Mist setti stút á varirnar og blés frá sér löngum reyklarstróki. Hún sló öskuna af hálfreyktri sígarettunni en drap svo í henni, búin að fá nóg. „Þú gerir bara illt verra og skalt ekki ímynda þér að nokkrum manni sé greiði gerður með þessu.“ Hún horfði ergileg með grænum möndlulaga augunum á unga manninn sem sat, eða réttara sagt húkti, á stól hinum megin við borðið. Hann galt augnaráðið í sömu mynt en sagði ekkert. Marta Mist rétti úr sér og renndi grönnum fingrunum gegnum liðað rautt hárið. „Góði, vertu ekki að horfa svona á mig. Þú komst okkur í þetta og þú skalt ekki láta þig dreyma um að gerast núna allt í einu einhver fyrirmyndarborgari sem samviskan nagar.“ Sér til stuðnings leit hún á vinkonu sína sem sat við hliðina á henni. Ungu ljóshærða stúlkan lét sér nægja að kinka kolla stóreygð. Hún var snöggklippt og stráksleg til fara en samt hefði enginn tekið hana í misgripum fyrir karlmann. Hún var smáfríð og fingerð að þrýstnum barminum undanskildum. Aftan frá séð hefði hún getað verið barn þar sem hún sat við hlið hinnar hávöxnu Mörtu Mistar sem hafði ekki sagt sitt síðasta orð. „Þetta er svo ekta karlakjafaæði að ég gæti gubbað. Guggna þegar á hólminn er komið.“ Hún hallaði sér aftur í stólnum ánægð með sjálfa sig. Vinkona hennar þorði á hvorugt þeirra að líta en einbeitti sér að gosinu sínu.

„Í guðanna bænum,“ svaraði Dóri og þóttist stinga puttanum ofan í kok. „Hvernig væri að þú slepptir því einu sinni að endurtaka þessa helvítis tuggu.“ Pírringurinn skein úr andliti hans og þegar hann starði á Mörtu Mist lyftist efri vörin á honum ósjálfrátt aðeins svo að skein í hvítar tennurnar. Hann leit af henni og fékk sér smók. Þegar hann blés frá sér hafði honum aðeins runnið reiðin og hann bætti við í örlítið rólegri tón: „Þú ættir hins vegar að fagna því að ég færi til lög-

reglunnar. Heldurðu að það yrði ekki dásamlegt í kvennafangelsinu? Ekkert nema konur.“ Hann brosti hæðnislega til hennar.

Marta Mist svaraði í sömu mynt. „Við getum þá hringst á og skipst á gleðisögum. Þú verður örugglega vinsæll á Hrauninu, krúttið mitt, svona líka sætur strákur.“ Hún endurgalt hæðnisbrosið.

„Æi, hættiði þessu,“ sagði Bríet loksins. Hin svöruðu engu og litu einungis hissa á hana svo að hún tók aftur til við að rýna ofan í glasið sitt, nú rjóð í kinnnum. Síðan heyrðist hún muldra ofan í barminn á sér: „Ég hef engan áhuga á því að fara í kvennafangelsið og ég vil heldur ekki að þú farir á Litla-Hraun.“ Hún leit upp og beindi sjónum sínum að Dóra. „Ég er skíthrædd út af þessu.“

Dóri brosti innilega til hennar. Honum þótti vænt um hana, í raun mun meira en það, hann áttaði sig á því að hann var eflaust mjög hrifinn af henni – þótt hann hefði ekki enn gert sér ljóst hvort það væri eitthvað meira en kynferðislegt. „Það fer enginn í fangelsi.“ Hann leit á Mörtu Mist. „Sérðu hvað þú ert búin að gera; hræða Bríeti upp úr skónum með þessu kjaftæði.“

Marta Mist setti upp hneykslunarsvip. „Ég? Halló! Þú byrjaðir að tala um fangelsi – ekki ég.“ Hún leit á Bríeti, ranghvolfdi í sér augunum og stundi. „Hverjum datt eiginlega í hug að koma hingað?“

Þau voru stödd á Hótel 101 við Hverfisgötu, sátu í arinstofunni fyrir framan barinn þar sem reykingar voru leyfðar. Þetta var staður sem hafði verið í miklu uppáhaldi hjá vini þeirra Harald og þau sóttu hann stíft á meðan hann svo til stýrði þessum undarlega vinahópi. Við það að missa hann úr sínum röðum var eins og staðurinn hefði glatað ákveðnum sjarma.

Dóri laut höfði og hristi það ringlaður. „Í guðanna bænum, Marta. Ég er að fara yfir um. Getum við ekki talað saman eins og vinir? Ég hélt að þú myndir geta hjálpað mér. Mér finnst hræðilegt að Hugi skuli sitja inni. Þú hlýtur að skilja það.“ Hann leit upp án þess að horfa í augun á henni og teygði sig eftir sígarettupakka sem lá á borðinu miðju. „Svo er ég að brjálást á þessum snáki. Hvenær í fjandanum er jarðarförin eiginlega?“

Bríet leit áhyggjufull á Mörtu og það var bersýnilegt að hún vonaðist til að vinkona hennar tæki nýjan pól í hæðina. Henni varð að þeirri

ósk. Marta Mist andvarpaði djúpt en lét af þóttanum sem hafði einkennt fas hennar frá því að þau hittust þarna fyrir kortéri. „Æi, Dóri.“ Hún teygði sig yfir borðið og greip um höku hans, þvingaði hann með því til að horfast í augu við sig. „Erum við ekki vinir?“ Hann kinkaði kolti aumlega. „Hlustaðu þá á mig. Ef þú ferð að blanda þér í málið ertu ekki að hjálpa Huga.“ Hann horfði á hana einbeittur og hún hélt rólega áfram. „Hugsaðu málið. Ekkert af því sem er að þjaka þig breytir stöðu hans. Það eina sem fæst með þessu er það að við flækjumst í málið. Þetta gerðist löngu eftir að hann var drepinn. Löggan hefur engan áhuga á því. Þeir eru að spá í dánarstundina. Ekkert annað.“ Hún brosti til hans. „Jarðarförin hlýtur að verða fljótlega og þá ertu laus allra mála.“ Dóri leit undan og hún varð að ýta höfði hans upp til að fá hann til að horfa á sig áður en hún hélt áfram. „Ég drap hann ekki, Dóri. Ég ætla ekki að fórna mér á altari einhvers samviskubits hjá þér. Þetta með að fara til lögreglunnar er versta hugmynd sem þú hefur nokkru sinni fengið. Um leið og þú nefnir dóp og vímu erum við í djúpum skít. Skilurðu?“

Dóri horfði djúpt í augu hennar og kinkaði kolti. „En kannski...“

Hann fékk ekki tækifæri til þess að ljúka setningunni. Marta Mist sussaði á hann. „Ekkert kannski neitt. Hlustaðu nú á mig. Þú ert klár strákur, Dóri. Heldur þú að læknadeildin taki þér fagnandi með dóporðspor, þó ekki væri annað?“ Hún hristi höfuðið, leit svo af Dóra á Bríeti sem starði hugfangin á það sem fram fór, tilbúin til þess að vera sammála síðasta ræðumanni eins og vanalega. Marta Mist sneri sér aftur að Dóra og sagði mjög rólega: „Ekki láta eins og smákrakki. Eins og ég segi, löggan hefur bara áhuga á því hver drap Harald. Engu öðru.“ Hún lagði mikla áherslu á síðustu orð sín og endurtók þau til öryggis. „Engu öðru.“

Dóri var sem dáleiddur. Hann starði beint fram fyrir sig í græn augun sem horfðu á hann undan hringskreyttum augabrúnum og hvikuðu hvergi. Hann kinkaði svo nett kolti, höndin á Mörtu Mist hélt enn við höku hans og gerði honum ókleift að gera það af miklum krafti. Þetta var einmitt ástæðan fyrir því að hann hafði sagst ætla til lögreglunnar – hann vissi að henni tækist að telja honum hughvarf. Hann bægði þessari hugsun frá sér. „Ókei, ókei.“

„O, frábært,“ muldraði Bríet og brosti til Dóra. Henni var augljóslega létt og hún greip þéttingsfast í upphandlegg Mörtu af ánægju. Það var ekki að sjá á Mörtu Mist að hún hefði orðið vör við það – at-
hygli hennar hvikaði ekki af Dóra og hún hélt áfram höku hans í hendi sér.

„Hvað er klukkan?“ spurði hún svo án þess að sleppa takinu.

Bríet flýtti sér að veiða bleikan farsíma upp úr tösku sem hékk á baki stólsins hennar. Hún tók hann úr lás og tilkynnti: „Hún er að verða hálf tvö.“

„Hvað ertu að gera í kvöld?“ spurði Marta Dóra. Rödd hennar gaf lítið til kynna en augnaráðið ýmislegt.

„Ekkert,“ var stutt svarið.

„Komdu til mín – ég er heldur ekki með nein plön,“ svaraði Marta. „Það er langt síðan við höfum verið eitthvað saman og ég sé að þú hefur gott af smáfélagsskap.“ Hún dró síðasta orðið á langinn.

Bríet iðaði vandræðaleg í stólnum. „Ættum við að fara í bíó?“ Hún horfði vongóð á Mörtu sem leit ekki við henni. Bríet fann hvernig stigið var þéttingsfast ofan á ristina á henni og þegar hún leit niður sá hún hvar leðurstígvél Mörtu huldi algerlega nettan skó hennar. Hún roðnaði, skildi að nærveru hennar væri ekki óskað um kvöldið.

„Viltu fara í bíó,“ spurði Marta Dóra. „Eða viltu kíkja til mín í meiri rólegheit?“ Hún hallaði undir flatt.

Dóri kinkaði kolli.

Marta brosti. „Hvort? Þetta er ekkert svar.“

„Til þín.“ Röddin í Dóra var rúm og þung. Engum úr þrenningunni duldist hvað stóð til.

„Ég hlakka til.“ Marta sleppti höku Dóra og smellti saman höndum. Hún veifaði til þjónsins sem átti leið hjá og bað um reikninginn. Dóri og Bríet sögðu ekkert. Henni var á vissan hátt misboðið. Og hann hafði ekkert frekar að segja. Hann veiddi þúsundkall upp úr vasanum, lagði á borðið og stóð upp.

„Ég er orðinn of seinn í tíma. Ég sé ykkur.“ Hann gekk í burtu og þær sneru sér báðar við til að horfa á eftir honum.

Þegar hann var farinn sneri Marta sér við og sagði: „Hann er með djöfull flottan rass, drengurinn. Hann ætti að yfirgefa okkur oftar.“

Hún leit á vinkonu sína sem horfði særð á hana. „Í guðanna bænum. Farðu nú ekki í fylu. Hann er voðalega tæpur í augnablikinu og það er of mikið í húfi.“ Hún sló í upphandlegg Bríetar. „Hann er hrifinn af þér, þetta breytir því ekkert.“

Bríet setti upp veiklulegt bros. „Nei, kannski ekki. Mér sýndist hann nú samt vera afskaplega ánægður með þig.“

„Góða. Það hefur ekkert með hrifningu að gera. Þú ert sú sem menn hrífast af. Ég – tja ... ég er góð í rúminu.“ Hún stóð upp og horfði kaldranalega á Bríeti. „Veistu af hverju?“ Ekkert svar. „Ég nýt augnabliksins. Þú gætir reynt það líka. Hættu að vilja láta bjarga þér út í eitt – njóttu lífsins.“

Bríet fálmaði eftir veskinu sínu. Við þessu átti hún ekkert svar. Hún sem hafði tekið þátt í alls kyns uppátækjum með þessum hópi – hún roðnaði við tilhugsunina eina saman. Var það ekki að njóta lífsins? Hafði hún á einhvern hátt gefið í skyn að hún vildi láta bjarga sér? Hvaða kjaftæði var nú það? Þegar þær gengu út huggaði hún sig við að strákarnir sóttu í hana. Ekki Mörtu. Það var samt of mikið í húfi til þess að stuða hana með einhverjum yfirlýsingum og samanburði á kvenkostum þeirra tveggja. Marta var fljótt á litið nefnilega nokkurs konar kvenkyns Harald. Hún hafði stjórn á Dóra. Bríet vildi ekki fara í kvennafangelsið. Nei takk – skítt með Dóra. Hún gæti vel náð í hann síðar. Bríet rétti úr bakinu þannig að brjóstin á henni urðu enn meira áberandi. Þegar þær gengu í áttina að dyrunum naut hún þess að jakkafatakarlarnir þrír sem setið höfðu við gluggann góndu á hana – ekki Mörtu. Bríet brosti með sjálfri sér. Oft voru litlu sigrarnir sætastir.

15. kafli

„Ekkert,“ sagði Þóra og leit svekkt af tölvuskjánum á Matthew. Þau höfðu komið við á skrifstofu hennar eftir heimsóknina til Huga, meðal annars til þess að kanna hvort svar hefði borist við tölvuskeyti hennar til hins óþekkta „Mal“.

Matthew yppti öxlum. „Hver veit? Kannski kemur aldrei svar.“

Þóra átti erfitt með að gefast jafnaðveldlega upp og Matthew. „En kannski er Harald með einhverjar upplýsingar um hann í tölvunni sinni?“

Matthew lyfti augabrúnum. „Ert þú með upplýsingar um vini þína í þinni tölvu?“

„Æi, þú veist hvað ég á við, svona skrá í tölvupóstinum yfir þá sem maður á helst samskipti við.“

Matthew yppti öxlum að nýju. „Já, ég veit alveg hvernig skrá þú átt við. Kannski hefur Harald haldið eina slíka. Það er aldrei að vita.“

Þóra sneri skjánum aftur á sinn stað. „Hvernig væri ef þú hringdir snöggvast í lögregluna og spyrðist fyrir um tölvuna hans Haralds?“ Hún leit á klukkuna á skjánum. „Klukkan er ekki nema rétt rúmlega tvö svo að skrifstofan er opin.“ Bréfið um afhendingu málgagnanna hafði verið horfið úr bakkanum hjá Bellu um morguninn svo að allt útlit var fyrir að það hefði farið í póst daginn áður. Það væri því væntanlega komið í hús en alls óvíst hvort búið væri að afgreiða beiðnina. Skynsamlegast væri að bíða í einn eða tvo daga með að hringja og afgreiða þetta tvennt í einu, tölvuna og gögnin. Þóra bægði samt skynseminni frá sér og leyfði óþolinmæðinni að taka völdin. Henni fannst fátt annað í stöðunni. Hún hafði leitað uppi farsímanúmer vina Haralds í símaskránni á netinu og tekist að finna númer fyrir Mörtu Mist, Bríeti og Brján. Öll höfðu þau neitað að tala við hana þegar hún náði í gegn – Bríet hálfmóðursýkislega – og bent á að þau væru búin að gefa

skýrslu hjá lögreglunni. Þóra og Matthew höfðu því úr litlu að móða í augnablikinu. „Hringdu,“ suðaði hún.

Matthew lét undan og í ljós kom að þeim var frjálst að sækja tölvuna til lögreglunnar. Lögreglumaður að nafni Markús Helgason myndi taka á móti þeim.

Á lögreglustöðinni heilsaði Markús þessi Þóru á íslensku en beindi svo orðum sínum að Matthew og sagði á ensku með sterkum íslenskum hreim: „Við höfum nú hist í tvígang, við húsleitina og svo þegar þú komst til að hitta yfirmann minn, hann Árna Bjarnason.“ Lögreglumaðurinn brosti vandræðalega. „Þið smulluð ekki beinlínis saman svo að það var ákveðið að ég tæki á móti ykkur nú. Ég vona að þið hafið ekkert á móti því.“

Þetta var yngri maður, íklæddur ljósblárri lögregluskyrtu og svörtum lögreglubuxum. Hann var frekar lágvaxinn, enda langt síðan fallið var frá kröfum um lágmarkshæð lögreglumanna. Að öðru leyti var Markús afskaplega venjulegur útlits, hvorki myndarlegur né ljótur, skólhærður með gráleit augu sem drógu ekki að sér athygli. Hann brosti þegar hann tók í höndina á þeim og við það gjörbreyttist fyrri dómur Þóru um útlit hans. Hann var með feikilega fallegar hvítar tennur og Þóra vonaði hans vegna að hann hefði ávallt nægar ástæður til þess að gleðjast.

Matthew og Þóra fullvissuðu hann um að þeim væri ekkert á móti skapi að fá ekki að hitta yfirmanninn og ungi lögreglumaðurinn tók feginn aftur til máls. „Mér þætti gott ef þið gætuð rætt við mig í smástund. Okkur skilst að þið séuð að kynna ykkur málavöxtu kringum morðið og þar sem okkar rannsókn er ekki formlega lokið væri eðlilegast ef við næðum aðeins að spjalla.“ Hann hikaði aðeins en bætti svo vandræðalega við: „Það er verið að ganga frá tölvunni ofan í kassa og nokkrum skjölum sem við áttum eftir að skila. Þið þurfið því hvort eð er að hinkra aðeins við. Við getum sest inn á skrifstofu til mín.“

Þóra skáskaut augunum til Matthews sem gaf til kynna með nettri axlarhreyfingu að hann hefði ekkert á móti þessu samtali. Hún vissi

vel að þetta með tölvuna og kassann var hreinn fyrirsjáttur – það tæki einhentan mann um það bil þrjár mínútur að inna það verk af hendi. Hún lét það ekki í ljós, brosti bara málamyndabrosi og sagði að það væri í góðu lagi. Lögreglumanninum var sýnilega létt og vísaði þeim inn á skrifstofu til sín.

Þar var ekkert af persónulegum munum fyrir utan kaffikönnu með merki Manchester United. Lögreglumaðurinn bauð Þóru og Matthew að setjast og beið sjálfur með að koma sér fyrir þar til þau höfðu sest. Enginn sagði neitt meðan á þessum tilfæringum stóð og þögnin var orðin vandræðaleg loksins þegar allir voru búnir að koma sér fyrir.

„Jæja, þið segið það,“ sagði lögreglumaðurinn með uppgerðar hressleika í röddinni. Þóra og Matthew brostu bara en sögðu hvorugt neitt. Þóra vildi að lögreglumaðurinn ýtti samræðunum úr vör og samanbitnar varir Matthews gáfu til kynna að hann væri sama sinnis. Lögreglumaðurinn kom sér að efninu. „Okkur skilst að þið hafið verið á Litla-Hrauni í morgun og hitt hann Huga Þórisson.“

„Jú, það passar,“ sagði Þóra stutturð.

„Einmitt,“ svaraði lögreglumaðurinn. „Hvað kom út úr því?“ Hann horfði vongóður á þau til skiptis. „Það er heldur undarleg staða að tilkynna sig sem forsvarsmenn aðstandenda eins og þið gerið hér sem og aðstoðarfólk þess sem grunaður er – sem mér skilst að þið hafið gert í morgun fyrir austan.“

Þóra leit á Matthew sem bandaði til hennar uppréttum lófa til marks um að hún skyldi svara. „Eigum við ekki bara að orða það svo að aðstæður eru undarlegar og óhefðbundnar og við bregðumst hreinlega við í samræmi við það. Það er engu að síður ljóst að við erum fyrst og fremst að störfum fyrir fjölskyldu Haralds, hagsmunir Huga Þórissonar fara einfaldlega saman við hagsmuni þeirra.“ Hún gerði smáhlé á máli sínu til þess að leyfa lögreglumanninum að hreyfa mótbárum sem hann gerði ekki. Hún hélt því áfram. „Við erum alls ekki sannfærð um að hann sé sekur. Ef eitthvað þá renndi samtal okkar við hann í morgun styrkari stoðum undir þá skoðun okkar.“

Lögreglumaðurinn lyfti augabrúnum hissa. „Ég verð nú að játa að ég skil ekki alveg hvers vegna þið eruð svona viss í ykkar sök. Allt sem okkar rannsókn hefur leitt í ljós bendir til hins gagnstæða.“

„Okkur finnst svo mörgum spurningum ósvarað; ætli það sé ekki helsta ástæðan,“ svaraði Þóra.

Lögreglumaðurinn kinkaði kolli og virtist sammála því. „Það er raunar alveg rétt en sem ég segi, rannsókn okkar er ekki endanlega lokið. Hins vegar kæmi það mér verulega á óvart ef eitthvað ætti eftir að koma í ljós sem kollvarpaði þeirri kenningu að Hugi Þórisson hafi myrt Harald.“ Hann rétti fram útglennta fingur annarrar handar og taldi niður með því að grípa um hvern fingurinn á fætur öðrum. „Í fyrsta lagi var hann með hinum látna rétt áður en morðið var framíð. Í öðru lagi fannst blóð úr Harald í fötunum sem hann var í umrætt kvöld. Í þriðja lagi fundum við bol, falinn inni í skáp hjá honum sem hafði verið notaður til þess að þurrka upp umtalsvert magn af blóði – og það reyndist einnig úr hinum látna. Í fjórða lagi var hann meðlimur í þessu kuklfélagi hins myrta og því kunnugur galdrastöfum eins og þeim sem ristur var á líkið. Og svo í fimmta lagi var hann nægilega út úr heiminum vegna eiturlyfja þetta kvöld til þess að geta skorið augun úr líkinu. Trúið mér – það gerir enginn slíkt með fullri rænu. Hann stundaði eiturlyfjasölu og hugði væntanlega á innflutning. Hinn myrti átti næga peninga til að fjármagna slíkt og úr sjóðum hans hvarf væn summa stuttu áður en morðið var framíð. Sporlaust. Það gerist ekki þegar um hefðbundin viðskipti er að ræða. Það er alltaf hægt að rekja slíkt með einum eða öðrum hætti.“ Lögreglumaðurinn horfði á hendur sínar. Hann hélt utan um alla fingur vinstri handar með þeirri hægri. „Ég get svarið það – oftast en ekki duga mun færri atriði til þess að sakfella menn. Það eina sem okkur skortir er játning sem ég viðurkenni fúslega að væri oftast komin fram undir svipuðum kringumstæðum.“

Þóra reyndi að láta á engu bera. Þetta með blóðið í fötum Huga kom henni í opna skjöldu. Hvergi hafði hún rekist á neitt um það í lögregluskýrslunum né í öðrum af þeim málgögnum sem hún hafði undir höndum. Hún flýtti sér að taka til máls svo að lögreglumaðurinn yrði þess ekki áskynja að hann hefði raskað ró hennar. „Er það ekki áhyggjuefni að hann skuli ekki hafa játað morðið á sig?“

Lögreglumaðurinn leit á hana hreinskilnislega. „Nei, alls ekki. Veistu af hverju?“ Hann hélt áfram þegar Þóra gerði sig ekki líklega til

þess að svara honum. „Hann man ekki eftir þessu. Hann heldur fyrir vikið í þá von að hann hafi ekki gert þetta. Af hverju ætti hann að játa á sig verknað sem hann rekur ekki minni til þegar jafnmikið er í húfi? Ég bara spyr.“

„Hvernig skýrið þið flutninginn á líkinu upp í háskóla?“ spurði Matthew. „Varla hefur þessi eiturfjaskali haft aðgang að húsakynnum hans. Þetta var um helgi og allt væntanlega læst.“

„Hann stal lykli Haralds. Mjög einfalt. Við fundum lyklakippu á líkinu – á henni var meðal annars lykill eða réttara sagt svona aðgangslýkill því þarna er þjófavarnarkerfi. Úr því kerfi var hægt að sjá að lykhillinn var notaður til þess að fara þangað inn rétt eftir morðið.“

Matthew ræksti sig. „Hvað meinarðu rétt eftir morðið? Gæti það ekki eins hafa verið rétt fyrir morðið? Tímasetningar í þessu sambandi eru nú ekki það nákvæmar.“

„Raunar ekki, en það er nú sama,“ svaraði lögreglumaðurinn þurrari á manninn en fyrr.

Matthew hélt áfram – ekki alveg tilbúinn til að sleppa honum svo auðveldlega. „Gefum okkur það að Hugi hafi rænt lyklinum og flutt líkið frá heimili sínu sem raunar er þarna í nágrenninu, að háskóla-byggingunni. Hvernig teljið þið þann flutning hafa átt sér stað? Lík af fullvaxta karlmanni er ekki eitthvað sem þú setur í vasann – né tekur það með þér í leigubíl.“

Nú brosti lögreglumaðurinn. „Hann flutti líkið á hjólinu sínu. Það fannst fyrir utan Árnagarð og ekki nóg með það heldur var lífsýni af Harald að finna á því. Það fannst blóð úr honum á stýrinu. Sem betur fer hafði því verið kastað til hliðar undir skyggni svo að það snjóaði ekki á það.“

Matthew sagði ekkert svo að Þóra tók til máls. „Hvernig vitið þið að Hugi átti þetta hjól?“ Hún flýtti sér að bæta við: „Og þó svo væri, hvernig er vitað að það var skilið eftir umrædda nótt?“

Lögreglumaðurinn brosti af enn meiri ánægju en fyrr. „Hjólinu var kastað að ruslatunnugeymslunni og lá upp að hurðinni að henni. Ruslið var tæmt á föstudeginum og starfsmönnum sorphreinsunardeildar hverfisins ber saman um að ekkert hjól hafi verið fyrir þeim á þeim tíma. Hugi sjálfur hefur borið kennsl á hjólið og viðurkennt að

það hafi legið ósnert í hjólageymslu blokkarinnar sem hann bjó í á laugardeginum – eins ber kona úr húsinu að hjólið hafi verið á sínum stað þegar hún sótti kerru í geymsluna um kvöldmatarleytið en þá fór hún út í búð með barnið sitt.“

„Hvernig í ósköpunum man vitni eftir hvaða hjól var til staðar og hvað ekki? Ég hef nú búið í blokk og tel mig á þeim tíma varla hafa verið til frásagnar um það sem er í hjólageymslunni þótt ég hafi oft farið þar um,“ sagði Þóra.

„Hjólið var áberandi enda notaði Hugi það mikið. Vetur, sumar, vor og haust. Hann var próflaus og átti því ekki um marga kosti að velja. Hann var ekki sá allra tillitssamasti þegar kom að því að ganga frá því inni í geymslunni – umrædda helgi hafði hann lagt það utan í kerru þessarar konu. Hún man því vel eftir því þar sem hún varð að færa það til þess að losa kerruna sína.“

Matthew ræskti sig. „Ef Hugi rændi lyklinum og lykillinn var úr þjófavarnarkerfi þá geri ég ráð fyrir að honum hafi fylgt kóði eða aðgangsnúmer. Hvernig gat Hugi sér til um það?“

„Þetta er einmitt ein af þeim spurningum sem við stóðum frammi fyrir upphaflega og við létum kanna það mál,“ svaraði lögreglumaðurinn. „Við yfirheyrslur yfir vinum Haralds kom fram að hann virðist hafa sagt þeim öllum frá því.“

Þóra leit á hann vantrúuð. „Hver á nú að trúá því? Til hvers í ósköpunum myndi hann gera það?“

„Mér skilst að honum hafi þótt númerið skondið. Honum var nefnilega úthlutað aðgangsnúmerinu 0666 en sú tala virðist hafa höfðað sérstaklega til hans í ljósi einhverrar einkennilegrar djöflaáráttu.“

„Þetta var raunar galdraárátta, hefur ekkert með djöfulinn að gera,“ sagði Matthew. Hann skipti svo snarlega um umræðuefni til að fyrirbyggja langar umræður um eðli galdra. „Eitt gætir þú kannski sagt okkur. Við rákumst á útprentun úr tölvupósti Haralds, stutt skeyti sem hann hafði sent einhverjum „Mal“. Funduð þið eitthvað út úr því?“

Lögreglumaðurinn leit á hann skilningsvana. „Ég verð nú að játa að ég man ekki eftir þessu. Við fórum yfir svoddan helling af skjölum. Ef þið viljið get ég flett því upp og látið ykkur vita.“

Þóra lýsti póstinum fyrir honum í grófum dráttum þótt hún teldi að það væri lítið á lögreglunni að græða í þessu sambandi. Lögreglumaðurinn hlyti að muna eftir þessu ef eitthvað hefði komið út úr því. Hann lofaði hins vegar að kanna hvort eitthvað hefði verið gert í því að hafa upp á viðtakandanum þó að hann vildi lítið gera úr mikilvægi þess sem Harald taldi sig hafa loks fundið. „Hann hefur eflaust átt við einhverja stúlku sem hann var á höttunum eftir eða eitthvað ámóta,“ sagði hann. „En að öðru, ætlið þið að halda þessu áfram mikið lengur?“ Hann leit til skiptis á Þóru og Matthew.

„Eins lengi og við teljum þurfa,“ sagði Matthew óræður á svip. „Ég er enn ekki sannfærður um að rétti maðurinn sé í haldi – þrátt fyrir það sem hefur komið fram hjá þér. Ég gæti auðvitað haft rangt fyrir mér.“

Lögreglumaðurinn brosti dræmt. „Við værum ykkur þakklátir ef þið leyfðuð okkur að fylgjast eitthvað með ykkur þar sem rannsókn er enn í gangi. Við viljum síður vera að stofna til einhverra árekstra og betra ef um samvinnu væri að ræða.“

Þóra notaði tækifærið. „Við höfum fengið hluta af málsskjölum en alls ekki öll. Ég sendi ykkur bréf sem barst væntanlega í morgun þar sem farið er fram á að fá öll gögn afhent fyrir hönd aðstandanda – sérðu eitthvað því til fyrirstöðu?“

Lögreglumaðurinn yppti öxlum. „Í sjálfu sér ekki; það er samt ekki mín ákvörðun. Það er ekki vanalegt að farið sé fram á slíkt en ég geri engu að síður ráð fyrir að því verði vel tekið. Það gæti tekið einhvern tíma að tína þetta til. Við reynum að sjálfsögðu ...“ Hann komst ekki lengra því að bankað var á hurðina. „Kom inn,“ kallaði hann og dyrnar opnuðust. Í gættinni stóð ung lögreglukona með pappakassa í fanginu. Upp úr honum gægðist svört borðtölva.

„Hér er tölvan sem þú baðst um,“ sagði unga konan og gekk inn. Hún lagði kassann á skrifborðið og veiddi upp úr honum skjal í glærum plastvasa. „Skjárinn er niðri í móttökunni; hann er að koma beint úr geymslunni þar sem við þurftum hann ekkert í sjálfu sér. Eiginlega alger vitleysa að vera að taka hann með,“ sagði hún keik við lögreglumanninn. „Það þyrfti kannski að benda þeim á það sem fara í svona húsleitir að þótt skjöl og annað séu geymd á skjánum þá eru þau ekki

í skjánum í bókstaflegri merkingu. Þetta er allt í tölvunni og hægt að nota hvaða skjá sem er.“ Hún bankaði nett ofan á tölvuna.

Lögreglumaðurinn virtist ekkert alltof ánægður með ungu konuna og að hún væri að setja ofan í við sig fyrir framan Þóru og Matthew. Hann sendi henni illt auga. „Takk fyrir þær upplýsingar.“ Hann tók af henni plastvasann og veiddi skjalið upp úr honum. „Gætir þú kvittað hérna fyrir móttökunni,“ sagði hann við Matthew. „Restina af skjölunum sem tekin voru er einnig að finna þarna.“

„Hvaða skjöl eru það?“ spurði Þóra. „Af hverju var þeim ekki skilað með hinu?“

„Þetta voru plögg sem við töldum rétt að skoða betur, einhver samtíningur. Reyndar kom ekkert út úr því. Ég veit ekki hvort þið finnið eitthvað bitastætt þarna en ég efa það.“ Hann stóð upp og gaf þar með til kynna að samtalinu væri lokið.

Þóra og Matthew risu úr sætum sínum og Matthew tók kassann í fangið eftir að hafa kvittað fyrir móttökunni. „Ekki gleyma skjánum,“ sagði lögreglukonan og brosti til Þóru. Þóra endurgalt brosið og fullvissaði hana um að þau tækju hann með.

Þau gengu að bílnum, Þóra með skjáinn í fanginu og Matthew með kassann. Þóra kippti skjalabunkanum með sér áður en hún settist í framsætið. Hún blaðaði lauslega í gegnum hann á meðan Matthew ræsti bílinn.

„Hvað í fjandanum er nú þetta?“ sagði hún í forundran og leit á Matthew.

16. kafli

Þóra hélt á hulstri úr rauðbrúnu leðri sem hún hafði veitt upp úr bunkanum miðjum. Hulstrið hafði verið bundið aftur með áföstum reimum sem hún hafði losað til að kanna innihaldið. Leðrið var enn hanskamjúkt viðkomu þótt það væri líklega gamalt. Það var að minnsta kosti frá því fyrir um sextíu árum, ef eitthvað var að marka áletrun sem þrykkar var í það, „NHG 1947“. Það var samt innihaldið frekar en hulstrið sjálft sem vakti undrun hennar. „Hvað er þetta eiginlega?“ spurði hún og leit hissa á Matthew. Hún benti á gömul bréf sem komu í ljós þegar hulstrið var opnað, forn bréf réttara sagt, því af útliti og stafagerð að dæma voru bréfin miklu eldri en umbúðirnar.

Matthew horfði furðu lostinn á hulstrið. „Var þetta í bunkanum úr kassanum?“

„Já,“ svaraði Þóra og fletti lauslega með fingurgómunum í gegnum efri hluta bréfanna til að kanna hvað þau væru mörg. Henni krossbrá þegar Matthew gólaði eitthvað óskiljanlegt og hrifsaði af henni hulstrið.

„Ertu brjáluð, manneskja?“ spurði hann taugaveiklaður, lokaði hulstrinu og batt þvenginn fyrir í snarheitum. Það gekk þó hálfbrösuglega vegna stýrisins og þrengslanna í framsætinu.

Þóra vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið og fylgdist því bara hljóð með aðförunum. Þegar Matthew hafði lokað hulstrinu lagði hann það varlega í aftursætið. Hann fór svo úr vetrarjakkanum og lagði ofan á hulstrið þannig að fóðrið lá að því en ekki rakt ytra byrðið. „Ættum við ekki að færa bílinn?“ spurði Þóra til að rjúfa þögnina. Hann stóð hálfur út úr stæðinu og skagaði út í götuna.

Matthew greip um stýrið með báðum höndum og blés frá sér. „Fyrirgefðu æsinginn. Ég bjóst bara ekki við að sjá þessi skjöl hér, í ómerkilegum pappakassa frá lögreglunni.“ Hann kom sér út á götuna og ók af stað.

„Hvað er þetta, ef mér leyfist að spyrja?“ spurði Þóra.

„Þetta eru eldgömul bréf úr safni afa Haralds, meðal dýrmætari hluta þess. Bréfin eru í raun ómetanleg og algerlega óskiljanlegt að Harald skyldi flytja þau hingað til Íslands. Ég er sannfærður um að tryggingafélagið stendur í þeirri trú að þau séu enn í geymslum bankans eins og um var samið.“ Matthew hagræddi baksýnisspeglinum til að geta fylgst með dýrmætum farminum. „Aðalsmaður frá Innsbruck skrifaði þau árið 1485. Bréfin fjalla um herferð Heinrichs Kramer gegn nornum í borginni, áður en nornaveiðar urðu jafnútbreiddar og síðar varð.“

„Hver var Heinrich Kramer aftur?“ Þóra vissi að hún ætti að kannast við nafnið en gat engan veginn komið því fyrir sig.

„Annar höfunda Nornahamarsins sem var nokkurs konar handbók nornaveiðimanna,“ svaraði Matthew. „Hann var yfirdómari rannsóknarréttarins á svæðunum sem flest tilheyra núna Þýskalandi – án efa algerlega verptur persónuleiki, meðal annars hafði hann sérstakt horn í síðu kvenna. Auk þess að eltast við ímyndaðar nornir tók hann þátt í ofsóknum gegn gyðingum og guðlöstum og eiginlega flestum þeim hópum sem lágu vel við höggi.“

Þóra mundi eftir samantektinni af netinu. „Já, alveg rétt.“ Svo bætti hún við hissa: „Er fjallað um hann í þessum bréfum?“

„Já,“ svaraði Matthew. „Hann kom til Innsbruck. Sá. En sigraði aftur á móti engan veginn. Hann fór reyndar vel af stað – hóf rannsókn þar sem beitt var ótakmörkuðu ofbeldi og pyntingum, auk þess sem grunaðir, einar fimmtíu og sjö konur, fengu enga réttargæslu. Þetta féll ekki í kramið þegar að réttarhöldunum kom, hvorki hjá kirkjunnar mönnum á svæðinu né veraldlegum yfirvöldum. Kramer fór svo hressilega yfir strikið þegar hann velti sér upp úr kynferðislegum athöfnum þessara svokölluðu norna að biskupnum ofbauð og rak hann á endanum úr borginni. Konunum sem hann hafði haft í haldi var sleppt í kjölfarið en þá voru þær í æði misjöfnu ástandi eftir viðvarandi pyntingar. Bréfin fjalla um meðferð hans á konu bréfritarans. Eins og gefur að skilja er þetta engin skemmtilesning.“

„Hverjum var hann eiginlega að skrifa?“ spurði Þóra.

„Öll bréfin eru stíluð á biskupinn af Brixen, Georg II. Gosler. Sama

biskup og á endanum lét reka Kramer úr borginni. Ég er ekki frá því að bréfin hafi átt sinn hlut í því.“

„Hvernig komst afi Haralds yfir þau?“

Matthew yppti öxlum. „Það var ýmislegt falt á eftirstríðsárunum í Þýskalandi. Guntlieb-fjölskyldan hafði komið eignum sínum þannig fyrir að bankinn beið ekki skaða af gengisfellingunni á markinu sem rúði flesta inn að skinni í kjölfar stríðsins. Þetta er ekki hefðbundinn banki – almenningur leggur ekki þarna inn og hefur aldrei gert. Að mörgu leyti er það afa Haralds að þakka að hans helstu viðskiptavinir urðu ekki eignalausir á þessum tíma. Hann var nógu fljótur að sjá hvert stefndi – gat því flutt fjármuni til án þess að eftir væri tekið. Hann var því í nokkuð góðri stöðu til að sölsa undir sig hitt og þetta þegar fór að sverfa að í efnahagslífinu.“

„En hver átti bréfin til að selja þau? Bréf frá fimmtándu öld eru ekki eitthvað sem fólk geymir til mögru árána og vippar fram þegar rýkur úr rústunum í kringum það.“

Matthew setti upp spurnarsvip. „Ég hef ekki hugmynd. Þessi bréf eru ekki neins staðar til skráð eða til um þau nokkrar heimildir – gætu þess vegna verið fölsuð. Mjög vel fölsuð raunar, ef það er málið. Afi Haralds fékkst ekki til að segja frá kaupunum í smáatriðum. Upphafsstafirir á hulstrinu eru hans – Niklas Harald Guntlieb – þannig að þeir vísa ekki á fyrri eiganda. Ég hef raunar grun um að þeim hafi verið stolið á einhverju stigi málsins frá kirkjunni.“ Matthew ók eftir Snorrabrautinni og gaf stefnuljós til að skipta um akrein. Þau ætluðu í Bergstaðastrætið, höfðu verið sammála um að best væri að koma tölvunni þar fyrir. Þau þurftu því bráðlega að taka hægri beygju en voru á vinstri akrein. Enginn gaf Matthew hins vegar sjens – ef eitthvað var virtust hinir öikumennirnir hafa einsett sér að koma með öllum ráðum í veg fyrir þessa ferðaáætlun og þvinga þau yfir brúna yfir í Fossvog. „Hvað er að ykkur?“ tautaði Matthew og átti þar við hina öikumennina.

„Skiptu bara um akrein,“ sagði Þóra, alvön svona hegðun. „Þeim er meira annst um bílinn sinn en að stjórna því hvert þú ferð.“

Matthew lét vaða og slapp með skrekkinn fyrir utan ógurlegt flaut frá bíl sem hann varð að svína fyrir. „Ég ætla seint að venjast því að keyra hérna,“ sagði hann forviða.

Þóra brosti bara. „En hvað kemur fram í bréfunum – hvað kom fyrir konuna?“

„Hún var pyntuð,“ svaraði Matthew. „Grimmdarlega.“

„Ég gerði nú ekki ráð fyrir að hægt væri að pynta öðruvísi,“ sagði Þóra sem hafði vonast eftir nánari lýsingu. „Hvað var gert við hana?“

„Bréfritarinn talaði um ónýtar hendur og fót sem var kraminn eftir járnstígvélið. Eins voru skorin af henni bæði eyrun. Eflaust hefur verið um fleira að ræða sem tók því ekki að setja á blað. Skurðir og þess háttar.“ Matthew leit sem snöggvást af veginum á Þóru. „Mig minnst að niðurlag bréfritara í einu af síðustu bréfunum hafi verið eitthvað á þessa leið: Leitið þér að hinu illa er það ekki að finna í leifunum af minni ástkæru, ungu og saklausu konu. Það býr í þeim sem sækir hana til saka.“

„Guð minn almáttugur,“ sagði Þóra og það setti að henni hroll. „Þú manst þetta aldeilis vel.“

„Maður gleymir ekki svo auðveldlega því sem þarna kemur fram,“ svaraði Matthew þurrum rómi. „Þetta er auðvitað ekki það eina sem skrifað er um. Þarna eru alls kyns tilraunir til að fá hana lausa, allt frá lögfræðilegum rökum til þess sem flokkast undir hreinar hótanir. Maðurinn var í öngum sínum; hann elskaði greinilega konuna sína út af lífinu enda var hún fegurst meyja, ef eitthvað er að marka það sem þarna kemur fram. Þau höfðu ekki verið gift lengi.“

„Fékk hann að hitta hana í fangelsinu? Var þetta ekki skrifað meðan hún var enn í haldi?“ spurði Þóra.

„Nei og jú,“ svaraði Matthew. „Nei – hann fékk ekki að hitta hana en einn fangavarðanna sá aumur á henni og bar skilaboð á milli – skilaboð sem urðu æ daufari og vonleysislegru samkvæmt bréfunum. Hvað síðari spurninguna varðar eru bréfin öll nema eitt skrifuð á meðan hún var í haldi og eiginmaðurinn reyndi að fá hana lausa. Sem sé öll bréfin nema það síðasta sem skrifað er eftir að henni er sleppt. Það bréf eitt og sér lýsir mannlegum örlögum sem maður ætti að hafa í huga þegar maður er að ergja sig yfir vandamálum sjálfs sín.“

„Hvernig þá?“ spurði Þóra án þess í raun að vilja heyra svarið.

„Þú verður að hafa í huga að á þessum tímum var læknisfræði ekki neitt í líkingu við það sem nú þekkest, í raun bara eitthvert bull. Þú

getur rétt ímyndað þér kvalirnar sem veikir og slasaðir gengu í gegnum svo ekki sé nú talað um andlega líðan ungrar konu sem áður var hvers manns hugljúfi og meðal annars dáð fyrir útlit sitt. Þegar henni var sleppt var annar fótur hennar og allir fingur í méli. Engin eyru. Líkaminn þakinn örur eftir hnífstungur sem gerðar voru til að leita að bletti sem ekki blæddi úr og fleira sem einungis er gefið í skyn en ekki lýst. Hvað myndir þú gera?“ Matthew leit aftur á Þóru.

„Átti hún börn?“ spurði Þóra. Ósjálfrátt leitaði hægri hönd hennar upp að öðru eyranu – hún hafði í raun aldrei gert sér grein fyrir því hversu ómissandi þau væru fyrir útlitið.

„Nei,“ svaraði Matthew.

„Þá fyrirfór hún sér,“ sagði Þóra án þess að hugsa sig um. „Endalaus kvöl og þínu er hægt að þola fyrir börnin sín en ekki margt annað.“

„Bingó,“ sagði Matthew. „Þau bjuggu á óðalssetri við litla á og hún haltraði þangað um kvöldið þegar hún kom heim og kastaði sér út í. Hefði hún verið í betra formi hefði hún getað synt sér til bjargar en íklædd þungum kjól samkvæmt þeirra tíma tísku, með ónýtan fót og hendur var hún ekki til stórræðanna.“

„Hvað gerði hann – kom það fram í bréfinu?“ spurði Þóra og bægði frá sér tilhugsuninni um ungu konuna.

„Já, reyndar, í bréfinu segist hann hafa tekið frá Inquisitor Kramer það dýrmætasta í lífi hans á sama hátt og Kramer hafi svipt hann því dýrmætasta í lífinu – og að það sé nú á langri leið til vítis.“ svaraði Matthew. „Það fylgir ekki sögunni hver varð fyrir hefndinni eða hvar það var né hvað helvíti kemur málinu við. Samtímaheimildir gefa engar frekari vísbendingar. Hann segir svo biskupnum að sofa rótt – segir hann hafa brugðist því að svara ákalli sínu í tíma og að það eigi þjónn Guðs við herra sinn. Hann vitnar svo eitthvað í Gamla testamentið – sem eins og þú veist fjallar um allt annað en fyrirgefningu. Ég get ekki alveg skýrt það en í þessum lokaorðum hans fólst einhverskonar hótun sem ég veit ekki hvort hann fylgdi eftir – biskupinn dó nokkrum árum síðar. Það má vel vera að hann hafi losað sig við bréfin, ekki viljað að þau varðveittust meðal skjala kirkjunnar.“

„Það finnst mér nú hæpin skýring,“ sagði Þóra. „Ef hann vildi losna

við þau – af hverju brenndi hann þau þá ekki? Það hefur nú varla verið skortur á eldi þarna.“

Matthew einbeitti sér að því að renna bílnum í stæði rétt hjá íbúð Haralds. Stæðin við húsið voru upptekin. „Ég veit það ekki – kannski hefur hann séð Lykla-Pétur og Guð fyrir sér – ekki viljað draga athygli að innihaldi bréfanna með því að brenna þau – reykur stígur upp til himins eins og þú veist.“

„Svo þú heldur að bréfin séu ófölsuð?“ spurði Þóra.

„Nei, það sagði ég ekki. Það eru ákveðnir hlutir í þeim sem passa ekki.“

„Eins og hvað?“

„Aðallega eru það tilvísanir í hina hræðilegu bók Kramers. Bréfritarinn segir hana skreytta og flúraða sem geri lítið til að hylma yfir djöfullegan uppruna innihaldsins.“

„Gæti hann ekki hafa átt við Nornahamarinn? Kramer hlýtur að hafa notast við hana.“

„Það gengur ekki upp,“ svaraði Matthew. „Sagan segir að sú gleðilesning hafi fyrst komið út ári síðar, 1486.“

„Hafa pappírinn og blekið ekki verið aldursgreind?“ spurði Þóra.

„Jú, það slapp nokkurn veginn en það skiptir ekki öllu máli. Falsarar hafa notað gamlan pappír og gamalt blek eða málningu til að blekkja þá sem hafa efni á slíkum rannsóknum.“

„Gamalt blek?“ spurði Þóra full efasemda.

„Ja, eða þannig. Þeir búa til blek úr gömlum efnum eða leysa upp blek úr einhverju gömlu sem er ekki nægilega söluvænt. Það kemur út á eitt.“

„Voðaleg fyrirhöfn er þetta,“ sagði Þóra og þakkaði sínum sæla fyrir að vera ekki falsari.

„Uhhh,“ sagði Matthew og þau stigu út úr bílnum.

„En af hverju er Harald með bréfin?“ spurði hún. „Trúði hann því að þau væru ekta eða hélt hann að þau væru fölsuð?“

Matthew lokaði bílstjórahurðinni og opnaði dyrnar aftur í. Hann beygði sig til að taka upp kassann en áður vafði hann skjalahulstrið inn í jakkann sinn og lagði varlega ofan í kassann. Ef honum var kalt á peysunni einni saman lét hann ekki á því bera. „Harald var sann-

færður um að þau væru ekta – hann var hugfanginn af ráðgátunni um það hvern eða hvað Kramer missti vegna hefndarinnar sem getið er um í bréfinu. Hann gerði dauðaleit að einhverri tilvísun í allrahanda skjölum vítt og breitt um Þýskaland og heimsótti meira að segja bókasafn Vatíkansins í þessu skyni. Hann fann hins vegar ekkert sem benti til eins eða neins. Það er ekki svo mikið vitað um Kramer að öðru leyti, hann var uppi fyrir ríflega fimmhundruð árum.“

Þóra sá fótspor í snjónum sem lágu fyrir horn hússins – í átt að útidyrnum á íbúð Haralds. Með hökunni benti hún Matthew á nýleg merki um umgang – sporin lágu ekki nema í aðra áttina svo varla var um póst eða blaðbera að ræða.

Maðurinn stóð aðeins frá útidyrnum. Hann hafði bersýnilega bakkað frá þeim til að rýna upp að gluggum efri hæðar hússins. Hann hrökk við þegar Matthew og Þóra gengu hljóð fyrir hornið. Hann horfði á þau opinmynntur og hóf svo að stama eitthvað áður en hann kom loks orðum að því sem hann vildi segja. „Þekktuð þið Harald Guntlieb?“

17. kafli

„Sæl verið þið. Ég heiti Gunnar Gestvík, formaður sagnfræðiskorar Háskóla Íslands.“

Hann tvísté óöruggur fyrir framan þau. Fötin virtust vönduð; hann var í fallegum vetrarjakka með vörumerki sem Þóra kannaðist við úr fataskáp fyrrum mannsins síns. Undir yfirhöfninni klæddist maðurinn jakkafötum og upp úr hálsmálinu mátti sjá vel hnýttan litríkan bindishnútt og ljósbláan skyrtukraga. Allt yfirbragð hans gaf til kynna að hér væri á ferð yfirvegaður maður í góðri stöðu. Saumar yfirvegunarinnar voru hins vegar þandir í augnablikinu. Gunnar þessi hafði bersýnilega ekki átt von á þessum fundum og var í óða önn að reyna að hugsa út næsta leik. Þóru var ljóst að þetta var maðurinn sem hafði fundið lík Haralds, eða fengið það í fangið réttara sagt. Hvað hann gat verið að vilja heim til þessa fyrrum nemanda síns var henni hulin ráðgáta. Kannski var þetta liður í einhverju uppgjöri að ráðum sálfræðings?

„Ég var í nágrenninu og ákvað að kanna hvort hér væri einhver,“ sagði Gunnar hikandi.

„Hér? Heima hjá Harald?“ spurði Þóra undrandi.

„Ég átti að sjálfsögðu ekki von á að hitta hann sjálfan,“ flýtti Gunnar sér að taka fram. „Ég átti nú við hvort einhver, húsvörður eða einhver slíkur, væri á staðnum.“

Matthew skildi ekki orð og lét Þóru um samræðurnar en hafði undireins áttað sig á nafninu. Hann smeygði sér framhjá Þóru og gaf henni til kynna með allrahanda augngotum að hún skyldi bjóða manninum inn. Hann fiskaði lyklana upp úr vasanum og opnaði útidyrnar.

Gunnar fylgdist með aðförum Matthews, að því er virtist undarlega ákafur. „Eruð þið með aðgang að íbúðinni?“ spurði hann Þóru.

„Já, Matthew vinnur fyrir fjölskyldu Haralds og ég er sömuleiðis fulltrúi þeirra. Við erum að koma frá því að sækja hluta af eigum hans til lögreglunnar og ætluðum að losa okkur við byrðarnar. Má bjóða þér inn? Við myndum fagna því að fá að ræða aðeins við þig.“

Gunnar virtist í mesta basli með að leyndu því hvað hann var feginn. Hann þáði boðið með þökkum, eftir að hafa litit á armbandsúr sitt og þóst reikna út að hann gæti hugsanlega látið það sleppa. Hann elti Þóru inn. Þrátt fyrir fagaðan klæðaburð virtist aðeins vanta upp á herramenskuna – hann bauð henni í það minnsta ekki aðstoð við að koma þungum skjánum upp stigann á efri hæðina.

Viðbrögð Gunnars voru ekki ósvipuð þeim sem Þóra sýndi þegar hún gekk fyrst inn í íbúðina. Hann hafði ekki einu sinni fyrir því að hengja af sér yfirhöfnina heldur gekk sem dáleiddur inn í stofuna og hóf að skoða það sem á veggjunum var. Matthew og Þóra gáfu sér betri tíma, lögðu frá sér byrðarnar og hengdu af sér. Matthew fjarlægði leðurhulstrið með gömlu bréfunum úr kassanum, losaði það úr jakkanum sem hann hafði vafið þau inn í og fór svo með þau eitthvað inn á svefnherbergisganginn. Þóra varð hins vegar eftir til þess að hafa gætur á Gunnari. Hún gekk til hans og stillti sér upp við hliðina á honum, þótt hún kynni varla við að trufla hann við að skoða gömlu listaverkin sem þarna héngu.

„Þetta er merkilegt listaverkasafn,“ sagði Þóra. Hún rifjaði upp í huganum það sem Matthew hafði sagt henni um myndirnar en treysti sér ekki til að hafa það rétt eftir og ákvað því að vera ekkert að reyna að slá um sig.

„Hvernig komst hann yfir þetta?“ spurði Gunnar. „Stal hann þessu?“

Þóra varð hvumsa við. Hvernig datt manningnum það í hug? „Nei. Hann fékk þetta allt saman í arf eftir afa sinn.“ Hún hikaði en hélt svo áfram. „Var þér illa við Harald?“

Gunnar hrökk við. „Nei, Guð minn góður. Ég kundi afskaplega vel við hann.“ Tónninn benti ekki beinlínis til þess að hann væri einlægur í þessu og Gunnar virtist gera sér grein fyrir því. Hann reyndi óðamála að bæta úr því. „Harald var afskaplega greindur ungur maður og hafði ágætis tök á sagnfræði. Vinnubrögð hans voru annars alveg til fyrirmyndar en slíkt er því miður á undanhaldi.“

Þóra var enn ekki sannfærð. „Þannig að hann hefur verið fyrirmyndarnemandi?“

Gunnar kreisti fram bros. „Það má kannski segja það. Hann var að sjálfstöðu óhefðbundinn í útliti og háttum en maður getur ekki dæmt tísku unga fólksins. Ég man nú eftir Bítlunum og tiskunni sem frægð þeirra fylgdi. Þeim sem voru manni eldri fannst hún nú ekki upp á marga fiska. Ég er orðinn nógu gamall til að átta mig á því að ungæðisháttur tekur á sig hinar ýmsu myndir.“

Það var í meira lagi langsótt að líkja Bítlunum við Harald. „Ég hafði ekki hugsað þetta þannig.“ Hún brosti málamyndabrosi til Gunnars. „En ég þekkti hann auðvitað ekki.“

„Þú sagðist vera lögmaður; hvaða erinda gengur þú fyrir fjölskyldu Haralds – varða þau erfðamál? Það sem hér er á veggjum er ekki lítils virði.“

„Nei, það er ekki í tengslum við neitt slíkt,“ svaraði Þóra. „Við erum að yfirfara rannsóknina á morðinu – fjölskyldan er ekki alls kostar sátt við niðurstöðu lögreglunnar.“

Gunnar starði á hana stóreygur. Barkakýlið á honum gekk upp og niður. „Hvað meinarðu? Er ekki búið að finna þann seka – þennan eiturlyfjasala þarna?“

Þóra yppti öxlum. „Við teljum ýmislegt benda til þess að hann sé ekki morðinginn.“ Hún sá að af einhverjum ástæðum virtist Gunnar ekkert sérstaklega ánægður að heyra þessar fréttir. Hún bætti við: „Það kemur allt saman í ljós. Kannski höfum við rangt fyrir okkur – kannski ekki.“

„Það kemur mér kannski ekki við en hvað er það sem bendir til sakleysis þessa manns? Lögreglan virðist sannfærð um að hún sé með réttan mann í haldi; vitið þið eitthvað sem lögreglunni er ókunnugt um?“

„Við erum ekki að leyna lögregluna upplýsingum ef þú ert að gefa það í skyn,“ sagði Þóra hvasst. „Við erum einfaldlega ekki sátt við niðurstöður þeirra í veigamiklum atriðum.“

Gunnar andvarpaði. „Þú fyrirgefur framhleypnina; ég er ekki alveg með sjálfum mér þegar kemur að þessu máli. Þér að segja vonaði ég að þessu færi nú að linna. Þetta hefur verið mér afskaplega erfitt og hefur sett ljótan blett á skorina að auki.“

„Ég skil það,“ sagði Þóra. „Það gengur nú samt ekki að sakfella rangan mann þótt blettur hafi fallið á skorina – er það?“

Gunnar áttaði sig og sagði í flýti: „Nei, nei, nei. Auðvitað ekki. Manni hættir bara til að hugsa um eigin hag en það eru auðvitað takmörk fyrir því; ekki misskilja mig.“

„Af hverju komstu annars hingað?“ spurði Þóra. Hún velti fyrir sér hvað tefði Matthew.

Gunnar leit af Þóru og beindi sjónum sínum að einni myndanna. „Ég var nú raunar að vonast til að komast í samband við einhvern sem annaðist mál Haralds. Það virðist hafa tekist.“

„Hvers vegna?“

„Þegar Harald var myrtur hafði hann nýlega ... hvernig á ég að orða það ... ja, nýlega fengið lánað skjal frá Háskólanum sem hefur ekki skilað sér. Ég er að leita að því.“ Gunnar leit ekki af myndinni.

„Hvaða skjal var það?“ spurði Þóra. „Hér er ýmislegt að finna.“

„Þetta er gamalt bréf til biskupsins í Hróarskeldu frá því um fimmtánhundrað. Það er í láni frá Danmörku og því mikilvægt að það fari ekki á flakk.“

„Þetta hljómar nú frekar alvarlegt,“ sagði Þóra. „Af hverju barstu erindið ekki upp við lögregluna? Hún hefði án efa getað fundið skjalið.“

„Þetta var nú bara að koma í ljós – ég hafði ekki hugmynd um þetta þegar ég var í yfirheyrslunum; annars hefði ég óskað eftir því við þá að fá skjalið. Með því að koma hingað var ég að vona að ég þyrfti ekki að leita á náðir lögreglunnar, að leysa mætti vandann á einfaldari hátt. Mig langar ekkert sérstaklega til að gefa enn eina skýrslu. Það er lífsreynsla sem ég hef alveg fengið nóg af. Þetta skjal tengist á engan hátt morðinu, því get ég lofað.“

„Kannski ekki,“ sagði Þóra. „Ég hef hins vegar því miður ekki rekist á það. Við erum að vísu ekki búin að fara yfir öll skjöl Haralds. Það má vel vera að það komi í leitirnar.“

Matthew birtist askvaðandi með einhverja pappíra í annarri hendinni og fékk sér sæti í fína sófanum. Hann gaf til kynna með ýktri handahreyfingu að þau ættu að gera slíkt hið sama. Þóra tyllti sér í hæginda-stólinn og Gunnar færði sig að sófanum beint á móti Matthew þar sem hann fékk sér sæti. Þóra lýsti erindi Gunnars fyrir Matthew sem gaf lít-

ið út á það annað en að endurtaka nánast orðrétt það sem Þóra hafði sagt – hann hefði ekki rekist á skjalið en það þýddi ekkert endilega að það væri ekki hér að finna. Hann lagði að því búnu pappírana á borðið. Hann beindi svo orðum sínum að Gunnari. „Þú hafðir umsjón með rannsóknum Haralds, er það ekki rétt skilið hjá mér?“

„Nei og jú, eða þannig,“ svaraði Gunnar, var um sig.

„Nú?“ sagði Matthew hranalega. „Er það ekki skýrt hver sér um hvaða nemanda þegar að lokaritgerð kemur?“

„Jú, jú. Auðvitað,“ flýtti Gunnar sér að segja. „Hann var bara ekki kominn það vel af stað að það hefði reynt á umsjón fulltrúa skorarinnar. Ég átti nú einfaldlega við það. Þorbjörn Ólafsson hafði tekið það að sér. Ég fylgdist með úr fjarlægð, ef þannig mætti að orði komast.“

„Ég skil. Hann hefur samt væntanlega verið búinn að leggja fram einhver drög eða hugmynd að rannsóknarefni, er það ekki?“

„Jú. Hann skilaði inn svona *abstrakti* eða samantekt – ef ég man rétt gerðist það strax við upphaf fyrstu annar hans við skorina. Við yfirförum efnið og samþykktum það í megindráttum, Þorbjörn fylgdi því svo eftir. Efnið var á hans sviði.“

„Um hvað átti ritgerðin að fjalla?“ spurði Þóra.

„Samanburð á galdrabrennum á Íslandi og annars staðar í Evrópu, aðallega á þeim svæðum sem við þekkjum nú sem Þýskaland. Þar var fárið hvað ákafast ef þannig má að orði komast. Harald hafði áður unnið að rannsóknum tengdum brennunum – í tengslum við lokaritgerð sína í sagnfræði við háskólann í München.“

Matthew kinkaði kalli hugsu. „Er ekki rétt skilið hjá mér að galdrabrennur á Íslandi hafi átt sér stað á sautjándu öld?“

„Jú. Raunar eru til heimildir um fólk sem dæmt var fyrir galdur fyrir þann tíma en eiginlegt galdrafár hefst ekki fyrr en á sautjándu öld. Fyrsta brennan sem vitað er um í því sambandi átti sér stað árið 1625.“

„Já, ég hélt það nefnilega,“ sagði Matthew og þóttist hlessa. Hann breiddi úr pappírnum sem hann hafði lagt á borðið. „Mér finnst undarlega lítið um íslenskar galdrabrennur í gögnum Haralds og skil ég ekki af hverju hann var svona áhugasamur um atburði sem áttu sér stað mun fyrr. Þú getur kannski frætt mig um það, ef til vill séð eitt-hvert sögulegt samhengi sem er okkur hulið.“

„Hvaða atburði áttu við?“ spurði Gunnar og teygði sig í pappírana sem samanstóðu af útprentuðum og ljósrituðum greinum.

Meðan Gunnar gluggaði í pappírana taldi Matthew þá upp: „Eldgos í Heklu árið 1510, farsóttir í Danmörku um aldamótin 1500; siðaskipti árið 1550; hellar Papa frá því fyrir landnám og fleira í þeim dúr. Ég fyrir mitt leyti sé ekki beina tengingu, enda ekki sagnfræðingur.“

Gunnar hélt áfram að fletta. Þegar hann hafði kynnt sér innihald allra pappíranna tók hann loks til máls. „Það er nú ekki endilega svo að allt þetta sé í beinum tengslum við ritgerðina. Harald gæti hafa orðið sér úti um þessar greinar vegna einhverra annarra áfanga sem hann var skráður í. Ég verð nú raunar að játa að landnám er mitt fræðasvið og Harald sótti ekki tíma hjá mér sem hefðu kannski skýrt þessa grein um Papa. Ég dreg engu að síður þá ályktun að þessi gögn tengist nám-skeiðum sem hann tók meðfram ritgerðinni.“

Matthew horfði stíft á Gunnar. „Nei, það er ekki málið. Megnið af þessu kemur úr möppu sem merkt var *Malleus* – þú þekkir það nafn væntanlega.“ Matthew benti á göt á spássíum blaðsíðanna. „Ég dró þá ályktun að hann hefði safnað þessu saman vegna rannsóknar á einhverju í sambandi við galdra.“

„Jú, ég kannast við það nafn – gæti hann ekki einfaldlega hafa sett þetta í gamla möppu og láðst að breyta merkingu hennar?“ spurði Gunnar.

„Eflaust,“ svaraði Matthew. „Einhvern veginn tel ég samt að svo hafi ekki verið.“

Gunnar leit aftur á bunkann. „Ég verð nú að játa að þetta liggur nú ekki í augum uppi. Það eina sem ég sé í fljótu bragði eru tengslin við siðaskiptin – þau eru á vissan hátt undanfari galdrafársins, á sama hátt og víða í Evrópu. Trúarbrögðin tóku breytingum og fólk var í hálfgerðri trúarkreppu vegna þeirrar þróunar. Hvað Heklugos og farsóttir varðar gæti Harald hafa verið að kanna tengsl ofsókna og þess efnahagslega landslags sem ríkti. Náttúruhamfarir og sjúkdómar höfðu mikil áhrif á slíkt á þessum tíma. Ekki þar fyrir að önnur eldgos, til að mynda Heklugosið 1636, og aðrar farsóttir mun nær brennunum í tíma hefðu verið eðlilegri til nánari skoðunar en það sem fjallað er um í þessum greinum.“ Hann bankaði nett á bunkann.

„Svo þetta er ekkert sem hann ræddi við þig eða þennan Þorbjörn þegar þið hittust vegna ritgerðarinnar?“ spurði Þóra.

„Nei, ekki við mig. Þorbjörn minntist heldur ekkert á slíkt eftir fundi sem hann átti með Harald án mín,“ svaraði Gunnar en bætti svo við: „Eins og ég sagði ykkur þá var ritgerðarefni Haralds í ákveðnu þróunarferli. Áherslur hans virtust vera að taka breytingum – hann gaf Þorbirni víst til kynna að hann hefði jafnvel meiri áhuga á áhrifum siðaskiptanna en galdrabrennunum þó svo að ekkert hafi verið frágengið þegar hann var myrtur.“

„Er það eðlilegt?“ spurði Þóra. „Að skipta svona um skoðun?“

Gunnar kinkaði kolla. „Já, það er mjög algengt. Fólk fer af stað – fullt áhuga – sér svo að efnið er ekki eins spennandi og það taldi í fyrstu og það velur sér ný viðfangsefni. Við erum meira að segja með langan lista af áhugaverðum rannsóknarefnum sem við getum boðið nemendum okkar að velja úr þegar þá vantar hugmyndir.“

„Miðað við áhuga Haralds á galdramálum almennt,“ sagði Matthew og benti í kringum sig á veggi stofunnar til að leggja áherslu á orð sín, „áhuga sem hafði fylgt honum frá unga aldri, þá finnst mér hæpið að siðaskiptin hafi náð yfirhöndinni í huga hans.“

„Harald var kaþólskur eins og ykkur er án efa kunnugt um,“ sagði Gunnar og Þóra og Matthew kinkuðu samviskusamlega kolla. „Það sem heillaði hann var ekki síst það að með lútersku hérlendis um 1550 versnaði hagur almennings í landinu, sérstaklega þeirra sem bjuggu við bágust kjör. Kaþólska kirkjan hafði haldið öllum eigum sínum í landinu en við siðaskiptin hurfu eigur og kirkjujarðir til Danakonungs og landið varð fátækara fyrir vikið. Eins hafði kaþólska kirkjan sinnt vel ölmusuhlutverki sínu, veitt þeim sem bjuggu við hvað sárasta neyð húsaskjól og mat. Á það var klippt þegar lúterskan tók við. Þetta þótti Harald athyglínnar virði þar sem kaþólska kirkjan er sjaldan séð í þessu ljósi. Hann var einnig hrifinn af því að kaþólskir klerkar og biskupar fengu að eiga sér lagskonur og börn – en það var ekki liðið í öðrum kaþólskum biskupsdæmum Evrópu þess tíma og er raunar ekki enn.“

Matthew virtist ekki sannfærður. „Já, kannski. Getur verið að fundir hans með þessum Þorbirni hafi ekki verið mjög ítarlegir – Harald

hafi verið að brasa eitthvað í rannsóknnum sínum sem Þorbirni, og þá væntanlega þér, var ókunnugt um?”

„Ég veit ekkert um það eins og gefur að skilja,“ svaraði Gunnar. „En ég hafði slíkt ekki á tilfinningunni á sínum tíma í það minnsta. Meira veit ég ekki. Auðvitað gat hann skoðað alls konar hluti án þess að ég vissi af því – ég fylgdist ekki með hverju fótspori hans, enda ekki ætlast til þess af mér. Nemar í meistaranámi ráða sér mikið til sjálfir og vinna mjög sjálfstætt. Ég mæli hins vegar með því að þið ræðið þetta við Þorbjörn ef þið viljið fá nánari upplýsingar um þetta. Ég get komið á fundi ef þið viljið.“

Matthew leit á Þóru sem kinkaði kolli til samþykkis. „Jú takk, við þiggjum það,“ sagði Matthew. „Þegar þú veist hvenær Þorbjörn hefur lausa stund getur þú hringt í mig. Eins ef þér dettur sjálfum eitthvað í hug sem gæti skipt okkur máli.“ Hann rétti Gunnari nafnspjaldið sitt.

Þóra veiddi sömuleiðis kortið sitt upp úr veskinu sínu og afhenti Gunnari. „Við skulum svo kanna hvort bréfið sem þú ert að leita að sé meðal pappíranna sem við erum með undir höndum.“

„Mér þætti vænt um það – þetta er hálfvandráðalegt fyrir skólann og ég vildi síður þurfa að tilkynna bréfið glatað. Því miður er ég ekki með nafnspjald á mér en þið náðið yfirleitt í mig í beina símanum á skrifstofunni.“ Hann stóð upp.

„Varðandi vini Haralds,“ sagði Matthew. „Getur þú komið okkur í samband við þau? Okkur langar að ræða aðeins við þá sem þekktu hann best; kannski geta þau varpað ljósi á málið og í hverju Harald var að vasast. Við reyndum að ná sambandi við einhver þeirra í morgun en þau vilja ekkert við okkur tala.“

„Þú átt væntanlega við unga fólkið sem var í þessu félagi hans,“ sagði Gunnar. „Jú, ég ætti að geta það. Félagið er með aðstöðu hjá okkur svo að ég rekst á þau af og til. Ég var í raun að vonast til að þetta félag þeirra legðist af þegar Harald var allur. Ég taldi það ekki skólanum til mikils sóma og þaðan af síður ástæða til að styðja við bakið á þeim með því að láta þeim í té þessa aðstöðu. Ég ræð hins vegar ekki öllu einn og sit því uppi með þessa ákvörðun. Ég get komið á fundi með þeim tveimur af nemum okkar sem eru í félaginu. Þeir ættu svo

að geta komið ykkur í samband við aðra stúdentu sem Harald umgekkst.“

„Það væri afskaplega vel þegið.“ Þóra brosti til hans. „Hvers vegna telur þú þetta félag svona ómögulegt?“

Gunnar virtist velta fyrir sér hverju hann ætti að svara. „Það kom svolítið upp á fyrir um hálfu ári síðan. Ég var og er sannfærður um að það hafi verið í tengslum við þetta félag en gat ekki sýnt fram á það. Því miður.“

„Hvað gerðist?“ spurði Matthew.

„Ég veit ekki hvort ég ætti að vera að tala mikið um það,“ sagði Gunnar sem sá greinilega eftir orðum sínum. „Þetta var þaggað niður og ekki tilkynnt sem skyldi.“

„Hvað?“ spurðu Matthew og Þóra einum rómi.

Gunnar tvísté óákveðinn. „Við fundum fingur.“

„Fingur?“ Aftur voru Matthew og Þóra samstíga, nú í undrun sinni.

„Já, ein hreingerningarkvonnanna fann fingur fyrir utan herbergið þeirra. Ég get enn heyrt fyrir mér gólin í blessaðri konunni. Fingurinn var sendur í rannsókn hjá meinafræðideild háskólans og hann reyndist af gömlum einstaklingi – það var ekki farið í að kyngreina hann en hann var víst líklega af karlmanni. Það var drep í honum.“

„Var lögreglunni ekki tilkynnt um þetta?“ spurði Þóra furðu lostin.

Gunnar roðnaði. „Ég vildi óska að ég gæti svarað því játandi en þegar við vorum búin að grafast sjálf fyrir um uppruna fingursins og skýringuna á veru hans innanhúss hjá okkur fannst okkur óviðeigandi að fara að tilkynna um hann, svona löngu eftir að hann fannst, skilurðu. Það komu líka inn í þetta sumarfrí og annað.“

Þóru fannst nú ekki mikið koma til sumarfría í þessu sambandi. Þau gátu kannski þakkað fyrir að það var enginn í fæðingarorlofi þegar lík Haralds fannst. Eða þá að sagnfræðiskorin hefði ekki ákveðið að rannsaka morðið sjálf. „Ja hérna.“

„Hvað gerðuð þið svo við fingurinn?“ spurði Matthew.

„Uhhh, við altso hentum honum,“ muldraði Gunnar. Roðinn færðist upp kinnarnar og inn undir hársrætur. „Þetta var örugglega ekki í neinum tengslum við morðið og því kannski ekki ástæða til að fara að

rifja þetta hallærislega ferli upp fyrir lögreglunni. Þeir höfðu um annað að hugsa.“

„Ja hérna,“ endurtók Þóra. Fingur, augu, bréf um afskorin eyru – hvað næst?

18. kafli

Þóra rétti úr sér og hallaði sér aftur í stólnum. Hún hafði nýlokið við að tengja síðustu snúruna í tölvunni og nú var ekkert eftir nema að kveikja á henni. Þau Matthew voru inni í vinnuherbergi Haralds – búin að kveðja hinn óræða Gunnar Gestvík. „Ég verð að viðurkenna að mér finnst þessi kenning þín og Guntlieb-fjölskyldunnar um hinn óþekkta morðingja sífellt færast fjær heilbrigðri skynsemi.“ Hún ræsti tölvuna og undir eins heyrðist óljóst suð sem gaf til kynna að tölvan væri að gera sig klára í slaginn. „Þetta með blóðið í fötum Huga til dæmis; hvernig passar það inn í kenninguna ykkar?“ Matthew svaraði engu svo að hún hélt áfram. „Og þetta með pappírana áðan – ég sé ekki alveg tenginguna milli morðsins og skólaritgerðar, sérstaklega vegna þess að Harald hefur greinilega vaðið í villu og svíma í heimildaöflun sinni.“

„Ég er viss í minni sök,“ sagði Matthew án þess að horfa beinlínis á Þóru.

Eitthvað í fari hans sló Þóru. Það var ólíkt honum að horfast ekki í augu við hana en þar fyrir utan tók hún eftir því hvernig hann mændi á skjáinn á farsímanum sínum – eins og hann vonaðist eftir að einhver myndi hringja og losa hann undan þessu samtali. Þóra krosslagði hendur og hvessti augun. „Þú ert að leyna mig einhverju.“

Matthew starði enn vongóður á símann. „Ja, ég ætla rétt að vona að ég hafi ekki ljóstrað upp um öll mín leyndarmál í þessum stuttu kynnum okkar,“ sagði hann með uppgerðar hressleika í röddinni.

„Kjaftæði – þú veist alveg hvað ég á við. Það býr eitthvað meira undir en þessir peningar sem hurfu og augun.“ Þóra átti enn í hálfgerðum vandræðum þegar kom að því að ræða augnmissi líksins. Henni hafði enn ekki tekist að berja saman setningu um það sem flæddi eðlilega. Orðin náðu einhvern veginn ekki utan um þetta.

„Í raun er ekkert annað – jú einhver tölvupóstur sem segir í sjálfu sér ekkert og svo núna fingur ofan úr Háskóla sem prófessorarnir fóru á taugum út af og hentu í fátí.“

Matthew setti símann í vasann. „Jafnvel þótt ég væri að leynd þig einhverju – ertu til í að hafa orð mín fyrir því að Huggerði geti ekki verið morðinginn eða hafi í það minnsta ekki verið einn að verki?“

Þóra hló upphátt. „Nei – eiginlega ekki.“

Matthew stóð upp. „Það var óheppilegt. Svona þér að segja get ég nefnilega ekki tekið ákvörðun um ákveðnar upplýsingar einn,“ sagði hann og bætti svo við í flýti: „Það er að segja ef það væri um eitthvað fleira að ræða.“

„Ef við ímyndum okkur að svo sé – og ímyndum okkur að sá sem getur tekið ákvörðunina um að ég fái að vera með vildi kannski leyfa það – væri ekki ráð að þú kannaðir það?“

Matthew horfði á hana hugsi og gekk svo fram. Þóra tók eftir því að hann var á ný kominn með farsímann í höndina. Vonandi væri hann farinn fram til að hringja. Þóra lagði við hlustir og heyrði óljóst tal innan af ganginum. Þóra gafst upp á að reyna að hlera og sneri sér þess í stað að tölvunni. Lítill grár kassi á skjánum miðjum sagði henni að stimpla inn leyniorðið fyrir *administrator*. Þóra vissi ekki lykilorðið og varð að prófa sig áfram: Harald, Malleus, Windows, Hexen, og fleira í þeim dúr. Ekkert gekk. Hún hallaði sér aftur og leit vongóð í kringum sig eftir innblæstri. Á hillu fyrir ofan skrifborðið var innrömmuð mynd sem hún teygði sig í. Þetta var mynd af fatlaðri ungri konu í hjólastól. Það þurfti engan snilling til að átta sig á því að þetta var systir Haralds, sú sem hafði dáið einhverjum árum fyrr. Hvað hét hún nú aftur? Var hún ekki skírð í höfuðið á mömmu sinni? Sem hét aftur hvað? Anna? Nei, en það var eitthvað sem byrjaði á A. Ekki var það Agata eða Angelina. Amelia – hún hét Amelia Guntlieb. Þóra prófaði að slá það inn. Ekkert gerðist. Hún andvarpaði en ákvað að prófa að stimpla nafnið inn í lágstöfum – sleppa stóra stafnum í upphafi þess – *amelia*.

Bingó! Tölvun gaf sér hið gamalkunna Windows-stef „du-nu-du-duuuuu“ og Þóra var komin inn. Hún velti því fyrir sér hversu lengi lögreglan hefði verið að hafa uppi á lykilorðinu en áttaði sig svo á því

að þeir hlytu að vera með einhvern tölvusnilling sem kæmist inn bakdyramegin. Varla sætu þeir tímunum saman og prófuðu sig áfram. Skjámyndin var heldur óvenjuleg og það tók Þóru smástund að átta sig á því hvað hún sýndi. Það var heldur ekki á hverjum degi sem hún sá upp í munnhol á sautján tommu skjá. Hvað þá munnhol þar sem tungan var klemmd á hvorri hlið með tveimur tóngum úr ryðfríu stáli og eldrauð geil hafði verið mynduð eftir tungubroddinum miðjum, eða réttara sagt tungubroddunum. Þótt Þóra væri illa að sér um slíkt var alveg ljóst að myndin var tekin þegar verið var að kljúfa tungu. Annaðhvort var aðgerðin enn í gangi eða henni var nýlokið. Þóra hefði veðjað hverju sem var við hvern sem var um það hver væri eigandi tungunnar. Þetta hlaut að vera Harald sjálfur. Hún hristi sig til að losna við ógleðina.

Í tölvunni voru tæplega fjögurhundruð ritvinnsluskrár. Þóra raðaði þeim eftir aldri þannig að þær nýjustu birtust fyrstar. Nöfnin á þeim voru lýsandi. Í efstu sætin röðuðu sér skrár sem allar áttu það sameiginlegt að orðið *hexen* kom fyrir í þeim. Þar sem klukkan var orðin margt teygði Þóra sig í handtöskuna sína og veiddi upp úr henni USB-lykilinn sinn. Hún afritaði á hann allar galdraskrárnar svo að hún gæti skoðað þær í rólegheitum heima í kvöld – ef Matthew myndi trúá henni fyrir því sem Guntlieb-fjölskyldan hafði leynt hana fram að þessu. Ef hann gerði það ekki ætlaði hún að eyða kvöldinu í að reikna út hvort hún hefði ekki örugglega efni á því að segja þeim að éta það sem úti frysi. Hún hafði nákvæmlega engan áhuga á að vinna sem einhver lúxustúlkur.

Það bólaði enn ekkert á Matthew og Þóra ákvað því að skoða hvaða innskannaðar skrár væri að finna í tölvunni. Hún bað hundinn náðarsamlegast að hafa uppi á öllum skráum sem enduðu á .pdf og uppskar að launum einar sextíu skrár. Hún raðaði þeim í tímaröð og tók afrit af þeim nýjustu og bætti þeim á USB-lykilinn. Hún hefði nóg að gera í kvöld, svo mikið var víst. Þóru datt næst í hug að skoða ljósmyndir sem voru inni á tölvunni og kallaði þær einnig fram. Harald hafði greinilega átt stafræna myndavél og verið duglegur að nota hana. Hundruð skráa birtust en nöfn þeirra sögðu Þóru ekkert þar sem tölv-an hafði sjálfkrafa gefið þeim öllum runu af tölustöfum. Harald hafði

ekki haft fyrir því að umskíra skrárnar frekar en Þóra þegar hún vistaði myndir inn á sína tölvu. Hún valdi að skoða skrárnar sem sýnishorn þannig að hún gæti í einum grænum áttað sig á hvað væri á hverri mynd. Sem fyrr raðaði hún þeim í tímaröð. Þóra sá að nýjustu myndirnar voru teknar í íbúðinni. Myndefnið var hálfundarlegt – nokkrar þeirra voru af engu í sjálfu sér, flestar teknar í eldhúsinu við undirbúning máltíðar sem mynduð var í bak og fyrir. Enginn sást á myndunum en á tveimur mátti þó greina hendur og Þóra setti afrit af þeim inn á USB-lykilinn ef ske kynni að hendumar tilheyrðu morðingjanum. Það var aldrei að vita. Hinar myndirnar af forláta pastarétti á ýmsum stigum lét hún eiga sig.

Þóra skrollaði niður og sá að margar myndanna voru heldur óheppilegar fyrir þá sem á þeim voru en þær voru teknar við fjölbreyttar kynlífsathafnir. Þóra roðnaði fyrir hönd þátttakendanna eftir því sem hún sá meira af þessum myndum rúlla framhjá á skjánum. Hún kunni ekki við að stækka þær – þótt hana dauðlangaði til þess – af ótta við að Matthew gengi inn og kæmi að henni að hnýsast. Ennfremur rakst Þóra á fullt af myndum frá tunguaðgerðinni – meðal annars þá sem Harald hafði valið sér sem skjámynd. Ekki var hægt að greina hverjir voru þar viðstaddir en það sást í einhverja búka svo að Þóra setti afrit af þeim myndum inn á lykilinn. Aðrar birtu allrahandu svipmyndir úr partíum þar sem mikið virtist ganga á og innan um þær, eins og skrattinn úr sauðarleggnum, voru myndir af íslenskri náttúru og ferðalögum innanlands. Nokkrar voru mjög dökkar og sýndu svo til ekkert nema gráa klettaveggi – Þóru fannst hún geta greint kross höggvinn út í einn þeirra þegar hún stækkaði eina slíka mynd. Heill hellingur var svo tekinn í litlum bæ sem Þóra kannaðist ekki við, margar hverjar inni í safni sem virtist hafa til sýnis einhver handrit og ennfremur grágrýtisstein inni í stórum glerskáp. Ein þessara mynda var af skilti sem Þóra stækkaði upp til þess að vita hvort sæist um hvaða safn væri að ræða en hún varð fyrir vonbrigðum – á því stóð einungis: Myndatökur bannaðar. Þóra gafst upp á myndunum í bili, hún var komin að frekar gömlum myndum sem gátu varla tengst málinu. Hún opnaði tölvupóstinn til að sjá hvað leyndist þar. Í inboxinu biðu sjö óopnaðir póstar. Væntanlega höfðu fleiri skeyti

borist frá því að Harald var myrtur en lögreglan hlaut að hafa farið yfir þau og opnað.

Matthew gekk inn og Þóra leit af tölvupóstinum. Hann settist aftur í stólinn sinn og brosti afkáralega til hennar. „Jæja?“ sagði hún í spurnartón og beið þess sem koma skyldi.

„Also,“ sagði Matthew og hallaði sér fram í stólnum. Hann hvíldi olnbogana á hnjánum og lagði hendurnar saman eins og hann ætlaði að fara að biðjast fyrir. „Áður en ég segi þér það sem þú heldur að þú þurfir að vita,“ hann lagði áherslu á orðið heldur, „verður þú að lofa mér einu.“

„Hverju?“ en þó vissi Þóra svo sem svarið.

„Það sem ég er að fara að segja þér er algert leyndarmál og má ekki fara lengra. Áður en ég segi þér það verð ég því að fá staðfestingu á því að þú virðir það. Skilið?“

„Hvernig á ég að vita hvort ég get staðið við það þegar ég hef ekki hugmynd um hvað málið snýst um?“

Matthew yppti öxlum. „Þú verður bara að taka áhættuna. Ég get sagt þér hreinskilnislega að þú munt vilja segja frá því – bara svo að þú vitir að ég er ekki að leiða þig í neina gildru.“

„Hverjum mun ég vilja segja frá þessu?“ spurði Þóra. „Mér finnst það skipta máli.“

„Lögreglunni,“ svaraði Matthew án þess að hika.

„Þú, eða fjölskylda Haralds, búið yfir einhverju sem gæti skipt rannsóknina máli en hafið kosið að halda því leyndu? Er það rétt skilið hjá mér?“

„Jamm,“ svaraði Matthew.

„Ég skal segja ykkur það,“ sagði Þóra. Hún hugsaði sig um. Hún gerði ráð fyrir að einhverjar siðareglur gerðu henni skylt að upplýsa yfirvöld um vitneskju sem gæti varðað opinberan málarekstur. Hún ætti því að afþakka þetta og tilkynna lögreglunni að Matthew væri að leyna sönnunargögnum eða einhverju öðru sem varðaði morðmálið. Á hinn bóginn vissi hún mætavel að hann myndi einungis neita því og þátttöku hennar í rannsókn málsins væri lokið. Það væri engum til góðs. Þannig mætti með mjög rúmri siðfræðilegri túlkun álykta sem svo að henni bæri skylda til að sverja það að halda kjafti og reyna svo

eftir fremsta megni að leysa gátuna sem fyrir þeim lá með þessar stórkostlegu nýju upplýsingar að vopni. Allir glaðir. Þóra melti þetta þögnul. Frekar hæpin niðurstaða en sú skásta í stöðunni – siðareglurnar hlytu að gera ráð fyrir einhverjum mildandi kringumstæðum þar sem tilgangurinn helgaði meðalið. Ef ekki – þá væri kominn tími til að breyta þeim.

„Ókei,“ sagði Þóra loks. „Ég skal lofa að segja engum neitt – jafnvel ekki lögreglunni – sama hvað það er sem þú ætlar að segja mér.“ Matthew brosti, ánægður með hana og hún flýtti sér að bæta við áður en hann gæti hafið uppljóstrunina: „Hins vegar verður þú þá á móti að lofa mér því að ef þetta leyndarmál þitt sannar sakleysi Huga og okkur tekst ekki að sýna fram á það með öðrum hætti – þá afhendum við yfirvöldum upplýsingarnar áður en að réttarhöldunum kemur.“ Matthew opnaði munninn en Þóra greip fram í fyrir honum: „Og yfirvöldum verður ekki sagt að ég hafi haft vitneskju um þetta. Og ...“

Matthew stöðvaði hana. „Ekki fleiri og – takk.“ Nú var komið að honum að hugsa sig um. Hann starði á Þóru án þess að depla auga. „Samþykkt. Þú segir ekkert og ég læt lögregluna vita um bréfið ef okkur tekst ekki að sanna sakleysi þessa Huga í tæka tíð fyrir dóm-töku málsins.“

Bréfið? Enn eitt bréfið? Þóra var farin að halda að þetta mál væri allt einn farsí, ef ekki væri fyrir krufningarmyndirnar sem stóðu henni ennþá ljóslifandi fyrir hugskotssjónum. „Hvaða bréf áttu við?“ spurði hún. „Ég stend við það sem ég hef lofað.“

„Bréf sem barst móður Haralds skömmu eftir morðið,“ svaraði Matthew. „Bréfið sannfærði þau hjónin um að sá sem var í haldi gæti ekki verið hinn seki. Það var nefnilega sent eftir að Hugi var kominn í gæsluvarðhald og ófær um að skreppa út á pósthús. Ég efast um að lögreglan hefði gert honum þann greiða að fara með það fyrir hann – sérstaklega þar sem þeir hefðu væntanlega kynnt sér innihaldið áður.“

„Sem var?“ spurði Þóra óþreyjufull.

„Það sem stóð var ekki svo ýkja merkilegt – að því undanskildu að textinn var frekar óvæginn í garð móður Haralds. En bréfið var ritað með blóði – blóði úr Harald.“

„Oj bara,“ missti Þóra út úr sér. Hún reyndi að gera sér í hugarlund hvernig tilfinning það væri að fá bréf ritað með blóði látins sonar síns en náði ekki að kalla fram hughrifin. Henni fannst það svo fjarstæðukennt. „Frá hverjum var bréfið – kom það fram? Og hvernig vitið þið að blóðið var úr Harald?“

„Bréfið var undirritað í nafni Haralds en rithandarsérfræðingur mat það svo að þetta væri ekki hans skrift. Hann gat þó ekki staðfest það þar sem skriffærið hefur verið frekar gróft og skriftin því illa samanburðarhæf við rithönd Haralds. Bréfið var sem sé sent í rannsókn og var þá meðal annars kannað hvort blóðið væri hans. Það reyndist vera svo – alveg óyggjandi. Það fundust raunar einnig leifar af blóði úr spörfugli sem virtist hafa verið blandað við blóð Haralds að mati rannsóknarstofunnar.“

Þóra glennti upp augun. Fuglablóð? Henni bauð jafnvel enn meira við því en mannaþóði. „Hvað stóð eiginlega í bréfinu?“ spurði Þóra. „Ertu með það?“

„Ég er ekki með frumritið ef þú átt við það,“ svaraði Matthew. „Mamma hans mun ekki láta það af hendi, né afrit af því. Hún gæti þess vegna hafa komið því fyrir kattarnef. Það var frekar ógeðfellt.“

Þóra leit svekkt á hann. „Og hvað? Ég verð að fá að vita hvað stóð í því. Fenguð þið einhvern til að þýða hana?“

„Já, reyndar. Þetta var ljóð um ást sem byrjaði frekar fallega en varð fljótlega frekar óhuggulegt.“ Hann leit á Þóru og brosti. „Þú ert raunar heppin að ég náði að skrifa það upp – það var nefnilega ég sem var fenginn til þess að þýða það – með aðstoð íslensk-þýskrar orðabókar. Ég fæ nú líklega ekki verðlaun fyrir þýðinguna en inntakið var þó skýrt.“ Meðan Matthew talaði dró hann upp úr jakkavasanum sambrotið A4 blað. Hann rétti Þóru síðuna. „Sumir stafanna eru nú kannski ekki rétt skrifaðir hjá mér – ég þekkti þá ekki alla en þetta ætti að vera nokkuð nærri lagi.“

Þóra las ljóðið yfir. Það var langt í ljósi þess að það hafði verið skrifað með blóði. Hún gat ekki ímyndað sér hversu mikið hefði þurft af því til þess að rita alla þessa stafi. Matthew hafði skrifað það með hástöfum – væntanlega í samræmi við frumskjalið. Á blaðinu stóð:

Ég lít á þig,
en þú legg á mig
ást og elsku
af öllum hug.
Sit þú hvergi,
þol þú hvergi,
nema þú unnir mér.
Þess bið ég Óðin
og alla þá
sem kvenrúnir
kunnu að ráða
að þú í heimi
hvergi þolir
né þrífist
nema þú elskir mig
af öllum hug.

Svo skal þér í beinum
sem þú brennir öll
en í holdi
hálfu verra.
Hljót þú ógiftu
nema þú unnir mér,
á fætur skaltu frjósá,
hljóttu aldrei sæmd
né sælu.
Sit þú brennandi,
rotna þú hári,
rifni þín klæði,
nema auðgöngul
viljir eiga mig.

Þóru leið undarlega við lesturinn – ljóðið var óþægilega skrýtið. Hún leit af því á Matthew. „Ég kannast ekkert við þetta, því miður. Hver gerir svona eiginlega?“

„Ég veit það svei mér ekki,“ svaraði Matthew. „Þetta var enn ógeð-felldara í frumritinu, þetta var skrifað á skinn – kálfskinn. Það þarf sjúkan mann til að gera móður látins manns svona lagað.“

„Af hverju móður? Var þetta ekki líka sent föður hans?“

„Það var fleira en það var á þýsku. Ég skrifaði það ekki niður en man inntakið nokkurn veginn.“

„Hvað var það?“ spurði Þóra.

„Það var stuttur texti – eitthvað í þessa veru: *Mamma – vona að þér líki kveðskapurinn og gjöfin – þinn sonur Harri*. Sonur var tvíundirstrikað.“

Þóra leit af blaðinu á Matthew. „Hvaða gjöf? Fylgdi eitthvað með bréfinu?“

„Nei, ekki samkvæmt þeim hjónum og ég trúí þeim. Þau voru gjör-samlega vitstola þegar þetta barst og í engu ástandi til að ljúga sann-færandi.“

„Af hverju stendur *Harri* undir? Ætli bréfritarinn hafi verið orðinn blóðlítill?“

„Nei, hann var víst kallaður Harri af eldri bróður sínum þegar þeir voru pínulítillir. Það nafn þekkja örfáir – það er ein ástæðan fyrir því að bréfið hafði þessi miklu áhrif á mömmu hans.“

Þóra leit á Matthew. „Var hún vond við hann? Er það rétt?“ Henni varð hugsað til myndanna af litla, afskipta drengnum.

Matthew ansaði ekki strax. Þegar hann tók til máls vandaði hann orð sín og var greinilega mikið í mun að hann kæmist rétt að orði – enda að ræða um einkamál vinnuveitenda sem hann virtist bera mikla virðingu fyrir. „Ég sver að ég veit það ekki. Það var frekar eins og hún forðaðist hann. Hins vegar er ég viss um að ef samband þeirra hefði verið eðlilegt hefði hún sent bréfið til lögreglunnar á Íslandi. Þetta snerti greinilega viðkvæman blett.“ Hann þagnaði smástund og horfði íhugull á Þóru áður en hann hélt áfram. „Hún bað um að fá að ræða við þig. Móðir við móður.“

„Mig?“ Þóra gapti. „Hvað vill hún mér? Afsaka einhverja undarlega hegðun gagnvart barninu sínu?“

„Það kom ekki fram,“ svaraði Matthew. „Hún sagðist bara vilja tala við þig en reyndar ekki að svo stöddu. Hún vildi fá að jafna sig aðeins betur.“

Þóra sagði ekkert. Hún myndi auðvitað tala við konuna ef hún óskaði þess en seint færi hún að hugga manneskju sem hefði misboðið barninu sínu. „Ég skil ekki tilganginn með þessari sendingu,“ sagði hún til að breyta um umræðuefni.

„Ekki ég heldur,“ svaraði Matthew að bragði. „Það er eitthvað svo klikkað að láta eins og Harald hafi sjálfur sent bréfið að mér þykir langlíklegast að morðinginn sé vitfirrtur.“

Þóra starði á blaðið. „Getur verið að sá sem þetta ritaði hafi verið að gefa í skyn að Harald væri látinn og myndi ofsækja móður sína?“

„Til hvers?“ spurði Matthew réttilega. „Hver sér sér hag í því að þína hana með þeim hætti?“

„Harald, auðvitað, en hann var látinn,“ sagði Þóra. „Kannski systir hans – kannski að móðir þeirra hafi líka reynst henni illa?“

„Nei,“ svaraði Matthew. „Það er ekki farið illa með hana – því get ég lofað. Hún er alger augasteinn foreldra sinna.“

„En hver getur það þá verið?“ spurði Þóra vonleysislega.

„Ekki Hugi allavega. Nema að hann hafi haft vitorðsmann.“

„Verst að hafa ekki vitað um blóðið í fötunum þegar við ræddum við hann í morgun.“ Þóra leit á klukkuna. „Kannski get ég fengið að ræða við hann í síma.“ Hún hringdi í 118 og fékk uppgefið númerið á Litla-Hrauni. Vakthafandi yfirmaður gaf henni leyfi til að ræða við Huga gegn því að símtalið yrði stutt. Hún beið óþolinmóð í nokkrar mínútur á línunni og hlustaði á rafræna útgáfu af *Für Elise* áður en andstutt rödd Huga barst gegnum tólið.

„Halló.“

„Já, sæll, Hugi. Þetta er Þóra Guðmundsdóttir frá því í morgun. Ég ætla ekki að halda þér lengi en því miður þá láðist okkur áðan að spyrja þig út í þetta með blóðið í fötunum þínum. Hvernig skýrirðu það?“

„Það helvíti,“ stundi Hugi. „Lögreglan spurði mig út í það. Ég veit ekki hvaða bol með blóði þeir voru að meina en ég útskýrði fyrir þeim þetta með blóðið í fötunum mínum frá því um kvöldið.“

„Hvernig þá?“ spurði Þóra.

„Við Harald fórum inn á klósett til að fá okkur í nefið í partíinu. Hann fékk rosalegar blóðnasir og það slettist á mig. Þetta var pínku-lítið klósett.“

„Var ekki hægt að fá það staðfest?“ spurði Þóra. „Mundu aðrir partígestir ekki eftir þessu – að þú hefðir komið út af baðinu allur í blóðslettum?“

„Ég var nú ekki allur í blóðslettum beint. Svo voru allir svo fullir og vitlausir. Það gerði enginn athugasemd við mig þá að minnsta kosti. Ætli nokkur hafi fattað það.“

Ansans, hugsaði Þóra. „En þetta með blóði drifna bolinn í skápnum þinum – veistu eitthvað hvernig hann er tilkominn?“

„Enga hugmynd.“ Við tók smáþögn en svo bætti hann við: „Ég held að löggan hafi sett hann þarna inn. Ég drap ekki Harald og þurrkaði ekki neitt blóð upp með bol. Ég veit ekki einu sinni hvort þetta er bolur sem ég á eða einhver annar. Ég fékk aldrei að sjá hann.“

„Þetta eru alvarlegar ásakanir, Hugi, og þér að segja held ég að lögreglan geri ekki svona lagað. Það hlýtur að vera einhver önnur skýring á þessu ef þetta er satt sem þú ert að segja.“ Að því búnu kvöddust þau og Þóra skýrði Matthew frá samtalinu.

„Jæja, hann er þó með skýringu á helmingnum,“ sagði hann. „Við þurfum að kanna það hjá hinum partígestunum hvort þau muni eitthvað eftir blóðnösnum.“

„Já,“ sagði Þóra vonlítill um að slíkt hefði nokkuð upp á sig. „En þó svo að þau geri það þá vantar enn skýringu á bolnum í skápnum.“

„Bing“ – heyrðist frá tölvunni og þau litu samtímis á skjáinn. „You have new mail“ stóð á flípa í neðra horni hans til hægri. Þóra greip um músina og ýtti á mynd af litlu umslagi.

Upp skaust póstur – frá Mal.

19. kafli

Hey dauði Harald.

Hvað er í gangi? Ég er að fá pósta frá einhverjum sem þykist vera lögreglan á Íslandi og einhverjum lögfræðingsræfli (Þóra gat ekki annað en látið þetta pirra sig – þrátt fyrir að hafa verið kölluð mun skrautlegri nöfnunum á lögmannsferlinum). Samkvæmt þessum fíflum ertu dauður – líklegt eða hitt þó heldur. Sendu mér allavega línu – þetta er svolítið óþægilegt.

Kveðja,

Mal

„Fljót, fljót,“ sagði Matthew. „Svaraðu honum á meðan hann situr við tölvuna.“

Þóra flýtti sér að ýta á „reply“. „Hvað á ég að segja?“ spurði hún meðan hún sló inn hið hefðbundna: *Kæri Mal*.

„Eitthvað bara,“ sagði Matthew óðamála og einstaklega hjálpsamur.

Þóra valdi að skrifa:

Því miður er þetta rétt hvað varðar dauða Haralds. Hann var myrtur og mun því ekki svara þér úr þessu. Ég er lögmannsræfillinn sem reyndi að skrifa þér á dögnum en tölva Haralds er í minni vörslu. Ég er að vinna fyrir Guntlieb-fjölskylduna – þeim er mikið í mun að finna morðingjann. Núna er í haldi ungur maður sem að öllum líkindum er saklaus af þessum hræðilega verknaði og mig grunar að þú kunnir að búa yfir upplýsingum sem gætu hjálpað okkur. Veist þú hvað Harald taldi sig hafa fundið og hver er „andskotans fíflid“ sem hann talaði um í síðasta pósti sínum til þín? Best væri ef þú sendir mér símanúmer sem ég næ þér í.

Kveðja Þóra

Matthew las það sem hún skrifaði yfir jafnóðum og þegar hún var búin – á mettíma – bandaði hann hendinni óþolinmóður og tautaði: „Send, send.“

Þóra sendi póstinn og þau biðu þögul í nokkrar mínútur. Þá loks skaut aftur upp tilkynning um að nýr póstur hefði borist. Þau horfðu spennt hvort á annað áður en Þóra opnaði hann. Þau urðu bæði fyrir jafnmiklum vonbrigðum.

Lögfræðingsræfill – farðu til fjandans. Taktu Guntlieb-fjölskylduna með þér. Þið eruð skítapakk. Ég mun fyrr dauður liggja en hjálpa ykkur.

Haturskveðja,

Mal

Þóra blés hægt frá sér. Það var naumast. Hún leit á Matthew. „Getur verið að hann sé bara að fíflast?“

Matthew mætti augnaráði hennar án þess að vita hvort hún sjálf væri að grínast. Hann mat að svo væri. „Ábyggilega – hann sendir án efa annan póst með svona brosköllum sem iða á skjánum og segist elska Guntlieb-fólkið.“ Hann andvarpaði. „Fjandinn sjálfur, Harald hefur augljóslega ekki talað vel um foreldra sína við vinina. Ég held að við getum gleymt þessum náunga.“

Þóra andvarpaði. „Erum við þá ekki að eyða tíma okkar til einskis hér? Við gætum til dæmis farið niður á Kaffibrennsluna og rætt við þjóninn sem gaf þessum Halldóri fjarvistarsönnun ef hann er á vakt. Ég er svolítið sammála þér í því að sá vitnisburður er frekar slappur. Ef hann er ekki að vinna þá fáum við okkur einfaldlega kaffi.“

Matthew tók þessu fegins hendi og stóð á fætur. Þóra flýtti sér að losa USB-lykilinn, stakk honum í handtöskuna og slökkti á tölvunni.

Á Kaffibrennslunni voru ekki margir svo Þóra og Matthew gátu valið úr sætum. Þau settust við borð rétt við barinn á neðri hæðinni. Meðan Þóra var að baksa við að koma dúnúlpunni sinni fyrir á stólbakinu reyndi Matthew að ná athygli þjónsins sem reyndist vera ung kona. Hún sá til hans og brosti, gaf til kynna að hún kæmi eftir augnablik. Matthew sneri sér þá að Þóru. „Af hverju fórstu ekki í kápunni sem þú klæddist í morgun?“ spurði hann undrandi þegar hann sá belg-mikla úlpuna breiða úr sér sitt hvorum megin við stól hennar – ermarnar svo fullar af dún að þær stóðu næstum teinréttar út frá hliðunum.

„Mér var kalt,“ sagði Þóra hissa. „Káþuna geymi ég á skrifstofunni – ég mæti í úlpunni á morgnana og fer heim í henni á kvöldin. Finnst þér hún ekki fín?“

Matthew setti upp svip sem sagði allt sem segja þurfti um álit hans á úlpunni. „Jú mjög svo – ef þú starfaðir við þykktarmælingar á ísn-um á Suðurskautinu.“

Þóra ranghvolfdi í sér augunum. „Pempía,“ sagði hún og brosti svo við þjóninum sem hafði birst við hlið þeirra.

„Get ég aðstoðað?“ spurði stúlkan og brosti til þeirra. Hún var með svarta stutta svuntu bundna um grannt mittið og hélt á lítilli skrif-blokk – tilbúin til þess að taka niður pöntunina.

„Ó já takk,“ svaraði Þóra. „Ég ætla að fá tvöfaldan espresso.“ Hún sneri sér að Matthew: „Vilt þú ekki bara fá te í postulínsbolla?“

„Ha, ha. Fyndin,“ sagði hann og beindi svo orðum sínum að stúlkunni og pantaði það sama og Þóra.

„Ókei,“ sagði hún brosandí án þess að skrifa nokkuð niður. „Er það eitthvað fleira?“

„Nei og jú,“ sagði Þóra. „Við vorum að velta fyrir okkur hvort Björn Jónsson væri nokkuð að vinna. Við ætluðum að eiga við hann nokkur orð.“

„Bjössi?“ spurði stúlkan hissa. „Jú, hann var að koma.“ Hún leit á klukku á veggnum. „Vaktin hans er einmitt að byrja. Á ég að sækja hann fyrir ykkur?“ Þóra þáði það með þökkum og unga konan gekk í burtu að sækja Bjössa sem og kaffibollana.

Matthew leit á Þóru og brosti sykursætt. „Úlpan þin er frábærlega flott. Ég meina það. Hún er bara eitthvað svo ... mikil.“

„Þú settir það nú ekki fyrir þig þegar þú varst að daðra við Bellu. Hún er mikil – svo mikil að hún hefur eigið þyngdarafll. Bréfaklemmurnar á skrifstofunni eiga það til að lenda á braut um hana. Þú ættir kannski að fá þér svona úlpu. Þær eru hrikalega þægilegar.“

„Get það ekki,“ sagði Matthew og brosti til hennar á móti. „Þá yrð-ir þú að sitja aftur í og það væri glatað. Það er enginn möguleiki að tvær svona úlpur komist fyrir í framsætinu.“

Frekari úlpuumræður urðu að bíða betri tíma því stúlkan var mætt með kaffið. Með henni í för var ungur maður. Hann var myndarlegur

á svoltið kvenlegan hátt – dökkt hárið óvenju vel klippt og snyrt og hvergi skugga að sjá á vöngunum. „Hæ, vilduð þið tala við mig?“ spurði hann hljómfagurri röddu.

„Já, ert þú Björn?“ sagði Þóra og tók við öðrum kaffibollanum. Ungi maðurinn gekkst við því og hún útskýrði hver þau Matthew væru. Hún mat það svo að það væri óþarfi að rugla strákinn með því að fara fram á að ræða við hann á ensku og hélt því sínu striki bara á íslensku. Matthew gerði enga athugasemd við það, sat bara og dreypti á kaffinu sínu. „Okkur langaði að spyrja þig út í kvöldið sem morðið var framið og Halldór Kristinsson.“

Bjössi kinkaði kolli alvörufeginn. „Já, ekkert mál – má ég ekki annars örugglega tala við ykkur? Það er ekki á móti neinum reglum, er það?“ Þóra fullvissaði hann um að svo væri ekki og hann hélt því áfram. „Ég var sem sagt að vinna hérna, reyndar ásamt fleirum.“ Hann leit í kringum sig á hálfatóman staðinn. „Það er nú ekki svona hérna um helgar. Þá er allt troðfullt.“

„En þú manst samt sérstaklega eftir honum?“ spurði Þóra og gætti sín á að hljóma ekki eins og hún væri að rengja hann.

„Dóra? Já, blessuð vertu,“ sagði Bjössi reffilega. „Ég er farinn að kannast við hann – þannig. Hann og vinur hans – þessi útlenski sem var drepinn – þeir komu oft hingað og maður gat ekki annað en tekið eftir þeim. Hann var nokkuð spes, þessi útlenski. Kallaði mig aldrei annað en Baer sem þýðir víst Björn á þýsku. Dóri kom líka stundum einn og þá spjallaði hann við mig upp við barinn.“

„Spjallaði hann við þig þarna um kvöldið?“ spurði Þóra.

„Nei, það var nú ekki þannig. Það var svo brjáláð að gera að ég var eins og vitfirringur á þönum út um allt. Ég sagði samt hæ við hann og við skiptumst á nokkrum orðum. Hann var reyndar eitthvað fúll svo að ég staldraði ekki lengi við.“

„Hvernig veistu nákvæmlega hvenær hann kom?“ spurði Þóra næst. „Í ljósi þess sem þú ert að segja hefur þú varla haft tíma til að taka sérstaklega eftir því – eða haft ástæðu til þess.“

„Ó, það,“ sagði Bjössi. „Hann opnaði reikning þegar hann kom – svona til þess að þurfa ekki að borga í hvert sinn sem hann fékk sér nýtt glas. Við skrifum alltaf hjá okkur hvenær kúnni byrjar að taka út

á slíkan reikning og hvenær hann hættir og gerir upp.“ Bjössi sendi Þóru samsærissbros. „Það var skynsamlegt hjá honum að opna reikning þetta kvöld því að hann drakk ekkert smámikið. Kortið hans hefði annars getað ofhitnað af öllum strokunum gegnum vélina.“

„Ég skil,“ sagði Þóra. „En þú ert viss um að hann hafi setið hér að sumbli allan tímann þar til vinir hans komu um tvöleytið? Hann gat ekki skotist frá án þess að þú yrðir þess var?“

Bjössi hugsaði sig um áður en hann svaraði. „Sko, ég get náttúrulega ekki svarið fyrir það að hann hafi verið hérna alveg allan tímann. Mér fannst ég vera viss og bar það við lögregluna, en eftir á að hyggja gæti ég vel hafa byggt það á úttektunum af barnum á þessum tíma sem fóru auðvitað ekki allar í gegnum mig. Kannski fékk einhver annar að taka út af hans reikningi – ég veit það ekki.“ Hann bandaði höndunum kringum sig. „Þetta er samt ekki stór staður og ég held í alvöru talað að ég hefði orðið var við það ef hann hefði farið. Eða ég held það allavega.“

Þóra vissi eiginlega ekki hvað hún gæti spurt þjónninn frekar út í varðandi þetta kvöld. Hann virtist slá úr og í og í hennar huga hafði fjarvistarsönnun Halldórs fallið verulega í verði. Hún þakkaði Bjössa fyrir og lét hann hafa nafnspjaldið sitt ef eitthvað kynni að rifjast upp fyrir honum, þó svo að hún teldi litlar líkur á því. Hún sneri sér að Matthew og kaffinu sínu sem hafði kólnað töluvert og sagði Matthew milli sofa undan og ofan af því sem þjónninn hafði sagt. Þau luku úr bollunum sínum og Þóra sá að það var kominn tími fyrir hana til að halda heim. Þau gerðu upp og drifu sig út.

Klukkan nálgadist fimm og umferðin var enn róleg. Fáir voru á ferli, enda kalt og hráslagalegt. Þeir fáu sem mældu göturnar gengu hratt og gáfu sér ekki tíma til að líta mikið í kringum sig eða kíkja í búðarglugga. Þóra ákvað að koma ekki við á skrifstofunni heldur láta Matthew aka sér beint í bílastæðahúsið og halda þaðan heim. Hún sló á þráðinn til Bellu til að láta hana vita að hún væri ekki væntanleg fyrr en í fyrramálið og kanna hvort nokkuð hefði komið upp á sem hana sjálfa varðaði meðan hún var frá.

„Halló,“ var sem fyrr svarað í símann – ekki orð um hvaða starfsemi færi þarna fram eða hver hefði ansað.

„Bella,“ sagði Þóra og reyndi að hljóma sátt. „Þetta er Þóra, ég kem ekki frekar í dag. Ég verð hins vegar á ferðinni um áttaleytið í fyrramálið.“

„Huh,“ var órátt svarið.

„Er nokkur skilaboð til mín?“

„Hvernig á ég að vita það?“ svaraði Bella.

„Hvernig? Ja, ég er bara svo mikil bjartsýnismanneskja að mér datt í hug að sem ritari og símamær hefðir þú kannski slysast til að taka skilaboð. Þetta er náttúrulega algerlega fáránlegt hjá mér.“

Smápögn tók við á hinum endanum og Þóra var ekki frá því að hún heyrði Bellu telja niður í hálfum hljóðum á hinum enda línunnar. „Klukkan er fimm – ég þarf ekki að tala meira við þig. Ég er búin að vinna í dag.“ Bella skellti á.

Þóra góndi á farsímamann sinn en sagði svo meira við sjálfan sig en Matthew: „Ætli Bella gæti verið þessi Mal?“

„Ha?“ Matthew var kominn að bílastæðahúsinu og hann renndi bílnum upp að því.

„Æ, ekkert,“ sagði Þóra og losaði öryggisbeltið. „Hvað gerir þú á kvöldin eiginlega?“

„Sitt lítið af hverju,“ svaraði Matthew. „Fer út að borða, lalla stundum á bari í miðbænum – einstaka sinnum hef ég farið í svona ferðamannaleiðangra – söfn og þess háttar.“

Þóra vorkenndi honum – þetta hlaut að vera frekar einmanalegt. „Á morgun er föstudagur og krakkarnir á leiðinni til pabba síns. Ég skal bjóða þér í mat um helgina, hvernig líst þér á það?“

Matthew brosti. „Vel, ef þú lofar að bjóða ekki upp á fisk. Ef ég borða fisk einu sinni enn vaxa á mig uggar.“

„Nei, ég var að hugsa um eitthvað heimilislegra – eins og að panta pizzu,“ sagði Þóra áður en hún yfirgaf bílinn. Hún vonaðist til að Matthew æki í burtu áður en að hún næði að ganga upp að verkstæðisbílnum. Ef honum þótti úlpan hallærisleg fengi hann áfall ef hann sæi farartækið sem hún var á. Henni varð ekki að ósk sinni – Matthew beið eftir að sjá hana komast inn í bílinn og þegar hún tók bílstjórahurðina úr lás heyrði hún hann kalla til hennar. Hún leit við og sá hann teygja sig út um opinn gluggann.

„Þú ert auðvitað að grínast,“ kallaði hann hátt. „Er þetta bíllinn þinn?“ Þóra lét hlátur hans ekki fara í taugarnar á sér heldur kallaði á móti: „Viltu skipta?“

Matthew hristi hausinn og renndi upp rúðunni. Hann ók svo hlæjandi í burtu, að því er Þóru sýndist.

Kvöldið áður hafði Þóra komið því í kring að dóttir hennar færi heim úr skólanum með vinkonu sinni. Hún renndi þar við til að kippa Sóleyju með, þakkaði mömmu vinkonunnar, ungri reffilegri konu, fyrir greiðann og var svarað að þetta væri nú lítið mál – það væri eiginlega auðveldara að hafa þær tvær saman því að þær hefðu ofan af hvor fyrir annarri. Þóra þakkaði aftur fyrir og sagðist án efa eiga eftir að þiggja þetta aftur. Hún bætti að endingu við að vonandi gæti hún einhvern tímann endurgoldið greiðann. Einhvern tímann þegar sólin risi í vestri.

Í anddyrinu heima var þröng á þingi – vinir Gylfa höfðu verið í heimsókn og voru á leiðinni út. Ótal úlpur lágu á víð og dreif – sem og strigaskór og þreytulegir bakpokar sem þjónuðu sem skólatöskur. Eigendurnir, þrír álkulegir strákar sem Þóra þekkti vel, og ein stúlka sem Þóra kannaðist minna við, voru í óðaönn að tína á sig útisþjarnar og leita uppi samstæð skópör.

„Hæ,“ sagði Þóra kumpánlega og gerði sitt besta til að smeygja sér framhá hópnum. Sonur hennar stóð í dyragættinni á forstofunni og fylgdist með aðförunum. Hann var jafniðurlútur að sjá og um morguninn. „Vorud þið að læra?“ spurði Þóra vitandi að slíkt var óhugsandi. Á þessum aldri hópuðust krakkar ekki saman til að læra – þeim sem styngi upp á slíku yrði umsvifalaust útskúfað. Það var hins vegar skylda hennar sem foreldris að koma með hallærislegar athugasemdir á borð við þessa.

„Uhh, nei,“ svaraði Patti – besti vinur Gylfa til margra ára. Hann var ágætur strákur og aðalsmerki hans var að hann gat á hverjum tíma sagt til um hversu margir mánuðir, dagar og klukkustundir væru í að hann fengi bílpróf. Þóra hafði nokkrum sinnum tékkað tölurnar af og oftast skakkaði litlu hjá honum.

Þóra brosti svo til stúlkunnar sem leit feimnislega undan. Hún gat ómögulega munað hvað hún hét en hún hafði undanfarið séð meira

og meira af henni á heimilinu. Gylfi hafði tekið út mikinn þroska og kannski var sonur hennar skotinn í þessari stúlku eða þau jafnvel orðin kærustupar? Þetta var sætasta stelpa en stóð varla út úr hnefa í samanburði við Gylfa og vini hans.

Sóley, sem hafði fylgt Þóru inn, var nú komin úr skónum og úlpunni og búin að ganga frá öllu snyrtilega á sinn stað. Hún leit á unglingana, setti hendur á mjaðmir og spurði þá ráðskonulega; „Voruh þið að hoppa í rúminu? Það má ekki – dýnan getur skemmst.“

Bróðir hennar roðnaði af skömm og gólaði: „Af hverju þarf ég að eiga svona vangefna fjölskyldu? Þið eruð báðar óþolandi.“ Hann stormaði í burtu og hurðarskellur fylgdi í kjölfarið. Vinir hans urðu hrikalega vandræðalegir og hamagangurinn við að koma sér í jókst um allan helming.

„Bæ, bæ,“ kvaddi Patti áður en hann lokaði útidyrnum á eftir hópnum. Áður en hurðin féll að stöfum fékk hann einhverja bakþanka og skaut höfðinu aftur inn til að tilkynna: „Þið eruð ekki næstum jafnvangefnar og mín fjölskylda – Gylfi er bara eitthvað fúll þessa dagana.“

Þóra brosti til hans og þakkaði honum kærlega fyrir. Þetta var að minnsta kosti viðleitni til að sýna smákurteisi – þótt fínþússa hefði mátt orðalagið aðeins. „O jæja,“ sagði hún við dóttur sína. „eigum við að elda mat?“ Sú stutta kinkaði samviskusamlega kolla og hóf að drösla einum pokanum inn í eldhús.

Eftir að hafa borðað kvöldmat saman – upphitað lasagna sem Þóra hafði viljandi valið í búðinni og nan-brauð sem hún hafði tekið í misgripum fyrir hvítlauksbrauð – fór dóttir hennar inn að leika sér á meðan sonurinn gekk frá eftir matinn. Hann sá greinilega eftir upphlaupinu varðandi andlegt atgervi móður sinnar og systur, en kom sér ekki til þess að biðjast afsökunar. Þóra lét sem ekkert væri og vonaði að hún væri að taka réttan pól í hæðina – að hann myndi að endingu sjálfur trúa henni fyrir því sem var að angra hann. Hún taldi sig hafa gert honum ljóst að hún væri til staðar þegar og ef að því kæmi að hann kærði sig um það. Hún kyssti hann varlega á kinnina og þakkaði honum fyrir hjálpina og fékk að launum afkáralegt bros. Hann fór að því búnu inn til sín.

Þóra ákvað að nota næðið sem skyndilega hafði myndast til þess að

skoða gögnin sem hún hafði haft með sér úr tölvu Haralds. Hún sótti fartölvuna sína og kom sér fyrir uppi í sófa í stofunni. Þóra skoðaði nokkrar myndir af eldamennsku og tunguaðgerðinni. Myndirnar af aðgerðinni voru frá 17. september. Hún opnaði þær eina af annarri og stækkaði upp þá hluta þeirra þar sem sjá mátti einhverju áhugaverðu bregða fyrir. Fyrir vikið urðu myndirnar ekki eins ógeðfellar. Aðalefni allra myndanna hafði verið munnholið og aðgerðin sjálf en það mátti grilla í hitt og þetta utan við kjálka Haralds. Aðgerðin hafði greinilega farið fram í heimahúsi – svo mikið var víst – það sem sást af umhverfinu sjálfu var ekki þannig að um lækna- eða tannlæknastofu gæti verið að ræða. Sjá mátti sófaborð þar sem hver þumlungur var þakinn hálffullum eða tómum glösum, bjórdósum og öðru drasli – ásamt stórum, barmafullum öskubakka. Einnig var ljóst að þetta var ekki heima hjá Harald. Þessi íbúð virtist miklu óreiðulegri og ósmekklegri en drifhvítar, nútímalegar vistarverur hans. Á annarri mynd mátti sjá í líkama þess sem gerði aðgerðina eða aðstoðaði við hana. Hann eða hún var í ljósbrúnum bol með áletrun sem Þóra gat ekki lesið því fellingar á honum bjöguðu hana. Henni tókst þó að greina töluna „100“ og „...lico...“ Það var ekki byrjað að skera þegar fyrstu tvær myndirnar voru teknar en sú þriðja var tekin eftir að hnífurinn hafði lokið sér af – blóð flæddi út um munnvik Haralds og handleggurinn sem sást í var doppóttur af blóðslettum. Það hafði eflaust spýst um allt þegar skorið var í tunguna – ef tungusár líktust hefðbundnum höfuðáverkum hafði blætt rosa-lega. Þóra rýndi í handlegginn og stækkaði upp svæði á honum þar sem henni sýndist vera tattú. Það reyndist vera rétt – á handleggnum mátti greina orðið „crap“. Ekkert skraut eða flúr – bara „crap“. Það var ekkert frekar að sjá á tungumyndunum.

Myndirnar frá eldamenskunni höfðu vakið athygli Þóru vegna þess að þær voru dagsettar rétt áður en Harald var myrtur – á þeim tíma sem Hugli hafði sagt hann hafa verið út af fyrir sig og ekki í sambandi við vinina. Upplýsingar um skrárnar staðfestu þetta – myndirnar voru teknar á miðvikudegi, þremur dögum áður en Harald var myrtur. Þóra skoðaði þessar tvær myndir vel, aðallega hendurnar sem voru í óðaönn að útbúa salat og skera niður brauð. Hálfblind manneskja hefði getað áttað sig á því að um var að ræða tvær ólíkar mann-

eskjur. Aðrar hendurnar voru alsettar örum – tattú-örum sem mynduðu meðal annars fimmhyrnda stjörnu og broskall með djúpa skeifu og horn. Þetta hlaut að vera Harald. Hinar voru mun nettari, kvenmannshendur með granna fingur og vel snyrtar, stuttar neglur. Þóra stækkaði eina myndina þar sem greina mátti á baugfingri einfaldan hring með að því er virtist demanti eða öðrum hvítum eðalsteini. Hringurinn var of hefðbundinn útlits til að vera eftirtektarverður en kannski væri hægt að sýna Huga myndina og kanna hvort hann þekkti eitthvað til hans.

Eitthvað bærðist í huganum á Þóru – eitthvað sem hafði angrað hana þegar hún heimsótti íbúð Haralds í fyrsta sinn. Þýska Bunte-blaðið á klósettinu. Það var auðvitað á hreinu að Harald læsi ekki slíkt konublað. Eins var á hreinu að Íslendingar læsu það ekki. Það hlaut því að hafa komið með einhverjum Þjóðverja – kvenkyns. Framan á blaðinu höfðu Tom Cruise og frú brosað út af væntanlegri fjölgun í fjölskyldunni. Ef minnið var ekki að svíkja hana hafði það barn komið til sögunnar þá um haustið. Gat verið að Harald hefði fengið heimsókn frá Þýskalandi – einhvern sem var hjá honum þegar hann mátti ekki vera að því að hitta vini sína? Þóra sló á þráðinn til Matthews sem ansaði á þriðju hringingu.

„Hvar ertu – stendur illa á?“ spurði hún þegar hún heyrði klið í bakgrunninum.

„Nei, nei,“ svaraði Matthew augljóslega með fullan munn. Hann kyngdi. „Ég er úti að borða, fékk mér kjöt. Hvað er í gangi – viltu koma og fá þér desert með mér?“

„Ha, nei takk,“ Þóra fann að hana dauðlangaði. Það var gaman að fara út að borða, klæða sig upp og skála í glösum sem einhver annar þyrfti svo að vaska upp. „Það er skóladagur á morgun og ég verð að sjá til þess að krakkarnir fari í háttinn á skikkanlegum tíma. Nei, ég hringdi bara til að vita hvort þú værir nokkuð með símanúmer konunnar sem þreif hjá Harald – ég hef grun um að einhver hafi verið hjá honum rétt fyrir morðið – jafnvel gist. Mér sýnist allt benda til þess að það hafi verið Þjóðverji – kona.“

„Jú, ég er nú með þetta einhvers staðar í símanum mínum. Viltu að ég hringi? Ég hef rætt við hana áður og hún talar ágætis ensku. Það er

kannski einfaldast – hún þekkir ekkert til þín en man án efa eftir mér þar sem ég greiddi henni síðasta reikning.“

Þóra þáði það og hann lofaði að hringja aftur. Hún notaði tímann til að segja dóttur sinni að fara að háttu og var að myndast við að bursta í henni tennurnar þegar Matthew hringdi aftur. Þóra stakk símanum á öxlina og hélt honum á sínum stað með kinninni til að geta bæði talað og sinnt tannhirðu afkvæmisins.

„Heyrðu, hún segir að rúmið í gestaherberginu hafi verið notað. Það hafi enn fremur verið dót á baðinu – einnota rakvél – svona konurakvél sem bendir til að þetta sé rétt hjá þér.“

„Lét hún lögregluna vita?“ spurði Þóra.

„Nei, hún taldi það ekki skipta máli þar sem Harald var ekki myrtur heima hjá sér. Að auki sagði hún að það hefðu oft verið einhverjir gestir þarna, fleiri en einn og fleiri en tveir. Því fylgdi reyndar yfirleitt meira partístand en virtist hafa verið samfara þessum gesti.“

„Getur hann hafa átt þýska kærustu?“

„Sem kom í heimsókn yfir hafið og svaf svo í gestaherberginu? Það finnst mér hæpið. Ég hef heldur aldrei heyrt minnst á þýska kærustu.“

„Þau gætu auðvitað hafa rifist.“ Þóra hugsaði sig um. „Eða þá að þetta var alls ekki kærasta heldur bara vinkona eða skyldmenni. Systir hans kannski?“

Matthew þagði smástund. „Ég held að við ættum að láta þetta eiga sig ef svo er.“

„Ertu frá þér,“ gall í Þóru. „Af hverju í ósköpunum?“

„Hún hefur átt erfitt undanfarið – bróðir hennar myrtur og svo er hún í smákrísu varðandi eigin framtíð.“

„Hvernig þá?“ spurði Þóra.

„Hún er mjög fær sellóleikari og vill halda áfram að mennta sig á því sviði. Pabbi hennar vill að hún læri viðskiptafræði og taki við bankanum. Það er enginn annar eftir – jafnvel þótt Harald hefði verið á lífi hefði hann ekki komið til greina. Þetta með nám hennar var í það minnsta komið fram áður en hann var myrtur.“

„Gengur hún með skartgripi?“ spurði Þóra. Hendurnar af myndunum hefðu alveg getað verið af sellóleikara – sérstaklega stuttar, snyrtilegar neglurnar.

„Nei, alls ekki. Hún er ekki þannig,“ svaraði Matthew. „Hún er fjarri því að vera glysgjörn.“

„Ekki einn nettan demantshring?“

Smáþögn og svo: „Jú, gott ef ekki er. Hvernig veistu?“

Þóra lýsti myndunum og þau slitu samtalinu með því að Matthew lofaði að hugsa málið varðandi það að setja sig í samband við stúlkuna.

„Er edd ekki að erda búid?“ sagði dóttir hennar gegnum munninn fullan af tannkremsfroðu. Hún hafði orðið að láta það yfir sig ganga að þola tannburstun meðan á símtalinu stóð – ekki fengi hún Kárius í dag að minnsta kosti. Þóra kom henni upp í og las fyrir hana þang- að til hana var farið að syfja. Hún kyssti hálfsofandi barnið á ennið, slökkti ljósið og hallaði aftur hurðinni. Að því búnu fór hún aftur í tölvuna.

Eftir tveggja tíma vinnu við að fara yfir önnur skjöl Haralds án þess að finna nokkuð sem gæti komið að gagni gafst hún upp og slökkti á tölvunni. Hún ákvað að skella sér upp í og lesa eintakið af Malleus Maleficarum sem Matthew hafði sagt henni að kippa með til að skoða. Það hlaut að vera áhugavert.

Hún opnaði bókina og út datt samanbrotið blað.

„Þegiðu,“ hvæsti Marta Mist. „Þetta gengur ekki nema við einbeitung okkur almennilega.“

„Þegiðu bara sjálf,“ svaraði Andri fullum hálsi. „Ég má alveg tala.“

Bríeti virtist Marta Mist gnísta tönnum en gat ekki verið viss þar sem rökkvað var þarna inni – eina birtan barst frá nokkrum sprittkertum sem þau höfðu komið fyrir hér og þar í stofunni. Hún andvarpaði. „Æi, hættið að karpa og drífum í þessu.“ Hún hagræddi sér á gólfinu þar sem þau sátu með krosslagða fætur í þéttum hring.

„Já, í guðanna bænum,“ tautaði Dóri og nuddaði á sér augun. „Ég ætlaði að fara snemma að sofa og nenni ekki að hanga yfir þessu rugli endalaust.“

„Rugli?“ sagði Marta Mist og var greinilega ekki runnin reiðin. „Ég

hélt að við værum öll sammála um að gera þetta. Var ég eitthvað að misskilja ykkur?”

Dóri stundi. „Nei, ekki snúa út úr því sem ég er að segja. Ljúkum þessu bara af.“

„Þetta er allt öðruvísi en heima hjá Harald,“ heyrðist í Brjáni sem lítið hafði lagt til málanna fram að þessu. „Það er ekki bara íbúðin.“ Hann leit í kringum sig. „Það vantar Harald. Ég er ekkert viss um að þetta gangi án hans.“

Andri lét athugasemdina varðandi íbúðina ekkert á sig fá. „Við getum nú lítið gert í því að Harald skuli vanta.“ Hann teygði sig í öskubakka. „Hvað hét hún aftur kellingin?”

„Þóra Guðmundsdóttir,“ svaraði Bríet. „Lögmaður.“



„Ókei,“ sagði Andri. „Byrjum þá. Sammála?“ Hann leit í kringum sig á hin sem ýmist kinkuðu kolli eða ypptu öxlum til samþykkis. „Hver vill byrja?”

Bríet leit á Mörtu Mist. „Byrja þú,“ sagði hún og reyndi að sleikja fýluna úr vinkonu sinni. „Þú ert langbest í þessu og það skiptir máli að þetta verði almennilegt.“




Marta Mist gaf lítið út á hæfileika sína. Hún leit á þau eitt af öðru. „Þið vitið að þessi kona getur komið okkur í heljarinnar vandræði ef hún fer eitthvað að hnýsast í málið. Það var algjör heppni að löggan lenti úti í móa í málinu.“

„Við erum alveg með það á hreinu,“ sagði Brjann fyrir hönd þeirra. „Hundrað prósent.“

„Gott,“ sagði Marta Mist. Hún lagði hendurnar á lærin. „Algera þögn, takk.“ Enginn sagði neitt. Hún teygði sig í þykka pappírsörk sem lá í hringnum miðjum og litla skál með rauðlitum vökva. Hún lagði örkina á gólfið fyrir framan sig og kom skálinni fyrir við hlið hennar. Að því búnu rétti Bríet henni alvörugefin á svip kínverskan matarprjón. Marta Mist stakk prjóninum ofan í þykkan vökvann og dró með hægum stökum tvö tákn á blaðið. Hún lokaði augunum og sagði síðan lágt og seiðandi: „Ef þú vilt að óvinur þinn hafi hræðslu af þér ...“



9. desember 2005



20. kafli

Lesturinn hafði teygst sig fram á rauða nótt og Þóra vaknaði því heldur þung og illa sofin. Hún hafði eytt löngum tíma í að skoða blaðið sem dottið hafði út úr bókinni en það reyndist innihalda allrahandu handskrifaðan samtíning af orðum og ártölum. Þóra gerði ráð fyrir að Harald hefði párað það sem á blaðinu stóð – í það minnsta var bókin merkt honum á saurblaðinu. Auk þess var hluti textans á þýsku. Hann hafði ekki vandað sig neitt sérstaklega við skriftina og Þóra var alls ekki viss um að hún læsi rétt úr öllum orðunum sökum þess. Eftir því sem hún komst næst stóð þarna:

1485 Malleus og virtist Harald hafa skrifað margsinnis ofan í ártalið, auk þess sem hann hafði tvíundirstikað þetta í heild sinni. Þar fyrir neðan stóð *J.A. 1550??* en yfir það hafði verið krossað. Svo stóðu að því er virtust tvö samtvinnuð L og þar fyrir aftan *Loricatus Lupus*. Undir það var skrifað eitthvað á þýsku sem Þóra túlkaði sem: *Hvar? Hvar? Krossinn forni??* Hálf blaðið var svo einhverskonar flæðirit þar sem punktar merktir með ártölum og staðarheitum voru tengdir saman með örvum. Af uppröðun punktanna sá Þóra ekki betur en að þetta væri gróft landakort. Einn punkturinn var merktur Innsbruck – 1485, fyrir ofan hann Kiel – 1486 og þar fyrir ofan Hróarskelda. Sá staður var merktur tveimur ártölum: 1486 – dauður og síðan 1505 – aflát. Tveir punktar voru til viðbótar fyrir ofan þessa þrjá og var sá sem lá ofar merktur Hólar – 1535 en búið að krossa yfir hann sem og tengingu hans við hinn punktinn sem merktur var Skálholt. Fyrir aftan þá merkingu var að finna tvö ártöl, 1505 og 1675. Frá seinna ártalinu lágu margar örvar sem enduðu allar í spurningarmerki. Aðeins til hliðar við þær stóð aftur *Krossinn forni??* Með nýjum penna hafði svo verið bætt við orðinu *Gastbuch* og þar beint fyrir aftan teiknaður annaðhvort lítill kross eða stafurinn t. Gestabók? Gestabók krossins? Undir þessu

stóð: *reykháfur – eldstó!! 3. táknið!!* ef þýskan sveik hana ekki. Þóra gafst á endanum upp við að reyna að ráða í þetta og sneri sér að lestri bókarrinnar sjálfrar.

Malleus Maleficarum hafði reynst allt annað en skemmtilestur en óhugnanlegt innihaldið gerði það að verkum að bókin hélt athygli hennar. Hún hafði ekki lesið hana spjaldanna á milli; fyrsti og annar hluti hennar voru of klikkaðir til þess að Þóra gæti meðtekið þá í heild sinni. Bókin var byggð upp í formi spurninga eða fullyrðinga um galdra. Þær voru settar fram í upphafi hvers kafla eða greinar og þeim svo svarað eða lýst með einhverjum undarlegum trúarlegum rökum sem ekki héldu vatni.

Sögur og lýsingar af athöfnum og uppátækjum galdrafólks voru með hreinum ólíkindum. Kröftum þeirra virtust engin takmörk sett – þau gátu meðal annars kallað fram óveður að vild, flogið, breytt karlmönnum í nautgripi og önnur dýr, valdið getuleysi og því að getnaðarlimur manna virtist losna frá líkamanum. Umtalsverðu púðri var eytt í að rökraða það hvort limleysið væri villusýn eða raunverulegur missir. Þóru var ekki ljóst af lestrinum hver niðurstaða höfunda var. Til þess að öðlast umrædda krafta varð galdrafólkið að leggja ýmislegt á sig, til dæmis elda og/eða borða börn og eiga mök við sjálfan djöfulinn. Þóra var nú ekki mikill sálfræðingur en af lestrinum var henni ljóst að höfundarnir voru illilega þjakaðir af því skírlífi sem þeir undirgengust sem svartmunkar. Slíkur var biturleikinn í lýsingum á konum. Ógeðið draup af hverri lýsingunni á fætur annarri svo að Þóru varð nóg um. Rökin fyrir því hversu meingallaðar og djöfullegar konur væru voru gjörsamlega galin, meðal annars mátti rekja það til þess að rifbein Adams sem notað var til að búa til fyrstu konuna sveigðist inn á við – en það gaf augaleið að slíkt hefði afdrifaríkar afleiðingar. Konur væru samkvæmt þessu fullkomnar ef Guð hefði bara notað lærlegg. Allt þetta var svo notað til þess að sannfæra lesandann um að konur væru auðveldari bráð fyrir djöfulinn og því væru flestar nornir konur. Fátækir fengu einnig sinn skerf – þeir voru líklegri til að ljúga og verri pappírar en ríkir. Þóra átti erfitt með að ímynda sér hvernig það var að vera fátæk kona á þessum tíma.

Það sem vakti þó helst athygli Þóru var þriðji og síðasti hluti bókar-

innar þar sem fjallað var um lögformleg atriði við rannsókn og mála-
rekstur á hendur nornum. Sem lögmanni ofbuðu henni andstyggileg-
heitin sem fólust meðal annars í að telja hinum ákærðu trú um að með
því að játa yrði lífi þeirra þyrmt og svo settar fram þrjár mismunandi
leiðir til þess að ganga á bak þeim orðum án þess að teljast hafa gert
það. Handtöku var lýst og lögð á það áhersla að þess væri gætt að fæt-
ur norna snertu ekki jörðina á leið í fangelsið – þær skyldi flytja þang-
að á börum. Ef það gerðist fengju þær hugsanlega kraft frá djöflinum
sem gerði þeim kleift að neita sakargiftum fram í rauðan dauðann.
Leitað skyldi á þeim við komuna í fangelsið þar sem oft bæru nornir
á sér gripi búna til úr útlimum ungbarna sem færðu þeim kraft. Einnig
var lagt til að hárið væri rakað af þeim þar sem þær hefðu getað falið
þar slíka útlimi og ennfremur deilt um það hvort sá rakstur skyldi
einnig ná til skapahára. Leiðir til að gera vörninni erfitt fyrir voru svo
kynntar, til dæmis var lagt til að afhenda varnaraðila vitnisburð vitna
á tveimur blöðum – á öðru væru vitnisburðirnir en nöfn vitnanna á
hinu svo að ómögulegt væri að gera sér grein fyrir hver héldi hverju
fram. Þetta átti að sjálfsögðu einungis við í þeim tilfellum þar sem
vitnisburður var kynntur sakborningi – það var ekki alltaf heimilað og
í löngu máli farið yfir hvenær það væri viðeigandi og hvenær ekki.
Öllum var leyft að bera vitni, ólíkt því sem gerðist í öðrum málum þar
sem fólk með flekkað mannorð var ekki talið trúverðugt.

Útskýrt var hvernig haga skyldi pyntingum, hversu langt skyldi
líða á milli og hvernig ætti að kanna reglulega hvort sá sem verið var
að pynta gæti grátið í viðurvist dómara á pyntingabekknunum – en það
gat hugsanlega bent til sakleysis. Sá fyrirvari var raunar hafður á því
að konur nýttu sér oft munnvatn til að þykjast gráta. Væntanlega
hafði aumingja fólkíð sem búið var að pynta látlaust átt fá tár eftir
þegar dómari og fylgdarlið hans mættu og fyrirskipuðu þeim að
gráta; Þóru sagði svo hugur að það hefði vart verið með rænu. Grátur
sem ekki fór fram í viðurvist dómara – í klefum, á pyntingarbekk og
svo framvegis – var ekki marktækur. Allt gekk þetta út á að fá fram
játningar en slíkar uppspunnar játningar hafði verið að finna í fyrri
hlutunum tveimur og þá notaðar til að sýna fram á djöfulegt eðli
norna. Öllu heilbrigðu fólki mátti ljóst vera af lesningunni að játning-

arnar voru tóm tjara, enda fengnar fram með pyntingum og vafalaust þuldar upp til að þóknast böðlunum og binda enda á eigin þjáningar.

Þóra tók sig taki og settist upp í rúminu. Hún gaut augunum að náttborðinu, að bókinni vondu. Hún reyndi að hressa sig við með því að einblína á það eina jákvæða sem hún hafði fengið út úr lestrinum – að mannkyninu hefði greinilega farið aðeins fram frá árunum í kringum 1500. Þóra dreif sig á lappir og í sturtu. Á leið sinni þangað bankaði hún á herbergishurð sonar síns til að ræsa hann. Morgunverðurinn var sem fyrr tætingsleg stund þar sem sú eina sem gaf sér tíma til að setjast og borða var dóttir hennar. Á leiðinni út í bíl minnti Þóra þau á að þau ættu að fara til pabba síns um kvöldið. Þau voru aldrei spennt að fara en eftir á fannst þeim alltaf ágætt að hafa verið með föður sínum. Ef þau sluppu við að fara á hestbak.

Eftir að hafa skilað af sér börnunum dreif Þóra sig á stofuna. Meðferðis hafði hún handskrifaða blaðið úr bókinni til að sýna Matthew. Enginn var mættur, enda rúmur hálf tími í að skrifstofan opnaði klukkan níu. Nægur tími til að hita sér kaffi og glugga í póstinn – fylgjast með því sem gerðist utan þessa undarlega máls sem nú tók allan hennar tíma.

Bríet hafði mætt í tíma sem átti að byrja klukkan kortér yfir átta en Gunnar skorarformaður stöðvað hana á leið inn í stofuna. Eftir að hann hafði átt við hana nokkur orð var botninn dottinn úr því að hún færi í tímenn. Í stað þess að fara inn í stofuna hraðaði hún sér út á tröppur til að reykja. Hún þurfti að róa sig niður – auk þess sem hún varð að hringja í hina krakkana og segja þeim tíðindin. Hún tók langan djúpan smók af grönnu mentólsígarettunni – tegund sem Mórtu Mist þótti svo hallærisleg og veik að hún sagði að Bríet gæti samviskusamlega svarað því neitandi að hún reykti. Marta Mist reykti Marlboro og meðan Bríet valdi símanúmerið hennar vonaði hún að vinkona sín ætti nóg af sígarettum – ekki veitti af.

„Halló,“ sagði Bríet óðamála þegar ansað var á hinum endanum. „Þetta er Bríet.“

„Rosalega hringirðu snemma.“ Röddin í Mörtu Mist var rámm og Bríet hafði bersýnilega vakið hana.

„Þú verður að koma niður í skóla – hann Gunnar er alveg brjáláður og segist ætla að sjá til þess að við verðum öll rekin með skömm og skít úr skólanum ef við gerum ekki eins og hann segir.“

„Hvað vitleysa er þetta.“ Röddin í Mörtu Mist bar þess merki að hún væri nú að fullu vöknuð.

„Við verðum að hringja í hina og segja þeim að koma hingað. Ég ætla ekkert að láta reka mig úr skólanum. Pabbi myndi trompast og ég fengi ekki námslán.“

„Slakaðu nú aðeins á,“ greip Marta Mist fram í. „Hvernig ætlar Gunnar að láta reka okkur úr skólanum? Ég veit ekki með þig en mínar einkunnir eru allar í góðu lagi.“

„Hann segist ætla að leggja fyrir deildina kvörtun um eiturfjaneyslu – hann segist hafa ýmislegt í pokahorninu. Þannig fengi hann okkur Brján rekin og síðan myndi hann sjá til þess að það sama gengi yfir ykkur Andra og Dóra. Við verðum að gera það sem hann segir. Ég ætla að minnsta kosti ekki að taka sjensinn.“ Bríet var orðin æst. Hvað var að Mörtu Mist – gat hún aldrei bara gert eins og henni var sagt?

„Hvað vill hann að við gerum?“ Æsingurinn í Bríeti hafði nú smitað Mörtu Mist.

„Hann vill að við tölum við einhverja lögfræðinga sem eru að vinna fyrir foreldra Haralds. Þeir vilja hitta okkur og Gunnari er í mun að við séum samvinnuþýð. Hann sagði reyndar að hann væri ekki svo vitlaus að halda að við segðum satt í öllum tilfellum en sér væri nokk sama um það – bara ef við tölum við þá.“ Hún fékk sér smók og blés reyknnum snarlega út. Henni heyrðist einhver vera hjá Mörtu sem spyrði hvað væri í gangi.

„Ókei, ókei,“ sagði Marta Mist. „Hvað með hin – ertu búin að hringja í þau?“

„Nei, þú verður að hjálpa mér. Ég vil ljúka þessu af – hittumst öll klukkan tíu og drífum þetta af. Ég þarf að mæta í tíma í dag.“

„Ég skal tala við Dóra. Þú hringir í Andra og Brján. Hittumst niðri við Bóksölu.“ Marta Mist lagði á án frekari málalenginga.

Bríet horfði fúl á símann. Auðvitað hafði þetta verið Dóri við hlið-

ina á Mörtu. Hún ætlaði sem sé ekki að hringja í neinn – láta Bríeti um allt vesenið eins og venjulega. Ef hún hefði bara boðist til að hringja í Andra eða Brján þá hefði þetta verið sanngjarnt. Bríet drap hranalega í sígarettunni á tröppunum og stóð upp. Hún gekk af stað í áttina að Bóksölunni á meðan hún myndaðist við að leita uppi númerið hjá Brjáni í símanum sínum.

Gunnar fylgdist með Bríeti ganga í burtu út um gluggann á skrifstofu sinni í Árnagarði. Fínt, hugsaði hann – ég hef náð að koma við kaunin í þeim. Þegar hann tók stúlkuna tali rétt áðan hafði hann þurft á öllu sínu að halda til að missa ekki móðinn. Hann hafði ekkert á þetta fólk – ekkert nema eigin fullvissu um að þau væru á kafi í eiturlyfjum og Guð mátti vita hverju öðru. Þegar hann bauðst til að koma á fundi þeirra og lögfræðingsins hafði hann í raun rennt blint í sjóinn – þessir krakkar höfðu fram til þessa ekki farið eftir einu né neinu sem hann sagði og ekki við því að búast að þau færu skyndilega að taka upp á því nú. Því hafði hann brugðið á það ráð að hóta þeim – það hlaut að vera mál sem þau skildu og virtist sú tilgáta vera að sanna sig.

Þessi hópur hafði ávallt farið í taugarnar á honum. Harald var sýnu verstur en hin voru í raun litlu skárri. Það munaði einungis því að þau voru ekki búin að afskræma útlitið í samræmi við innihaldið. Þegar honum var sem mest í mun að losna við þennan ófögnuð sem kallaði sig sagnfræðifélag, úr húsnaði deildarinnar hafði hann flett þeim öllum upp og komist að því sér til mikillar undrunar að nokkur þeirra voru afbragðsnámsmenn.

Hann lét gáðinuna falla og tók upp símann. Fyrir framan hann á borðinu var nafnspjald lögfræðingsins – hann yrði að halda bæði henni og Þjóðverjanum góðum ef hann átti að finna skjalið sem Harald stal. STAL. Það var óþolandi að þurfa að vera með þennan leikarskap – þykjast hafa kunnað vel við þennan ógeðfellda unga mann og tala um hann af virðingu. Þetta var ótíndur þjófur og sjálfum sér og öðrum til skammar. Gunnar lagði frá sér símann. Hann varð að róa sig aðeins niður – ekki gengi að hringja í konuna í þessu skapi. Draga andann djúpt og hugsa um eitthvað allt annað. Erasmus-styrkinn, til að mynda. Umsóknin var komin inn og góðar líkur á jákvæðum

undirtektum. Gunnar náði að róa sig. Hann tók upp símann og valdi númerið af kortinu.

„Þóra, komdu sæl. Gunnar hér,“ sagði hann eins kurteislega og honum var unnt. „Varðandi vini Haralds – þið vilduð fá að hitta þá, var það ekki?“

21. kafli

Þóra hafði ekki augum litið hengslalegri hóp síðan sonur hennar hélt upp á sextán ára afmælið sitt. Þó voru ungmennin fyrir framan þau Matthew næstum tíu árum eldri. Þau sátu öll í stellingum sem gáfu til kynna að þau hefðu dottið úr loftinu ofan í sófann – að hávöxnu rauðhærðu stelpunni undanskilinni – og mændu á tærnar á sér. Eftir að hafa fengið símtalið frá Gunnari um morguninn hafði Þóra náð sambandi við Bríeti og komið á fundi þeirra Matthews við þennan hóp. Bríet hafði ekki hljómað yfir sig hrifin af þessu öllu saman en samþykkti engu að síður fýlulega að smala saman vinunum og hitta þau klukkan ellefu – á stað þar sem mætti reykja. Þar sem ekki var um auðugan garð að gresja í þeim efnum stakk Þóra upp á að fundurinn færi fram heima hjá Harald. Því var tekið jafnfýlulega og fundinum almennt en af því stutta samtali sem á undan var gengið var Þóru ljóst að hún hefði eins getað boðið þeim til Parísar en fengið sömu viðbrögð. Matthew var mjög ánægður með valið á staðnum sem hann taldi að gæti hugsanlega sett þau aðeins úr jafnvægi og aukið líkurnar á því að þau segðu sannleikann.

Meðan þau biðu komu ungmennanna hafði Þóra notað tækifærið og sýnt Matthew handskrifaða blaðið úr Nornahamarskiljunni. Þau lágu yfir því í einhvern tíma en komust ekki að neinni haldbærri niðurstöðu, annarri en þeirri að Innsbruck – 1485 tengdist augljóslega komu Kramers þangað og væntanlega gömlu bréfunum sem Harald hafði verið svo hugfanginn af. J.A. taldi Þóra nokkuð víst að stæði fyrir Jón Arason en ártalið 1550 markaði aftöku hans. Hún gerði sér hins vegar ekki grein fyrir því af hverju Harald hafði krotað yfir það. Að því er þau komust næst var þetta einhvers konar hugarflug Haralds um ferð dýrmæta gripsins. Gestabók krossins kannaðist Matthew ekkert við – enga gestabók var að finna í íbúðinni að hans sögn,

né kannaðist hann við að lögreglan hefði tekið neitt slíkt við húsleitina. Dyrabjallan hafði svo truflað þau frá frekari vangaveltum varðandi párið á blaðinu.

Ungmennin höfðu komið sér fyrir í stofu Haralds, sátu þétt saman í sófunum tveimur en Þóra og Matthew á móti þeim í stökum stólum. Þóra hafði tínt til nokkra öskubakka og var loftið í stofunni þegar reykmettað.

„Hvað viljið þið okkur eiginlega?“ spurði rauðhærða stúlkan, Marta Mist. Vinir hennar litu á hana, fegin því að eitthvert þeirra tæki að sér forystuhlutverkið og drægi þannig athyglina að sér. Þau héldu svo áfram að reykja.

„Við vildum bara fá að ræða aðeins við ykkur um Harald,“ svaraði Þóra. „Eins og þið vitið vel höfum við ítrekað reynt að fá að hitta ykkur en því verið tekið afar fálega.“

Marta Mist gaf lítið út á það. „Við erum upptekin í skólanum og höfum öðrum hnöppum að hneppa en að tala við fólk sem við þekkjum hvorki haus né sporð á. Svo ber okkur í raun engin skylda til að tala við ykkur. Við höfum öll gefið skýrslu hjá lögreglunni.“

„Jú, mikið rétt,“ sagði Þóra og reyndi að láta ekki á því bera að stúlk-an fór í taugarnar á henni, eins og raunar hópurinn allur. „Við erum ykkur mjög þakklát fyrir að gefa ykkur tíma til að koma og við lofum að tefja ykkur ekki lengi. Eins og þið vitið erum við að skoða morðið á Harald fyrir fjölskyldu hans í Þýskalandi og okkur skilst að þið hafið umgengist hann einna mest.“

„Ég veit það nú ekki; við umgengumst hann náttúrlega töluvert en hvað hann gerði þess á milli höfum við auðvitað ekki hugmynd um,“ sagði Marta Mist og Bríet kinkaði alvörugefin kalli til samþykkis. Ungu mennirnir góndu bara í gaupnir sér.

„Þú talar eins og þið séuð ein manneskja,“ sagði Matthew. „Við höfum rætt við Huga Þórisson sem þið þekkið auðvitað öll, og samkvæmt honum varst þú, Halldór, hvað mest með Harald – hjálpaðir honum með þýðingar og fleira.“ Hann beindi orðum sínum að Dóra sem sat klesstur upp við Mörtu Mist. „Er þetta ekki rétt skilið?“

Dóri leit upp. „Ha jú, við vorum töluvert saman. Harald átti í erfiðleikum með íslensk skjöl og fleira sem ég aðstoðaði hann með. Við

vorum ágætis félagar.“ Hann yppti öxlum til að undirstrika að sá vin-
skapur þeirra hefði bara verið eins og gengur og gerist.

„Þú ert líka ágætis félagi Huga, er það ekki?“ spurði Þóra.

„Jú. Við erum æskuvinir,“ sagði Dóri og leit niður. Hann lét toppinn
falla fram í augu með snöggri höfuðhreyfingu til að forðast frekara
augnsamband.

„Þá hlýtur þér að vera í mun að við fáum skýra mynd af því sem
gerðist. Einn vinur þinn er myrtur og annar vinur þinn er grunaður
um morðið. Maður skyldi ætla að þú værir allur af vilja gerður til að
aðstoða okkur. Ekki rétt?“ Matthew brosti til Dóra en brosið náði ekki
til augnanna. Hann leit á hin ungmennin. „Og þið – það sama á auð-
vitað við um ykkur?“

Allir úr hópnum gáfu samþykki sitt til kynna, ýmist með því að
muldra „jú“ í barm sér eða kinka kolli.

„Gott.“ Matthew sló á lær sér. „Þá er okkur ekkert að vanbúnaði.
Nema ef vera skyldi hvar við byrjum eiginlega.“ Hann leit til Þóru.
„Þóra, vilt þú kannski ríða á vaðið?“

Þóra brosti og sneri sér að ungmennunum. „Hvernig væri að þið
segðuð okkur hvar þið kynntust Harald og hvernig þessu galdrafélagi
ykkar var háttað? Okkur finnst það allt hið undarlegasta mál.“

Hópurinn leit til Mörtu Mistar í von um að hún tæki þetta að sér.
Hún gaf spurninguna hins vegar frá sér til Dóra með olnbogaskoti
sem Þóru virtist óþarflega öflugt. Dóri gretti sig en svaraði þó.
„Hvernig kynntumst við? Ég hitti Harald fyrst með Huga í fyrra. Þeir
höfðu hist á bar niðri í bæ. Mér fannst hann skemmtilegur og öðruvísi
og Huga líka og við fórum upp úr því að umgangast hvor annan eins
og gengur og gerist. Við fórum út að borða og á bari og tónleika og
svoleiðis. Harald spurði okkur svo hvort við hefðum einhvern áhuga
á að ganga í félag sem hann var að pæla í að stofna og við sögðum
bara já. Þannig kynntumst við hinum.“

Marta Mist tók við. „Ég gekk í félagið í gegnum Bríeti. Hún hafði
kynnt Harald í skólanum og vildi fá mig með til að sjá hvað væri á
ferðinni.“ Bríet kinkaði ákaft kolli til samþykkis.

„En þið?“ Þóra beindi orðum sínum að Andra og Brjáni sem sátu
reykjandi hlið við hlið.

„Við?“ spurði Andri álkulega og svelgdist á reyk sem hann gleymdi að blása frá sér.

„Já,“ svaraði Þóra. „Þið tveir.“ Hún benti á þá tvo svo það færi nú ekkert á milli mála.

Brjállnir tók af skarið. „Ég er í sagnfræði og kynntist félaginu á sama hátt og Bríet – hafði lítillaga spjallað við Harald áður og hann bauð mér að vera með. Ég kippti Andra með upp á djókið.“ Umræddur Andri brosti bara aulalega.

„Og út á hvað gekk þetta félag, ef ég má spyrja? Okkur skildist á Huga að þetta hefðu aðallega verið svallsamkomur – dulbúnar sem fundir áhugamanna um galdra,“ sagði Matthew.

Strákarnir þrír glottu meðan Marta Mist setti upp skeifu en svo sagði hún hneyksluð: „Svall? Þetta var ekki bara eitthvert vall. Við vorum að kynna okkur galdra og galdramenningu liðinna tíma. Þetta eru ekkert svo galin fræði þegar allt kemur til alls og virkilega áhuga-verð. Það að við höfum endað fundi með því að skemmta okkur kemur málinu ekkert við og Hugi er bara úti á túni eins og fyrri daginn. Hann var aldrei með á nótnum hvað þetta félag varðaði.“ Hún hallaði sér aftur og krosslagði hendur. Skeifan var á sínum stað. Hún starði reiðilega á Matthew og Þóru. „Þið vitið auðvitað ekkert út á hvað þetta gengur frekar en aðrir – haldið ábyggilega að við höfum verið að afhausa hænur og stinga þrjónum í handsaumaðar dúkkur.“

„Viltu þá ekki leiða okkur í allan sannleika um galdra?“ spurði Matthew.

Marta Mist stundi þungan. „Ég nenni nú ekki að gerast einhver kennari hérna. Það er nóg fyrir ykkur að skilja að galdrar eru ekkert annað en tilraunir fólks til þess að hafa áhrif á eigið líf með óhefðbundnum hætti – að minnsta kosti óhefðbundnum í augum nútímafólks. Á sínum tíma var þetta mjög algengt. Það felst aðallega í því að fremja ýmsa gjörninga til þess að hnika atburðum til sér í hag – stundum á kostnað annarra, stundum ekki. Mín skoðun er sú að þegar maður hefur lagt það á sig sem þarf til að fremja galdurinn hafi maður stigið ákveðið skref í áttina að tilteknu takmarki og í framhaldinu einbeiti maður sér betur að því og sé þess vegna líklegri til að ná því en ella.“

„Getur þú nefnt mér dæmi um takmark í þessu sambandi?“ spurði Þóra.

„Ná ástum einhvers eða meiri frama; lækna; valda óvini miska. Það eru eiginlega engin takmörk. Flestir gömlu galdranna eru auðvitað tengdir grunnþörfum – lífið var ekki eins flókið og margbreytilegt þá.“

Þóra leyfði sér að vera ósammála eftir lestur *Malleus Maleficarum*. Í hennar huga var það í það minnsta flókið að reyna að verja einhvern í réttarkerfi sem hliðraði til og breytti leikreglunum jafnóðum eftir hagsmunum ákærvaldsins. „Og hvað er svo notað til þess að fremja galdur?“ spurði hún og bætti svo við til að pirra Mörtu: „Fyrir utan haltar hænur og handsaumaðar dúkkur.“

„Fyndið,“ sagði Marta Mist en hanni stökk samt ekki bros. „Á Íslandi voru það aðallega galdrastafir – þó varð oft að gera fleira en að rista þá eða teikna til að fullkomna galdurinn. Galdrastafir þekkjast einnig annars staðar í Evrópu og gildir það sama um þá og þá íslensku – það varð oft að gera meira en teikna þá.“

„Eins og hvað?“ spurði Matthew.

„Fara með þulu, safna dýrabeinum, mannabeinum, hári af hreinni mey. Eitthvað í þá veru. Ekkert alvarlegt,“ svaraði Marta Mist köld í málrómnunum.

„Já, og stundum líkamshlutum dauðra manna,“ skaut Bríet inn í. Það sló þögn á hópinn. Hún roðnaði og snarþagnaði.

„Nú?“ svaraði Matthew með uppgerðarundrun. „Eins og hverju? Höndum? Hári?“ Hann gerði smáhlé á upptalningunni. „Eða kannski augum?“

Enginn sagði neitt þar til Marta Mist tók af skarið. „Ég hef sjálf aldrei lesið um galdur þar sem augu þarf til – ekki nema augu úr dýrum.“

„En þið hin? Þekkið þið til slíks galdurs?“ spurði Matthew.

Ekkert þeirra sagði neitt en öll hristu höfuðið. „Neibb,“ heyrðist í Brjáni.

„En fingur?“ flýtti Þóra sér að bæta við. „Hafið þið lesið um – nú eða framið – galdur sem þarf að nota fingur við?“

„Nei.“ Röddin í Dóra var ákveðin og hann ýtti hárinu frá augunum

til að geta fylgt máli sínu eftir með því að horfast í augu við Þóru og Matthew. „Það er best að það sé á hreinu að við höfum ekki verið að gera neina galdra þar sem notaðir eru líkamshlutar af manneskjum. Ég veit hvað þið eruð að gefa í skyn og það er alveg fráleitt. Við drápum ekki Harald – þið getið útilokað það strax. Löggan tékkaði á öllum okkar ferðum og þeir fengu það staðfest.“ Dóri hallaði sér fram og sótti sigarettu úr einum pakkanna á borðinu. Hann kveikti í henni, tók stóran smók og blés reyknnum hægt út úr sér.

„Svo að Hugi drap hann þá?“ spurði Þóra. „Ertu að segja það?“

„Nei, ég sagði það ekki neitt. Þú tekur ekki nógu vel eftir,“ sagði Dóri og það vottaði fyrir æsingi í rödd hans. Hann hallaði sér fram eins og til að segja fleira en Marta Mist stakk handleggnum út og ýtti honum aftur að sófabakinu.

Hún tók til máls, mun rólegri en Halldór. „Ég veit ekki hvar þú lærðir rökfræði en það að við drápum ekki Harald þýðir ekki sjálfkrafa að Hugi hafi gert það. Dóri var bara að benda á að við drápum ekki Harald. Punktur.“ Nú var komið að Mörtu Mist að halla sér aftur í sófanum. Hún veiddi til sín sigarettuna milli fingra Dóra, fékk sér smók og skilaði henni svo á sinn stað. Af andliti Bríetar mátti sjá pirringi bregða fyrir; þetta augljósa merki um náinn vinskapa fór eitthvað í taugarnar á henni.

„Hugi drap hann ekki. Hann er ekki þannig,“ muldraði Dóri fúll á svip. Hann ýtti handleggnum á Mörtu Mist frá og teygði sig yfir á borðið til að slá ösku af sigarettunni.

„En þú? Ert þú þannig? Ef ég man rétt varst þú ekki með jafngóða fjarvistarsónnun og vinir þínir.“ Matthew starði á Dóra og beið eftir viðbrögðum.

Þau létu ekki á sér standa. Röddin í Dóra dýpkaði af reiði og um leið og hann tók til máls færði hann sig fram á brún sófans – teygði sig eins nálægt Matthew og hann gat án þess að detta út af. „Harald var vinur minn. Góður vinur minn. Hann gerði rosalega margt fyrir mig og ég fyrir hann. Ég hefði aldrei drepið hann. Aldrei. Þið eruð á meiri villigötum en lögreglan og þú veist andskotans ekkert hvað þú ert að röfla.“ Hann lagði áherslu á orð sín með því að benda á Matthew með logandi sigarettunni.

„Hvað gerðir þú fyrir hann eiginlega? Annað en að hjálpa honum að þýða skjöl?“ flýtti Þóra sér að skjóta inn í.

Dóri sleit augun af Matthew og starði á Þóru af engu minni ákefð. Hann opnaði munninn eins og hann ætlaði að fara að segja eitthvað en hætti svo við. Eftir að hafa tekið smók og drepið í sígarettunni færði hann sig aftur á sinn stað í sófanum.

Sagnfræðineminn Brjáll tók að sér hlutverk sáttasemjara. „Hérna, ég skil alveg hvað þið eruð að pæla – auðvitað drap einhver Harald og ef ekki Hugi, hver þá? Þið sparið ykkur samt tíma og fyrirhöfn ef þið bara trúið okkur því að við erum að segja satt, ekkert okkar drap Harald. Við höfðum enga ástæðu til þess – hann var skemmtilegur, uppátækjasamur, höfðingi heim að sækja og mikill vinur okkar og félagi. Án hans er félagið okkar til dæmis ekki neitt neitt. Að auki þá gátum við ekki drepið hann – við vorum ekki neins staðar nálægt og fullt af vitnum getur staðfest það.“

Andri sem var í meistaranámi í efnafræði, tók undir þetta. Augun í honum voru syndandi og Þóra var ekki frá því að hann væri núna á einhverjum efnum. „Þetta er alveg satt. Harald var einstakur; ekkert okkar hefði nokkurn tímann viljað losna við hann. Hann gat verið hvass og furðulegur en hann var alltaf geðveikislega almennilegur þegar á reyndi.“

„En fallett,“ sagði Matthew í hæðnistón. „Eitt langar mig að vita. Þið voruð öll í partiinu nema Halldór; rekur ykkur minni til þess að Hugi og Harald hafi farið saman inn á klósett og komið þaðan út með blóðslettur í fötunum?“

Öll ungmennin hristu höfuðið nema Halldór. „Það var enginn að pæla í fötum þarna,“ sagði Andri og yppti öxlum. „Það getur alveg verið að þetta hafi gerst en ég man að minnsta kosti ekki eftir þessu.“ Hin þrjú kinkuðu kalli sammála.

Þau sátu og sögðu ekkert um stund. Drepið var í sígarettum og kveikt í nýjum í nokkrum tilfellum. Matthew rauf þögnina. „Svo þið vitið ekki hver drap Harald?“

Samróma sagði hópurinn ákveðinn: „Nei.“

„Og þið hafið aldrei notað líkamshluta, eins og til að mynda fingur, í kukli ykkar?“ hélt hann áfram.

Ekki eins samtaka: „Nei.“

„Og þekkið ekki þennan galdrastaf?“ Matthew skutlaði á borðið teikningu af galdrastafnum sem ristur hafði verið í bringu Haralds.

Samtaka: „Nei.“

„Þetta væri meira sannfærandi ef þið lituð á blaðið,“ sagði Matthew í hæðnistón. Ekkert þeirra hafði meira en rétt gotið augunum á teikninguna.

„Löggan sýndi okkur þennan staf. Við vitum alveg hvað þú ert að fara,“ svaraði Marta Mist. Hún lagði höndina kæruleysislega á lærið á Dóra.

„Ókei – ég skil. En getið þið sagt okkur hvað varð um alla peningana sem Harald flutti til landsins stuttu áður en hann dó?“ spurði Matthew næst.

„Nei, við vitum ekkert um það,“ sagði Marta Mist. „Við vorum vinir Haralds, ekki endurskoðendur.“

„Keypti hann eitthvað, eða talaði hann um að kaupa eitthvað?“ spurði Þóra og beindi orðum sínum að Bríeti sem henni þótti líklegust til að segja sannleikann.

„Hann var alltaf að kaupa eitthvað,“ svaraði Bríet og gaut augunum á Mörtu Mist og Dóra. Þegar hún sá hönd hennar á læri hans sneri hún sér aftur að Þóru og bætti við. „Ef ekki handa sjálfum sér þá handa Dóra. Þeir voru svo nánir.“ Hún brosti kvikindislega.

Þóra sá að roði færðist yfir kinnarnar á Dóra. „Hvað var hann að kaupa handa þér og af hverju?“

Dóri ók sér vandræðalegur í sófanum. „Hann var ekki beinlínis að kaupa handa mér þannig. Hann gaf mér stundum hitt og þetta í þakk-lætisskyni fyrir aðstoðina sem ég veitti honum.“

Þóra lét hann ekki sleppa. „Eins og hvað?“

Dóri roðnaði enn meira. „Bara.“ Hann skutlaði hárinu aftur ofan í augu.

Matthew sló sér aftur á lær – nú ákveðnari en áður. „Jæja, gott fólk. Ég er með hugmynd. Marta Mist, Bríet, Brjánn og Andri – þið vitið ekkert, segið þið, og það virðist lítið á ykkur að græða. Hvernig væri að þið færuð bara heim að læra eða í tíma eða hvað það nú er sem þið eruð svona upptekin við – og við Þóra fáum að spjalla við Dóra í ró og

næði?“ Hann beindi orðum sínum til Halldórs. „Er það ekki best? Það er örugglega ekki eins þvingað.“

„Hvaða rugl er þetta?“ gólaði Marta Mist. „Dóri veit ekkert meira en við.“ Hún sneri sér að Dóra. „Þú þarft ekkert að vera eftir. Við förum öll.“

Dóri sagði í fyrstu ekkert en hristi svo hönd hennar af lærinu og yppti öxlum. „Ókei.“

„Ókei? Ókei hvað? Ætlarðu að koma með okkur?“ spurði Marta Mist óróleg.

„Nei,“ svaraði Dóri. „Ég vil ljúka þessu af. Ég verð eftir.“

Reiðisvípur færðist yfir andlitið á Mörtu Mist en hún tók svo á honum stóra sínum og lét sem ekkert væri. Hún beygði sig að Dóra og hvíslaði einhverju að honum áður en hún stóð upp. Hann kinkaði kalli annars hugar. Þóra fylgdist með Mörtu Mist kyssa laust ofan á kollinn á Dóra og Bríeti þykjast ekki taka eftir því. Andri og Brjáll voru önnum kafnir við að drepa í sígarettum og koma sér á fætur. Það leyndi sér ekki hvað þau voru fegin.

22. kafli

Matthew fylgdi hópnum til dyra. Á meðan sátu Þóra og Dóri í nútímalegri stofunni með hrylling úr fortíðinni allt í kringum sig. Þóra vorkenndi unga manninum sem svo augljóslega hefði óskað sér að vera annars staðar. Aðstæðurnar minntu hana á vissan hátt á hennar eigin son – ungan mann í einhverju innra stríði sem ekki var gott að segja til um hvert var.

„Þú veist náttúrlega að við erum ekki í leit að öðru en sannleikanum. Við erum ekki að velta fyrir okkur einhverri vitleysu sem þið kunnið að hafa staðið í,“ sagði hún til að rjúfa þögnina og léttu þrúgandi andrúmsloftið. „Við erum í raun sammála þér um meginatriði málsins – að Hugi sé saklaus eða í það minnsta hafður fyrir meiri sökum en efni standa til.“

Dóri leit ekki á hana. „Ég hef enga trú á því að Hugi hafi drepíð hann,“ sagði hann lágt. „Þetta er svo mikið bull allt saman.“

„Þér þykir augljóslega vænt um vin þinn,“ sagði Þóra. „Ef þú vilt hjálpa honum er langsamlega best að þú sért ekki að fela neitt fyrir okkur. Mundu að vinur þinn á ekki von á aðstoð frá neinum öðrum en okkur.“

„Huh,“ muldraði Dóri en gaf ekkert frekar út á það hvort hann myndi hjálpa þeim eða ekki.

Matthew kom til baka og hlammaði sér í stólinn. Hann fylgdist íhugull með Dóra um stund. „Skrýtinn vinahópur sem þú hefur komið þér upp. Stúlkurnar virtust ekki á þeim buxunum að fallast í faðma á leiðinni út.“

Dóri yppti öxlum. „Þær eru eitthvað fúlar þessa dagana.“

„Þú segir það. Jæja, eigum við ekki bara að koma okkur að efninu?“ spurði Matthew.

„Mér er sama,“ svaraði Dóri. „Spyrjið bara og ég skal reyna að

svara. „Hann teygði sig í sígarettu og kveikti í henni. Þóra tók eftir því hvað hann var skjálfhentur.

„Gott, vinur,“ sagði Matthew föðurlega. „Við höfum áhuga á nokkuð mörgu sem þú getur án efa aðstoðað okkur við. Eitt af því er peningaeyðsla Haralds og annað eru sagnfræðirannsóknir hans sem þú hjálpaðir honum eitthvað með. Hvað getur þú sagt okkur um peningamálin?“

„Peningamál? Ég var ekkert inni í þeim, ef þið haldið það. Það þarf samt engan snilling til að átta sig á því að hann var sterkefnaður.“ Dóri benti í kringum sig og yppti svo öxlum. „Fæstir ef nokkrir stúdentar búa í svona íbúð. Bíllinn hans var heldur ekkert slor og hann fór mikið út að borða. Því miður var þetta ekki lífsstíll sem við hin höfðum efni á.“

„Fór hann þá einn út að borða?“ spurði Þóra. „Fyrst þið hin voruð fátækir námsmenn.“

Spurningin var greinilega óþægileg. „Ja, stundum.“ Hann fékk sér smók. „Stundum fór ég með honum. Hann bauð.“

„Svo hann tók þig með og greiddi reikninginn, er það málið?“ spurði Matthew og Dóri kinkaði kalli. „Oftar en hann fór einn eða hvað?“ Dóri kinkaði aftur kalli. „Hvað fleira borgaði hann fyrir þig?“

Skyndilegur áhugi á öskubakkanum greip Þóra og hann leit af þeim og starði á hann eins og þar væri að finna svör við spurningunni. „Ja, bara eitthvað.“

„Það er ekkert svar,“ sagði Þóra rólega. „Segðu okkur það bara – við erum ekki hingað komin til að fella neina dóma um þig eða Harald.“

Smáþögn en svo: „Hann borgaði allan fjandann fyrir mig. Leiguna, skólábækur, föt, leigubíla. Dóþ. Bara allt eiginlega.“

„Af hverju?“ spurði Matthew.

Dóri yppti öxlum. „Harald sagði að hann ætti þessa peninga og réði því hvað hann gerði við þá – hann nennti ekki að neita sér um það sem hann langaði í bara út af því að vinir hans væru blankir. Mér fannst þetta ferlega pínlegt en ég var á kúpunni og það var svo gaman að vera með honum. Það var einhvern veginn aldrei neitt vesen. Ég reyndi að launa honum greiðann með því að hjálpa honum við þessar þýðingar og svona.“

„Og svona hvað?“ spurði Matthew.

„Ekkert.“ Roðinn í kinnum Dóra ágerðist. „Það var ekkert kynferðislegt ef þið haldið það. Hvorki ég né Harald vorum, erum, í þeim pakka. Stelpurnar dugðu okkur alveg.“

Þóra og Matthew litu hvort á annað. Þessi eyðsla sem Dóri var að lýsa voru smáaurar í samanburði við upphæðina sem hafði horfið. „Veistu um einhverja stóra fjárfestingu sem Harald lagði peninga í rétt fyrir morðið?“ spurði Matthew.

Dóri leit upp. Svipurinn á honum benti ekki til annars en að hann væri að segja satt. „Nei, enga hugmynd. Hann minntist ekkert á slíkt. Ég hitti hann reyndar lítið sem ekkert vikuna áður – hann var eitthvað upptekinn og ég var að reyna að ná mér á strik í skólanum.“

„Þú veist ekkert hvað hann var að sýsla og af hverju hann hitti ykkur ekkert þá daga?“ spurði Þóra inn í.

„Nei, ég talaði við hann nokkrum sinnum í síma og hann var bara ekki í stuði til að gera neitt. Ég veit ekki af hverju.“

„Svo að þú hafðir ekki séð hann í einhverja daga þegar hann var myrtur eða hvað?“ spurði Matthew.

„Nei – bara talað við hann í síma.“

„Fannst þér það ekkert skrytið eða var hann vanur að loka sig af frá ykkur svo dögum skipti?“ spurði Matthew.

Dóri hugsaði sig um. „Ég spáði ekkert í það þá en þegar þú segir það þá var það óvenjulegt. Hafði að minnsta kosti ekki gerst áður, ef ég man rétt. Ég spurði hann hvað væri í gangi en hann sagðist bara þurfa smátíma til að vera með sjálfum sér. Hann var samt hress og allt það.“

„Varðstu ekkert fúll út í hann á þessum tíma?“ spurði Þóra. Þetta hlaut að hafa verið skrytið fyrir strákinn, að missa einn besta vin sinn í einhverja daga án skýringa, sérstaklega þegar litið var til þess hversu mikið þeir umgengust.

„Nei, ekkert þannig. Það var líka nóg að gera hjá mér í skólanum. Svo tók ég vaktir og svona. Ég hafði því um annað að hugsa.“

„Þú vinnur á Landspítalanum í Fossvogi, ekki rétt?“ spurði Þóra. Dóri kinkaði kalli. „Hvernig ferðu að því að vinna þar, sinna lækna-náminu og vera svona mikið úti á lífinu?“

Dóri yppti öxlum. „Þetta er ekki full vinna, langt í frá. Ég tek nokkrar vaktir í afleysingum, það er nú allt og sumt. Ég vinn þarna á sumrin og þeir hringja í mig ef það er einhver krísa á veturna. Veikindi og önnur forföll. Hvað skólann varðar þá er ég bara rosalega skipulagður þegar ég er að sinna náminu. Ég hef einhvern veginn alltaf átt auðvelt með að læra.“

„Hvað gerirðu á spítalanum?“ spurði Matthew.

„Svona ýmislegt. Ég vinn sem aðstoðarmaður á skurðdeild. Ég er í raun bara handlangari – sé svo um að hreinsa græjur eftir aðgerðirnar, ganga frá og þess háttar. Ekkert merkilegt.“

Matthew starði á hann íbygginn. „Ganga frá hverju? Ég spyr bara af hreinni forvitni; ég þekki lítið til sjúkrahúsa.“

„Bara,“ svaraði Dóri og teygði sig í sígarettupakkann. „Drasli og svona.“

„Ja há,“ tautaði Matthew. „Hvað heitir annars yfirmaður þinn eða einhver sem við getum rætt við varðandi þessa vinnu – sérstaklega hvernig henni var háttað kvöldið sem Harald var myrtur?“

Dóri krossaði í eitt naglabandanna á vinstri hendi og vissi greinilega ekki hvort og þá hverju hann ætti að svara. „Gunnur Helgadóttir,“ muldraði hann svo fúll. „Hún er yfirhjúkka á skurðstofunum.“

„Ein spurning,“ skaut Þóra inn í meðan hún hripaði niður nafnið. „Hver sá um tunguskurðinn á Harald? Það varst þú, er það ekki?“

Dóri hætti að myndast við að kveikja í sígarettunni og leit á hana kvíðinn. „Af hverju? Hvaða máli skiptir það?“

„Mig langar að vita það. Harald er með myndir af aðgerðinni í tölvunni sinni og þetta var gert í heimahúsi. Maður skyldi ætla að það hafi verið einhver sem hann þekkti. Málið snýst ekki um þennan skurð; ég vil bara vita þetta.“

Dóri leit hikandi á þau til skiptis. Þóru þótti líklegt að hann væri að velta fyrir sér hvort aðgerðin væri leyfisskyld eða ólögleg. Hann nagaði á sér neðri vörina um stund en tók svo loks til máls. „Nei. Ég gerði þetta ekki.“

„Má ég sjá á þér upphandleggina?“ spurði Þóra þá og brosti, minnug þess sem Hugi hafði sagt um Dóra og eftirsjá hans vegna tattús sem hann lét setja á handlegginn.

„Af hverju?“ spurði Dóri og hallaði sér aftur í sófann til að auka fjarlægðina milli þeirra.

„Bara,“ sagði Matthew og færði sig fram á stólbríkinu. Hann hafði enga hugmynd hvert Þóra var að fara. „Vertu nú góður strákur og brettu upp ermarnar fyrir konuna.“

Dóri varð sótsvartur í framan. Matthew færði sig enn fram á sætisbrúnina og Dóri enn aftur í sófann. Skyndilega brást honum kjarkur. Hann bretti illilegur á svip upp ermar. „Hérna,“ sagði hann fúll og rétti fram handleggina. Þóra teygði höfuðið fram og brosti. „Crap?“ sagði hún og horfði á tattú á hægri handleggnum rétt fyrir ofan úlnliðinn.

„Já – og?“ sagði Dóri og bretti ermarnar niður aftur.

„Nei, bara merkilegt,“ svaraði Þóra. „Sá sem gerði aðgerðina á Harald var með nákvæmlega sama tattú.“ Hún brosti til Dóra og benti á hægri ermi hans með puttanum. „Hvað er málið?“

„Ekkert,“ svaraði Dóri þumbaralegur. Hann renndi fingrunum gegnum hárið og kreisti aftur augun. „Ókei, ég gerði þetta. Við vorum heima hjá Huga. Harald hafði suðað í mér í óratíma að taka þetta að mér og á endanum gafst ég upp. Ég fékk lánaðar græjur á spítalanum og hnuplaði deyfilyfjum. Það saknaði þeirra enginn. Hugi hjálpaði mér. Þetta var frekar subbulegt. En útkoman var kúl.“

Eða þannig, hugsaði Þóra. „Mér segir svo hugur að spítalinn yrði ekkert alltof hrifinn ef það fréttist að þú værir að stela lyfjum – er það?“

„Nei, auðvitað ekki. Þess vegna vil ég síður að þetta komist í há-mæli,“ svaraði Dóri. „Svo er þetta ekki eitthvað sem ég held að fólk almennt skilji og vil ekki fá á mig stimpil sem einhver rugludallur.“

Matthew hristi hausinn en ákvað svo skyndilega að breyta um um-ræðuefni. „Mig langar að spyrja þig út í eitt sem kann að virðast undarlegt – og þó; þú hefur væntanlega marga fjöruna sopið í þessum málum.“ Hann staldraði aðeins við til að líta í augun á Dóra áður en hann hélt áfram. „Varst þú einhvern tímann var við það að Harald stundaði kynlíf þar sem þrengt var að öndunarveginum til þess að auka ánægjuna?“

Dóri stökkroðnaði. „Ég kæri mig ekki um að ræða það,“ sagði hann stuttur í spuna.

„Af hverju ekki?“ spurði Matthew. „Hver veit nema það hafi dregið Harald til dauða?“

Hnén á Dóra gengu upp og niður meðan hann barði taktinn með fótunum á glansandi parketinu. „Hann dó ekkert þannig,“ sagði hann í hálfum hljóðum.

Þóra tók til máls. „Hvað veist þú um það?“

Takturinn sem Dóri sló með fótunum varð hraðari. Hann þagði og hvorki Þóra né Matthew sögðu nokkuð – stórðu bara á unga manninn og biðu. Að endingu gafst hann upp, dró andann djúpt og hóf að tala. „Djöfull að þetta komi málinu við en jú, ég vissi til þess að Harald gerði þetta eitthvað.“

„Hvernig vissirðu það?“ spurði Matthew hvasst.

Fæturnir á Dóra stöðvuðust. „Af því að hann sagði mér það. Hann stakk upp á því að ég prófaði það.“ Hann þagnaði og leit af Matthew á Þóru.

„Gerðir þú það?“ spurði hún.

„Nei,“ var ákveðið svarið og Þóra trúði honum. „Ég geri kannski ýmislegt ruglað en þetta er það allra klikkaðasta sem ég hef séð.“

„Séð?“ gall í Matthew.

Dóri sótroðnaði. „Ekki beint séð – það voru mismæli. Komið að væri réttara.“ Hann leit niður á gólf. „Það var einhvern tímunn í haust. Ég hafði lognast út af í sófanum eftir rosalegt partí hérna og vaknaði um nóttina við ægilegar hryglur.“ Hann leit upp og á Matthew. „Ég veit ekki hvaða heppni það var að ég rankaði við mér – oftast en ekki veit ég ekki í þennan heim né annan í svona ásigkomulagi – allavega þá vaknaði ég og fór að gá hvað þetta væri og sá þá Harald eiginlega bara í dauðateygjunum.“ Þóru sýndist hrollur fara um unga manninn við að rifja þetta upp. „Ég losaði um beltið sem var algerlega hert að hálsinum á honum. Það var ekki auðvelt því hann hafði fest annan endann við ofninn inni hjá sér. Ég gat svo blásið í hann lífi – rétt svo.“

„Ertu viss um að hann hafi ekki verið að reyna að fremja sjálfsmorð?“ spurði Þóra.

Dóri leit á hana og hristi höfuðið. „Nei, þetta var ekki tilraun til sjálfsmorðs. Trúðu mér. Mig langar ekkert að lýsa aðkomunni neitt frekar.“ Nú var komið að Þóru að roðna og Dóri virtist taka gleði sína

við þá sjón. Hann hélt því áfram, aðeins keikari. „Svo ræddi ég þetta við Harald og hann viðurkenndi fúslega hvað hefði verið um að vera. Hann lagði meira að segja til að ég prófaði – þetta væri svo frábært. Samt var hann hætt kominn og gerði sér fyllilega grein fyrir því. Honum dauðbrá.“

„Svo þú heldur að hann hafi ekki gefist upp á þessu við þetta áfall?“ spurði Matthew.

„Nei, örugglega ekki,“ svaraði Dóri. „Ég veit samt ekkert fyrir víst – honum brá skuggalega.“

„Manstu hvenær þetta var?“ spurði Matthew.

„Aðfaranótt ellefta september,“ kom svarið án umhugsunar.

Matthew kinkaði kolli hugsu. Hann leit á Þóru og sagði á þýsku: „Hann breytti erfðaskrá sinni um tíu dögum síðar.“ Þóra kinkaði kolli – og var nú viss um að Dóri væri íslenski erfinginn sem þar var nefndur. Hann var nýbúinn að bjarga lífi hans þegar erfðaskránni var breytt; það kom eiginlega ekki annað til greina en hans yrði getið í plagginu.

„Ég skil alveg þýsku,“ heyrðist í Dóra sem brosti illkvittislega.

Matthew ansaði þessu engu en spurði þess í stað, jafnillkvittinn á svip og Dóri: „Hugi sagði okkur að Harald hefði stundum verið leiðinlegur við þig fyrir framan hin – niðurlægt þig, ef ég man rétt. Fór það ekkert í taugarnar á þér?“

Það hnussaði í Dóra. „Hvað er hann að tuða? Harald var, eins og þið vitið, ekki eins og fólk er flest. Hann gat verið yfirþyrmandi en ekki síður skemmtilegur. Oftast var hann frábær við mig, sérstaklega þegar við vorum einir en þegar við vorum með hinum gat hann einstaka sinnum verið með kvikindisskap. Ég lét það ekkert á mig fá, Hugi getur staðfest það, enda bað Harald mig alltaf afsökunar eftir á. Þetta skipti engu máli þannig, bara fúlt meðan á því stóð.“

Að mati Þóru þurfti engan snilling til að sjá í gegnum þessar yfirlýsingar. Stráknum hafði vitanlega þótt þetta óþolandi. Það var hins vegar til lítills að spyrja hann frekar út í þetta. „En hvað getur þú sagt okkur um rannsóknir Haralds?“ spurði hún. „Getur þú lýst fyrir okkur hvernig aðstoð þinni við hann var háttáð?“

Dóri svaraði strax, feginn breytingunni á umræðuefninu. „Það var svolítið sérstakt. Ég hjálpaði honum eiginlega bara við þýðingar en að-

eins líka við heimildaöflun. Hann fór út um víðan völl – ég sá ekki alveg samhengið en ég er heldur ekki sagnfræðingur svo að það segir svo sem ekki mikið. Hann óð einhvern veginn úr einu í annað; bað mig um að lesa upphátt fyrir sig eitthvað sem ég snaraði úr íslensku yfir á ensku en í miðju kafi vildi hann að ég læsi eitthvað annað og svo framvegis.“

„Geturðu nefnt okkur dæmi um greinar eða efni sem hann hafði áhuga á?“ spurði Matthew.

„Uhh, ekki neinn tæmandi lista eða þannig. Þegar þetta byrjaði var ég aðallega að þýða kafla fyrir hann úr doktorsritgerð Ólínu Þorvarðardóttur um Brennuöldina, svo fékk hann áhuga á Skálholtsskóla út af texta um galdramál einhverra skólapilta og galdrabók sem gekk víst manna á milli. Hann var líka með gamalt bréf á dönsku ef ég man rétt – ég var nú ekki sá sleipasti þegar kom að því að þýða það en ég gerði mitt besta. Það fjallaði um einhvern sendiboða og eitthvað sem ég skildi ekki alveg. Þegar hann komst yfir það breytti hann skyndilega algerlega um stefnu, hætti að spá svo mikið í galdrabrennurnar og færði sig aftur um eina öld eða svo. Ég man eftir að hafa þýtt fyrir hann texta úr Íslandslýsingu Odds Einarssonar Skálholtsbiskups frá um 1590. Textinn var um Heklu og ég man eftir einhverri sögu um mann sem varð geðbillaður af því að klífa hana og horfa ofan í gíginn. Hann hafði líka mikinn áhuga á Heklugosinu 1510 svo og Jóni biskup Arasyni og aftöku hans 1550 sem og Brynjólfi Sveinssyni biskup – já og allt í einu vildi hann vita allt um Papa svo það má segja að hann hafi verið farinn enn aftar í tímann um það leyti sem hann var myrtur – fyrir eiginlegt landnám.“

Af upptalningu ártalanna var ljóst að strákurinn var minnugri en fjandinn. Ekkert skrytið að hann gæti stundað skólann þrátt fyrir næturbróltið, hugsaði Þóra. „Papar?“ spurði hún.

Dóri kinkaði kolla. „Já, Papar. Munkarnir þarna.“

„Ókei,“ sagði Þóra en var ekki viss um hvað þau ættu að spyrja næst um. Svo mundi hún eftir Gunnari greyinu sem hafði bjargað því að þau hittu vini Haralds. „Þetta gamla danska bréf – veistu nokkuð hvaðan það kom eða hvar það lenti?“

Dóri hristi höfuðið. „Ég hef enga hugmynd um hvar hann fékk það – hann var með fleiri gömul bréf sem hann var eitthvað að bera sam-

an við það. Þau bréf voru í hুলstri – ekki þetta danska samt. Það er ábyggilega hérna einhvers staðar.“

„Þekkir þú nokkuð til nafnsins Mal?“ spurði Matthew upp úr þurru.

Dóri leit á þau og hristi höfuðið. „Nei, aldrei heyrð það. Af hverju?“

„Nei, ekkert,“ svaraði Matthew.

Dóri ætlaði að fara að segja eitthvað þegar farsíminn hans hringdi. Hann tók upp símann, leit á skjáinn, gretti sig og stakk honum aftur í vasann.

„Mamma?“ spurði Matthew og glotti til Dóra.

„Einmitt,“ svaraði hann með beiskju í röddinni.

SMS-tilkynning pípti úr buxnavasanum. Dóri gerði sig ekki líklegan til að veiða símann upp svo Þóra bar upp næstu spurningu. „Kannast þú eitthvað við gestabók sem Harald kann að hafa átt eða talað um? Gestabók krossins?“

Dóri leit á hana skilningsvana. „Gestabók krossins? Trúfélagsins?“

„Aldrei heyrð minnst á neitt slíkt?“ spurði hún.

„Nei.“

Matthew spennti greipar. „Segðu okkur frá hrafninum sem Harald var á höttunum eftir.“

Barkakýlið á Dóra tók stökk í hálsinum á honum. „Hrafni?“ Röddin varð hálfskræk.

„Já, fugl. Krummi,“ skaut Þóra inn í. „Við vitum að hann var á höttunum eftir hrafni. Veistu af hverju?“

Dóri yppti öxlum. „Nei. Ég get samt alveg skilið að hann myndi vilja eiga hrafn. Merkilegur fugl.“

Þóra var sannfærð um að hann væri að ljúga en áttaði sig ekki á því hvernig best væri að bregðast við því. Matthew tók orðið af henni áður en hún komst að niðurstöðu. „Veist þú eitthvað um ferð Haralds til Hólmavíkur að skoða Galdrasýninguna á Ströndum?“

„Nei,“ svaraði Dóri og laug greinilega aftur.

„En austur á Hótel Rangá?“ spurði Þóra.

„Nei.“ Önnur lygi.

Matthew leit á Þóru. „Strandir – Rangá. Við ættum kannski að skella okkur í smáferðalag?“ Svipurinn á Dóra benti ekki til þess að hann kynni að meta ferðahugleiðingar þeirra.

23. kafli

Dóra var feikilega létt þegar hann hraðaði sér frá húsinu. Hann leit um öxl þegar hann var kominn gegnum hliðið og út á gangstétt, en hvorki Þóra né Matthew virtust vera að fylgjast með ferðum hans gegnum gluggana. Hann þóttist sjá gardínu bærast á neðri hæð hússins og bölvaði hnýsnum nágrannanum. Hún var greinilega enn við sama heygarðshornið þessi mjóa tók – lét Harald aldrei í friði, kvartandi yfir hverjum hósta og hverri stunu. Eftir eitt af fyrstu partíunum þá um sumarið hafði Dóri verið sendur til dyra morguninn eftir til að taka á móti gusunni frá henni og almáttugur hvað konan gat nöldrað. Hann hafði verið svo þunnur að honum fannst eins og hvert orð og hver hljóðbylgja sem því fylgdi skylli eins og hamarshögg á enni hans. Hann hryllti sig við minninguna, sérstaklega hvernig þetta endaði allt saman – hann varð að stjaka konunni frá til að stinga höfðinu út fyrir gættina og æla. Hún hafði ekki verið hrifin af því eins og gefur að skilja en Harald tókst víst að lempa hana síðar um kvöldið. Hann varð í kjölfarið að venja komur sínar þangað undir huldu höfði það sem eftir lifði sumars. Leifunum af partígestunum þótti þetta hins vegar alveg frábært þegar Dóri gat loks staulast upp til að segja frá þessu.

Farsíminn hringdi. Dóri sótti hann úr vasanum og sá á skjánum að þetta var Marta Mist – aftur. Nú ansaði hann. „Hvað?“

„Ertu búinn?“ Óþolinmóð og pirruð. „Við erum að bíða eftir þér, komdu.“

„Hvert?“ Dóri nennti í raun engan veginn að hitta þau núna. Hann langaði bara heim að leggja sig en vissi að hann fengi engan frið til þess. Marta Mist myndi hringja og hringja og á endanum koma ef hann ansaði henni ekki. Best að drífa þetta bara af.

„101 – flýttu þér.“ Hún skellti á og Dóri hraðaði sér enn frekar. Það var kalt úti og hann var uppgefinn. Áður en varði var hann kominn í

anddyrið á hótelinu og hann hristi sig til að losa af sér snjóinn sem hafði safnast á hann í fjúkinu á leiðinni. Hann renndi fingrunum gegnum hárið og hristi það svo. Að því búnu opnaði hann og gekk inn. Þau sátu að sjálfsgöðu á reykingasvæðinu – nokkrir kaffibollar og eitt björglas á borðinu fyrir framan þau. Dóra langaði allt í einu hræðilega í bjór. Hann gekk til þeirra og fékk sér sæti í stökum stól, jafnvel þó að Marta Mist og Bríet hefðu fært sig til og myndað pláss fyrir hann á milli sín. Hann gat ekki hugsað sér að sitja þétt upp við þær núna.

Þær stöllum reyndu að láta ekki á því bera að þær hefðu móðgast við þetta og Dóri fylgdist með því hvernig þær færðu sig rólega til að fylla aftur upp í autt svæðið án þess að mikið bæri á. Marta Mist var meistari í einu og það var að halda ró sinni og virðingu. Það var ekki oft sem hún sýndi aðrar tilfinningar en óheflaða reiði og fyrirlitningu. Sært stolt var ekki á blaði hjá henni. „Af hverju í fjandanum ansaðir þú ekki símanum?“ spurði hún pirruð. „Við erum búin að hanga hérna með öndina í hálsinum og bíða eftir að heyra frá þér.“

Dóri reiddist. „Hvað er að ykkur? Ég var að tala við þessa lögfræðinga. Hvað átti ég að segja við ykkur í símann?“ Enginn sagði neitt svo að Dóri endurtók spurninguna. „Ha? Hvað átti ég að segja?“

Marta Mist hristi þetta af sér. „Þú gast andskotast til að svara SMS-inu. Það hefði nú varla verið ofverkið þitt.“

„Ó, já. Auðvitað,“ sagði Dóri hæðinn. „Það hefði komið vel út. Hvað heldurðu að ég sé? Einhver gelgja?“

Brjann greip inn í. „Hvað gerðist – er allt í lagi með þig?“ sagði hann rólega og fékk sér bjórsopa.

Sú sjón var meira en Dóri þoldi. Hann veifaði í þjóninn og pantaði sér stóran bjór. Síðan sneri hann sér aftur að hópnum. „Þetta gekk bara ágætlega – þannig. Þau grunar sitt lítið af hverju en vita í sjálfu sér ekkert.“ Dóri sló fingrum hægri handar taktfast á borðbrúnina meðan hann notaði þá vinstri til að leita að sigarettupakkanum sínum í jakkavösunum. Hann fann hann ekki. „Ég gleymdi sigarettunum mínum – getið þið lánað mér?“

Bríet henti í hann sínum pakka – og Dóri andvarpaði innra með sér. Þetta voru dæmigerðar stelpusígarettur, drifhvítar með mentól og til að kóróna allt rosalega mjóar. Hann greip engu að síður pakkann og

sótti sér eina. Það var verst hvað Marta Mist var fúl út í hann – hún reykti alvörusígarettur, Marlboro. Hann fékk sér smók og þegar hann hafði tekið út úr sér sígarettuna leit hann á logandi vindlinginn og hristi höfuðið. „Hvernig geturðu reykt þetta drasl?“

„Sumir segja takk,“ tautaði Bríet fúl.

„Fyrirgefðu. Ég er eitthvað svo trekkur.“ Bjórinn kom og eftir að hafa fengið sér stóran sopa blés Dóri úr loftfylltum kinnum og stundi. „Ahh, þetta er betra.“

„Sagðirðu þeim ekkert?“ spurði Marta Mist – henni var að renna reiðin.

Dóri fékk sér annan sopa og hristi höfuðið um leið. „Nei, ekkert sem skipti máli. Ég sagði þeim náttúrulega fullt – þau baunuðu stöðugum spurningum á mig og ég varð að svara.“

Marta horfði á hann hugsi og kinkaði svo kolli, sýnilega sátt. „Pottþétt?“

Dóri blikkaði hana í sáttaskyni. „Pottþétt – engar áhyggjur.“

Marta Mist brosti. „Hetja.“

„Hvað annað?“ sagði Dóri í hálfkæringi og veifaði penu sígarettunni fyrir framan sig. „Er ég ekki flottur?“

Andri flissaði og skutlaði eigin pakka yfir borðplötuna til Dóra. „Hvað heldurðu að þau geri næst? Vilja þau hitta okkur aftur eða hvað?“

„Nei, ég efast um það,“ svaraði Dóri.

„Gott,“ heyrðist í Brjáni. „Vonandi snúast þau bara í endalaus hringi og gefast upp.“

Bríet var sú eina sem ekki var komin í gott skap. „En hvað með Huga? Eruð þið alveg búin að gleyma honum?“ Hún horfði á þau til skiptis, hneyksluð á svip.

Brosið hvarf af vörum Dóra. „Nei. Auðvitað ekki.“ Hann fékk sér meiri bjór sem bragðaðist ekki eins vel og áður.

Marta Mist sló þéttingsfast í upphandlegginn á Bríeti sem kveinkaði sér. „Hvað er að þér eiginlega? Þau gefast ekkert upp – þau finna eitt-hvað út úr þessu. Aðalatriðið er að við séum ekki að blandast neitt inn í þetta. Djöfulsins svartsýni er þetta.“

„Menn eru ekkert dæmdir fyrir morð sem þeir frömdu ekki – hann verður sýknaður, sannið þið til,“ sagði Andri kokhraustur.

„Hvar hefur þú nú verið?“ spurði Bríet sem var ekki búin að gefast upp þrátt fyrir eymslin í handleggnum. Það var ekki oft sem hún þorði að standa uppi í hárinu á Mörtu Mist en hún gat bara ekki hætt að vera fúl út af Dóra. „Það er alltaf verið að dæma fólk fyrir rangar sakir – hvað með Geirfinnsmálið? Ha?“

„Hættið þessu tuði,“ sagði Marta Mist og hafði ekki augun af Dóra. „Þetta verður allt í lagi, verið þið viss. Förum og fáum okkur eitthvað að borða. Ég er að drepast úr hungri.“

Þau stóðu upp og tíndu saman dótið sitt. Þegar hópurnir gekk af stað til að greiða fyrir drykkina dró Marta Mist Dóra aðeins afsíðis. „Ertu ekki alveg laus við allt – þú veist?“

Dóri leit undan en Marta Mist greip um hökuna á honum og þvingaði hann til að horfast í augu við sig. „Ertu ekki búinn að losa þig við það?“

Dóri kinkaði kalli. „Allt farið. Hafðu engar áhyggjur.“

„Ég þori ekki einu sinni að eiga jónu heima. Það er eins gott að þú sért jafnvarkár. Ef þessi tvö hræra upp í öllu getur löggunni dottið eitt og annað í hug og fengið húsleitarheimildir út um allt. Ertu viss um að þú sért búinn að koma öllu undan?“

Dóri rétti úr sér og horfði fast í augu hennar. Ákveðinni röddu sagði hann: „Ég sver það. Allt farið.“

Marta Mist brosti og losaði takið á höku hans. „Komdu, við skulum gera upp.“

Dóri horfði á hana ganga af stað. Fyndið, hún hafði trúað honum. Hún sem alltaf sá í gegnum hann þegar hann reyndi að ljúga einhverju. Honum hafði greinilega farið fram í óheiðarleikanum. Kúl.

Þóra reyndi að láta loðnar augabrúnir mannsins sem sat fyrir framan hana ekki slá sig út af laginu. Þau Matthew sátu inni á skrifstofu Þorbjörns Ólafssonar sem hafði haft umsjón með meistaritgerð Haralds. „Þakka þér kærlega fyrir að taka á móti okkur,“ sagði hún og brosti.

„Það var nú lítið,“ svaraði Þorbjörn. „Ef þið viljið þakka einhverjum þá væri það Gunnar – hann kom okkur saman. En ég kalla ykkur góð

að geta skotist hingað með svona stuttum fyrirvara.“ Þorbjörn hafði hringt í þau skömmu eftir að Dóri yfirgaf íbúð Haralds og Þóra og Matthew ákveðið að fara strax til fundar við hann. Þorbjörn lagði frá sér blýant sem hann hafði velt milli fingra sér. „En hvað er það sem ykkur fýsir að vita?“

Þóra tók af skarið. „Ég geri ráð fyrir að Gunnar hafi útskýrt fyrir þér tengsl okkar við Harald?“ Þorbjörn kinkaði kolla og Þóra hélt áfram. „Okkur langaði að heyra álit þitt á Harald og eins ef þú getur sagt okkur eitthvað um nám hans og þá sérstaklega rannsóknir hans.“

Þorbjörn hló við. „Ég get nú ekki sagt að ég hafi þekkt hann. Ég legg ekki í vana minn að blanda mikið geði við nemendur mína – það freistar mín ekki. Ég hef áhuga á framgöngu þeirra í náminu en sem einstaklingar eru þeir mér ekki hugleiknir.“

„En þú hlýtur að hafa myndað þér einhverja skoðun á honum?“ spurði Þóra.

„Vissulega gerði ég það. Mér þótti hann í meira lagi undarlegur karakter – og þá ekki bara vegna útlitsins. Hann angraði mig hins vegar ekki nokkurn skapaðan hlut – ólíkt til dæmis Gunnari sem átti bágt með að þola hann. Ég hafði svolítið gaman af því að fá nemanda sem batt ekki bagga sína sömu hnútum og aðrir. Svo var hann forkur til vinnu og einbeittur. Ég geri yfirleitt ekki aðrar kröfur.“

Þóra lyfti brúnum. „Einbeittur? Okkur skildist á Gunnari að rannsóknir hans hefðu verið frekar ómarkvissar.“

Það hnussaði í Þorbirni. „Gunnar er af gamla skólanum. Harald ekki. Gunnar vill að nemendur haldi sig við fyrirframgefna stefnu. Harald var nær því sem mér hugnast – hann lagði af stað og skoðaði jafnframt ýmsar hliðargötur, ef svo má segja. Þannig á að fara að þessu. Maður veit ekki hvert það leiðir og þetta tekur meiri tíma en ella. Á móti kemur að ýmislegt óvænt kann að reka á fjörurnar.“

„Harald var þá ekkert að fara að skipta um ritgerðarefni eins og Gunnar telur?“ spurði Matthew.

„Því fer fjarri,“ svaraði Þorbjörn. „Gunnar er alltaf á nálum út af einhverju, sannfærður um að allt sé að fara til andskotans. Ætli hann hafi bara ekki haft áhyggjur af því að Harald myndi ílendast hérna og verða eilífðarstúdent. Annað eins hefur nú gerst.“

„Ertu kannski til í að segja okkur svolítið frá rannsóknum Haralds?“ spurði Þóra. „Við erum að velta fyrir okkur hvort áhugi hans á galdrafárinu tengist ef til vill eitthvað morðinu.“

Nú var komið að Þorbirni að lyfta brúnum. „Er ykkur alvara?“ Þóra og Matthew játtu því. „Ja hérna. Það kæmi mér verulega á óvart. Það fylgir nú ekki slík spenna sagnfræði að menn myrði mikið vegna hennar,“ sagði hann. „Hvað sem því líður þá ætlaði Harald að bera saman galdraofsóknir hér á landi og á meginlandi Evrópu. Eins og ykkur er kunnugt um þá voru aðallega karlmenn brenndir á báli fyrir galdur hérlandis ófugt við það sem gerðist annarsstaðar. Þetta var sem sé útgangspunktur rannsókna hans. Þar sem Harald var vel kunnugur galdrafárinu á meginlandinu sökkti hann sér í að afla íslenskra heimilda og kynna sér sögu þessa tímabils hér á landi. Hann var að mínu mati kominn með ágætis yfirsýn yfir þetta þegar hann var myrtur.“

„En hvað með þessar hliðargötur?“ spurði Matthew.

Þorbjörn hugsaði sig um. „Framan af hafði hann ógurlegan áhuga á Jóni biskup Arasyni og prentsmiðjunni sem hann á að hafa flutt til landsins. Ég skildi í fyrstu ekki alveg hvernig hann hugðist tengja það galdrafárinu en leyfði honum að prófa sig áfram. Hann hvarf svo frá þessu og sneri sér að Brynjólfi biskup Sveinssyni í Skálholti. Mér leist nú betur á það.“

„Tengdist hann eitthvað galdrafárinu?“ spurði Þóra.

„Að sjálfsögðu,“ svaraði Þorbjörn. „Hann var biskup á þessum tíma en þótti samt almennt mildur í afstöðu sinni. Vitað er til þess að hann hafi komið í veg fyrir að skólapiltar í Skálholti færu á bálið en í fórum þeirra fannst galdraskræða. Ef grannt er skoðað stenst það hins vegar ekki alveg. Hann gerði til að mynda ekkert til þess að draga úr frænda sínum séra Páli í Selárdal sem gekk hvað harðast fram í því að saka menn um galdra. Það voru einir sjö brenndir á báli grunaðir um að vera valdir að veikindum á bæ séra Páls.“

„Þessi galdrabók sem þú minntist á; var Harald sérstaklega áhugasamur um hana?“ spurði Matthew.

Þorbjörn hristi höfuðið hægt. „Nei, ekki minnst ég nú þess. Hún gengur undir nafninu Skálholtsskræða og er líklegt að Brynjólfur hafi

komið henni fyrir kattarnef. Hann skráði þó hjá sér galdrana áttatíu sem lýst er í henni, ef ég man rétt. Harald hafði hins vegar ógurlegan áhuga á bókasafni Brynjólfs en í því voru ýmis handrit og bækur. Saga hans sjálfs vakti vitaskuld líka áhuga hans.“

„Hvernig stóð á því?“ spurði Matthew. Hann bætti afsakandi við: „Ég veit svo til ekkert um Íslandssögu.“

Þorbjörn sendi honum bros sem lýsti vorkunnsemi. „Í stuttu máli þá eignaðist hann sjö börn en af þeim komust bara tvö á legg, Ragnheiður og Halldór,“ útskýrði hann. „Ragnheiður ól son utan hjónabands níu mánuðum eftir að Brynjólfur hafði látið hana sverja eið að því í viðurvist fjölda presta að hún væri óspjölluð mey. Eiðurinn var tilkominn vegna kjaftasagna um að hún ætti í ástarsambandi við ungan aðstoðarmann föður síns, Daða að nafni. Sveinbarni Ragnheiðar var komið fyrir hjá föðurfólkinu en hún dó þegar hann var um það bil ársgamall. Halldór sonur Brynjólfs lést nokkrum árum síðar þar sem hann var við nám erlendis. Brynjólfur sótti þá eina eftirlifandi afkomanda sinn, Þórð son Ragnheiðar, en hann var þá sex ára. Hann varð fljótlega augasteinn gamla mannsins. Eiginkona Brynjólfs dó þremur árum eftir að drengurinn flutti í Skálholt og til að fullkomna harm Brynjólfs lést Þórður úr berklum aðeins tólf ára að aldri. Eftir sat sem sé Brynjólfur, eitt mesta stórmenni Íslandssögunnar, án afkomenda og fjölskyldu. Mér fannst Harald heillast af sögu biskupsins og því sem má lesa í hana. Ef Brynjólfur hefði reynt dóttur sinni betur á ögurstundu finnst manni eins og það hefði farið betur fyrir honum og fjölskyldu hans. Ragnheiður hafi sumsé komið með krók á móti bragði. Hún hafi svarið réttan eið í kirkjunni en látið fallerast sama kvöld af Daða til að hefna sín á gamla manningnum.“

„Ég er ekki hissa á því að þessi saga hafi höfðað til Haralds,“ sagði Þóra. Hann hlaut að hafa fundið til samkenndar með Ragnheiði. „Var Harald enn að stúdera Brynjólf þegar hann var myrtur eða var hann farinn að huga að einhverju öðru?“

„Ef ég man rétt hafði áhugi hans á Brynjólfi eitthvað minnkað – enda var hann búinn að kynna sér hann í þaula. Mér er reyndar sagt að hann hafi tekið sér frí vikuna áður en hann var myrtur þannig að ég veit ekki alveg á hvaða róli hann var þá.“

„Veistu nokkuð til þess að Harald hafi átt eitthvert annað erindi hingað til lands en námið? Var hann á höttunum eftir einhverjum fornum munum eða því sem gat talist verðmætt í sögulegu ljósi?“ spurði Matthew.

Þorbjörn hló. „Áttu við einhvers konar fjársjóð? Nei, við ræddum aldrei neitt í þá veruna. Harald virtist vera með báða fætur á jörðinni; hann var duglegur námsmaður og mér gekk ágætlega að vinna með honum. Látið ekki tuðið í Gunnari villa ykkur sýn.“

Þóra ákvað að víkja talinu að öðru og spyrja hann út í fundinn sem haldinn var í byggingunni kvöldið örlagaríka.

„Mikið rétt,“ sagði Þorbjörn. Glettnisglampinn var horfinn úr augum hans. „Við vorum hér, flestir kennarar skorarinnar. Ertu að gefa eitthvað í skyn?“



„Alls ekki,“ svaraði Þóra að bragði. „Ég spyr bara í þeirri veiku von að þú hafir orðið var við eitthvað sem gæti hjálpað okkur; eitthvað sem þú áttaðir þig kannski ekki á þegar skýrslan var tekin. Oft rifjast hlutir upp fyrir manni eftir á.“

„Það er ekkert á okkur að græða sem sátum fundinn. Við vorum löngu farnir þegar morðinginn birtist, ef ég hef skilið lögregluna rétt. Við vorum að fagna því að við erum að sækja um Erasmus-styrk í samvinnu við norskan háskóla. Við erum nú ekki slíkir gleðipinnar að við endumst nema stutt í slíku samkvæmi. Við vorum öll farin rétt fyrir tólf.“



„Þú ert viss um það?“ spurði Matthew.

„Handviss – ég fór síðastur út og setti meira að segja þjófavarnarkerfið í gang. Ef einhver hefði orðið eftir inni hefðu allar bjöllur glumið í húsinu. Ég hef lent í því sjálfur og það er heldur óskemmtilegt.“ Hann leit á Matthew sem virtist ekki sannfærður og bætti við: „Útþrentun úr kerfinu staðfestir þetta.“

„Ég efast ekki um það,“ sagði Matthew svipbrigðalaust.



10. desember 2005



24. kafli

Í veðurfréttunum kvöldið áður hafði spáin verið góð og hún virtist ætla að rætast. Þau voru stödd á skrifstofu Flugskólans þar sem Þóra og Matthew höfðu gengið frá leigu á vél daginn áður. Matthew var nú í óða önn að fylla út eyðublað fyrir flugmanninn á meðan Þóra notaði tækifærið og þáði kaffi sem boðið var upp á. Verðið á fluginu hafði komið henni verulega á óvart – flugferðin til Hólmavíkur átti að taka tæpan klukkutíma hvora leið og var kostnaðurinn lægri en ef þau hefðu keyrt og orðið að gista á hóteli. Henni hafði meira að segja verið boðið lægra verð – ef þau sættu sig við að flugnemi sæti undir stýri. Hún ákvað að fljúga á hærri taxtanum.

„Ókei, þá erum við að verða klár í slaginn,“ sagði flugmaðurinn brosandí. Hann var það ungur að varla var langt um liðið síðan hann hefði verið leigður út á lægri taxtanum.

Þau flugu yfir Reykjavík sem virtist mun stærri úr lofti en af jörðu niðri. Matthew horfði áhugasamur niður fyrir sig en Þóru þótti meira varið í að horfa fram á við, enda sjaldan sem gafst kostur á því í flugvél. Ferðin til Hólmavíkur leið hratt og brátt kom flugvöllurinn á Hólmavík í ljós. Þóra sá að þetta var malarbraut og einn kofi; það var allt og sumt. Völlurinn var rétt fyrir utan þorpið, handan við þjóðveginn. Flugmaðurinn flaug yfir brautina og virti hana fyrir sér; hann sneri svo vélinni sáttur við það sem fyrir augu bar og lenti henni mjúklega. Þau losuðu beltin og stigu út.

Matthew sótti farsímamann sinn og bjóst til að hringja. „Hvert er númerið á leigubílastöðinni?“ spurði hann flugmanninn.

„Leigubílastöð?“ svaraði hann og hló dátt. „Hér er ekki einu sinni leigubíll – hvað þá stöð. Þið verðið bara að ganga.“

Þóra brosti með flugmanninum eins og hún hefði líka vitað það. Hún hafði hins vegar eins og Matthew gert ráð fyrir að geta tekið

leigubíl af velliinum niður á safnið. „Komdu, þetta er ekkert langt,“ sagði hún við Matthew og dró hann hneykslaðan af stað. Þau gengu yfir veginn sem var algerlega laus við umferð og að bensinstöð og sjöppu sem prýddi aðkomuna inn í bæinn. Þar fóru þau inn til að spyrja til vegar. Unglingsstúlkan sem afgreiddi var ekkert nema almennilegheitin, fór meira að segja út fyrir með þeim til þess að benda þeim á safnið. Þetta gæti nú ekki verið einfaldara, ganga niður götuna meðfram fjörunni inn í bæinn og þar, rétt við höfnina, væri safnið. Úr fjarlægð mátti greina svart timburhús með torþpaki. Þetta voru ekki nema nokkur hundruð metrar og veðrið gott. Þau gengu af stað.

„Ég kannast við þetta af myndum úr tölvu Haralds,“ sagði Þóra og leit aftur fyrir sig að Matthew. Gangstígurinn var það mjór að þau gengu ekki hlið við hlið.

„Vorur margar myndir héðan? Eitthvað af viti, meina ég?“

„Nei, ekki þannig,“ svaraði Þóra. „Í raun bara svona dæmigerðar túristamyndir, ef frá er talið að hann tók nokkrar inni í safninu þar sem ekki má mynda,“ svaraði Þóra og steig varlega framhjá hálkubletti á stéttinni. „Passaðu þig hérna,“ aðvaraði hún Matthew sem klofaði yfir hann. „Þú ert nú ekki beinlínis skóaður til göngu,“ sagði Þóra við hann og gjóaði augunum að svörtum lakkskónum. Þeir voru raunar í takt við annað sem Matthew klæddist, pressaðar stakar buxur, skyrtu og hálf síðan ullarfrakka. Hún var sjálf í gallabuxum og götuskóm og hafði haft varann á og farið í dúnúlpuna. Matthew hafði látið vera að setja út á úlpuna – lét sér nægja að lyfta augabrúnum þegar hann sótti hana og hún tróð sér inn í bílinn – efri hluti líkamans þrefaldur að rúmmáli.

„Á dauða mínum átti ég von en ekki að við þyrftum að leggja land undir fót,“ sagði Matthew pirraður. „Hann hefði nú getað varað mig við, maðurinn.“ Maðurinn sem hann átti við var forstöðumaður Galdrasýningarinnar sem Matthew hafði rætt við í síma daginn áður til að tryggja að þau kæmu ekki að tómunum kofanum.

„Þú hefur gott af þessu. Þetta kennir þér að vera ekki þjattrófa,“ svaraði Þóra. „Það gengur ekki upp á Íslandi. Ef við förum ekki að ljúka þessu bráðlega verð ég að draga þig í bæinn og kaupa handa þér flíspeysu.“

„Aldrei,“ svaraði Matthew öflugur. „Þótt ég yrði hér til dauðadags.“
„Sá dagur kæmi þá fyrir en þig grunar,“ svaraði Þóra á móti. „Er þér ekki annars kalt – viltu kannski fá úlpuna mína?“ bætti hún við.

„Ég gekk frá bókuninni á Hótel Rangá í kvöld,“ sagði Matthew og breytti þannig snarlega um umræðuefni. „Og ég ætla að skipta út bíla-leigubílnum og fá jeppa,“ bætti hann við.

„Sko, þú ert nú þegar orðinn hálfíslenskur.“

Þau komu loks alla leið að safninu – án þess að detta í hálkunni. Safnið var gamaldags að sjá að utan. Planið fyrir framan sem afmarkað var með lágri steinhleðslu, var þakið sjávarmöl og nokkrum reka-viðardrumbum. Hurðin inn í safnið var eldrauð sem stakk svolítið í stúf við jarðlitt yfirbragð byggingarinnar. Á trébekk fyrir utan sat feitur og pattaralegur krummi. Hann leit til himins þegar þau bar að, galopnaði gogginn og krunkaði. Svo baðaði hann út vængjunum og sveif upp á þakkantinn, þaðan sem hann fylgdist með þeim ganga inn. „Viðeigandi,“ sagði Matthew og opnaði dyrnar fyrir Þóru.

Fyrir innan blasti við þeim lítið afgreiðsluborð á hægri hönd en beint af augum voru nokkrar hillur með varningi tengdum göldrum til sölu. Allt mjög svo látlaust og snyrtilegt. Bak við borðið sat ungur maður sem leit upp úr Mogganum. „Góðan daginn,“ sagði hann og brosti. „Velkomin á Galdrasýninguna á Ströndum.“

Þóra og Matthew kynntu sig og ungi maðurinn kannaðist við að eiga von á þeim. „Ég er nú hérna bara í afleysingum,“ sagði hann eftir að hafa tekið í höndina á þeim og kynnt sig með nafni. „Þorgrímur ...“ Handtak Þorgríms var gamaldags, þétt og traust. „Sá sem yfirleitt sér um safnið er í ársleyfi en vonandi kemur það ekki að sök.“

„Nei, fínt,“ sagði Þóra. „Er það samt ekki rétt skilið hjá mér að þú hafir verið hér í haust?“

„Jú, mikið rétt. Ég tók við í júlí.“ Hann leit á hana forvitinn og spurði. „Má ég spyrja af hverju þú spyrð að því?“

„Eins og hann Matthew sagði þér í gær þá erum við að kanna ákveðið mál sem tengist áhugamanni um galdra. Hann kom víst hingað í haust og við töldum rétt að líta við í þeirri von að fá kannski einhverja innsýn í hugarheim hans. Ég geri ráð fyrir að þú munir eftir honum.“

Maðurinn hló. „Það er nú ekki víst. Hingað koma margir.“ Hann átt-

aði sig á því að þarna var enginn nema þau og bætti vandræðalega við: „Það er ekkert að marka þennan tíma árs – hér er allt fullt af fólki á venjulegum ferðamannatíma.“

Matthew brosti dræmt. „Veistu, maður gleymir þessum manni ekki svo glatt. Hann var þýskur sagnfræðinemi og mjög svo óhefðbundinn útlits. Hann hét Harald Guntlieb og var myrtur nýlega.“

Það birti yfir andlitinu á Þorgrími. „Já, hann var – allur í ja, hvað get ég sagt – skrauti?“

„Já, ef skraut skyldi kalla,“ ansaði Þóra.

„Jú, jú – ég man sko alveg eftir honum. „Hann kom hér við annan mann, eitthvað yngri, en sá treysti sér ekki inn fyrir dyr vegna timburmanna. Það var nú ekki svo löngu síðar að ég las í blaðinu að Þjóðverjinn hefði verið myrtur.“

„Passar,“ sagði Matthew. „Þessi þunni – vissir þú einhver deili á honum?“

Maðurinn hristi höfuðið. „Ekki beinlínis – vinur ykkar sagði hann vera lækni þegar hann kvaddi mig. Ég held að hann hafi verið að grínast. Hann vakti féлага sinn með hrópum og látum þegar hann var að fara. Ég stóð í gættinni og fylgdist með aðförunum. Ég man hvað mér þótti ólíklegt að þessi strákur væri læknir þar sem hann lá afvelta á bekknum hérna fyrir utan.“

Þóra leit á Matthew og þau skiptust á augngotum. Halldór.

„Manstu eftir heimsókninni að öðru leyti?“ spurði Þóra.

„Ég man að hann vissi heilmikið. Það er gaman að fá gest sem er jafn vel að sér og hann í sögu og göldrum. Yfirleitt veit fólk ekki neitt; fæstir þekkja tilbera frá nábrók.“ Hann sá af svipnum á þeim að hann hafði einmitt fengið tvo slíka til viðbótar í heimsókn. „Hvernig væri að við byrjuðum á því að ganga aðeins um safnið og ég segði ykkur frá því helsta sem við erum með til sýnis hér? Svo getum við rætt um vin ykkar.“

Þóra og Matthew litu hvort á annað, ypptu öxlum og eltu manninn af stað inn í safnið.

„Ég veit ekki hversu kunnug þið eruð þessum málum en það er kannski best að ég segi ykkur aðeins frá baksviðinu.“ Þorgrímur gekk að vegg þar sem hékk feldur af óþekktanlegu dýri. Skinnið sneri að

veggnum en á leðrið sem vísaði út var búið að teikna galdrastaf, mun flóknari en þann sem ristur hafði verið á lík Haralds. Á veggnum fyrir neðan skinnið var búið að festa trékassa sem líktist einna helst gamaldags pennastokki. Hann var hálfopin og virtist fullur af hári og í honum var silfurpeningur. Í lokið á honum var ristur einfaldur galdrastafur og ofan á því hvíldi einhver óskapnaður sem líktist einna helst stökkbreyttum broddgelti. „Á galdraöldinni voru aðstæður almúga-fólks ekki upp á marga fiska hér á landi. Örfáar ættir áttu megnið af eignum í landinu á meðan þorri landsmanna lifði við sult og seyru. Úr þeirri örbirgð var engin sjáanleg leið nema að beita fyrir sig göldrum og yfirnáttúrlegum kröftum. Á þessum tíma þótti slíkt ekkert óeðlilegt, til að mynda var talið að djöfullinn væri á vappi á meðal manna á sálaveiðum.“ Hann sneri sér að skinninu á veggnum. „Hér er dæmi um galdur til að auðgast – flæðarmúsarstafur eða hringhjálmur. Það sem þurfti var skinn af svörtum fressketti og teikna síðan á það pennan galdrastaf eða hringhjálmu með tíðablóði hreinnar meyjjar.“

Matthew yggldi sig og skáskaut höfðinu til þess að kanna hvort Þorgrímur kæmi nokkuð við stafinn. Hann tók eftir því og sagði þurr á manninn við Þjóðverjann: „Við notuðum dumbrautt blek.“ Hann hélt svo áfram. „Það varð að veiða lítið rándýr sem sagt er í þjóðsögum að hafi búið í fjörum landsins og kallaðist flæðarmús. Hana varð að veiða í net úr hári hreinnar meyjjar.“ Þóra fann hvernig Matthew strauk hendinni eftir síðu slegnu hári hennar. Hún gætti þess að fara ekki að hlæja og sló hönd hans í burtu svo að lítið bar á. „Svo varð að búa músinni hreiður eða ból úr trékassa og hárinu, leggja þar stolinn pening og þá átti músin að sjá um að draga fjársjóð úr sjó í kassann. Síðan urðu menn að leggja hringhjálminn yfir svo að músin slyppi ekki og ylli óveðri til sjós.“

Hann sneri sér að þeim. „Þetta var sem sé ekkert hókus pókus.“

„Nei,“ svaraði Matthew og benti á vegg þar sem neðri hluta mannlíkama virtist hafa verið komið fyrir í glerkassa. „Hvað í ósköpunum er þetta?“

„Ah, þetta er með vinsælli sýningargripunum hér. Nábrók. Með henni átti maður einnig að geta auðgast.“ Þorgrímur gekk í átt að sýningarskápnnum. „Þetta er auðvitað bara gervi – það gefur augaleið.“

Þóra og Matthew kinkuðu ákaft kolli. Bak við glerið mátti sjá húð af neðri hluta líkama karlmanns en búið að fjarlægja innihaldið – gripurinn minnti Þóru helst á ógeðfelldar, bleikar sokkabuxur, loðnar og með kynfærum. „Til þess að eignast nábrækur varð maður að gera samning við lifandi mann um að fá af honum húðina af neðri hluta líkamans að honum látnum. Þegar sá hinn sami lést varð að grafa líkið upp, flá af því skinnið frá mitti og niður úr – í einu lagi. Þar voru þá komnar nábrækur sem hinn aðili samningsins klæddi sig í. Nábrækurnar áttu þá að gróa samstundis við manninn og ef hann kom peningi fyrir í pungnum – peningi sem hann varð að hafa stolið frá fátækri ekkju um jól, páska eða hvítasunnu – myndi hann aldrei koma að pungnum tómunum því í honum yrði alltaf nægt fé.“

„Gætu þeir ekki valið skárri stað?“ spurði Þóra og gretti sig. Þorgrímur yppti bara öxlum.

„En hvað er þetta?“ spurði Matthew og Þorgrímur gekk með þeim að stórri ljósmynd af konu í síðu grófu pilsu að hætti kvenna til forna. Konan sat og hafði dregið pilsuð upp svo skein í bert lærið. Á lærinu var varta eða einhver annar ófögnuður sem stóð beint út í loftið.

„Þið vitið auðvitað að á Íslandi voru karlmenn í meirihluta þeirra sem aflífaðir voru fyrir galdur eða tuttugu á móti einni konu. Það er talið vera vegna þess að þeir voru í meirihluta þeirra sem iðkuðu slíkt hér – ólíkt öðrum löndum Evrópu. Þessi galdur – tilberi – er merkilegur fyrir þær sakir að hann er eini íslenski galdurinn sem einungis kona gat framið. Til að verða sér úti um tilbera varð hún að stela rifbeini úr gröf á hvítasunnunótt, vefja það í ull og bera innanklæða milli brjósta sér, ganga í þrígang til altaris og spýta messuvíninu yfir óskapnaðinn en við það vaknaði hann til lífs. Tilberinn stækkaði síðan og til þess að geta falið hann áfram innanklæða varð konan að útbúa geirvörtu úr húðinni á læri sér. Þaðan dró svo tilberinn til sín næringu – á milli þess sem hann flandraðist um sveitir á næturnar að sjúga mjólk úr ám og kúm. Henni spýtti hann svo í strokk konunnar að morgni.“

„Ekki hefur hann nú beinlínis verið sætur, greyið,“ sagði Þóra og benti á sýningargrip sem þarna var. Eftirlíking af tilbera var vafinn inn í ull og því lítið annað sýnilegt en opinn tannlaus munnurinn og tvö lítil hvít augu, án augasteina.

Af svipnum á Matthew að dæma var hann sama sinnis. „Var þessi eina kona sem tekin var af lífi fyrir galdur ásökuð um þetta?“

„Nei, reyndar ekki. Það kom hins vegar upp mál á suðvesturhorninu árið 1635 þar sem kona og móðir hennar voru grunaðar um að vera með tilbera. Það var rannsakað en reyndist ekki rétt svo þær sluppu með skrekkinn.“

Þau gengu áfram um safnið og skoðuðu það sem fyrir augu þar. Mest sláandi þóttu Þóru tréstaup og hrísvöndur. Þar sem hún stóð þögul og virti þetta fyrir sér kom Þorgrímur og tjáði henni að allir sem brenndir voru fyrir galdra, 21 talsins, hefðu farið lifandi á bálköstinn. Hann sagði henni ennfremur að vitað væri til þess að þrír þeirra hefðu reynt að brjótast út úr bálinu þegar böndin sem héldu þeim við staurinn hefðu brunnið í sundur. Þeim var kastað aftur inn í eldinn þar sem þeir dóu. Fyrstu aftökuna sagði hann hafa átt sér stað um 1625 en eiginlegt galdrafár hefði hafist með brennu þriggja galdramanna í Trékyllisvík á norðanverðum Vestfjörðum árið 1654. Þóra reiknaði í huganum hve stutt var í raun um liðið.

Þegar þau höfðu skoðað nægju sína fór Þorgrímur með þau upp á efri hæðina. Á leiðinni gengu þau framhjá skilti þar sem vakinn var athygli á því að ekki mætti mynda inni á safninu – sama skilti og Þóra hafði séð á einni myndanna í tölvu Haralds. Þorgrímur vakti athygli þeirra á miklu ættartré þar sem sýnd voru vensl þeirra sem voru hvað mest áberandi í galdramálum sautjándu aldar. Hann benti þeim á hvernig ríkjandi yfirstétt hefði komið afkomendum sínum vel fyrir og einokað stöður sýslumanna og þeirra sem komu að dómum. Eftir að hafa skoðað ættartréð gat Þóra ekki annað en verið honum sammála. Matthew sýndi þessu lítinn áhuga. Hann yfirgaf þau og gekk að sýningarkassa þar sem voru eftirlíkingar af galdraskræðum og öðrum handritum. Hann stóð og bograði yfir kassanum þegar Þóra og Þorgrímur komu þar að.

„Það er eiginlega ótrúlegt að nokkur galdrabók skuli hafa varðveist,“ sagði Þorgrímur og benti á eitt handritanna.

„Meinarðu út af því hversu gamlar þær eru?“ spurði Þóra og beygði sig niður til að skoða.

„Jú, líka, en aðallega vegna þess að það var dauðasök að hafa þær

undir höndum,” svaraði Þorgrímur. „Sumar eru raunar handskrifaðar upp úr eldri handritum sem hafa væntanlega legið undir skemmdum, svo að frumgerðirnar eru ekki allar frá sextánda og sautjándu öld.“

Þóra reis upp. „Er til einhver skrá yfir þekktu galdrastafi?“

„Nei, það er svo merkilegt. Það hefur enginn lagt í þá vinnu, mér vitanlega.“ Með sópandi handarhreyfingu lagði hann áherslu á orð sín: „Hér eru til sýnis ótal tákn og þetta eru bara nokkrar síður úr þessum handritum og skræðum – örlítið sýnishorn. Þú getur þannig rétt ímyndað þér hversu mörg tákn eru til.“

Þóra kinkaði kalli. Fjandinn. Það hefði nú aldeilis verið fínt ef Þorgrímur hefði bent þeim á lista yfir tákn þar sem þau hefðu getað flett upp óþekktu galdrastafnum. Hún færði sig til að skoða fleiri handrit. Sýningarkassinn stóð úti á miðju gólfi og var hægt að ganga hringinn í kringum hann. Skyndilega rétti Matthew úr sér.

„Hvaða stafur er þetta?“ spurði hann æstur og bankaði með fingrinum í glerið.

„Hvaða stafur, segirðu?“ spurði Þorgrímur og skoðaði skjalið.

„Þessi,“ sagði Matthew og benti.

Þótt Þóra þyrfti að halla sér yfir kassann til að sjá það sem Matthew var að benda á var hún fljótari en Þorgrímur að átta sig á því hvaða stafur hafði vakið athygli hans. Eingöngu vegna þess að hann var einn af fáum galdrastöfum sem hún þekkti til – galdrastafurinn sem ristur var á Harald. „Hver fjárin,“ sagði hún lágt.

„Þessi neðst á síðunni?“ spurði Þorgrímur og benti á stafinn.

„Nei,“ sagði Matthew. „Þessi á spássíunni. Hvað gerir hann?“

„Tja, nú bara veit ég ekki,“ svaraði Þorgrímur. „Ég get ekki sagt til um það, því miður. Textinn á síðunni á ekkert við hann – þetta er dæmi um galdrastaf sem eigandi bókarinnar hefur bætt sjálfur á spássíuna. Það var ekki óalgengt, slíka stafi er að finna í fleiri handritum og bókum en þeim sem fjalla beint um galdra.“

„Úr hvaða handriti er þetta?“ spurði Þóra og reyndi að rýna í textann sem fylgdi skjalinu.

„Þetta er handrit frá sautjándu öld, í eigu Konunglegu fornfræðastofnunarinnar í Stokkhólmi. Það gengur undir nafninu Íslensk

galdrabók. Höfundur er eins og gefur að skilja óþekktur. Þarna er að finna um 50 galdra af ýmsum gerðum – flestir þeirra eru saklausir, ætlaðir til þess að auka brautargengi fólks eða verja það gegn einhverju.“ Hann beygði sig niður til að lesa yfir sama texta og Þóra hafði reynt að rýna í. „Raunar eru nokkrir þeirra myrkari – einn er til að mynda dauðagaldur og er ætlað að drepa þann sem honum er beint gegn. Annar af tveimur ástargöldrum sem þarna er að finna er sömuleiðis frekar svartur.“ Hann leit upp frá sýningarkassanum. „Fyndið. Vinur ykkar, þessi Harald, hafði ógurlegan áhuga á einmitt þessum hluta sýningarinnar, skræðunum og handritunum.“

„Var hann að spyrjast fyrir um þennan sama staf?“ spurði Matthew.

„Nei, ekki rekur mig minni til þess,“ svaraði Þorgrímur en bætti svo við: „Ég er reyndar enginn sérfræðingur á nákvæmlega þessu sviði og gat lítið hjálpað honum – ég man hins vegar að ég kom honum í samband við Pál sem er hinn eiginlegi forstöðumaður hérna. Hann veit allt um þetta.“

„Hvernig náum við í hann?“ spurði Matthew spenntur.

„Það er nú verkurinn – hann er erlendis.“

„Og? Er ekki hægt að hringja í hann eða senda honum tölvupóst?“ spurði Þóra, engu minna áköf en Matthew. „Það er frekar mikilvægt fyrir okkur að vita hvað stafurinn merkir.“

„Tja, ég er nú með númerið hans einhversstaðar,“ svaraði Þorgrímur öllu rólegri en þau. „Ætli það sé ekki best að ég hringi í hann og tali fyrst við hann – kynni honum málið. Hann getur svo rætt við ykkur í kjölfarið.“

Þorgrímur fór bak við afgreiðsluborðið og dró fram litla minnisbók sem hann fletti upp í. Hann teygði sig svo í símann og valdi númer sem hann gætti að þau sæju ekki. Smástund leið þar til hann tók allt í einu til máls – einungis til þess að skilja eftir skilaboð í talhólfi. „Því miður. Hann ansar ekki. Hann mun örugglega hringja um hæl þegar hann fær skilaboðin – kannski í kvöld, kannski á morgun, kannski hinn.“ Þóra og Matthew létu Þorgrím hafa nafnspjöldin sín og gerðu enga tilraun til að leyna vonbrigðum sínum. Hún bað hann um að láta þau vita um leið og hann næði sambandi við þennan Pál. Hann tók því vel og lagði kortin inn í minnisbókina. „Hvað með þennan vin

ykkar – vilduð þið ekki vita hvað hann var að gera hérna?“ spurði hann að því loknu.

„Jú, alveg endilega,“ svaraði Þóra. „Vakti eitthvað annað en handritin athygli hans eða minntist hann á eitthvað sem hann var að leita að?“

„Það voru nú aðallega handritin, ef ég man rétt,“ sagði Þorgrímur hugsí. „Raunar gerði hann mér tilboð í blótskálina hérna fyrir innan – ég var nú aldrei alveg viss hvort hann væri að grínast eða ekki.“

„Blótskál? Hvaða blótskál?“ spurði Matthew.

„Fylgið mér – hún er hérna rétt fyrir innan.“ Þau eltu hann inn í lítið herbergi þar sem steinskál var geymd í glerskáp í miðju herberginu. „Þetta er skál sem notuð hefur verið við blót – hún fannst hér í nágreininu og rannsóknardeild lögreglunnar hefur staðfest að í henni eru leifar af blóði. Eldgömlu reyndar.“

„Þvílíkur hlunkur,“ sagði Þóra upphátt. „Gátu þeir ekki búið sér til skál úr viði?“ Steinklumpurinn var örugglega einhver kíló að þyngd. Búið var að höggva hann til þannig að gróp myndaðist í honum miðjum.

„Hún var sem sé ekki til sölu?“ spurði Matthew.

„Nei, alls ekki. Bæði er þetta eini gripurinn hér á safninu sem ekki er eftirlíking og aukinheldur hef ég ekkert leyfi til að versla með eigin þess.“

Þóra horfði rannsakandi á steininn. Gat verið að þetta væri gripurinn sem Harald hefði ágirnst? Tæplega. „Þetta er pottþétt sami steinninn?“

„Hvað meinarðu?“ spurði Þorgrímur hissa.

„Nei, bara. Það er ekkert inni í myndinni að forstöðumaðurinn hafi tekið Harald á orðinu – selt honum steininn og búið til annan í staðinn?“

Þorgrímur brosti. „Ekki nokkur möguleiki. Þetta er sami steinninn og hefur ávallt verið hér. Ég þori að leggja höfuðið að veði.“ Hann snerist á hæl og gekk út úr herberginu með þau í humátt á eftir sér. „Eins og ég sagði – hann sló þessu bara fram í hálfkæringi.“

„En var eitthvað annað sem hann sagði eða spurði um?“ spurði Þóra. „Eitthvað annað en venjulegt gæti talist?“

„Ja, eins og ég sagði þá hafði hann mestan áhuga á galdraskræðunum og handritunum,“ endurtók Þorgrímur. „Hann spurði mig reyndar út í Nornahamarinn, hvort ég hefði nokkuð heyrt eða séð minnst á að eldgömul útgáfa af honum væri til á landinu. Ég hafði aldrei heyrt þess getið og sagði honum það. Þið vitið kannski ekki um hvað ég er að tala?“ Hann leit á þau.

„Jú, jú. Við þekkjum til hans,“ svaraði Matthew fyrir hönd þeirra beggja.

„Ég spurði hann hvaðan hann hefði það og hann svaraði því til að gömul bréf gæfu til kynna að slíkt eintak hefði ratað hingað.“

25. kafli

Það eru ekki mörg hús á Íslandi sem geta státað af jafnmikilfenglegri aðkomu og aðalbygging Háskóla Íslands. Bríet naut útsýnisins þar sem hún sat í tröppunum í skeifulaga aðkeyrslunni. Af einhverjum ástæðum langaði hana skyndilega að eiga bíl. En það var ekki inni í myndinni á þessum skítanámslánum – henni þætti gaman að hitta nirfilinn sem reiknaði út framfærsluna sem lánin miðuðust við. Það yrði gott að ljúka námi og fara að vinna – ekki það að sagnfræðingar væru hátekjufólk, hún var á kolrangri hillu ef hún var að hugsa um launin. Því brann á henni að ná sér í góðan skaffara líkt og eldri systir hennar sem hafði gifst lögfræðingi. Sá vann hjá einum stóru bankanna og græddi á tá og fingri og systir hennar lifði í vellystingum. Nú voru þau að byggja sér risastórt hús uppi á Vatnsenda og systir hennar stjórn málafræðingurinn vann bara hálfan daginn hjá einu ráðuneytanna og gat leikið sér við að versla hinn hluta dagsins. Bríet hallaði sér upp að öxlinni á Dóra sem sat við hlið hennar. Hann var svo myndarlegur og í raun góður strákur og síðast en ekki síst gerðu læknaþað yfirleitt mjög gott.

„Um hvað ertu að hugsa?“ spurði hann og kastaði snjóbolta sem hann hafði dundað sér við að búa til.

„Æi, ég veit það ekki,“ svaraði Bríet mæðulega. „Um Huga, aðallega.“

Dóri fylgdi snjóboltanum eftir með augunum – hann sveif hátt upp og lenti rétt hjá styttnunni af Sæmundi á selnum. „Hann var galdramaður,“ sagði Dóri. „Vissirðu það?“

„Hver?“ spurði Bríet hissa. „Hugi?“

„Nei, Sæmundur fróði.“

„Já, hann. Jú, ég vissi það, auðvitað.“ Bríet dró sígarettupakka upp úr töskunni sinni. „Viltu eina? Uppáhaldstegundin þín.“ Hún rétti honum hvítan pakkann og brosti.

Dóri leit af pakkanum á hana og brosti á móti. „Nei, takk. Ég er með.“ Hann náði sér í eina af eigin sígarettum og þau kveiktu sér bæði í. Hann hallaði sér fram svo að Bríet varð að taka höfuðið af öxl hans. „Þetta er nú ljóta vesenið.“

„Segðu.“ Bríet vissi ekki alveg hvað best væri að segja og ákvað að stíga varlega til jarðar. Hún vildi ekki að hann gerði neina vitleysu sem kæmi henni, og auðvitað honum, illa. En hún vildi líka sýna honum að hún væri skilningsríkari og heilli en Marta Mist.

„Ég er eiginlega kominn með upp í kok af þessu rugli.“ Hann horfði beint fram og hugsaði sig eitthvað um áður en hann hélt áfram. „Aðrir stúdentar hérna eru allt, allt öðruvísi en við.“

„Ég veit,“ sagði Bríet. „Við erum ekki beinlínis dæmigerðir háskólá-nemar. Ég er líka komin með upp í kok.“ Af hverju vissi hún hins vegar ekki.

Dóri hélt áfram og Bríeti fannst sem hann hefði ekki hlustað á það sem hún hafði sagt. „Það sem í raun slær mig mest er það að hinir stúdentarnir – sem ekki eru alltaf að skemmta sér og mála bæinn rauð-an eins og við – þeir virðast ekkert síður ánægðir með lífið og tilver-una en við. Ef eitthvað er bara sáttari.“

Bríet sá sæng sína upp reidda. Hún lagði handlegginn yfir öxlina á Dóra og hallaði andliti sínu að hans. „Ég hef verið að hugsa nákvæm-lega það sama. Við höfum farið yfir mörkin; ef Andri og þau vilja halda því áfram þá verður það án mín. Ég ætla að taka mig á, í nám-inu og bara öllu. Þetta er ekkert gaman lengur.“ Hún hafði viljandi forðast að nefna Mörtu Mist af ótta við að hún kæmi upp um sig.

„Fyndið – það sama segi ég.“ Hann leit á hana og brosti. „Við erum ekki svo ólík, þú og ég.“

Bríet kyssti hann létt á kinnina. „Við erum góð saman. Skítt með hin.“

„Ekki Huga,“ sagði Dóri og brosið hvarf jafnskjótt og það hafði birst.

„Nei, auðvitað ekki hann,“ flýtti hún sér að segja. „Ég er alltaf að hugsa til hans – hvernig ætli honum líði eiginlega?“

„Ömurlega. Ég þoli þetta ekki lengur.“

„Hvað?“ Bríeti var illa við að spyrja – betra hefði verið að geta gisk-

að á hvað hann var að fara en hún var ekki viss um að hitta á rétt og þá var betra heima setið.

Dóri gerði sig líklegan til að rísa á fætur. „Ég gef þessum lögfræðingi nokkra daga í viðbót – svo fer ég til lögreglunnar. Mér er skítsama hvað gerist.“

Fjórinn. Bríet reyndi í ofboði að upphugsu eitthvað til að koma vitinu fyrir Dóra – hún hefði meira að segja glöð leyft Mörtu Mist að taka við honum, hefði hún verið þarna með þeim. „Dóri, þú drapst ekki Harald, er það? Þú varst á Kaffibrennslunni, er það ekki?“

Hann stóð upp og leit á hana, langt frá því að vera blíður á svip. „Jú, ég var á Kaffibrennslunni. Hvar varst þú?“ Hann gekk af stað.

Það kom á Bríeti. Hún flýtti sér að standa upp og flýtti sér að segja: „Ég meinti þetta ekkert þannig, fyrirgefðu. Ég meinti bara – af hverju að vera að fara til lögreglunnar?“

Dóri snarsnerist. „Veistu – ég er eiginlega hættur að skilja af hverju þið Marta Mist eruð svona ofboðslega á móti því. Það kemur alltaf að skuldadögum. Gleymdu því ekki.“ Hann strunsaði burt.

Bríet vissi ekki hvað hún ætti að taka til bragðs. Eftir smáumhugsun tók hún upp farsímamann og hringdi.

Laura Amamig tók stefnuna á anddyrið í Árnagarði þar sem Gloria baksaði við að ryksuga gólfmottuna. Laura hafði ekki náð henni á ein-tal allan morguninn og greip því tækifærið fegins hendi. „Gloria,“ sagði hún á móðurmáli þeirra beggja. „Ég þarf að spyrja þig að svolitlu.“

Gloria leit upp hissa. „Hvað? Ég er að gera þetta eins og þú kenndir mér.“

Laura bandaði frá sér með hendinni. „Ég er ekkert að fara að tala um þrif. Mig langar að vita hvort þú hafir orðið vör við eitthvað óvenjulegt í herbergi nemendanna helgina sem morðið var framið. Þú þreifst það þá. Áður en líkið fannst.“

Dökk augun í Gloríu þöndust upp. „Ég sagði ykkur það – og lögreglunni. Það var ekkert.“

Laura horfði á hana alvarleg á svip. Hún var að ljúga. „Gloria. Segðu mér satt. Þú veist að það er synd að ljúga. Guð veit hvað þú sást þarna. Ætlar þú líka að ljúga að honum þegar kemur að því að horfast í augu við hann?“ Laura greip í öxl stúlkunnar og þvingaði hana til að horfast í augu við sig. „Það er allt í lagi. Þú gast ekki vitað að það hafði verið framið morð. Það fór enginn inn í prentarakompuna þessa helgi. Hvað sástu?“

Það lak tár niður vangann á Gloriu. Laura lét sér fátt um finnast enda ekki fyrsta tárið sem stúlkan felldi í vinnunni. „Gloria. Taktu þig saman í andlitinu. Segðu mér – ég fann blóðleifar á gluggahandfanginu. Hvað var þarna inni?“

Tárin urðu tvö, síðan þrjú og streymdu svo í stríðum straumum. Gloria sagði allt í einu á milli ekkasoganna: „Ég vissi ekki – ég vissi ekki.“

„Ég veit það, Gloria. Það vita það allir. Hvernig áttir þú að vita þetta?“ Hún strauk tárin af vanga stúlkunnar. „Hvað var þarna inni eiginlega?“

„Blóð,“ sagði stúlkan og leit skelfd á Lauru. „Það var samt ekki blóðpollur eða þannig. Bara blóð sem einhver hafði reynt að þrífa en ekki gert það almennilega. Ég áttaði mig ekki á því fyrr en það var komið í tuskuna og af gólfinu. Ég spáði ekkert í það þá – ég vissi ekki með ... þú veist.“

Laura andaði léttar. Leifar af blóði – ekkert annað. Þá var þetta nú svo sem í lagi fyrir Gloriu; hún myndi varla lenda í vandræðum fyrir að hafa leynt þessu. Laura sjálf hafði geymt tuskuna með blóðinu úr glugganum og nú gæti hún afhent Tryggva hana og hann svo lögreglunni. Þeir kunnu einhverjar aðferðir til þess að finna úr hverjum blóðið væri. Það var enginn efi í huga Lauru um það að morðið hafði verið framið þarna inni. „Gloria mín – hafðu ekki áhyggjur af þessu. Þetta er bara smáræði og skiptir engu máli. Þú þarft bara að gefa nýja skýrslu – segir bara sannleikann, að þú hafir ekki áttað þig á mikilvægi upplýsinganna.“ Hún brosti en sá sér til undrunar að stúlkan grét enn.

„Það er meira,“ sagði hún milli ekkasoganna.

„Meira?“ spurði Laura hissa. „Meira hvað, hvernig þá?“

„Ég fann meira þarna um morguninn. Í skúffunni með hnífapörum. Ég skal sýna þér,“ sagði Gloria og grét. „Ég geymdi það. Komdu.“

Laura elti Gloriu inn í eina skúringakompuna á fyrstu hæðinni. Þar steig hún tárbot upp á litla tröppu og teygði sig upp í efstu hillu. Hún kom niður með lítinn hlut vafinn inn í handþurrku og rétti Lauru, loksins búin að stilla grátinn. „Ég geymdi þetta af því að ég vissi að þetta var eitthvað skrítið. Og þegar líkið fannst þá uppgötvaði ég hvað þetta var og varð svo hrædd. Fingraförin mín eru á þessu og ég var viss um að lögreglan héldi að ég hefði drepið hann. Ég drap hann ekki.“

Laura fletti handþurrkunni varlega í sundur. Hún hrópaði upp yfir sig og signdi sig. Við það missti Gloria aftur tökin á grátinum.

Guðrún, eða Gurra eins og vinir hennar kölluðu hana, tók á honum stóra sínum og bældi niður löngunina til þess að naga á sér neglurnar. Það var svo langt um liðið síðan hún hætti því að hún gat ekki einu sinni rifjað upp hvenær það var – hvort það var til dæmis fyrir eða eftir að hún giftist Alla. Hún skoðaði á sér vel snyrtar hendurnar. Því miður var hún ekki með naglalakk; það mátti nefnilega fá útrás fyrir taugaveiklun með því að kroppa það af. Hún velti því fyrir sér að naglalakka sig til þess eins að bíða eftir að það harðnaði og plokka það síðan af en hætti við. Hún stóð þess í stað upp og gekk inn í eldhús. Það var laugardagur og hún hafði hugsað sér að hafa eitthvað gott í matinn. Alli vann alla daga nema sunnudaga og voru því laugardagskvöld einu kvöldin sem hann gat slappað eitthvað af. Hún leit á klukkuna – það var enn alltof langt í matinn til að byrja að elda. Hún andvarpaði. Allt var hreint og vel þrifið – ekki gat hún lagst í tiltekt. Eitthvað varð hún samt að finna sér til dundurs ef hún ætlaði ekki að verða vitlaus. Eitthvað sem drægi hugann frá þessum þrúgandi kvíða. Það rifjaðist upp fyrir henni hversu illa henni hafði liðið þegar lögreglan bankaði upp á með húsleitarheimild fyrir íbúðina uppi. Svo gerðist ekkert. Ótrúlegt en satt. Allar hennar áhyggjur voru óþarfar og hún gat byrjað að slappa af að nýju. Þangað til fyrir skemmstu.

Af hverju var þetta fólk að vasast í málinu upp á nýtt? Var lögreglan ekki ánægð með niðurstöðuna? Til hvers þá að vera að hræra upp í öllu? Hún stundi upphátt. Hvað hafði hún verið að hugsa? Þó að Alli væri oftast en ekki hundleiðinlegur og algerlega búinn að tapa áhuganum á hjónabandi þeirra var ekki þar með sagt að hún vildi missa hann. Hún lagði meira að segja ýmislegt á sig til þess að halda í hann. Hún var 43 ára og of gömul til að fara aftur út á markaðinn.

Hvað hún hafði verið vitlaus. Að sofa hjá leigjandanum. Íbúðin hafði þar að auki oft verið leigð meira aðlaðandi mönnum en þessum stórskrýtna Þjóðverja. Hún gat ekki hafa verið með réttu ráði – burt séð frá því að þetta gerðist oftast en einu sinni og oftast en tvisvar. Kynlíf með honum hafði verið skemmtilegt – því var ekki að neita. Því fylgdi einhver ævintýraljómi; væntanlega af því að hún vissi að hún ætti ekki að vera að gera þetta. Harald var auk þess miklu, miklu yngri en maðurinn hennar og því mun fjörugri. Ef hann hefði bara ekki verið svona hræðilega útataður í allskyns örum og hringum og pinnum.

Hugsa, hugsa – hún andaði djúpt. Hvernig gætu þau komist að þessu? Það vissi þetta enginn, að minnsta kosti hafði hún ekki sagt nokkurri lifandi sálu frá þessu. Skynsemin ein hafði aftrað henni frá því að monta sig af framhjáaldinu við bestu vinkonu sína. Harald hefði varla farið að tala um þetta. Hann þurfti ekkert að monta sig – það var endalaus straumur af ungum konum í íbúðina til hans. Hann gat montað sig af þeim ef hann fyndi hjá sér þörf til að ræða afrek sín í kynlífinu. Hún hugsaði málið aðeins betur – þessi endalaus straumur var reyndar aðallega tvær stelpur, önnur hávaxin og rauðhærð, hin lítil og ljóshærð. Hann hefði tæplega farið að segja frá þessu, lögreglan hafði í það minnsta ekki komist á snoðir um þetta. Hún hafði rétt stuttlega við þá nokkrum sinnum og aldrei kom neitt fram, hvorki í orðum þeirra né fasi sem gaf til kynna að þeir teldu samband hennar og Haralds öðruvísi en á milli leigusala og leigutaka. Enda var það orðið þannig undir lokin. Harald hafði sagt henni að hann nennti ekki meiru, hann hefði öðrum hnöppum að hneppa. Hún gretti sig við tilhugsunina. Hún hefði viljað verða fyrri til að slíta þessu – ekki hann. Raunar mátti hann nú eiga það að hann þakkaði afskaplega vel fyrir

liðnar stundir sem kom þó ekki í veg fyrir að hún missti sig. Hún roðnaði við tilhugsunina. En hallærislegt af henni og ódannað. Það hafði bara pirrað hana svo mikið að hún vissi hvað bjó að baki en hann sagði ekki. Hann var nefnilega kominn með kærustu. Gurra hafði séð þau á leið inn og út úr íbúðinni nokkrum sinnum vikuna áður en hann var myrtur. Þetta var ný stúlka sem hafði ekki áður lagt leið sína til Haralds svo Gurra vissi. Þau töluðu þýsku sín á milli svo að stúlkan var væntanlega landi hans – íslenskar konur voru kannski ekki nógu góðar fyrir hann þegar til kastanna kom. Reiði hennar fólst í tvískinnungshætti Haralds; það var í lagi að hún héldi framhjá eiginmanni sínum en hann var of góður til þess að halda framhjá skitinni kærustu.

Hvað um það, þetta var búið og gert og nú var um að gera að vera ekki að velta sér upp úr því sem ef til vill kæmi aldrei upp á yfirborðið. Hún dreif sig fram í þvottahús. Langt var um liðið síðan það var síðast tekið í gegn. Það var inn af ganginum og hægt var að komast inn í það úr íbúð hennar og anddyrinu í íbúð Haralds. Þetta var ein fárra breytinga sem þau gerðu á húsinu þegar þau ákváðu að kaupa það og leigja út efri hæðina. Hún tók úr lás og gekk inn. Jú, hér var hægt að taka til hendinni. Það voru meira að segja enn spor eftir fíkniefnahundana sem höfðu vaðið um allt í leit að eiturlyfjum. Sem betur fer fannst ekkert slíkt í þvottahúsinu – Gurru var ókunnugt um hvort hún og Alli hefðu þá legið undir grun eða farið á einhverja skrá ef efni hefðu fundist í samnýttu rými. Að minnsta kosti var óskað eftir því að þau væru viðstödd leitina. Ekki þar fyrir að þau höfðu hvorugt nokkru sinni snert eiturlyf, í það minnsta ekki hún. Hver veit hvað Alli prófaði á þessum endalausum ferðalögum sínum. Hvað sem því leið reyndi aldrei á nokkuð slíkt – löggan leyfði hundunum að þefa óáreittum þarna inni og þegar þeir virtust sáttir yfirgaf hersingin herbergið án frekari málalenginga. Einn hafði kíkt inn í þurrkarann og þvottavélina, meira eins og fyrir forvitnisakir en nokkuð annað. Að öðru leyti athöfnuðu þeir sig ekki þarna inni.

Hún opnaði skápinn og sótti skúringakúst og fötu. Þegar hún dró fótuna fram kom kassi í ljós. Hún starði á hann. Síðast þegar hún hafði skúrað þarna var enginn kassi í skápnunum. Hann var yfirleitt svo til tómur fyrir utan ræstingadót frá báðum íbúðunum. Hún dró kassann

varlega fram. Þetta hlaut að vera frá Harald. Hún reyndi að rifja upp hvenær hún hefði síðast skúrað þarna inni. Guð minn góður – hún hafði einmitt verið að því þegar Harald lét hana róa. Hann hafði gengið inn til þess að henda í vél og þegar hún gaf til kynna – svo ekki varð misskilið – að hún væri til í tuskið tilkynnti hann brosandí að nú væri mál að linnu. Kassanum hafði hann því komið þarna fyrir einhvern tímann rétt fyrir morðið. Af hverju? Hann hafði aldrei þegið að nota plássið sem hún bauð honum í geymslunni. Hillurnar fjórar sem voru teknar frá fyrir leigjendur stóðu tómar. Gat verið að hann hefði viljað fela eitthvað fyrir nýju kærustunni, hent því í kassa og troðið honum þarna inn? Miðað við útganginn á honum sjálfum og undarlegheitin í innanhússarkitektúrnum var hæpið að hann hefði nokkuð að fela. Hún fékk tak fyrir hjartað. Ekki nema hann hefði laumast til þess að taka myndir af fyrri kynlífsafrekum sínum og síður viljað að unga stúlkan kæmist yfir þær? Fátt væri meira fráhrindandi en að sjá sæng sína upp reidda á þann hátt – vita að brátt yrði maður hluti af safninu. Gurra greip með báðum höndum um höfuðið á sér. Þá gat verið að hún sjálf væri þarna á spólu eða mynd. Hún stóð grafkyrr og starði á kassann við fætur sér. Hún varð að opna hann. Það var ekki annað hægt. Opna kassann og fullvissa sig um að ekkert í honum kæmi upp um leyndarmál hennar.

Gurra beygði sig niður og þvingaði pappaflipana upp. Hún starði á innihaldið. Engar myndir – engar spólur. Þetta voru viskustykki vafin utan um einhverja muni sem væntanlega voru brothættir sem og nokkrir pappírar í plasthulstrum. Henni létti stórlega. Hún teygði sig í einn pappíranna og sá að þetta var eldgamalt bréf sem hún gerði ráð fyrir að væri verðmætt. Hún skildi hvorki almennilega letrið né textann svo að hún setti bréfið undir handarkrikann – ætlaði að skoða það betur á eftir. Hún fletti gegnum restina af pappírnum og sá sér til mikils léttis að þeir voru einnig óviðkomandi kynlífi eða einkalífi Haralds. Eitt blaðanna vakti athygli hennar. Það var verulega illa skrifað, hálfgerð hrafl með rauðu bleki og pappírinn – ef þetta var þá pappír – var þykkur, dökkur og vaxkenndur. Textinn var stórskrýttinn og búið að teikna rún eða eitthvert tákn neðst á blaðið. Það var svo undirritað með nöfnum tveggja einstaklinga, hvorugt læsilegt en hún þekkti

annað þeirra sem undirskrift Haralds af leigusamningnum. Hún lagði þetta aftur í kassann. Undarlegt.

Gurra ýtti innihaldinu til svo að hún kæmist að brothættu mununum sem vaðir voru inn í viskustykkinn neðst í honum. Hún teygði sig í einn vöndulinn og lyfti honum varlega upp. Hann var léttur – eiginlega eins og ekkert væri innan í viskustykkinu. Hún opnaði það gætilega og starði svo agndofa á innihaldið. Hún rak upp óp, kreisti gamla bréfið sem hún hélt enn á og henti frá sér viskustykkinu. Hún hljóp út úr þvottahúsinu og skellti í lás.

Gunnar tók upp símann og valdi innanhúsnúmerið hjá Maríu forstöðumanni Árnastofnunar. Það var ekki ólíklegt að hún væri ennþá inni þó að það væri laugardagur. Framundan var stór sýning og ef eitthvað var að marka umstangið í kringum fyrri sýningar af sömu stærð var allt á fullu á stofnuninni. „Sæl María, Gunnar hér.“ Hann gætti þess að röddin hljómaði hæfilega valdsmannsleg – rödd manns með allt á hreinu sem hefði enga löngun til þess að sýnast meiri en hann var.

„Já, þú.“ Stuttaralegt svarið gaf til kynna að þetta hefði ekki hrifið. „Ég var einmitt að fara að setja mig í samband við þig. Hefurðu einhverjar fréttir að færa?“

„Já og nei,“ svaraði Gunnar dræmt. „Ég er á góðri leið með að hafa uppi á skjalinu, held ég.“

„Mér líður miklu betur að þú skulir *halda* að þú sért kominn með það,“ sagði hún hæðnislega.

Gunnar gætti þess að missa sig ekki út í karp. „Ég er búinn að leita af mér allan grun hér innanhúss og hef sett mig í samband við fulltrúa ættingja Haralds sem ætla að leita heima hjá honum. Skjalið er þar – ég er fullviss um það.“

„Meinar þú ekki að þú *haldir* að þú sért fullviss?“

„Heyrðu, ég hringdi bara til þess að leyfa þér að fylgjast með – það er óþarfi að vera með skæting,“ sagði Gunnar þótt hann langaði mest til þess að skella á.

„Mikið rétt, fyrirgefðu. Það gengur mikið á hérna vegna sýningar-

innar. Ég er eitthvað svo pirruð. Láttu það ekki á þig fá," sagði María mun almennilegri í málrómnum. Hún bætti svo við í sama tón og fyrr: „Ég stend hins vegar við það sem ég sagði, Gunnar. Þú hefur bara nokkra daga í viðbót til að finna þetta. Ég get ekki staðið í yfirhyllingum vegna stúdenta ykkar.“

Í huganum velti Gunnar fyrir sér hversu margir dagar „nokkrir“ væru. Varla meiri en fimm, örugglega nær þremur. Hann vildi ekki þrýsta á hana með að gefa nákvæmara svar af hræðslu við að hún stytta frestinn. „Ég geri mér grein fyrir því – ég læt þig vita um leið og ég frétti eitthvað.“

Þau kvöddust þurr á manninn. Gunnar faldi höfuðið í höndum sér og hallaði sér fram á olnbogana. Bréfið varð að koma í leitirnar. Ef ekki – þá yrði hann væntanlega að segja starfi sínu lausu. Það gekk ekki upp að skorarformaður væri bendlaður við stuld á gögnum frá erlendri stofnun. Hatrið vall upp í honum. Þessi andskotans Harald Guntlieb. Áður en hann kom til sögunnar hafði Gunnar meira að segja gælt við að bjóða sig fram til rektors þegar fram liðu stundir. Nú dreymdi hann bara um að lífið færi aftur í hefðbundnar skorður. Það var allt og sumt. Það var bankað á dyrnar.

Gunnar reisti sig við og kallaði: „Kom inn.“

„Sæll, má ég aðeins trufla þig.“ Þetta var Tryggvi húsvörður. Hann steig inn fyrir og lokaði á eftir sér. Hæglátur gekk hann að skrifborði Gunnars og afþakkaði sætið sem honum var boðið. Hann rétti fram höndina og sneri opnum lófanum upp. „Ein af ræstingakonunum fann þetta í herbergi nemandafélagsins.“

Gunnar teygði sig í litla stálstjörnu. Hann grandskoðaði hana og leit svo hissa á Tryggva. „Hvað er þetta? Það eru varla nein verðmæti í þessu.“

Húsvörðurinn ræksti sig. „Ég held að þetta sé stjarna af skóm þessa Haralds. Hún fann hana um daginn en var fyrst að segja mér frá þessu núna.“ Gunnar horfði skilningsvana á hann. „Og hvað? Ég skil ekki allveg.“

„Það var meira. Ef ég skil hana rétt fann hún líka gamalt blóð á einum glugganum.“ Tryggvi horfði í augu Gunnars og virtist bíða eftir viðbrögðum hans.

„Blóð? Var hann ekki kyrktur?“ spurði Gunnar hissa. „Er þetta ekki bara eitthvert eldra blóð?“

Tryggvi yppti öxlum. „Ég veit það ekki. Ég vildi bara láta þig fá þetta – þú ræður hvað þú gerir við það.“ Hann ætlaði að fara að snúa við en hætti við það. „Hann var auðvitað meira en kyrktur.“

Gunnar fann magann í sér taka kipp af tilhugsuninni um hrikalega meðferðina á líkinu. „Já, mikið rétt.“ Hann starði ráðþrota á stjórnuna. Hann leit svo upp þegar Tryggvi tók aftur til máls.

„Ég er viss um að hún er af skónum sem hann var í þegar hann var myrtur. En ég hef auðvitað ekki hugmynd um hvort stjarnan var dottin af áður.“

„Ja hérna,“ tautaði Gunnar. Hann beit á jaxlinn, leit ákveðinn á Tryggva, stóð upp og sagði: „Takk fyrir þetta, kannski skiptir þetta engu en þú gerðir rétt í því að láta mig vita.“

Húsvörðurinn kinkaði rólega kolla. „Það er raunar fleira,“ sagði hann og veiddi samanbrotna handþurrku upp úr vasanum. „Sú sem þreif herbergi nemendanna helgina sem morðið var framið fann leifar af blóði á gólfinu og einhver hafði reynt að þrifa það upp. Svo fann hún þetta líka.“ Hann rétti Gunnari handþurrkuna. „Ég held að það sé rétt að ræða við lögregluna. Hann þakkaði fyrir sig og gekk út. Gunnar settist að nýju, góndi á stjórnuna og velti fyrir sér hvað hann ætti til bragðs að taka. Skipti þetta máli? Myndi símtal til lögreglunnar hræra upp í öllu og koma málinu aftur af stað? Það mátti ekki gerast. Það einfaldlega mátti ekki gerast nú þegar allt var að falla í ljúfa löð. Fyrir utan bréffjandann, auðvitað. Gunnar dæsti og lagði stjórnuna frá sér. Þetta hlaut að mega bíða þangað til á mánudag. Hann opnaði handþurrkuna. Það tók hann smástund að átta sig á því hvað þessi ómerkilegi hlutur hafði með málið að gera. Þegar það rann upp fyrir honum náði hann rétt að grípa fyrir munn sér áður en hann hrópaði upp fyrir sig. Hann tók upp símann og valdi 112. Þetta gat ekki beðið mánudags.

26. kafli

Ferðin að Rangá gekk eins og í sögu. Veðrið hafði haldist gott og þótt snjór væri enn yfir öllu var stilla og heiðskírt. Þóra sat hin ánægðasta í framsætinu á nýja bílaleigujeppanum og fylgdist með því sem fyrir augu bar. Hún brýndi mikilvægi þess fyrir Matthew að keyra hægt niður Kambana með endalausum sögum af umferðaróhöppum með þeim afleiðingum að þau óku þennan spotta á hraða snigilsins. Þóra missti fljótlega töluna á bílunum sem fóru fram úr þeim. Hún notaði tímann til að fletta í gegnum aðra af tveimur möppum sem höfðu borist frá lögreglunni og innihéldu að sögn öll málgögnin. Hún staldraði við lýsingu á bolnum sem fannst í skápnum hjá Huga. „Heyrðu!“ hrópaði hún upp yfir sig.

Matthew brá og bíllinn skrikaði aðeins til á veginum. „Hvað?“

„Bolurinn,“ sagði Þóra æst og bankaði fast með fingrinum á opna síðuna. „Þessi bolur er sá sami og ég sá á myndunum af tunguskurðinum. 100% Silicon. Það stendur framan á honum.“

„Og?“ spurði Matthew skilningsvana.

„Á myndunum sást í bol sem á stóð 100 og svo ilic eða eitthvað. Hér stendur að bolurinn sem fannst í skápnum hjá Huga hafi verið merktur 100% Silicon. Blóðið er örugglega úr aðgerðinni.“ Þóra skellti möppunni aftur ánægð með sig.

„Hann hlyti að muna eftir því,“ sagði Matthew. „Það er nú ekki eins og maður fái daglega blóðslettur úr öðrum í fötin sín.“

„Kannski ekki ég og þú,“ sagði Þóra. „Manstu líka að Hugi sagðist ekki hafa fengið að sjá bolinn? Kannski mundi hann ekkert eftir þessu.“

„Kannski,“ sagði Matthew. Þau óku áfram í þögn einhverja stund en þegar þau fóru yfir brúna á Ytri Rangá við Hellu sagði hann upp úr eins manns hljóði: „Þær koma á morgun.“

„Þær? Hverjar?“

„Amelia Guntlieb og dóttir hennar Elisa,“ sagði Matthew og leit ekki af veginum.

„Ha? Eru þær að koma?“ spurði Þóra gáttuð. „Af hverju?“

„Þú hafðir rétt fyrir þér. Systir hans var hjá honum rétt fyrir morðið. Hún ætlar að ræða við okkur – mér skildist á móður hennar að hann hefði sagt henni frá því sem hann var að vinna að. Að vísu ekki í smáatriðum.“

„Ja hérna,“ sagði Þóra. „Ég skil þetta með systurina – en hvað með mömmuna? Er hún komin til að standa yfir okkur á meðan við ræðum við systurina?“

„Nei. Hún er komin til að ræða við þig. Einslega. Móðir við móður – orðrétt eftir henni haft. Þú vissir að hún ætlaði sér að ræða við þig. Héristu að það yrði í síma?“

„Já, reyndar. Móðir við móður? Eigum við að fara að bera saman bækur okkar um uppeldismál?“ Þóru langaði síður en svo til að hitta þessa konu.

Matthew yppti öxlum. „Ég veit það ekki; ég er ekki móðir.“

„Kræst,“ sagði Þóra og lét sig falla aftur í sætið. Hún hugsaði sig aðeins um áður en hún tók varlega aftur til máls. „Systirin – getur verið að hún sé eitthvað flækt í málið?“

„Nei. Útilokað.“

„Ef ég má spyrja: Af hverju er það útilokað?“

„Af því að það er útilokað. Elisa er ekki þannig. Að auki segist hún hafa farið heim á föstudeginum; átti flug frá Keflavík til Frankfurt.“

„Og það dugir þér? Að hún segi það?“ spurði Þóra, hissa á því hvað hann var einfaldur.

Matthew leit snögg á Þóru og svo aftur á veginn. „Ekki alveg. Ég lét kanna þetta og trúðu mér, hún fór með vélinni.“

Þóra vissi ekki hvað segja skyldi. Hún mat það á endanum svo að það væri best að bíða með frekari athugasemdir þangað til hún hefði fengið tækifæri til að hitta stúlkuna og ræða við hana. Kannski var þetta rétt hjá Matthew. Það gat svo sem verið að hún kæmi ekki til greina sem morðingi. Hún kom auga á skilti sem á stóð Hótel Rangá. „Þarna,“ Þóra benti Matthew á hægri beygju við skiltið sem lá niður að hótelinu. Þau óku slóðann í átt að ánni og upp að stóru bjálkahúsi.

„Veistu, ég held að ég hafi ekki gist á hóteli í tvö ár,“ sagði hún á meðan hún lagði af stað með flugfreyjutöskuna inn á hótelið. „Ekki síðan ég skildi.“

„Þú ert náttúrlega að grínast,“ sagði Matthew og tók sína eigin tösku.

„Nei, ég get svarið það,“ sagði Þóra og það var ekki laust við að hún hlakkaði til þess að rifja þá lífsreynslu upp. „Við gerðum úrslitatilraun til að bjarga hjónabandinu með því að fara í helgarferð til Parísar fyrir tveimur árum og síðan hef ég ekki farið til útlanda eða haft ástæðu til að gista á hóteli. Skrýtið.“

„Parísarferðin hefur sem sé ekki gert neitt kraftaverk?“ spurði Matthew og opnaði fyrir henni dyrnar.

Það hnussaði í Þóru. „Ekki alveg. Við vorum þarna í lokatilraun til þess að bjarga sambandi okkar og í stað þess að sitja yfir vínglasi og ræða málin – finna fleti sem mætti sparsla í – var hann í sífellu að biðja mig um að taka myndir af sér uppi við hin og þessi minnismerki. Þetta var eiginlega dauðadómurinn.“

Í dyrunum, eða því sem næst, mætti þeim risastór ísbjörn – standandi á afturfótunum með glyrnurnar glenntar og tilbúinn til árasar. Matthew gekk að honum og stillti sér upp. „Taktu mynd. Gerðu það.“

Þóra gretti sig og gekk að innritunarborðinu. Þar fyrir aftan tölvuskjá sat miðaldra kona í dökkum einkennisjakka og hvítri skyrtu. Hún brosti til Þóru sem tilkynnti henni að þau ættu bókuð tvö herbergi og gaf upp nöfnin. Konan stimplaði eitthvað inn í tölvuna, fann til tvo lykla og útskýrði fyrir þeim hvar herbergin væri að finna. Þóra teygði sig í töskuna sína og ætlaði að ganga af stað þegar hún ákvað að kanna hvort konan myndi eftir Harald sem gesti. Kannski hefði hann spurt til vegar eða fengið upplýsingar sem gætu leitt þau Matthew á rétta braut. „Vinur okkar gisti hérna fyrir í haust, Harald Guntlieb að nafni. Ekki vill svo vel til að þú munir eftir honum?“

Konan leit á Þóru með svip þess sem fær alls konar fyrirspurnir án þess að nokkur þeirra sé of kjánaleg til að vera borin upp. „Nei, ekki man ég nú eftir þessu nafni,“ svaraði hún kurteislega.

„Gætir þú nokkuð flett honum upp, hann var Þjóðverji, með alls konar pinna í andlitinu.“ Þóra reyndi að brosa – láta eins og það væri daglegt brauð.

„Ég get reynt. Hvernig stafarðu nafnið?“ sagði konan og sneri sér aftur að tölvuskjánum.

Þóra taldi upp stafina einn af öðrum og beið svo á meðan konan kallaði fram upplýsingar um hótélbókun Haralds. Þaðan sem hún stóð við borðið sá Þóra hverja valmyndina á fætur annarri birtast á skjánum. „Hérna er þetta,“ sagði konan loksins. „Harald Guntlieb, tvö herbergi í tvær nætur. Hinn gesturinn var Harry Potter. Passar það?“ Konan lét ekki á neinu bera ef henni þótti síðara nafnið undarlegt.

Þóra játti því. „Manstu nokkuð eftir þeim?“ spurði hún vongóð.

Konan rýndi í skjáinn og hristi höfuðið. „Nei, því miður. Ég var ekki einu sinni að vinna á þessum tíma.“ Hún leit á Þóru. „Ég var í sumarfríi í útlöndum. Þegar maður vinnur í þessum bransa er erfitt að fara í burtu á sumrin,“ sagði hún afsakandi eins og Þóra ætlaði að fara að setja ofan í við hana fyrir að vera að slæpast í vinnunni. Hún leit aftur á skjáinn. „Barþjónninn man kannski eftir honum. Ólafur, kallaður Óli, var áreiðanlega á staðnum. Hann verður að vinna í kvöld.“

Þóra þakkaði konunni fyrir og þau gengu af stað í átt að herbergjunum. Þegar þau voru í þann mund að hverfa fyrir hornið á ganginum kallaði konan á eftir þeim. „Ég sé líka að hann fékk lánað vasaljós í afgreiðslunni.“

Þóra sneri sér við. „Vasaljós?“ spurði hún. „Stendur nokkuð hvers vegna?“

„Nei,“ svaraði konan. „Þetta hefur bara verið fært inn til að tryggja að hann skilaði því þegar hann skráði sig út. Sem hann og gerði.“

„Sérðu hvort þetta var um miðja nótt?“ spurði Þóra. Kannski hafði Harald misst eitthvað á planinu fyrir utan og viljað leita að því.

„Nei, dagvaktin lánaði honum ljósið,“ svaraði konan. „En bara fyrir forvitnisakir – er þetta ekki nafn erlenda nemans sem var myrtur í Háskólanum?“

Þóra játti því og þakkaði konunni aftur fyrir hjálpina. Þau Matthew héldu svo áfram að herbergjunum sem reyndust vera hlið við hlið.

„Eigum við ekki að taka okkur hálf tíma hvíld?“ spurði Þóra þegar hún sá inn í velbúið herbergið. Stórt rúmið var tælandi og kallaði fram löngun hjá henni til að skella sér flatrí í smástund – sængurnar voru miklar og þykkar og línið að því er virtist straujað. Það var ekki

á hverjum degi sem Þóra sá slíkt. Hennar eigið rúm tók yfirleitt á móti henni á kvöldin allt í óreiðu vegna spansins við koma sér af stað þá um morguninn.

„Jú, ekkert liggur á,“ svaraði Matthew – greinilega sömu skoðunar. „Bankaðu bara þegar þú ert til. Mundu svo að þú ert ávallt velkomin yfir til mín.“ Hann blikkaði hana og lokaði svo á eftir sér áður en Þóra náði að svara fyrir sig..

Eftir að hafa komið töskunni sinni og yfirhöfn fyrir, og kíkt inn á baðherbergið og inn í mini-barinn, lét Þóra sig detta aftur á bak á rúmið. Þar lá hún með hendur í krossfestingarstillingu og naut augnabliksins. Sem entist þó ekki lengi – hringitónar bárust frá handtöskunni hennar. Með stunu reisti hún sig við og sótti símann. „Halló.“

„Hæ mamma!“ sagði kát rödd Sóleyjar dóttur hennar.

„Hæ skvís,“ sagði Þóra sem brosti við að heyra rödd hennar. „Hvað ertu að gera?“

„Ó,“ sagði hún með aðeins minni gleði. „Við erum að fara upp í hesthús.“ Svo var hvíslað svo lágt að Þóra átti erfitt með að greina orðaskil, ekki hvað síst vegna þess að dóttir hennar hafði greinilega lagt munninn alveg upp að símanum til að síður heyrðist til hennar. Fyrir vikið var tal hennar loðið og blásturshljóðin áberandi. „Mig langar ekki baun. Þessir hestar eru vondir.“

„Hey!“ sagði Þóra og reyndi að stappa stálinu í dóttur sína. „Þeir eru ekkert vondir, hestar eru meira að segja ótrúlega góðir. Þetta verður gaman hjá ykkur – er ekki gott veður?“

„Gylfi vill heldur ekkert fara,“ hvíslaði Sóley. „Hann segir að hestar séu gamaldags.“

„Segðu mér nú eitthvað skemmtilegt, hvað gerðuð þið í dag?“ spurði Þóra og vissi sem var að hún var ekki rétta manneskjan til að halda uppi vörnum fyrir hesta.

Það glaðnaði yfir dóttur hennar. „Við fengum ís og ég mátti horfa á teiknimyndir. Það var ótrúlega gaman. Heyrðu, Gylfi vill tala við þig.“

Áður en Þóra náði að kveðja dóttur sína var sonur hennar kominn í símann. „Hæ,“ sagði hann daufur í dálkinn.

„Hæ, elskan,“ svaraði Þóra. „Hvernig er?“

„Hörmulegt.“ Gylfi reyndi ekki að hvísla – ef eitthvað var fannst Þóru hann hafa hækkað róminn.

„Ó, eru það hestarnir?“ spurði hún.

„Já og nei. Það er bara allt.“ Eftir smá þögn bætti hann við. „Ég þarf að tala svoltið við þig þegar ég kem heim á morgun.“

„Endilega, elskan,“ svaraði Þóra og vissi ekki hvort hún ætti að kætast yfir því að hann ætlaði loks að opna sig eða kvíða því sem hann ætlaði að segja henni. „Ég hlakka til að hitta ykkur annað kvöld.“ Þau kvöddust og Þóra gerði aðra tilraun til þess að leggja sig – án árangurs. Á endanum stóð hún upp og skelli sér í heita sturtu.

Meðan hún var að þurrka sér með drifhvítum og þykkum handklæðunum rak Þóra augun í handbók um það sem helst var að sjá í nágreininu. Hún fletti henni lauslega í leit að stöðum sem gætu hafa heillað Harald. Það var greinilega um margt að velja en fæst af því virtist geta tengst málinu. Nokkrir staðir vöktu þó áhuga Þóru. Heil opna fjallaði til að mynda um Skálholt, en sá staður hafði augljósa tengingu við Harald vegna áhuga hans á biskupunum Jóni Arasyni á Hólum og Brynjólfi Sveinssyni. Tveir aðrir staðir þóttu Þóru koma til greina, Hekla og svo einhverjir hellar frá tímum Papa – Ægissíðu-hellar í útjadhri Hellu. Hún var raunar hissa að lesa um þá þar sem hún var nokkuð viss um að hún hefði aldrei heyrt á þá minnst fyrr. Hún velti því fyrir sér hvort Hella væri ef til vill nefnd eftir umræddum hellum. Hún braut upp á hornin á blaðsíðunum sem fjölluðu um þessa þrjá staði. Síðan dreif hún sig í föt og gætti þess að velja hlýlegan klæðnað – og mikið af honum – þó svo að hann væri ekki beinlínis huggulegur. Ef þau voru að fara að klöngrast um í hellum þá veitti örugglega ekki af að vera vel búin. Í huganum sá hún Matthew fyrir sér á dansskónum, þrílandi í urðinni. Af kvikindisskap einum saman ákvað hún að segja honum ekki frá hellunum þar til þau væru komin aðeins af stað frá hótelinu. Hún setti svo hárið í teygju, henti sér í úlpuna og fór fram. Hún hafði varla náð að fjarlægja hnúann frá hurðinni eftir að hafa drepið nett á dyr hjá Matthew þegar hann opnaði. Þóra leit á útganginn á honum og brosti út í annað. „Flott jakkaföt,“ sagði hún glaðhlakkalega. „Og fínir skór.“ Umræddir skór höfðu án efa kostað skildinginn ef eitthvað var að marka vel þússað leðrið og

Þóra bældi niður samviskubit yfir því að aðvara hann ekki. Hann átti örugglega fullt af skóm.

„Þetta eru ekki jakkaföt,“ sagði Matthew hálfvúll. „Þetta er stakur jakki og buxur. Það er munur þar á. Ekki þar fyrir að mér sýnist þú harla ólíkleg til að átta þig á honum.“

„Ó, afsakið, herra Kate Moss,“ sagði Þóra og var nú alveg sátt við eigin samvisku og yfirvofandi misþyrmingu á skónum.

Matthew lét þetta óátalið og lokaði á eftir sér, sveiflandi bíllyklunum. „Jæja, hvert skal halda?“

Þóra leit á klukkuna á símanum sínum sem hún hafði sett í úlpuvasann. „Ætli það sé ekki best að byrja á Skálholti. Klukkan er að verða fjögur og svo skulum við bara sjá til.“

„Fínt, frú fararstjóri,“ sagði Matthew og horfði íhugull á útganginn á henni. „Þú veist að það er ágætis veitingastaður hérna á hótelinu, er það ekki? Við þurfum ekki að veiða okkur til matar!“

„Ha, ha,“ sagði Þóra. „Ég vil frekar að mér sé hlýtt þótt ég sé hallærisleg en hafa áhyggjur af því hvort ég sé kúl. Annars finnst mér ég alveg sæmilega kúl í þessum kulda.“

Þegar þau komu í Skálholt var tekið að rökkva. Þau flýttu sér inn í kirkjuna sem stóð opin og hófu leit að einhverjum til að ræða við. Þau fundu fljótlega ungan mann sem tók hlýlega á móti þeim og spurði hvort hann gæti eitthvað hjálpað þeim. Þau útskýrðu að þau væru að vonast til þess að hitta einhvern sem mögulega hefði tekið á móti vini þeirra fyrir nokkru síðan og lýstu svo í kjölfarið útliti Haralds.

„Heyrðu,“ sagði ungi maðurinn þegar Þóra var hálfnuð að lýsa pinnaröðinni í hægri augabrún Haralds. „Eruð þið ekki að tala um stúdentinn sem var síðan myrtur? Ég hitti hann!“

„Ekki vill svo vel til að þú munir hvaða erindi hann átti hingað?“ spurði Þóra og brosti breitt.

„Látum okkur nú sjá – ef ég man rétt þá vildi hann mest ræða um Jón Arason og aftöku hans. Jú, og svo Brynjólf Sveinsson.“ Hann leit á þau og flýtti sér að bæta við: „Það er ekkert óvenjulegt við það – hingað koma margir sem þekkja akkúrat þessar sögur og vilja vita meira. Þær hafa auðvitað ákveðið aðdráttarafl þótt þær séu óhugnanlegar og sorglegar. Það vekur sérstakan áhuga fólks að það hafi þurft

sjö högg til að hálshöggva Jón Arason, höfuðið hafi eiginlega verið marið af.“

„Var hann bara að velta þessum biskupum fyrir sér almennt?“ spurði Þóra. „Eða hafði hann áhuga á einhverju sérstöku sem tengdist þeim?“

Ungi maðurinn beindi orðum sínum til Matthews. „Ég veit ekki hversu kunnug þið eruð sögu Jóns Arasonar.“

Matthew skildi að hér væri átt við hann sérstaklega og varð fyrir svörum: „Ég veit svona álíka mikið um hann og ég veit um móður hans. Sem sé ekkert.“

„Nú, já.“ Það var ekki laust við að hneykslunar gætti hjá unga mannum. „Til að gera langa sögu stutta var Jón Arason síðasti kaþólski biskupinn á Íslandi, sat á Hólum í Hjaltadal frá 1524 og um tíma var Skálholt líka undir hans umsjá. Hann var hálshöggvinn hér í Skálholti árið 1550 í kjölfar ákvörðunar Danakonungs, Kristjáns III, frá árinu 1537 um að rómversk kaþólska skyldi afnumin hérlandis sem og í öðrum löndum hans. Jón Arason reyndi sitt til að standa í vegi fyrir þessu og átti í útistöðum við fylgismenn hins nýja siðar en allt kom fyrir ekki og hann endaði á höggstokknum. Aftakan er raunar sérkapítuli út af fyrir sig þar sem hann hafði hálfum mánuði fyrr verið lýstur friðhelgur fram að næsta alþingi svo að alþingisdómur mætti falla í máli hans og tveggja sona hans. Þeir voru einnig teknir af lífi.“

Matthew hnyklaði brýnnar. „Synir hans? Var hann ekki kaþólskur biskup? Hvernig gat hann átt syni?“

Ungi maðurinn brosti. „Ísland var á nokkurs konar undanþágu – ég þekki ekki til þess hvernig stóð á því – en engu að síður máttu klerkar, djáknar og biskupar eiga sér fylgikonu eða lagskonu. Þeir máttu meira að segja festa sér eina slíka með kaupmála sem nokkurn veginn jafngilti hjónabandi. Ef þeir eignuðust börn greiddu þeir sekt og allir gátu verið glaðir.“

„En heppilegt,“ sagði Matthew með undrunarsvip.

„Mjög,“ var glaðlegt svarið. „Harald, vinur ykkar, virtist þekkja þessa sögu vel; hafði greinilega kynnt sér hana ágætlega. Það sem ég er nú að tína í ykkur er auðvitað alger hraðsuða og engan veginn tæmandi. En það leiðir mig loks að því sem þú spurðir um.“ Hann leit á

Þóru sem var löngu búin að gleyma spurningunni en reyndi að láta ekki á því bera. „Þessi vinur ykkar hafði aðallega áhuga á einu þegar hann ræddi við mig, prentsmiðjunni sem Jón Arason flutti fyrstur manna til Íslands árið 1534 og starfrækt var á Hólum og eins því hvað hann hefði látið prenta.“

„Og?“ spurði Þóra. „Hver voru svörin?“

„Þegar stórt er spurt,“ svaraði ungi maðurinn. „Það er lítið sem ekkert vitað um hvað prentað var í henni fyrst til að byrja með. Sumar heimildir segja að þar hafi verið prentuð tíðabók fyrir presta – nokkurs konar handbók með messudagatali, sálmum og þess háttar, og eins voru guðspjöllin fjögur úr Nýja testamentinu prentuð á einhverju stigi máls. Annað er eftir því sem ég kemst næst ekki vitað um prentun í tíð Jóns. Ég man að vinur ykkar spurði reyndar frekar undarlegra spurninga – til að mynda hvort Jón Arason hefði ekki verið líklegur til að vilja gefa út mjög svo vinsæla bók á þessum tíma. Ég hélt að hann ætti við Biblíuna en hann bara hló að mér. Ég skildi nú ekki alveg húmorinn hjá honum.“

„Nei, því trúi ég,“ svaraði Matthew og leit á Þóru. „Malleus?“ Hún hafði hugsað nákvæmlega það sama. Malleus Maleficarum hafði verið prentuð mest allra bóka utan Biblíunnar á þessum tíma. Kannski var Harald að fiska eftir því hvort hún hefði verið prentuð hérlendis. Slíkt eintak væri auðvitað mjög verðmætt svo að ekki væri talað um söfnunargildið fyrir ástríðufullan safnara eins og hann.

„En hvað vildi hann vita um Brynjólf Sveinsson?“ spurði Þóra.

„Það var nú svolítið merkilegt,“ svaraði ungi maðurinn. „Í fyrstu var hann bara áhugasamur um að sjá leiði hans – sem er ekki hægt af því það hefur ekki enn fundist.“

Þóra greip fram í fyrir honum. „Ekki fundist? Var hann ekki grafinn hér?“

„Jú, reyndar en hann óskaði eftir því að vera grafinn utan kirkjunnar, við hlið konu sinnar og barna. Það er til lýsing á því hvar leiðið var en ekki hefur það enn verið grafið upp. Hann vildi hvíla í ómerktri gröf.“

„Var það ekkert skrýtið?“ spurði Þóra.

„Jú, mjög svo. Gröfin var raunar merkt síðar, með viðarvirki sem

stóð í um þrjátíu ár. Svo grotnaði það niður og var ekkert haldið við – þó svo að það hefðu verið gefin fyrirmæli um slíkt. Það veit í raun enginn hvers vegna hann lét ekki grafa sig undir kirkjugólfinu eins og tíðkaðist á þessum tíma. Það er talið að hann hafi séð hversu þröngt var orðið á þingi þar þegar hann var við greftrun eins af prestum Skálholtskirkju. Hann hefur kannski viljað að sá siður legðist af.“

„Og gerði hann það?“ spurði Matthew. „Lagðist hann af?“

„Nei, nei, alls ekki. Kannski var það heldur ekki ástæðan. Hann var bugaður maður þegar hann lést. Skiljanlega – að deyja einn, þessi merki maður, allt hans fólk dáðið og enginn afkomandi eftir. Þetta eru örlög sem snerta flesta sem söguna heyra.“

„En þú sagðir að Harald hefði í fyrstu bara verið áhugasamur um að sjá leiði Brynjólfs – breyttist það svo eða hvað?“ spurði Þóra.

„Já, einmitt. Ég fór að ræða við hann um Brynjólf almennt þegar ég sá að hann var miður sín yfir leiðinu. Ég sýndi honum kjallarann og kynnti honum fornleifasýninguna sem þar er. Svo fór ég með hann út og sýndi honum fornleifauppgröftinn. Þar barst talið að handritum Brynjólfs – þið vitið að hann átti mikið safn handrita, bæði íslenskra og erlendra?“ Þóra og Matthew hristu höfuðið – þau höfðu hvorugt hugmynd um það. „Þið vitið að hann gaf Friðriki Danakonungi sumar af merkustu skinnbókum landsins?“ Þóra hristi höfuðið. „Vinur ykkar æstist allur upp þegar ég fór að segja honum frá handritunum og vildi vita hvað hefði orðið af þeim að Brynjólfi látnum. Ég gat ekki sagt honum það nákvæmlega en ég vissi þó að erlendu bækurnar gaf hann barnungum syni þáverandi fógeta á Bessastöðum, Dana að nafni Johann Klein, en íslensku bókunum skipti hann á milli Helgu frænku sinnar og Sigríðar mágkonu sinnar. Mig minnir reyndar að hluta erlendu bókanna hafi verið skotið undan; einhverjar vantaði að minnsta kosti þegar Johann Klein kom frá Bessastöðum til þess að sækja þær. Það er talið að Skálhyltingar hafi falið hluta þeirra til þess að þær hyrfu ekki til Danmerkur. Þær bækur og þau handrit hafa aldrei komið í leitirnar. Það er ekki einu sinni almennilega vitað hvaða rit það voru.“

„Hvar gætu þeir hafa falið þær?“ spurði Þóra og leit í kringum sig.

Ungi maðurinn brosti. „Ekki hér inni. Þessi bygging er frá 1956.

Gamla kirkjan sem Brynjólfur lét byggja á árunum 1650 til 1651 hrundi í jarðskjálfta árið 1784.“

„En hafið þið ekkert reynt að leita?“

„Við höfum ekki enn fundið leiði Brynjólfs og fjölskyldu hans, þó að til sé lýsing á staðsetningunni. Hann dó 1675. Því fer fjarri að við séum að leita að bókum sem kunna að hafa verið grafnar hér á þeim tíma – kannski. Það er ekki heldur vitað með vissu hvað varð um bækurarnar sem fóru til erfingja bókasafnsins en þó skilst mér að Árna Magnússyni hafi tekist að hafa upp á einhverjum þegar hann hóf handritasöfnun sína. Það má þekkja sumar bóka Brynjólfs á fanga-marki hans.“

„BS?“ spurði Þóra til að leggja eitthvað til málanna.

„Nei. LL,“ svaraði ungi maðurinn og brosti.

Þóra hváði: „LL?“

„Loricatus Lupus – latína sem þýðir brynjaður úlfur. Brynjólfur.“ Hann brosti til Þóru sem gat ekki stillt sig um að smella saman fingrum – Loricatus Lupus hafði staðið á krassblaðinu frá Harald. Þau voru augljóslega á réttri leið ef það pár tengdist eitthvað morðinu.

Samtalið varð ekki mikið lengra. Matthew og Þóra þökkuðu honum þolinmæðina og kvöddu. Áður en hann setti bílinn í gang sneri Matthew sér að Þóru og sagði: „Loricatus Lupus, já. Eigum við ekki að bíða þangað til allir eru farnir og grafa allt upp sem er skóflufært?“

„Jú, endilega,“ sagði Þóra brosandi. „Byrjum á kirkjugarðinum.“

„Þú verður þá á skóflunni – þú ert klædd í hlutverkið. Ég skal lýsa þér með bílljósunum.“

Þau yfirgáfu Skálholt. „Ég veit hvert við ættum að fara næst,“ sagði Þóra sakleysislega. „Við Hellu eru nokkrir hellar sem Papar hjuggu líklega út, kannski sjáum við eitthvað þar sem skýrir áhuga Haralds á þessum einsetumunkum. Mér segir svo hugur að Harald hafi fengið vasaljósið lánað til þess að skoða sig þar um.“

Matthew yppti öxlum. „Það er alveg þess virði að kíkja á þá – hvað með vasaljós?“

„Komum bara við á bensínstöðinni og reddum því.“

Þegar þau komu á Hellu var komið niðamyrkur. Þau byrjuðu á bensínstöðinni þar sem þau keyptu tvö vasaljós. Aðspurður benti af-

greiðslumaðurinn þeim á að þau gætu fengið upplýsingar um hellana á Hótel Mosfelli. Það var örstutt frá svo þau gengu í stað þess að keyra. Viðkunnanlegur eldri maður gekk með þeim út fyrir til þess að benda þeim á hellana sem sjá mátti móta fyrir handan þjóðvegarsins, hinum megin við ána. Hann vísaði þeim ennfremur á bestu göngu-leiðina þar sem ekki væri unnt að keyra upp að hellunum. Eftir að hafa þakkað honum kærlega fyrir gengu þau aftur að bílnum og óku sem leið lá yfir brúna og að þeim stað sem hann hafði sagt þeim að leggja bílnum. Þóru til mikillar gleði urðu þau að ganga nokkurn spöl, yfir grasflöt sem virtist tilheyra bæ sem þarna stóð. Matthew skrikaði hvað eftir annað fótur á sleipum skónum en náði alltaf að halda jafnvægi með því að sveifla höndunum í gríð og erg út með hliðunum, eins og hann væri að reyna að takast á loft. Þegar þau komu að brúninni að slakkanum sem lá að hellunum var Þóra komin í besta skap.

„Þarna,“ sagði hún og benti. Hún leit á hann með uppgerðar áhyggjusvip. „Heldurðu að þú komist þarna niður, lipurtá?“

Matthew yggldi sig framan í Þóru og reyndi að bera sig mannalega. Hann fíkraði sig niður slakkann eins og hann væri níræður öldungur meðan Þóra stökk niður eins og hvert annað unglamb. Hún tók sér stöðu fyrir neðan hann, ákveðin í að njóta augnabliksins og kallaði til hans af einskærum kvikindisskap: „Drífa sig!“ Matthew lét þetta eins og vind um eyru þjóta og loks komst hann alla leið.

„Voðalegur æsingur er þetta,“ sagði hann og kveikti á vasaljósinu. „Ertu svona spennt að fá að fara með mér út að borða á eftir eða hvað?“

Þóra kveikti á sínu ljósi og beindi geislanum í augun á Matthew. „Ekki beint. Komdu.“ Hún snerist á hæl og þau gengu inn í fyrsta hellinn. „Vá, hvernig datt þeim þetta í hug?“ sagði hún agndofa og lét ljósgeislann reika um allstórt rýmið. Ef hún hafði skilið þetta rétt voru hellarnir höggvir út af Pöpunum í sandsteininn, með frumstæðum verkfærum.

„Hvað ætli þeim hafi gengið til?“ spurði Matthew.

„Húsaskjól – fyrst og fremst,“ heyrðist ókunnug rödd segja frá hellismunnanum.

Þóra rak upp skaðræðisöskur og missti vasaljósið. Það rúllaði eftir ósléttu gólfinu í hellinum og ljósgeislinn lék eftir veggnum beint á

móti þar til hann nam staðar. „Guð hvað mér brá,“ sagði hún og beygði sig eftir ljósinu. „Við vissum ekki að hér væri nokkur maður.“

„Fyrirgefðu, ég ætlaði nú ekki að skjóta ykkur skelk í bringu,“ sagði maðurinn sem Þóru virtist vera kominn eitthvað til ára sinna. „Við erum reyndar kvitt,“ sagði hann svo. „Það er langt síðan mér hefur brugðið jafnmikið og við öskrin í þér. Það var hringt í mig frá Mosfelli og mér sagt að það væru ferðamenn á leið í hellana. Ég hélt kannski að þið hefðuð áhuga á leiðsögn. Grímur heiti ég og er landeigandinn hérna fyrir ofan. Hellarnir eru á jörðinni minni.“

„Já,“ sagði Þóra hissa. Ekki amaleg landareign það. „Við þiggjum sannarlega leiðsögn – við vitum í raun afskaplega lítið um það sem við erum að skoða.“

Maðurinn gekk inn í hellinn og hóf að útskýra fyrir þeim það sem fyrir augu bar. Það gerði hann á íslensku og Þóra þýddi það helsta fyrir Matthew. Maðurinn sýndi þeim meðal annars hvernig talið var að fletum hefði verið komið fyrir upp við veggina. Síðan skoðuðu þau stromp sem höggvinn hafði verið niður í gegnum loftið til þess að veita lofti inn eða reyk út. Hann benti þeim á altari með krossi sem Paparnir höfðu væntanlega meitlað eða skorið út í vegginn bak við það. „Ja hérna,“ sagði Þóra hrifin og undrandi. „Þetta er alveg stórmerkilegt.“

„Já, það er það,“ sagði maðurinn sposkur á svip. „Þetta land hefur aldrei verið auðbyggilegt, svo mikið er víst. Það er ýmislegt á sig lagt til að verða sér úti um skjól.“

„Mikið rétt.“ Þóra leit enn eina ferðina í kringum sig með aðstoð vasaljóssins. „Hafa hellarnir verið skoðaðir – ég meina, það gætu ekki leynst hérna einhverjir munir?“

„Munir?“ Maðurinn virtist undrandi. Hann hló við. „Elskan mín, þetta var notað sem fjós þar til um 1950. Hér leynist tæplega nokkuð. Það mætti þá hafa verið vandlega falið, get ég sagt þér.“

„Ahh,“ sagði Þóra vonsvikin. „Hefur þetta allt saman sem sagt verið rannsakað?“

„Nei, það segi ég nú ekki,“ svaraði maðurinn. „Það hefur bara einu sinni mér vitanlega verið lagt í einhverjar rannsóknir á þessum hellum mínunum.“

„Hvenær var það?“ spurði Þóra. „Nýlega?“

Maðurinn hló. „Nei, nýlega telst það nú varla. Ég man ekki hvenær það var en það eru ófá ár síðan. Það kom lítið sem ekkert út úr því eins og búast mátti við. Það fundust leifar af dýrabeinum og einhver hola sem mér skilst að hafi verið notuð til matseldar.“ Hann benti þeim á holu í jörðinni, nálægt altarinu. „Nei, það litla sem var að finna hefur þegar komið í ljós – því get ég lofað þér.“

Þóra spurði manninn að endingu hvort hann hefði nokkuð orðið var við ferðir Haralds um hellana. Hann kannaðist ekki við lýsinguna en tók ennfremur fram að það þýddi ekkert endilega að hann hefði ekki komið – hellarnir væru ekki girtir af og auðvelt fyrir fólk að ramba þangað inn án þess að þau yrðu þess vör.

„Skiptu nú um föt, Krókódíla Dundee,“ sagði Matthew þegar þau voru komin aftur á hótelið. „Ég er svo heppinn að geta hent bara af mér frakkanum og farið á barinn. Vinn sem sé upp tímann sem ég tapaði þarna í slakkanum.“

Þóra sendi honum grettu en dreif sig engu að síður inn til að hafa fataskipti. Hún fór í penar buxur og hvíta látlausa skyrtu – þvoði sér í framan og setti á sig smávaralit. Það var ekkert að því að hafa sig aðeins til þegar manni var boðið út að borða – það þýddi þó ekkert endilega að maður væri til í tuskid. Hún staldraði samt aðeins við orðið *endilega*. Það var ekki alveg nógu sannfærandi og svolítið áhyggjuefni. Hún hætti að spá í þetta og dreif sig upp á barinn. Þar stóð Matthew og var í hrókasamræðum við barþjóninn – vonandi þennan Óla. Matthew brosti til hennar, greinilega ánægður með umskiptin.

„Fín,“ sagði hann stutt og laggott. „Þetta er hann Óli. Hann var að segja mér frá Harald og Harry Potter – hann man vel eftir þeim. Þeir drukku víst ótæpilega og voru ólíkir öðrum gestum.“

„Það er vægt til orða tekið,“ sagði Óli og spurði svo Þóru hvað hún vildi fá að drekka.

„Hvítvínsglas, takk,“ svaraði hún og spurði svo hvað hann meinti með því.



„Nei, bara,“ svaraði hann. „Þeir fengu sér hvert tekíla-skotið á fætur öðru – tóku luftgítar og fleira sem sést ekki mikið hérna hjá okkur. Fyrir nú utan útganginn á þessum Harald. Aðrir gestir sátu bara opin-

mynntir og góndu á þá féлага. Þeir reyktu líka eins og berserkir – ég hafði ekki undan að moka í þá vindlum.“



Þóra leit í kringum sig á huggulegan barinn sem var staðsettur undir súð. Hún gat verið sammála – það fyrsta sem manni datt í hug var ekki beinlínis luftgítar – í mesta lagi luftfiðla ef slíkt var þá til. Hún sneri sér aftur að Óla. „Harry Potter – veistu nokkuð hvað hann hét í raun?“

Óli barþjónn brosti. „Hann hét Dóri. Þeir voru báðir orðnir alltof fullir til að muna að hann hét Harry Potter þegar leið á kvöldið. Þeir stóðu sig nokkuð vel framan af hvað það varðaði raunar.“

Meira var ekki á Óla barþjóni að græða. Þau fengu sér sæti í stórum leðursófa, skáluðu og töluðu um atburði dagsins. Þjónn kom með matseðlana og eftir að hafa pantað ákvað Matthew að fá sér annan drykk. Þóru til mikillar undrunar var hún líka búin með sinn og hún þáði annað glas. Eftir matinn fóru þau aftur á barinn og á þriðja Cointreau-glasinu var Þóra ekki fjarri því að taka einn luftgítar fyrir Matthew og Óla barþjón. Þess í stað hallaði hún sér að þeim fyrrnefnda.



11. desember 2005



27. kafli

Þóra vaknaði við þéttingsfastan æðaslátt, líkt og heilinn væri að reyna að flýja út úr höfuðkúpunni. Hún greip um enni sér og stundi. Cointreau af öllum drykkjum. Hún ætti nú að vera farin að vita að líkjör var latneska heitið yfir timburmenn. Hún andaði djúpt og velti sér yfir á hliðina. Við það rakst hönd hennar í eitthvað heitt svo að hún galopnaði augun skelfingu lostin. Það var maður í rúminu hjá henni. Hún horfði á baksvipinn á Matthew. Eða Óla barþjóni? Hún rifjaði upp gærkvöldið og andvarpaði lágt af feginleik yfir því að hún skyldi þó hafa valið skárri kostinn. Þokan í höfðinu gerði henni erfitt um vik að finna leið út úr þessu – hvernig gæti hún komist út óséd og án þess að vekja Matthew? Og það sem verra var: Hvernig færi hún að því að halda haus? Gæti hún látið sem ekkert væri? Kannski myndi hann ekkert eftir þessu? Það var málið – laumast út og hitta hann svo á eftir og taka sjensinn á því að hann hefði drukkið fjórfalt meira en hún.

Áætlunin hrundi til grunna þegar Matthew sneri sér við og brosti til hennar. „Góðan daginn,“ sagði hann skraufþurr í munnum. „Hvernig líður?“

Þóra dró sængina upp að höku. Hún var nakin undir sænginni. Ef hún ætti eina ósk væri hún alklædd undir sænginni. Hún gaf frá sér einhverja torkennilega hryglu áður en raddböndin tóku við sér. „Bara eitt. Til að hafa allt á hreinu, þú skilur.“ Matthew horfði á hana skilningsvana en leyfði henni að halda áfram. „Þetta í gærkvöldi, þetta var ekki ég heldur vínið. Þú svafst sem sé hjá Cointreau-flösku – ekki mér.“

„Nú, já,“ sagði Matthew og reisti sig upp á annan olnbogann. „Þær koma aldeilis á óvart þessar áfengisflöskur. Ég vissi ekki að þær ættu þetta til. Þú hrósaðir meira að segja skónum mínum. Vildir að ég væri í þeim.“

Þóra roðnaði. Hún reyndi að finna eitthvað til frekari varnar sið-
prýði sinni en ekkert kom upp í hugann. Smám saman rifjaðist allt
upp fyrir henni og hún varð að játa það fyrir sjálfri sér að henni hafði
ekki þótt þetta neitt sérstaklega leitt. „Ég veit ekki hvað kom yfir
mig,“ sagði hún og roðnaði.

„Voðalega ertu eitthvað stressuð,“ sagði Matthew og lagði höndina
á sængina hennar.

„Ég bara geri ekki svona – það er allt og sumt. Ég er tveggja barna
móðir og þú ert útlenskur.“

„Fyrst þú átt börn þá ætti þetta nú ekki að koma þér í opna skjöldu.“
Hann kímdi. „Þetta fer nokkuð svipað fram alls staðar, geri ég ráð fyrir.“

Roðinn í kinnum Þóru færðist í aukana. Skelfing hennar jókst um
allan helming þegar Ameliu Guntlieb skaut allt í einu upp í hugann.
„Ætlarðu að segja Guntlieb-hjónunum frá þessu?“

Matthew hallaði höfðinu aftur og skellti upp úr. Þegar hann hafði
hlegið nægju sína leit hann á hana og sagði rólega: „Að sjálfstöðu. Það
er grein í ráðningarsamningi mínum sem kveður á um að ég verði að
skila inn kynlífsskýrslu til þeirra í lok hvers mánaðar.“

Þegar hann áttaði sig á því að Þóra var ekki viss um hvort hann væri
að grínast bætti hann við: „Auðvitað ekki; hvernig dettur þér það í
hug?“

„Ég veit það ekki – ég vil bara ekki að fólk haldi að ég leggi það í
vana minn að sofa hjá samstarfsmönnum mínum. Ég hef aldrei gert
slíkt fyrr.“ Í ljósi þess að hún vann með öldungnum Braga, hinni
skelfilegu Bellu og hinum hæverska Þór þá var þessi yfirlýsing næst-
um orðin tóm.

„Ég tók þessu alls ekkert þannig,“ sagði Matthew. „Ég tók þessu
þannig að þig langaði til þess að sofa hjá mér á þessari stundu – að þú
stæðist einfaldlega ekki kynþokka minn.“ Hann horfði á hana glettinn
á svip.

Þóra ranghvolfdi í sér augunum. Hún vildi ekki svara þessu þar
sem hann hafði að vissu leyti eitthvað fyrir sér í því – það var að
minnsta kosti hún sem stofnaði til þessara nánna kynna ef minnið var
ekki að svíkja hana. „Ég er að drepast úr þynnku. Ég hugsu ekki skýrt
eins og er.“

Matthew reisti sig við. „Ég á Alka Selzer. Ég skal útbúa einn fyrir þig, þér líður strax betur.“

Áður en Þóra gat hrópað nei – henni var ljóst að hann var jafnfáklæddur og hún – var Matthew risinn upp og genginn fram á bað. Kviknakinn. Hvað var það sem gerði karlmenn svona miklu minna spéhrædda en konur? hugsaði Þóra. Þeim vangaveltum var ætlað að bæla niður aðrar hugsanir sem leituðu á hana, að hann væri nú alveg asskoti vel vaxinn og sterklegur. Þetta hafði kannski ekki verið svo ógurlega heimskulegt þegar allt kom til alls. Hún heyrði vatn renna úr krananum inni á baðherberginu og lokaði aftur augunum.

Hún opnaði þau fyrst aftur þegar hún fann að Matthew var aftur lagstur undir sængina. Hann hélt á vatnsglasi sem kraumaði og Þóra tók sér tak – reis upp og svolgraði drykkinn í sig í einum teyg. Að því loknu skellti hún sér aftur á koddann og beið þess að vanlíðanin liði hjá. Þegar hún hafði legið þannig í einhverjar mínútur var potað í öxlina á henni gegnum sængina. Hún opnaði augun.

„Heyrðu,“ Matthew sneri höfðinu á henni í átt að sér. „Hvernig líst þér á eitt?“

„Hvað?“ tókst Þóru að segja skammlaust. Gott ef henni var ekki farið að líða aðeins betur.

„Hvernig líst þér á að endurmeta afstöðu þína um að þetta hafi verið mistök.“ Hann brosti til hennar. „Ég get farið í fínu skóna ef þú vilt.“

Þóra vaknaði við óminn af rennandi vatni frá sturtunni. Hún spratt upp eins og fjöður, hentist í fötin hoppandi um gólfið. Hún fann ekki annan sokkinn en tók afganginn af spjörunum í fangið. Hún kallaði inn á baðherbergið að hún myndi hitta hann frammi í morgunmat. Hún var þeirri stund fegnust þegar hún lokaði hurðinni að herberginu sínu.

Eftir að hafa farið í langa og heita sturtu leið henni betur á líkama og sál. Áður en hún fór fram greip hún farsímamann sinn og valdi númerið hjá Laufeyju vinkonu sinni.

„Veistu ekki hvað klukkan er?“ svaraði hún syfjulega.

Þóra lét þetta eins og vind um eyru þjóta enda nálgaðist klukkan tíu.

„Guð minn góður – gettu hvað?“ sagði hún óðamála.

„Uh, miðað við hvað þú ert spennt og hvað þú hringir á ókristilegum tíma þá hlýtur eitthvað ógurlega mikið að vera í fréttum.“ Þessu fylgdi geispi.

„Ég svaf hjá manni!“ Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Laufey reis greinilega upp við fréttirnar því um leið og Þóra hafði sleppt orðinu heyrðust ógurlegir skruðningar.

„Nauh! Segðu mér – hver, hver er það?“

„Matthew, Þjóðverjinn. Ég verð að fá að segja þér restina seinna því ég er að fara að hitta hann í morgunmat. Við erum á hóteli.“

„Hóteli? Ja hérna, það má bara ekki af þér líta.“

„Ég tala við þig seinna – ég er pínulítið kvíðin. Ég þarf einhvern veginn að koma honum í skilning um að þetta hafi bara verið tilfallandi; ég vilji ekki neitt samband.“

Hrossahlátur barst frá hinum enda línunnar. „Halló? Hvar hefur þú verið undanfarið – hefurðu horft of mikið á Stubbana? Fæstir einhleypir karlmenn á þessum aldri eru í dauðaleit að flóknu sambandi. Hafðu ekki áhyggjur af þessu, vinkona.“

Þóra kvaddi, örlítið svekkt yfir fréttunum sem hefðu átt að kæta hana. Hún dreif sig fram í borðsalinn; gaf sér raunar tíma til þess að rugla sængurfötunum til þess að starfsfólk hótelsins færi ekki að halda að hún væri eitthvað lauslát. Matthew sat við tveggja manna borð við glugga í borðsalnum og sötraði kaffi. Það fór ekki framhjá Þóru hvað hann var myndarlegur en það hafði hún neitað að viðurkenna fyrir sjálfri sér fyrr. Hann hafði þennan grófleika í andlitsbyggingu sem höfðaði til hennar. Sterklega kjálka, stórar tennur, kinnbein sem mótaði vel fyrir og þunga augnumgjörð. Þetta var án efa arfur sem hún hafði hlotið frá formæðrum sínum aftan úr grárrí forneskju, að heillast af útliti sem benti til ákveðinnar hörku og þrautseigju – af hinum fullkomna veiðimanni. Þóra fékk sér sæti. „Úff hvað ég hefði gott af því að borða núna,“ sagði hún til að brjóta ísinn.

Matthew hellti kaffi úr stálkönnu í bollann hennar. „Þú gleymdir sokki hjá mér. Það reyndist ekki vera ullarsokkur – ótrúlegt en satt.“

Ekkert í fari þeirra benti til þess að þau væru nánari en í matnum kvöldið áður, fyrir utan að Matthew lagði hönd sína yfir hönd Þóru og blikkaði hana samsærislega. Hún brosti á móti en sagði ekkert. Hann fjarlægði svo höndina stuttu síðar og hélt áfram að borða. Eftir að hafa borðað nægju sína héldu þau hvort inn í sitt herbergi og pökkuðu saman.

Á meðan Þóra beið eftir Matthew frammi í móttökunni hringdi farsíminn hennar. Það var Gylfi. Áður en Þóra ýtti á takkann til þess að svara áminnti hún sjálfa sig um að hann gæti auðvitað ekki vitað hvað móðir hans hefði haft fyrir stafni þá um nóttina.

„Hæ elskan,“ sagði hún og reyndi að vera eðlileg.

„Hæ.“ Röddin í Gylfa var þung og það leið smástund áður en hann bar upp erindið. „Hérna, þetta sem ég ætlaði að segja þér – hvar ertu?“

„Ég er á Hótel Rangá. Ég var að vinna um helgina. Ekki ertu kominn heim?“

„Jú.“ Aftur smáþögn. „Hvenær kemurðu?“

Þóra leit á klukkuna. Hana vantaði nokkrar mínútur í ellefu. „Ja, ég verð komin fyrir eitt, geri ég ráð fyrir.“

„Ókei. Við sjáumst þá.“

„Af hverju ertu ekki enn hjá pabba þínum? Hvar er systir þín?“ flýtti Þóra sér að segja áður en hann lagði á.

„Hún er ennþá hjá honum. Ég fór.“

„Fórstu? Af hverju? Voruð þið að rífast?“

„Það má segja það,“ svaraði hann. „Hann byrjaði.“

„Hvernig þá?“ Þóra var gapandi af undrun. Hannes hafði yfirleitt einstakt lag á því að forðast útistöður og hafði til þessa gengið ágætlega að láta sér lynda við son sinn þótt hinum síðarnefnda þætti hann enginn skemmtikraftur.

Hann dæsti. „Hann þóttist eitthvað vilja ræða við mig og þegar ég hélt að hann skildi mig og sagði honum ákveðið atriði þá snappaði hann gjörsamlega. Ég get svarið það að hann fór í loftköstum og tók flikk-flakk afturábak. Ég nennti ekki að sitja undir þessu. Ég hélt að hann myndi skilja mig.“

Hugsanir Þóru kraumuðu og þvældust hver fyrir annarri. Hún gerði sér grein fyrir að lýsing Gylfa á viðbrögðum pabba hans var

mjög orðum aukin. Hvað hafði eiginlega gerst? Þóra dauðsá eftir að hafa manað Hannes til þess að ræða við drenginn – það hafði augljóslega ekki bætt úr skák. „Gylfi minn, hvað var það sem gerði þabba þinn svona æfan, elskan? Er það þetta sem þú ætlar að ræða við mig á eftir?“

„Já.“ Ekkert frekar útskýrt og ljóst að hún yrði að bíða eftir því að hitta hann til þess að fá úr þessu skorið.

„Heyrðu, ég kem. Ég get ekkert í fimleikum svo að okkur hlýtur að takast að ræða þetta í rólegheitunum. Ekki fara neitt.“

„Þú verður þá að vera komin fyrir klukkan eitt. Ég þarf að fara með þig að hitta fólk.“

Fólk? Fólk? Var hann genginn í sértrúarsöfnuð? Þóra fékk tak fyrir brjóstið. „Gylfi – þú ferð ekki að hitta neitt fólk fyrr en ég er komin heim. Skilið?“

„Komdu fyrir eitt,“ sagði hann þá. „Pabbi verður þarna líka.“ Hann kvaddi og lagði á.

Hjartað í Þóru barðist ótt og títt utan í rifbeinin og hún varð að taka á honum stóra sínum til að garga ekki upp yfir sig. Skjálfhent valdi hún farsímanúmer Hannesar en síminn var annaðhvort utan þjónustusvæðis eða slökkt á honum. Hún góndi á gemsann. Hannes myndi aldrei slökkva á farsímanum sínum – hann svaf með hann á náttborðinu ef ske kynni að einhver þyrfti að ná í hann um miðja nótt. Hestaferðirnar miðuðust meira að segja við að vera innan þjónustusvæðis – hún efaðist um að Hannes hefði nokkru sinni leyft sér að stíga út fyrir það síðan hann fékk sér farsíma. Hún reyndi heimanúmerið en enginn svaraði. Hvað gat drengurinn hafa gert? Byrjað að reykja? Nei varla. Var hann orðinn háður eiturlyfjum og á leið í meðferð? Nei, enginn sjens. Hún hlyti að hafa orðið vör við það. Var hann að koma út úr skápnunum? Ætlaði hann með þau á fund í Samtökunum? Hannes hefði þá varla farið svona á límingunum því að eitt mátti hann eiga – hann var tiltölulega nútímalegur. Að auki hafði hún haft á tilfinningunni að Gylfi væri skotinn í stelpunni sem hún mundi aldrei hvað hét. Nei, það var ekki málið. Allrahandu hugmyndir skutu upp kollinum, hver annarri fáránlegri. Que sera sera. Hún stóð upp og leit fyrir hornið á ganginum til að kanna hvort Matthew væri

á leiðinni. Hann reyndist standa í gættinni á herberginu sínu í óða önn við að drösla töskunni út.

Um leið og Matthew hafði gert upp tók Þóra í handlegginn á honum og hálfdró hann af stað.

„Hvað gengur á?“ spurði hann hissa þegar Þóra ýtti honum út um dyrnar.

„Það er eitthvað að heima og ég verð að komast þangað sem allra, allra fyrst.“

Hann tók hana á orðinu og án þess að spyrja frekar út í hvað amaði að, henti hann töskunum inn og settist undir stýri. Þau óku sem leið lá til Reykjavíkur, gegnum Hellu, Selfoss og Hveragerði. Matthew sagði fátt á leiðinni. Það var ekki fyrr en í Kömbunum að hann spurði hana hvort hann gæti gert eitthvað og Þóra sagði honum að hún vissi ekki einu sinni hvað bjátaði á – hvað þá hvað væri hægt að gera til að laga það. Hún sagði honum þó að þetta varðaði son hennar og fréttir sem hann vildi færa henni. Við Skíðaskálann voru þau á fínnum milli-tíma og við Litlu kaffistofuna sömuleiðis. Við Rauðavatn sprakk.

„Hver fjandinn,“ sagði Matthew og herti gripið um stýrið til að forðast að missa stjórn á bílnum. Þau hægðu ferðina og stöðvuðu út í kanti.

„Ó, nei, ó, nei,“ gall í Þóru. Hún leit á klukkuna. Tuttugu og fimm mínútur yfir tólf. Þau gætu enn náð að komast vestur á Nes fyrir klukkan eitt ef vel gengi að skipta um dekk.

„Djöfulsins hallærislega dekk,“ tautaði Matthew meðan hann ólm-aðist við að losa hjólið af afturhleranum. Á endanum náðist það af og þau einbeittu sér í sameiningu að því tjakka bílinn upp og skipta um hjólbarða. Þegar því var lokið tók Matthew gamla dekkið og skutlaði því inn um afturhlerann þar sem það lenti ofan á flugfreyjutöskunni hennar Þóru. Henni gat ekki staðið meira á sama. Klukkan nálgaðist óðfluga eitt.

Þau stukku inn í bílinn og Matthew brunaði af stað. „Bíddu,“ sagði Þóra þegar þau renndu í hlað heima hjá henni og hljóp upp að húsinu. Hún tók fram lyklana á hlaupunum til að dyrabjallan væri ekki að tefja fyrir henni. Hún hringdi bjöllunni með vinstri hendinni til að láta Gylfa vita að hún væri komin á meðan hún stakk lyklinum í skrána með þeirri hægri og opnaði. „Gylfi,“ kallaði hún móð.

„Hæ, mamma.“ Sóley kom hlaupandi á móti henni, eitt sólskinsbros. Hafi eitthvað gengið á hafði það greinilega algerlega farið fram hjá henni.

„Hæ, ljúfan mín. Hvar er bróðir þinn?“ Þóra tróð sér framhjá Sóleyju til að kíkja eftir syni sínum.

„Hann fór. Ég er með miða handa þér,“ sagði hún og dró samanbrotinn snepil upp úr buxnavasanum.

Þóra reif af henni miðann. Meðan hún var að losa hann í sundur spurði hún: „Hvenær fór hann? Og hvert?“

„Hann var bara að fara. Fyrir klukkutíma.“ Sóley var enn ekki alveg komin með klukkuna á hreint. Gylfi hefði getað farið fyrir einni sekúndu eða tveimur vikum þess vegna. „Hann fór þangað sem stendur á þarna.“ Lítil putti benti á miðann eins og til að fyrirbyggja rugling við aðra snepla.

„Komdu.“ Þóra sá að heimilisfangið var úti á Nesi og því ekki svo langt frá. „Við ætlum í bíltúr með góða manninum.“ Hún henti dúnúlpu af Gylfa yfir axlirnar á Sóleyju, tróð henni í gúmmístígvél og rak hana af stað út. Þóra reif upp afturdyrnar á jeppanum og hjálpaði dóttur sinni inn með hröðum handtökum. Sjálf stökk hún svo upp í framsætið og bað Matthew að keyra af stað. „Matthew, þetta er dóttir mín Sóley. Hún talar bara íslensku. Sóley mín, þetta er Matthew. Hann kann enga íslensku en þið verðið ábyggilega góðir vinir.“

Matthew gaf sér tíma til að líta við og brosa til litlu stúlkunnar. „Sæt eins og mamma,“ sagði hann og tók beygju í samræmi við handapat Þóru. „Sami fatasmekkur líka.“

„Hérna – og svo til hægri. Ég er að leita að númer 45,“ sagði Þóra enn æst. Húsið blasti fljótlega við. Það var auðþekkjanlegt vegna þess að sjá mátti í bakið á Gylfa þar sem hann gekk upp heimtröðina. „Þarna, þarna,“ sagði Þóra óðamála og benti á son sinn. Matthew gaf aðeins í og renndi bílnum upp að stéttinni fyrir framan húsið – innkeyrslan var þegar full. Þóra þekkti annan bílinn; hann var í eigu Hannesar. Þóra slengdi upp hurðinni um leið og bíllinn staðnæmdist. „Sóley mín, þú bíður hér með góða Matthew.“

Gylfi leit fyrst við þegar móðir hans hafði ítrekað hrópað nafn hans á hlaupum að húsinu. Hann var kominn alla leið að útidyrnunum þar

sem hann stóð nú hengslalegur, nýbúinn að hringja bjöllunni. „Hæ,“ sagði hann daufur í dálkinn.

„Mér seinkaði,“ sagði Þóra móð. Hún lagði höndina á öxl sonar síns. „Hvað gengur eiginlega á, elskan? Hvaða fólk býr hér?“

Gylfi leit á hana og svipur hans lýsti fullkominni örvæntingu. „Sigga er ófrísk. Hún er bara í tíunda bekk. Ég er pabbinn. Foreldrar hennar búa hérna.“

Útidyrnar opnuðust um leið og hann sleppti síðasta orðinu. Þóra stóð frosin og opinmynt. Af einhverjum ástæðum gat hún ekki slitið augun af Ipodinum sem sonur hennar bar um hálsinn, kannski af því að hún hafði verið að horfa á hann þegar veröldin hrundi. Hefði sá sem opnaði dyrnar ekki verið sótsvartur af reiði hefði hann eflaust brosað að hálfvitalægum svipnum á henni. „Halló,“ sagði miðaldra maður við hana, leit svo á Gylfa, pírdi augun í fyrirlitningu og sagði: „Sæll.“ Í þessu eina orði fólust hins vegar allt annað en óskir um gæfu og gengi. Það mátti frekar lesa á milli línanna: *Farðu fjandans til, þú sem flekar ungar og saklausar dætur heiðvirðra manna.*

Kurteisinn greip inn í af gömlum vana og Þóra reyndi að brosa. „Sæll, Þóra heiti ég. Mamma Gylfa.“

Það hnussaði í manninum en hann bauð þeim engu að síður að ganga í bæinn. Þau klæddu sig úr skónum undir árvökulu auga mannsins sem hallaði sér ógnandi í fasi upp að dyrastafnum á forstofunni. Þóru datt helst í hug að hann byggist við að Gylfi léti sér ekki heimasætuna nægja heldur væri hann vís með að taka á rás og svívirða líka húsmóðurina á heimilinu.

„Takk fyrir,“ sagði hún út í loftið þegar hún gekk framhjá manninum og inn. Hún hélt með báðum höndum um axlirnar á syni sínum og stýrði honum þannig á undan sér – ef ske kynni að maðurinn réðist til atlögu. Þau gengu beint af augum inn í opna og stóra stofu þar sem sjá mátti þrjár manneskjur; Hannes, sem Þóra þekkti af hnakka-svipnum einum saman, konu á aldur við Þóru sem stóð upp þegar þau nálguðust, og unga stúlku sem sat í stökum stól með höfuðið hneigt í algerrri uppgjöf.

„Jæja, loksins komið þið,“ hálfgólaði konan skærri röddu. Ó, guð láttu barnið erfa minn djúpa alt, baðst Þóra hljóðlega fyrir. Hún reyndi

í annað sinn að kreista fram bros. Höndunum sleppti hún ekki af öxlum sonar síns.

„Hannes,“ sagði Þóra og leit á manninn sinn fyrrverandi. Hún reyndi að senda honum skilaboð um að nú yrði hann að standa sína pligt og leyfa henni að hverfa inn í húsbúnaðinn. Hann gaf ekki til kynna að skilaboðin hefðu verið móttekin heldur horfði á hana strangur á svip. „Sæl, Sigga mín,“ sagði hún svo eins vinalega og hún gat við ungu stúlkuna sem leit við það upp. Augun í henni voru grátbólgin og það stirndi á tvö feit og þung tár við sinn hvorn hvarminn.

Gylfi losaði sig loks undan höndum Þóru og hljóp til hennar. „Sigga!“ veinaði hann, augljóslega hræður af að sjá ástmeyna svona illa til reika.

„Ó, frábært!“ gall í mömmunni. „Rómeó og Júlía bara. Ég kasta upp.“

Þóra snarsneri sér að henni. Reiðin blossaði upp í henni. Hér voru tveir unglingar búnir að misstíga sig herfilega og konan hafði geð í sér til að hæðast að örlögum þeirra, jafnvel þó að annar þeirra væri dóttir hennar. Það var ekki oft sem Þóra missti sig en það kom fyrir. „Fyrirgefðu en þetta er alveg nógu erfitt nú þegar – farðu ekki að auka á það með íslenskrí myndni.“ Hannes spratt á fætur og Þóra fann hvernig hann dró hana ofan í sófann án þess að hún fengi rönd við reist. Konan saup hveljur – reiðin gneistaði úr augum hennar sem aldrei fyrr.

„Ég sé hvaðan hann hefur mannasiðina, sonur þinn,“ sagði hún og settist, beinni í baki en ballerína. Maðurinn hennar kaus að standa og þaðan sem hann tók sér stöðu á miðju gólfinu gnæfði hann eins og risavaxið grýlukerti yfir þeim.

„Mamma!“ heyrðist Sigga segja með grátstafinn í kverkunum. „Þeg-iðu!“ Þóra kunni strax vel við stúlkuna – tengdadótturina tilvonandi.

„Andskotans djöfulgangur er þetta,“ heyrðist frá grýlukertinu. „Ef við erum ófær um að ræða þetta eins og fólk þá getum við alveg eins sleppt þessu. Við erum hingað komin til að horfast í augu við þessar hræðilegu fréttir og það skulum við gera.“ Orðið hræðilegu var borið fram með miklum tilfinningahita.

Hannes rétti úr sér. „Sammála, reynum nú að stilla okkur – þetta er ekki auðvelt neinu okkar hérna inni.“

Það hnussaði aftur í konunni.

„Já, einmitt,“ hélt Hannes áfram alvörugefinn. „Ég ætti kannski að byrja á því að segja að þetta hryggir mig afskaplega og vil fyrir hönd fjölskyldu minnar fá að biðjast innilega afsökunar á hegðun sonar okkar og þeim sársauka sem hann hefur valdið ykkur.“

Þóra dró andann djúpt til að melta þetta áður en hún dræpi Hannes. Hún sneri sér að honum, sallaróleg. „Fyrir það fyrsta, bara svo að það sé á hreinu, þá erum við ekki fjölskylda. Ég, sonur minn og dóttir erum fjölskylda. Þú ert aumkunarvert eintak af helgarpabba sem ólíkt þeim flestum getur ekki staðið með sínu eigin barni þegar á reynir.“ Hún leit af Hannesi og sá að hin störfu á hana. Andlit sonar hennar lýsti stolti. Hún endurtók til útskýringar: „Bara svo það sé á hreinu.“

Hannes saup hveljur við hliðina á henni en var of seinn að segja nokkuð því að hin mamman greip orðið. „En viðeigandi. Ég ætla að nota tækifærið og benda þér á það að innan skamms verður augasteinninn þinn – þessi sonur þinn eða ykkar þarna ...“ Leiklistarhæfileikarnir riðu greinilega ekki við einteyming í þessari fjölskyldu. Konan lagði mikilfenglega áherslu á orð sín með því að benda á Gylfa með ýktri handahreyfingu, „... þá verður hann sami aumkunarverði helgarpabbinn og fyrrverandi maðurinn þinn.“

„Nei,“ heyrðist þá hrópað. Það var Gylfi. Hann hélt stoltur áfram: „Ég ... Ég meina við. Við. Við ætlum að vera áfram saman. Við leigjum okkur íbúð og pössum barnið.“

Þóru langaði allt í einu til þess að skella upp úr. Gylfi að leigja íbúð! Hann vissi örugglega ekki að flest það sem hann tók sem sjálfsgöðum hlut – hiti, rafmagn, sjónvarp, vatn, sorphirða – allt kostaði þetta peninga. Hún blandaði sér ekki í umræðurnar af ótta við að draga kjarkinn úr syni sínum. Ef hann stóð í þeirri meiningu að hann væri að fara að leigja sér íbúð þá yrði bara svo að vera.

„Já!“ gólaði Sigga. „Við getum það alveg – ég er að verða sextán.“

„Nauðgun!“ hrópaði konan. „Auðvitað. Hún er ekki orðin sextán ára! Þetta er nauðgun!“ Hún beindi sjónum sínum að Gylfa og hrópaði hvelli: „Nauðgari!“

Þóra áttaði sig ekki alveg á því hvernig þetta átti að bæta stöðu mála. Hún sneri sér að Siggju. „Hvað ertu langt gengin með, elskan?“

„Ég veit það ekki – kannski svona þrjá mánuði. Ég hef að minnsta kosti ekki verið á blæðingum í þrjá mánuði.“ Pabbi hennar roðnaði upp í hársrætur.

Gylfi hafði orðið sextán ára fyrir um einum og hálfum mánuði. Ekki að það breytti neinu. „Ég leyfi mér að benda á að í lögum er miðað við fjórtán ára aldur, ekki sextán í tilviki sem þessu. Auk þess var sonur minn sjálfur ekki orðinn sextán ára þegar þetta barn kom undir og í lögnum er ekkert kveðið á um kyn þegar rætt er um kynferðislega áreitni, eins og það heitir víst.“

„Hvaða andskotans vitleysa,“ hnussaði í pabbanum. „Eins og kona geti nauðgað manni? Svo ekki sé nú talað um barn eins og í tilfelli dóttur minnar.“

„Og sonar míns,“ svaraði Þóra og glotti að manninum.

„Má ég benda þér á að sonur þinn er byrjaður í menntaskóla en dóttir mín er ennþá í grunnskóla. Það hlýtur að hafa eitthvað að segja í lögnum,“ sagði maðurinn hróðugur.

„Ekki baun,“ svaraði Þóra. „Skólastig er ekki nefnt á nafn, ég get lof að þér því.“

Hann yggldi sig. „Djöfulsins hommarnir á þingi.“

„Þið eruð klikkuð!“ heyrðist Sigga góla. „Þetta er mitt barn. Það er ég sem þarf að ganga með það og fá stóran maga og ljót brjóst og get aldrei farið á deit-ball.“ Hún komst ekki lengra vegna þess að hún brast í grát.

Gylfi reyndi að hugga hana með því sem hann taldi væntanlega vera geysilega rómantískt. Tilfinningaþrunginni röddu sagði hann svo hver maður heyrði: „Mér er alveg sama – þú mátt fá ógeðslega feitana maga og viðbjóðsleg brjóst. Ég fer ekki frá þér og býð engri annarri á deit-ball. Ég fer bara einn. Ég elska þig mest af öllum stelpunum.“

Sigga grét enn hærra meðan fullorðna fólkið lét sér nægja að stara opinmynt á Gylfa. Einhverveginn varð þessi fáránlega ástarjåtning til þess að opna augu þeirra fyrir því að móður náttúru hafði illilega orðið á í messunni – þetta voru börn að eiga barn, hverjum var um að kenna var kannski ekki endilega aðalatriðið.

Hannes einn tapaði sér í kjölfarið á þessari sameiginlegu hugljómun.

Hann sneri sér að Þóru, andlitið afmyndað af bræði. „Þetta er allt þér að kenna. Þú lifir einhverju villtu lífi, sefur hjá hverjum sem sýnir þér minnsta áhuga. Á meðan ég var á heimilinu gerði drengurinn ekki svona lagað – hann er að herma eftir einu fyrirmyndinni sem hann hefur.“

Þóra var of gáttuð til þess að geta svarað. Villtu lífi? Ein kynmök, sinnum tveir reyndar, á tveimur árum. Það gat vart talist villt líferni. Meira að segja afi hennar 88 ára gamall hafði hvatt hana til að fara meira út og lyfta sér upp – svo að ekki væri nú minnst á Laufeyju sem yrði raunar seint kölluð siðapostuli.

„Ég vissi það, þú ert lauslætisdrós!“ hrópaði mamman svo að tónninn einn skar í eyrun. „Kynlífsfíkill – eplið fellur sjaldan langt frá eikinni, segi ég alltaf.“ Konan starði á Þóru sigri hrósandi.

Þóru barst hjálp úr óvæntustu átt því pabbinn skarst í leikinn. „Það er þó á hreinu að dóttir þín hefur ekki erft kynkuldann úr móðurættinni!“

Nú var Þóru skyndilega nóg boðið. Þetta voru meiri upplýsingar um tilvonandi tengdafólk sonar hennar en hún kærði sig um. Fyrir dyrum var skírn, röð afmæla, ferming og guð mátti vita hvað. Þóru langaði ekkert sérstaklega að rifja upp nánustu leyndarmál þessa fólks við slík tækifæri. Hún stóð upp. „Vitið þið – ég veit ekki hvaða snillingi datt í hug að hittast á þessari stundu.“ Hún sneri sér að Hannesi. „Ykkur er frjálst að ræða við pabba Gylfa, fram á rauða nótt ef með þarf. En ég er búin að fá nóg af þessu.“ Hún snerist á hæl en varð að snúa sér aftur að samsætinu þegar hún áttaði sig á því að hún vildi fá son sinn með sér þaðan út. „Gylfi, komdu.“ Hún beindi lokaorðum sínum að Siggu greyinu sem hengdi enn höfuðið og grét. „Sigga mín, barnið ykkar Gylfa verður ávallt velkomið heim til mín – og þið bæði ef þið viljið búa saman. Verið þið bless.“

Hún gekk út með Gylfa í humátt á eftir sér, gjörsamlega þurrausin. Þau skelltu útidyrhurðinni á eftir sér og gengu að bílaleigubílum sem var blessunarlega enn á sínum stað. Orðalaust settist Þóra frammi og Gylfi í aftursætið við hlið systur sinnar. „Hannes-ar-dóttir,“ sagði Sóley einbeitt.

„Keyrðu af stað,“ sagði Þóra og greip um enni sér. Hún leit á Matt-

hew – fegin þeirri staðreynd að börnin hennar skildu ekki þýsku. „Gettu hvað? Ég hef fallið aðeins í verði. Þú varst að enda við að sofa hjá ömmu gömlu.“

Þóru að óvörum skellti Matthew upp úr. „Ég verð nú að segja að íslenskar ömmur eru töluvert frábrugðnar þeim þýsku.“ Hann gjóaði augunum í aftursætið á Gylfa sem þar sat, óviss um lífið og tilveruna. Eina haldreipi hans þessa stundina var mamma hans sem hafði misst sig, mestanpart af því að hún var enn hálfþunn. „Sæll, Þórusonur. Matthew heiti ég.“ Hann blikkaði Þóru. Hún sneri sér að aftursætinu, reiðubúin til að gjalda hreinskilnina í sömu mynt. Nú skyldi hún segja syni sínum að Matthew væri meira en vinur hennar og samstarfsfélagi. Hún kom auga á Ipodinn sem dinglaði enn um hálsinn á drengnum og hætti við.

„Gylfi minn. Þetta er Matthew sem er að vinna með mér. Ég var búin að bjóða honum í mat. Við tölum saman í rólegheitum þegar hann er farinn, vinur.“ Hún kyngdi kekki sem birtist skyndilega í hálsi hennar. Hún var að verða amma, 36 ára gömul. Jesús, María, heilagi andi og hinn úr heilagri þrenningu sem hún gat ómögulega munað hver var – látið barnið vera heilbrigt og líf foreldranna verða dans á rósum þrátt fyrir þetta feilspor. Hún hélt aftur af tárur sem trönuðu sér fram óumbeðin. Yfir hana helltust gömul skilboð og annað sem hún hefði átt að getað lesið í. *Það er ekkert gaman að vera ein heima með Gylfa – hann er alltaf að hoppa í rúminu og góla ...*

„Þóra.“ Matthew dró hana úr skel sinni. „Ég fékk símtal áðan frá Galdrasafninu. Skýringin á meðferðinni á líki Haralds er fundin.“

28. kafli

Þóra vildi alls ekki aflýsa matarboðinu. Hún henti eins og í leiðslu einhverju í potta innan úr skápum og frystihólfinu, án þess að skeyta mikið um útkomuna.

„Gjörið þið svo vel,“ kallaði hún með uppgerðar hressleika í rómn-um. Matthew sat þegar við eldhúsborðið og fylgdist stóreygur með hverri skálinni á fætur annarri birtast. Þegar allt var komið á borðið samanstóð máltíðin af grænum baunum, frönskum, hrísgrjónum, kúskús, súpu, sultu og flatbrauði.

„Girnilegt,“ sagði hann kurteis þegar allir voru sestir og teygði sig í Orabaunirnar.

Þóra leit yfir borðið og stundi. „Það vantar aðalréttinn,“ sagði hún í uppgjöf. „Ég vissi að það var eitthvað bogið við þetta.“ Hún ætlaði að fara að standa upp til þess að leita að einhverju sem gæti bjargað því sem bjargað varð; frosnu lasagna, pasta, kjöti eða fiski. Hún vissi samt að ekkert af því var til – hún hafði ætlað út í búð til þess að kaupa inn en verið slegin út af laginu. Matthew tók í upphandlegg hennar og dró hana aftur í sætið.

„Þetta er fínt. Kvöldmáltíðin er óhefðbundin en það er líka tíma-
setning hennar svo að þetta er í góðu lagi.“ Hann brosti til krakkanna sem potuðu í hrærigrautinn á diskunum sínum.

Þóra leit á klukkuna sem var ekki nema þrjú – það var ljóst að hún hafði farið allverulega út af teinunum. Hún reyndi að brosa. „Ég er enn í hálfgerðu losti, kannski verð ég orðin góð eftir ár. Ég býð þér þá bara aftur í mat.“

„Nei, nei, þú þarft ekkert að vera að því. Mér líst betur á að ég bjóði þér út að borða,“ sagði Matthew og stakk upp í sig bita af tómu flatbrauði. „Frábærlega gott,“ sagði hann og kímði.

Enginn kláraði af diskunum sínum og ruslapokinn fylltist við frá-

ganginn að máltíð lokinni. Sóley bað um að fá að fara út til að hitta Kristínu vinkonu sína og Þóra samþykkti það umyrðalaust. Gylfi lét sig hins vegar hverfa inn í herbergið sitt, sagðist ætla á netið. Þóra vonaði að hann færi ekki inn á síður sem fjölluðu um umönnun unga-barna. Honum félli án efa allur ketill í eld ef hann sæi svart á hvítu hvað það fól í sér. Þegar þau voru orðin tvö ein settust Þóra og Matthew inn í stofu. Hún hafði hitað kaffi sem þau tóku með sér þangað.

„Ja hérna,“ sagði hann vandræðalega. „Ég stoppa nú ekki lengi fyrst svona stendur á. Þurfa ömmur ekki að leggja sig eftir matinn?“

Það hnussaði í Þóru. „Þessa ömmu langar mest í gin og tónik.“ Hún lét sér þó nægja að fá sér kaffisopa. „Við vitum hins vegar bæði hvað það gæti haft í för með sér svo að ég ætla að sleppa því núna.“ Hún brosti til hans og roðnaði örlítið í kinnum. „En ég er tilbúin til þess að heyra það sem maðurinn frá Galdrasafninu sagði.“ Hún hallaði sér aftur á bak í sófanum og dró lappirnar undir sig.

Matthew tók upp blað og fletti því í sundur á sófaborðinu. „Þorgrímur hringdi og var þá búinn að ná sambandi við þennan Pál sem allt átti að vita. Í stuttu máli þá gat hann þulið allt sem vitað er um þennan galdrastaf – veistu af hverju?“

Þóra hristi höfuðið. Hún sá að Matthew hafði vonast eftir meiri undirtekum og sagði því: „Ég veit það ekki – af því að hann er snillingur?“

„Nei. Eða jú, það má vel vera að hann sé það. Hann vissi hins vegar allt um galdrastafinn vegna þess að honum var svo minnisstætt hvað Harald varð ógurlega spenntur þegar hann bar á góma.“

„Harald ræddi sem sé við hann um þennan ákveðna staf sérstaklega?“ spurði Þóra.

„Já og nei. Upphaflega setti hann sig í samband við Pál vegna galdrastafa almennt og óskaði eftir upplýsingum um stafi sem væru til að mynda ekki skráðir. Á eftir fór Harald að spyrjast fyrir um íslensku galdrabókina sem við vorum að skoða á sýningunni. Páll lýsti fyrir honum helstu göldrum bókarinnar og sagði hann að einn hefði vakið sérstakan áhuga Haralds – galdur sem er talinn nokkuð ljótur þó svo að hann flokkist efnislega með ástargöldrum. Hann spurði raunar hvort við hefðum ekki rekið augun í hann en örkin sem við skoðuðum

á sýningunni úr þessari bók sýndi upphaf hans – það er raunar miklu meira á næstu opnu sem var ekki til sýnis. Þú mátt geta hvernig þessi galdur er.“

„Þú tekur augun úr látnum manni og gerir eitthvað við þau?“ svaraði Þóra vongóð.

„Nei, að vísu ekki en þetta er engu að síður mikilvægt. Ef ég hef skilið manninn rétt þá er þessi ástagaldur framinn til þess að fá konu til þess að leggja ást á sig – sem er auðvitað augljóst. Til þess þarf að grafa holu í gólf sem konan mun ganga yfir, leggja í holuna blóð úr snáki og rita nafn hennar ásamt nokkrum galdrastöfum. Að lokum er svo farið með særingu – þulu sem er nákvæmlega sú sama og send var til móður Haralds.“ Matthew brosti hreykinn.

„Meinarðu ljóðið?“ spurði Þóra.

„Akkúrat,“ svaraði Matthew. „Það er ekki það eina. Þessi Páll sagði Harald hafa haft gífurlegan áhuga á galdrinum og þeir rætt hann í þaula – hvort einungis væri um að ræða ástkonu eða hvort þetta gæti átt við um annars konar ást, hvort holan yrði að vera í gólfi og svo framvegis. Upp úr þessu spunnust samræður um stafinn sem þaraður var á spássíuna við galdurinn.“ Matthew gerði smáhlé á máli sínu.

„Hvað?“ spurði Þóra óþolinmóð.

„Svo virðist sem stafurinn á spássíunni sé óþekktur en hann líkist engu að síður mjög norrænum galdrastaf sem er hefndargaldur. Það munar víst bara einu priki á efsta arminum. Norræni stafurinn er bara til í handritsbroti en í það vantar særinguna í heild sinni. Einungis hefur varðveist lýsing á því sem þarf að gera sem og fyrsta lína særingarinnar sem er: Ég lít á þig – sama byrjun og í ástargaldrinum. Páli finnst líklegt að eigandi bókarinnar hafi ritað stafinn þarna við hlið ástargaldursins þar sem sama særingin ætti við um þá báða, hvort sem hann hafi vitað það fyrir víst eða einungis talið særinguna geta átt við vegna sams konar upphafs. Páll tók fram að bókin væri líklega skrifuð af fjórum mismunandi mönnum, þremur Íslendingum og einum Dana, og það gæti því vel verið að sá sem fór síðastur höndum um bókina hafi skrifað stafinn við galdurinn af sömu ástæðum. Hann sagði mér svo að þessi norræni galdur væri mun dekkri en aðrir galdrar og óvíst hver uppruni hans væri þó svo að textinn við hann úr

handritsbrotinu væri danskur. Handritið er í einkaeigu en það hefur verið aldursgreint og er talið vera frá því seint á sextánda öld en talið er að íslenska galdrabókin hafi verið rituð um 1650.“

„Hvernig er þessi stafur dekkri en aðrir stafir?“ spurði Þóra.

„Myrkari er kannski betra orð, eða skuggalegri. Það sem hann meinti var að honum er hreinlega ætlað að vinna öðrum miska. Sá sem lætur rista hann að sér látnum getur ofsótt manneskju sem brást honum í lífanda lífi, fylgst með henni úr gröfinni og orðið til þess að viðkomandi sér eftir framkomu sinni í garð hins látna. Og eftirsjáin leiðir þá manneskju á endanum til glötunar.“ Og bíddu bara – til að fremja hann þarf líkamsparta sem þú getur án efa giskað á hverjir eru.“

„Augu,“ sagði Þóra sannfærð.

Matthew kinkaði kalli. „Bíddu samt hæg. Þegar Páll lýsti þessum galdri fyrir Harald varð hann óskaplega spenntur og vildi fá nákvæma lýsingu á því hvernig galdurinn skyldi framinn. Páll lýsti því öllu fyrir honum í síma en sendi honum svo skannað eintak af galdraskræðunni og handritinu sem hann átti.“

„Já. Og?“ tautaði Þóra óþolinmóð.

„Nema hvað, þetta virkar þannig að sá sem vill leita hefnda gerir samning við annan mann um að fremja galdurinn að sér látnum. Ekki ósvipað nábrókinni. Í sameiningu þurfa þeir að rita stafinn á skinnbút og nota til þess blöndu af blóði úr þeim báðum og úr hrafni. Það þarf ekki bara nokkra dropa, því að undir stafinn á að skrifa að X heiti því að framkvæma galdurinn fyrir Y og svo eiga X og Y að staðfesta það með því að rita nöfn sín þar fyrir neðan.“ Matthew fékk sér kaffisopa áður en hann hélt áfram. „Nú kemur aðalmálið. Að Y látnum verður X að rista stafinn á líkið og fjarlægja úr því nægilegt magn af blóði til þess að geta skrifað með því og – takk fyrir – ná augunum úr líkinu.“

„Jesús,“ sagði Þóra og hryllti sig. „Til hvers í ósköpunum – er ekki nóg að skrifa með blóði og rista í líkið?“

Matthew brosti. „Greinilega ekki. Páll sagði að stafinn ætti að rista í líkið til þess að minna hinn látna á það að augun voru fjarlægð að ósk hans sjálfs. Annars myndi hann rísa úr gröf sinni og hefja leit að augunum – og væntanlega drepa vininn sem fjarlægði þau. Blóðið á hins vegar að nota til þess að rita særinguna sem stafnum tilheyrir,

særinguna sem hefur tapast. Aftur þarf að blanda það með hrafnsblóði.“

„Sem skýrir spörfuglserfðavísana sem fundust við greiningunni á blóðinu,“ greip Þóra fram í. „Hrafn er stærsti spörfugl Íslands.“ Náttúrufraeði grunnskólaáranna brást aldrei þegar til kastanna kom.

„Jæja, þarna þarf hins vegar ekki að bæta út í blóði úr þeim sem eftir lifir. Augunum skal svo pakkað inn í skinnið með særingunni og er hvorutveggja komið í hendur þess sem brást hinum látna og hann ætlar að hefna sín á. Eftir þetta verður hann hvergi óhultur; hinn látni mun fylgja honum og minna hann sífellt á misgjörðir sínar þar til viðkomandi bugast og deyr ömurlegum dauðdaga.“

„Og særingin er sú sem mamma Haralds fékk senda,“ sagði Þóra döpur. Voðalega var þetta eitthvað miður geðslegt. Hvað gæti valdið svona djúpstæðu hatri hjá Harald í garð móður sinnar? Hvað í ósköpunum hafði konan gert honum? Ef til vill var þetta raunar bara ímyndun ein; hann var kannski bara geðbillaður og kenndi móður sinni um ófarir sínar. „Bíddu við – fékk hún einnig send augun?“

„Nei,“ sagði Matthew. Þau voru ekki með. Ég hef ekki hugmynd um hvernig stendur á því. Kannski týndust þau eða skemmdust; ég veit það ekki.“

Þóra sat hugsni svolitla stund. „Halldór, læknaneminn. Hann er auðvitað sá sem gekk frá líkinu,“ sagði Þóra. „Hann hefur þá drepit Harald.“

„Það lítur út fyrir það,“ svaraði Matthew. „Nema Harald hafi sjálfur orðið valdur að eigin dauða og Halldór tekið svo við.“

„Hvernig þá?“ spurði Þóra. „Hann var kyrktur.“

„Kannski var hann að stunda þetta kæfikynlíf sitt? Við verðum í það minnsta að velta því fyrir okkur. Nú eða þá að eitthvert hinna hafi drepit Harald eða gert samninginn við hann. Þau urðu að minnsta kosti öll jafnkindarleg þegar við sýndum þeim galdrastafinn. Svo gæti Hugni alveg eins hafa verið að verki þegar allt kemur til alls.“

„Við verðum að ræða aftur við Halldór – svo mikið er víst. Og þau öll væntanlega. Gangi okkur vel að ná þeim aftur á okkar fund.“

Matthew brosti til Þóru. „Við erum nú ekki algalin. Við erum komin

vel áleiðis. Það eina sem vantar inn í myndina eru peningarnir. Hvað varð um þá?”

Þóra yppti öxlum. „Kannski hefur Harald náð að kaupa galdrahandritið ógeðfella. Það væri svo sem eftir öðru.“

Matthew melti þetta smástund. „Kannski. Ég efa það raunar því Páll sagði að það væri í eigu Landsbókasafns Noregs. Það er ennfremur ástæðan fyrir að lögreglan hefur ekki haft uppi á stafnum – hann er mjög lítið kunnur, eiginlega þekkir enginn til hans hér á landi fyrir utan Pál sem er erlendis við nám. Það var því aldrei leitað til hans um uppruna stafsins.“

„En kannski hefur hann flutt peningana til landsins, ætlað að kaupa upplýsingarnar af þessum Páli og síðan skræðuna af safninu en verið myrtur vegna þeirra af einum þessara svokölluðu vina sinna. Þau gætu hafa tekið peningana, er það ekki? Fólk hefur nú framið morð af minna tilefni.“

Matthew jánkaði því. Hann leit á klukkuna og horfði svo á Þóru íhugull. „Vélin frá Frankfurt lenti klukkan hálfjögur.“

„Andskotinn,“ hrópaði Þóra upp yfir sig. „Ég get ekki talað við mömmuna núna – ég bara get það ekki. Hvað ef hún spyr um mín eigin börn? Hvað á ég þá að segja? *Já, frú, sonur minn er einstaklega bráðþroska – var ég kannski ekki búin að segja þér það; hann er að verða pabbi?*“

„Trúðu mér, hún mun ekki hafa mikinn áhuga á þínum börnum,“ sagði Matthew rólegur.

„Ekki verður skárra að ræða við hana um hennar eigin son. Hvernig á ég að geta horft framan í hana og sagt henni að Harald hafi samið við djöfulinn sjálfan, eða því sem næst, um að gera líf hennar að hreinu helvíti og ganga á endanum af henni dauðri?“ Þóra leit á Matthew í von um uppbyggilegt svar.

„Ég skal færa henni þær fréttir, hafðu ekki áhyggjur af því. Þú losnar hins vegar ekki við að ræða við hana. Ef þú gerir það ekki í dag þá verður þú að gera það á morgun. Konan er komin þessa löngu leið til þess eins að ræða við þig, manstu. Þegar hún sagði mér að hún vildi hitta þig í eigin persónu og fá að ræða við þig einslega þá var rödd hennar mun afslappaðri en ég hef nokkru sinni heyrt hana. Þú þarft ekki að kvíða neinu.“

Þóru fannst Matthew ekki hljóma alveg nógu sannfærandi. „Ætla þær að hringja eða hvernig átti þetta að ganga fyrir sig?“

„Þær hringja þegar þær eru komnar á hótelið.“ Hann leit á klukkuna. „Væntanlega mjög bráðlega. Ég gæti líka hringt í þær ef þú vilt.“

Úff. Sá á kvölinu sem á völinu. Þóra gat ekki gert þetta upp við sig. „Já, hringdu,“ sagði hún skyndilega en bætti svo við strax í kjölfarið: „Nei, ekki gera það!“

Áður en hún gat skipt aftur um skoðun hringdi sími Matthews. Þóra stundi meðan hann lyfti upp símanum, leit á hana og sagði: „Þetta eru þær.“ Hann ýtti á takkann til að svara og sagði: „Halló, Matthew hér.“

Þóra heyrði bara helminginn af símtalinu þótt hún gæti greint óm af rödd á hinum endanum þegar Matthew hlustaði. Samræðurnar virtust mjög yfirborðskenndar: „Gekk ferðin vel?“ „Nú það var leitt að heyra.“ „Þið eruð með nafnið á hótelinu, er það ekki?“ og svo framvegis. Símtalið endaði svo á því að hann sagði: „Við sjáumst þá. Blessuð.“ Hann leit á Þóru og brosti. „Þú ert heppin, amma gamla.“

„Hvað?“ spurði Þóra spennt. „Kom hún ekki?“

„Jú, hún kom. Hún er hins vegar með mígreni og vill fresta því að hitta þig þangað til á morgun. Elisa var í símanum; þær eru í leigubíl á leiðinni niður á Hótel Borg. Hún vill hitta okkur þar eftir hálf tíma.“

29. kafli

Unga konan bar engan svip af móður sinni en hafði samt útlitið með sér. Hún var dökk yfirlitum eins og faðir hennar og í raun lík honum ef eitthvað var að marka fjölskyldumyndirnar sem Þóra hafði séð. Allt yfirbragð hennar var látlaust, síðu sléttu hárinu var haldið frá andlitinu í tagli og hún var klædd í svartar fínar síðbuxur og svarta skyrtu sem Þóru virtist vera úr silki. Eini sýnilegi skartgripurinn var demantshringur á baugfingri hægri handar, sami hringur og Þóra hafði séð á eldhúsmyndinni. Það sló Þóru hvað hún var grönn og þegar hún tók í hönd hennar fann hún að stúlkan var líklega ennþá grennri en hún virtist vera í þessum fötum. Matthew fékk hins vegar mun innilegri móttökur – Elisa faðmaði hann og þau skiptust á kossum á sitt hvora kinnina.

„Hvernig hefur þú það?“ spurði hann eftir að hafa sleppt takinu á öxlum Elisu. Þóra tók eftir því að hann þóraði hana ekki eins og hún hafði búist við enda var hann starfsmaður fjölskyldunnar. Matthew var greinilega nákominn þessu fólki eða hærra settur innan fyrirtækisins en Þóra hafði gert sér grein fyrir.

Elisa yppti öxlum og setti upp veiklulegt bros. „Ekki sem allra best,“ sagði hún. „Þetta er búíð að vera erfitt.“ Hún sneri sér að Þóru. „Ég hefði komið miklu fyrr ef ég hefði vitað að þið vilduð ræða við mig. Það hvarflaði ekki að mér að heimsókn mín til Haralds gæti skipt máli.“

Þóru fannst það sérkennilegt í ljósi þess að stúlkan hafði verið hjá bróður sínum rétt fyrir morðið en sagði aðeins: „Ja, nú ertu komin og það er fyrir öllu.“

„Já, ég keypti miða um leið og Matthew hringdi. Ég vil hjálpa til,“ sagði hún og virtist meina það af öllu hjarta. Hún bætti svo við: „Og mamma líka.“

„Gott,“ sagði Matthew óvenju hátt og Þóra velti fyrir sér hvort hann væri hræddur um að hún færi að segja eitthvað óviðeigandi.

„Já, gott,“ apaði Þóra eftir honum til þess að fullvissa hann um að hún hefði ekkert slíkt í huga.

„Eigum við ekki að setjast?“ spurði Elisa. „Má bjóða ykkur kaffi eða vínglas?“ Þóra var hætt að drekka og þáði kaffibolla en hin tvö pöntuðu sér hvítvínglas.

„Jæja,“ sagði Matthew og hallaði sér aftur í hægindastólnum. „Hvað segirðu okkur þá af heimsókninni?“

„Eigum við ekki að bíða eftir víninu? Ég held að mér veiti ekki af því fyrst,“ sagði Elisa og leit spyrjandi á Matthew.

„Að sjálfsgöðu,“ svaraði hann og beygði sig fram til þess að þrýsta handlegg hennar sem hvíldi á armi sófans.

Elisa leit afsakandi á Þóru. „Ég get ekki alveg útskýrt það en mér þykir svo óþægilegt að rifja upp þessa heimsókn. Ég er enn í vandræðum með eigin tilfinningar, finnst ég hafa verið svo sjálfhverf og ekki rætt um annað en sjálfa mig við hann. Ef ég hefði bara vitað að ég myndi ekki hitta hann aftur hefði ég sagt honum svo margt varðandi tilfinningar mínar í hans garð.“ Hún beit í neðri vörina. „En ég gerði það ekki og mun aldrei geta gert það.“

Þjónninn kom með veitingarnar og þau skáluðu fyrir engu sérstöku. Þóra sá eftir að vera hætt að drekka þegar hún saup á kaffinu og fylgdist með þeim renna niður víninu. Hún ákvað að byrja aftur við fyrsta tækifæri – kunni hins vegar ekki við að biðja um vínglas svona eftir á.

„Það er kannski rétt að ég segi ykkur hvers vegna ég kom til Haralds,“ sagði Elisa eftir að hafa lagt frá sér glasið. Þóra og Matthew kinkuðu bæði kolla. „Eins og þú veist, Matthew, er ég í hálfgerðri krísu gagnvart pabba og mömmu. Þau vilja að ég fari í viðskiptafræði og komi svo í bankann, eins og raunar flestir sem ég þekki. Harald var eini maðurinn sem sagði mér alltaf að gera það sem mig langaði til – spila á selló. Fólki finnst að ég eigi að skella mér í viðskiptin og spila mér til ánægju. Harald vissi hins vegar að þannig er þetta ekki þrátt fyrir það að hann væri enginn tónlistarmaður. Hann skildi að þegar maður hefur náð ákveðinni færni og getu þá er það annaðhvort eða.“

„Ég skil,“ sagði Þóra en skildi samt eiginlega ekki.

„Þess vegna var nú mest rætt um mig í þessari heimsókn,“ sagði Elisa. „Ég kom til hans í leit að einhverjum til að stappa í mig stálinu og fékk nákvæmlega það. Harald sagði mér að gefa mömmu og pabba langt nef og halda áfram að spila. Hann sagði að það væri ekki þverfótað fyrir einhverjum bindum með haus sem gætu rekið banka en færri væru færir um að spila á hljóðfæri með glæsibrag.“ Hún bætti svo við í flýti: „Bindi með haus voru hans orð – hann sagði það þannig.“

„Ef ég má spyrja, hvað ákvaðstu að gera?“ spurði Þóra forvitin.

„Halda áfram að spila,“ sagði Elisa og brosti beisklega. „Ég er hins vegar skráð í viðskiptafræði og byrja fljótlega í því námi. Maður ákveður eitt og gerir annað eins og gengur.“

„Er þá pabbi þinn ekki glaður?“ spurði Matthew.

„Jú, en þau eru aðallega fegin. Það er erfitt að vera glaður í þessari fjölskyldu. Sérstaklega núna.“

„Elisa, ég veit að það er óþægilegt að ræða sína eigin fjölskyldu en við sáum tölvuskeyti sem fóru á milli Haralds og pabba ykkar. Þeir virtust ekki neitt sérstaklega nánir, feðgarnir.“ Hún þagnaði en bætti svo við: „Eins höfum við ærna ástæðu til þess að ætla að samband hans við mömmu ykkar hafi verið allt annað en til fyrirmyndar.“

Elisa dreypti á víninu áður en hún svaraði. Hún horfði beint í augu Þóru. „Harald var besti bróðir sem hægt var að hugsa sér. Hann var kannski ekki eins og fólk er flest, sérstaklega upp á síðkastið.“ Hún stakk tungubroddinum út og kleip í hann sem tilvísun í klofna tungu Haralds. „Ég hefði engu að síður gengið stolt við hlið hans við hvaða tækifæri sem er. Hann var öðlingur og ekki bara í minn garð – hann bar systur okkar á höndum sér; enginn var betri við fatlaða manneskju en hann var við hana.“ Hún leit döpur niður á vínglasið fyrir framan sig á borðinu. „Mamma og pabbi, þau bara ... Ég veit eiginlega ekki hvað skal segja ... Þau létu Harald aldrei að njóta sannmælis. Mínar fyrstu minningar um þau eru eilíf faðmlög, ást og umhyggja en það sá ég aldrei þegar Harald átti í hlut. Þau bara ... ja, þau bara virtust ekki þola hann.“ Óðamála greip hún fram í fyrir sjálfri sér. „Þau voru aldrei beint vond við hann eða þannig. Þau bara elskuðu hann ekki. Ég veit ekki af hverju, ef það er þá um nokkuð af hverju að ræða.“

Þóra reyndi að láta ekki á því bera hversu lítið henni þótti koma til

Guntlieb-fjölskyldunnar. Hún fann hvernig straumur fór um hana – hún vildi finna þann sem drap þennan veslings mann. Hún gat ekki hugsað sér neitt aumara en að alast upp án ástúðar. Þörf barna fyrir væntumþykju var áþreifanleg og það var beinlínis glæpsamlegt að neita þeim um hana. Engin furða þótt Harald væri skrýtinn. Hún hlakkaði allt í einu til fundarins með móður hans á morgun. „Já,“ sagði hún til að rjúfa þögnina. „Þetta hljómar ekki vel, það verð ég að segja. Þótt þetta sé kannski algerlega óháð því sem við erum að velta fyrir okkur finnst mér þetta skýra margt í fari hans. Þetta er eflaust ekki það sem þú vilt ræða við ókunnuga konu hins vegar svo að við ættum kannski að snúa okkur að því sem ykkur fór á milli.“

Elisa brosti fegin. „Eins og ég sagði áðan þá ræddum við mest um mig og mín vandamál. Harald var frábær og við gerðum í sjálfu sér ekkert sérstakt. Hann fór samt með mig í Bláa lónið og að skoða einhvern goshver. Annars vorum við bara á röltinu um bæinn og heima að horfa á DVD, elda og slaka á.“

Þóra reyndi að sjá Harald fyrir sér í Bláa lóninu en náði ekki að framkalla nægilega sannfærandi mynd af því í huganum. „Á hvað horfðuð þið?“ spurði hún af forvitni.

Elisa brosti. „Lion King, þótt ótrúlegt megi virðast.“

Matthew blikkaði Þóru. Hann hafði þá engu logið um myndina í tækinu. „Sagði hann þér eitthvað um það sem hann var að gera?“

Elisa sat hugsi. „Ekki var það nú mikið. Hann var raunar í ótrúlega góðu skapi og gekk greinilega vel hér á landi. Ég hef í það minnsta sjaldan séð hann jafnkátan. Kannski var það af því að hann var fjarri pabba og mömmu. Kannski út af bók sem hann fann.“

„Bók?“ spurðu Þóra og Matthew samtímis. „Hvaða bók?“ bætti Matthew við.

Elisa var greinilega hissa á viðbrögðunum. „Nú gamla bókin. Maleus Maleficarum. Er hún ekki heima hjá honum?“

„Ég veit það ekki, ég veit ekki einu sinni hvaða bók þú ert að tala um,“ sagði Matthew. „Sýndi hann þér hana?“

Elisa hristi höfuðið. „Nei, hann var ekki búinn að fá hana.“ Hún þagnaði skyndilega. „Hann hefur kannski ekki náð að fá hana í hendur áður en hann var myrtur. Þetta var auðvitað bara rétt áður.“

„Veistu hvort hann ætlaði að sækja hana?“ spurði Matthew. „Minntist hann eitthvað á það?“

„Nei,“ svaraði Elisa. „Ég spurði raunar ekkert út í það – ég hefði kannski átt að gera það?“

„Það breytir engu,“ sagði Matthew. „En sagði hann þér eitthvað frá þessari bók?“

Andlitið á Elisu lýstist upp. „Já. Það var nefnilega allveg meiriháttar saga. Bíddu nú við, hvernig var þetta nú allt saman aftur?“ Hún hugsaði sig um áður en hún tók aftur til máls. „Þú manst eftir gömlu bréfunum hans afa, er það ekki?“ Hún beindi orðum sínum til Matthews sem kinkaði kolli því til samþykkis. Þóra vildi ekki trufla með því að spyrja hvaða bréf þau væru að tala um en gerði ráð fyrir að það væru bréfin frá Innsbruck úr leðurhulstrinu. „Harald var eins og afi,“ hélt Elisa áfram, „hugfanginn af þeim, las þau aftur og aftur og aftur. Hann var sannfærður um að bréfitarinn hefði gert Kramer eitthvað hræðilegt í hefndarskyni fyrir framkomu hans við konu sína.“ Hún leit á Þóru. „Þú veist hver Kramer var, er það ekki?“

Nú var komið að Þóru að kinka kolli. „Jú, ég hef meira að segja lagt svo lágt að lesa meistaraverk hans, ef hægt er að nota það orð yfir Nornahamarinn.“

„Ég hef nú ekki lagt í það en veit hins vegar allt um hann, annað er ekki hægt í minni fjölskyldu. Harald fékk það eiginlega á heilann að finna út hvað hefði gerst. Ég reyndi að benda honum á að þetta hefði gerst fyrir fimm hundruð árum og það væri enginn möguleiki að grafa það upp núna. Hann hélt því hins vegar alltaf fram að það væri alls ekki útilokað. Kirkjan hefði flækst inn í málið og flest skjöl sem bárust henni hefðu varðveist. Hann gafst í það minnsta ekki upp – skráði sig í sögu í háskólanum til að tryggja sér aðgang að skjalasöfnum. Hann valdi svo að skrifa lokaritgerð um galdraofsóknir til þess að gera leitina trúverðugri. Hann var auðvitað á auðum sjó í því rannsóknarefni, hafði safnið hans afa fyrir framan sig, sem og eldmóð gamla mannsins í blóðinu.“

„Afi þinn var sem sé góður við hann?“ spurði Þóra sem vissi að svarið yrði jákvætt en vildi engu að síður fá staðfestingu á því.

„Ó, já,“ sagði Elisa. „Þeir eyddu löngum stundum saman. Harald

sótti mikið í hann, meira að segja eftir að afi var kominn á spítalann og lá banaleguna – og vissi hvorki í þennan heim né annan. Afi var eins og gefur að skilja langsamlega hrifnastur af honum af okkur krökkunum. Kannski líka vegna þess að hann fann hversu utanveltu Harald var hjá mömmu og pabba. Þaðan fékk Harald áhugann á sögu galdrabrenna. Þeir virtust geta setið endalaust yfir þessu.“

„Og skilaði námið einhverju?“ spurði Þóra. „Fann hann eitthvað út úr þessu?“

„Já,“ svaraði Elisa. „Harald hélt því fram, að minnsta kosti. Í gegnum háskólann í Berlín fékk hann aðgang að skjalasafni Vatíkansins og fór því til Rómar vorið eftir að hann lauk öðru ári. Hann var þar í langan tíma, líklega lungann úr sumrinu. Þar sagðist hann hafa haft uppi á skjali þar sem Kramer fer fram á að fá að gera aðra atlögu að nornunum í Innsbruck – segir þær hafa stolið frá sér eintaki af bók sem hann hafi ritað. Samkvæmt Harald segir Kramer að eintakið sé honum svo mikils virði, í því sé að finna leiðbeiningar um það hvernig best sé að kveða niður galdra og saksækja nornir. Hann lýsir síðan áhyggjum sínum af því að þær geti notað bókina til þess að kalla yfir hann einhvern óskunda. Hann vilji því endurheimta bókina hvað sem það kosti. Harald sagðist hins vegar ekki hafa fundið svar Vatíkansins við þessu erindi en ekki er vitað til þess að Kramer hafi farið aftur til Innsbruck svo líklega var ekki orðið við beiðni hans. Harald varð hins vegar rosalega spenntur og taldi sig hafa komist að því hvað hefði verið tekið frá Kramer og sent sína löngu leið til helvítis: Eintak Kramers af Nornahamrinum – elsta þekktu eintakið af þessari sögufrægu bók. Að vísu sagði Harald að það eintak hefði auðvitað ekki verið nákvæmlega eins og það sem var svo gefið út ári síðar, til að mynda hefði það væntanlega verið myndskreytt og handskrifað. Að auki hefði Springer, meðhöfundur Kramers, átt eftir að leggja eitthvað til málanna en það var ekki hvað síst það sem vakti áhuga Haralds. Upprunalegt handrit Kramers myndi sýna svart á hvítu hver hefði skrifað hvað. Sumir segja nefnilega að Springer hafi hvergi komið nærri.“

„En sendi sá sem stal handritinu það ekki til helvítis? Var það ekki orðalagið?“ spurði Þóra. „Manni finnst þá liggja beinast við að það hafi verið brennt.“

Elisa brosti. „Í síðasta bréfinu til biskupsins af Brixen var talað um sendiboða sem hafði tekið að sér að fara til helvítis. Beðið var um liðsinni kirkjunnar við ferð hans þangað. Bókin hefur því ekki verið brennd, að minnsta kosti ekki strax.“

Þóra lyfti brúnum. „Sendiboði á leið til helvítis, já. Það hljómar eins og eðlilegasti hlutur í heimi.“

Matthew brosti. „Einmitt.“ Hann fékk sér vínsopa.

„Á þeim tíma var þetta ekki svo fráleitt,“ sagði Elisa alvörugefin. „Helvíti var þá talið raunverulegur staður – í iðrum jarðar. Það var meira að segja op þangað niður og það op var talið vera á Íslandi. Á einhverju eldfjalli sem ég man hins vegar ekki hvað heitir.“

„Hekla,“ flýtti Þóra sér að segja áður en Matthew færi að reyna að bera það fram. Svo þannig lá í því – þetta var ástæða komu Haralds til Íslands. Hann var að leita að helvíti, alveg eins og Hugi hélt fram að hann hefði hvíslað að sér.

„Já, einmitt,“ sagði Elisa. „Þangað var förinni heitið með handritið. Eða það hélt Harald, að minnsta kosti.“

„Og hvað? Komst það á leiðarenda?“ spurði Þóra.

„Harald sagði mér að hann hefði leitað að heimildum um för þessa sendiboða og fundið einhverja tilvísun um hann í kirkjuannál frá Kiel frá 1486, hann taldi að minnsta kosti að þar væri átt við sama mann. Í annálnum er vikið að manni sem var á leiðinni til Íslands og hafði með sér bréf frá biskupnum í Brixen þar sem óskað var eftir því að honum yrði veitt húsaskjól og önnur aðhlynning á leið sinni. Hann hafi komið ríðandi og haft eitthvað meðferðis sem hann gætti eins og sjáaldurs auga síns, eitthvað svart og illt. Hann gat því ekki þegið sakramenti þar sem pakkinn mátti ekki fara inn fyrir kirkjudyr og hann lét hann ekki frá sér. Hann var sagður hafa gist í tvær nætur en svo haldið för sinni áfram norður á bóginn.“

„Fann Harald eitthvað sem gaf til kynna hvernig för sendiboðans lauk?“ spurði Matthew.

„Nei,“ svaraði Elisa. „Ekki strax, allavega. Harald kom hingað til Íslands eftir að hann gafst upp á að rekja slóðina í gegnum Evrópu. Fyrst gekk það víst hálfbrösuglega en svo komst hann yfir gamalt bréf frá Danmörku þar sem minnst er á ungan mann sem dó úr mislingu.“

um á biskupssetri sem ég man nú ekki hvað hét – ungan mann sem var á leið til Íslands. Hann kom að biskupssetrinu um nótt, illa til reika og veikur og lést nokkrum dögum síðar. Hann náði þó fyrir andlátinu að biðja biskupinn fyrir þakka sem átti að fara til Íslands og henda ofan í Heklu – með blessun biskupsins í Brixen. Í bréfinu sem var ritað nokkrum árum síðar óskar þessi danski biskup eftir því að kaþólska kirkjan á Íslandi taki að sér að ljúka þessu. Þakkanum segist hann koma á mann sem sé á leiðinni til landsins til þess að selja aflátsbréf fyrir páfann í Róm vegna byggingar Péturskirkjunnar, ef ég man rétt.“

„Hvenær var þetta?“ spurði Þóra.

„Mig minnir að Harald hafi sagt að þetta hafi verið töluvert síðar, líklega um 1505. Biskupinn var orðinn gamall og vildi með þessu hreinsa til hjá sér – hann hafði legið með þetta í næstum tuttugu ár án þess að koma þakkanum áfram.“

„Svo þakkin hefur þá komist til Íslands?“ spurði Þóra.

„Harald var harður á því,“ svaraði Elisa. Hún renndi vísifingri hægri handar í hring eftir brún vínlassins.

„En hefur handritinu þá ekki verið fleygt ofan í Heklu?“ spurði Matthew.

„Harald sagði það varla standast því að enginn hefði þorað að klífa fjallið. Fyrstu heimildir um slíkt eru miklu, miklu nær okkur í tíma. Svo varð víst eldgos nokkrum árum síðar og Harald hélt að það hefði endanlega fælt þá frá sem hefðu kannski verið til í að takast slíka ferð á hendur.“

„En hvar dagaði þá skræðan uppi?“ spurði Matthew.

„Á biskupssetri sem hét eitthvað með s-i, hélt Harald.“

„Í Skálholti?“ spurði Þóra.

„Já, eitthvað svoléiðis,“ svaraði Elisa. „Þangað fór aflátssalinn að minnsta kosti með peningana sem söfnuðust.“

„En hvað svo? Handrit að Nornahamrinum hefur aldrei fundist í Skálholti,“ sagði Þóra og fékk sér kaffi.

„Harald hélt því fram að handritið hefði legið þar, alveg þar til fyrsta prentsmiðjan kom til landsins en þá hafi það verið flutt á annað biskupssetur. Eitthvað með p-i.“

„Hólar,“ sagði Þóra þótt þ kæmi hvergi við sögu.

„Ég man það nú reyndar ekki,“ sagði Elisa. „Það getur vel verið samt.“

„Hélt Harald að þeir hefðu ætlað að gefa það út þar eða hvað?“

„Já, mér skildist það. Þetta var ein útbreiddasta bók Evrópu á þessum tíma, fyrir utan Biblíuna sjálfa, og því líklegt að þeir hefðu í það minnsta velt því fyrir sér.“

„Væntanlega hefur einhver verið búinn að opna pakkann og komast að því hvað hann hafði að geyma – það er enginn svo laus við forvitni að hann freistist ekki til þess að kíkja,“ sagði Matthew. „En hvað varð um bókina? Hún kom hér aldrei út, er það nokkuð?“ Hann beindi orðum sínum til Þóru.

„Nei,“ svaraði hún. „Ekki mér vitanlega.“

„Harald sagðist hafa komist á slóðina,“ sagði Elisa. „Hann sagðist raunar hafa vaðið í villu og svima hvað varðaði prentsmiðjuna og þennan biskupsstól með P-inu ...“

„Hóla,“ greip Þóra fram í.

„Já, einmitt,“ sagði Elisa. „Hann hélt að sá biskup hefði komið bókinni undan áður en hann var tekinn af lífi en svo taldi hann sig hafa fundið út að líklega hefði bókinn aldrei verið flutt frá hinum biskupsstólnum – þessum með S-inu.“

„Skálholti,“ skaut Þóra inn í.

„Eða eitthvað þannig,“ svaraði Elisa. „Hann fann bókina í það minnsta þegar hann fór að kanna þann vinkil – sagði að hún hefði verið falin til þess að bjarga henni frá því að hverfa úr landi.“

„Og hvar var hún?“ spurði Þóra.

Elisa fékk sér sopa af víninu áður en hún svaraði. „Ég veit það ekki. Hann vildi ekki segja mér það. Sagðist ætla að geyma restina af sögunni þar til hann gæti sýnt mér gripinn.“

Þóra og Matthew reyndu ekki að leyna vonbrigðum sínum. „Spurðir þú einskis frekar? Gaf hann ekkert í skyn?“ sagði Þóra óþolinmóð.

„Nei, klukkan var orðin margt og hann var svo glaður yfir þessu öllu saman að ég vildi ekki skemma það fyrir honum með því að suða í honum.“ Elisa brosti vandræðalega. „Daginn eftir töluðum við svo um allt aðra hluti. Haldið þið að þetta sé eitthvað tengt morðinu?“

„Ég veit það svei mér ekki,“ sagði Þóra vonsvikin. Henni datt allt í einu Mal í hug. Kannski þekkti Elisa til vina Haralds. Þau virtust hafa verið nán af lýsingum hennar að dæma. Mal þessi byggir kannski yfir upplýsingunum sem þau vantaði. „Elisa, veistu nokkuð hver Mal er? Harald var með tölvupóst frá honum sem gaf til kynna að þessi Mal vissi eitthvað um leit Haralds að bókinni.“

Elisa brosti. „Mal, já, já. Ég veit alveg hver Mal er. Hann heitir Malcolm og þeir kynntust í Róm. Mal er líka sagnfræðingur. Hann hringdi í mig um daginn – sagðist hafa fengið skrytna pósta um Harald frá Íslandi. Ég sagði honum að hann hefði verið myrtur.“

„Heldurðu að hann viti eitthvað frekar um þetta?“ spurði Matthew. „Gætir þú komið okkur í samband við hann?“

„Nei, hann veit ekkert,“ svaraði Elisa. „Hann þaulspurði mig nefnilega út í bókina, sagði Harald hafa sagt sér að hann hefði fundið hana en ekki útskýrt það frekar. Malcolm hafði alltaf talið þetta algera endaleysu hjá Harald og hann var því áhugasamur að fá að vita hvernig þetta hefði allt saman farið.“

Sími Þóru hringdi. Þetta var símtal frá lögreglunni.

Þóra átti nokkur orð við fulltrúa lögreglunnar, lagði frá sér símann og leit á Matthew. „Það er búið að handtaka Halldór læknanema vegna morðsins á Harald. Hann vill fá mig sem réttargæslumann.“

30. kafli

Þóra sat á lögreglustöðinni og lét fara illa um sig. Hún velti því fyrir sér hvort hægt væri að svipta hana lögmansréttindum fyrir grófa misnotkun á aðstöðu sinni og svívirðilega hagsmunaárekstra. Hún var raunar ekki viss um að kveðið væri á um slíkt í lögum en þá þyrfti endilega að bæta úr því. Staðan var þessi: Annars vegar vann hún fyrir aðstandendur manns sem hafði verið myrtur og hins vegar var hún í þann veginn að gerast lögmaður meints morðingja. Ákvörðunin hafði verið tekin í skyndi og hún rokið út í leigubíl. Matthew varð eftir hjá Elisu og tók að sér að segja frú Guntlieb tíðindin og færa rök fyrir þessari skyndiákvörðun þeirra. Rökin yrðu væntanlega þau að Þóra fengi þarna færi á að ræða við morðingjann í eigin persónu og fá svör við því sem enn var óleyst. Gangi honum vel, hugsaði Þóra sem öfundaði hann ekki af þessu. Fólk í mígrenikasti var eflaust ekkert sérstaklega skilningsríkt.

„Sæl. Hann er tilbúinn.“ Lögreglumaður hafði gengið upp að Þóru án þess að hún yrði hans vör.

„Já, takk fyrir,“ sagði Þóra og stóð á fætur. „Fæ ég að hitta hann ein eða á ég bara að vera viðstödd yfirheyrslu?“

„Hann er búinn að gefa skýrslu. Hann hafnaði réttargæslu á þeim tíma. Það var frekar óþægileg staða – við erum ekki vanir að yfirheyra menn án réttargæslumanna fyrir svo alvarlegar sakir. Hann stóð samt fastur á þessu og við urðum á endanum að leyfa honum að ráða. Það var svo ekki fyrr en að skýrslutöku lokinni að hann óskaði eftir að hitta lögmann. Þig.“

„Er Markús Helgason nokkuð við?“ spurði Þóra. „Ég var að velta því fyrir mér hvort ég mætti eiga við hann nokkur orð áður en ég færi að hitta Halldór,“ bætti hún við eins bljúg og henni var unnt.

Lögreglumaðurinn vísaði henni inn til kollega síns.

Þóra heilsaði Markúsi þar sem hann sat á skrifstofunni sinni með Manchester United bollann fyrir framan sig. „Ég ætla ekki að trufla þig lengi, ég vildi hitta þig augnablik áður en ég færi til Halldórs.“

„Alveg sjálfsagt,“ sagði Markús, þótt tónninn í rödd hans benti til þess að hann væri ekkert alltof spenntur.

„Þú manst væntanlega að ég er í vinnu fyrir fjölskyldu Haralds Guntlieb, er það ekki?“ Lögreglumaðurinn kinkaði íhugull kolli. „Þetta er því frekar óþægileg staða sem ég er komin í – ég sit báðum megin borðsins ef svo mætti að orði komast.“

„Jú, óneitanlega. Það er rétt að þú vitir það að við ráðlögðum Halldóri eindregið frá því að velja þig, einmitt vegna þessa. En hann lét ekki segjast. Þú ert einhvers konar Hrói höttur í hans huga. Hann hefur ekki játað á sig morðið. Ætli hann haldi ekki að þú getir losað hann út úr þessari klemmu.“ Markús glotti kvikindislega. „Sem þú getur ekki.“

Þóra lét glósuna ekkert á sig fá. „Hann er sem sé sekur að ykkar mati?“

„Ó, já,“ sagði Markús. „Það hafa bæst við sönnunargögn sem sýna fram á aðild hans. Skotheid – algerlega. Þeir hafa verið saman að verki, æskuvínirnin. Það fyndna er, ef svo má segja, að þau koma úr tveimur mismunandi áttum en sama daginn. Ég hef alltaf verið hrifin af tilviljunum.“ Hann brosti.

„Og var þetta bara að gerast?“ spurði Þóra.

„Í gær, seinnipartinn. Við fengum upphringingu frá tveimur aðilum sem tengjast hinum látna. Báðir höfðu komist yfir upplýsingar sem annars vegar sýndu fram á sekt Halldórs og hins vegar hvar morðið var líklega framið.“

„Hverjir voru það, ef ég má spyrja?“

„Það skiptir svo sem litlu máli hvort þú færð að vita það núna eða seinna.“ Þóra yppti öxlum. „Það fannst kassi með alls konar ógeðfelldum munum heima hjá Harald – í sameigninni. Í þeim kassa var skinnbútur þar sem gerður er samn ...“

„Samningur um augnmissinn,“ greip Þóra rólega fram í. „Ég vissi af honum.“

Roði færðist í kinnar lögreglumansins. „Þér hefur ekki dottið í hug

að setja þig í samband við mig? Veistu eitthvað fleira sem kemur rannsókninni við og þú hefur kosið að leyna okkur?”

Þóra skautaði fram hjá seinni spurningunni með því að svara einungis þeirri fyrri. „Þér að segja komumst við Matthew ekki að þessu fyrir en í dag og þá grunaði okkur það einungis. Við vorum ekki með neina staðfestingu í höndunum eins og þið virðist vera komnir með.“

„Samt hefði nú verið eðlilegt að láta okkur vita,“ sagði Markús, enn pirraður.

„Sem við hefðum auðvitað gert,“ sagði Þóra, pirruð á móti. „Það er sunnudagur í dag – varla færum við að elta þig uppi á frídegi út af óljósum grun. Það stóð til að reyna að hitta þig á morgun.“ Hún brosti sínu blíðasta til hans.

„Þú segir það. Vonandi er það rétt hjá þér.“ Hann horfði á hana eins og hann tryði henni ekki.

„Hvaða aðrir ógeðfelldir munir fundust?“ spurði Þóra.

„Tveir fingur, heil hönd, fótur og krambúlerað eyra.“ Hann horfði á hana hálf í hvoru búinn undir að hún segðist einnig hafa vitað um þetta. Svipurinn á henni sagði honum að svo var ekki. „Hvert af sínum manningum, að talið er.“ Hann beið eftir viðbrögðum hennar.

„Hvað?“ Þóra kom af fjöllum. Hún vissi bara um þennan eina fingur sem Gunnar hafði minnst á. Fingurinn sem fannst í Árnagarði en ekki hafði tekist að tengja við Harald. Hvað var eiginlega hér á ferðinni? „Ertu að segja að hér sé um fjöldamorð að ræða? Söfnun á líkamspörtum fórnarlambanna?“

„Við vitum ekkert um það á þessari stundu. Skjólstaðingur þinn segist ekkert vita um þetta. En hann lýgur. Ég veit hvenær fólk lýgur.“

„En hvaða sönnunargögn ertu með – einungis samninginn sem er þá væntanlega undirritaður af Halldóri eða hvað?“

„Já,“ svaraði Markús. „Hann og svo fannst stálsjarna af skónum sem Harald var í nóttina þegar hann var myrtur – undir þröskuldi að herbergi nemenda í Árnagarði. Þetta bendir til þess að líkið hafi verið dregið gegnum dyrnar og það er rétt að geta þess að Halldór hafði aðgang að þessu herbergi. Morðið hefur því án efa farið þarna fram. Á sama stað fannst nefnilega teskeið. Blóði drifin teskeið. Það er búið að taka af henni fingraför og meðal annars reyndist fingrafar af Halldóri á henni.“

Blóðið á skeiðinni er úr Harald; að minnsta kosti benda fyrstu rannsóknir til þess.“

„Teskeið,“ sagði Þóra undrandi. „Blóði drifin teskeið. Hvernig teljið þið hana tengjast málinu?“

Markús svaraði ekki beinlínis. „Húsvörðurinn, sem jafnframt er yfirmaður þrifa þarna, kom henni í hendur prófessors sem hringdi umsvifalaust hingað.“ Markús leit á Þóru, allt annað en glaður á svip. „Sá maður ákvað ekki að bíða fram á mánudag eins og sumir.“

„En blóði drifin teskeið. Ég skil ekki alveg hvernig hún tengist þessu og enn fremur hvers vegna hún er að finnast núna. Var ekki gerð leit í öllu húsinu í kjölfar líkfundarins?“

„Teskeiðin er talin hafa verið notuð til þess að ná augunum úr líkinu. Hvað húsleitina varðar ...“ Það kom hik á Markús og Þóra sá að hún hafði hitt á snöggan blett. „Það var auðvitað gerð húsleit. Hvernig þessi skeið fór fram hjá okkur er óljóst sem stendur. Við finnum út úr því.“

„Svo þið eruð með samning og blóði drifna teskeið,“ sagði Þóra og fylgdist með Markúsi aka sér á stólnum. Það var eitthvað fleira. „Mér þykir það nú ekki endilega sanna sekt Halldórs, svona þér að segja. Hann er með fjarvistarsönnun, ef ég man rétt.“

„Þjónn á Kaffibrennslunni?“ sagði Markús hæðnislega. „Við eigum nú eftir að ræða betur við hann. Láttu ekki líða yfir þig þótt það komi brestir í framburð hans þegar gengið verður á hann.“ Hann leit á hana rogginn á svip. „Við erum auk þess með fleira á skjólstæðing þinn. Tvennt meira að segja.“

Þóra lyfti brúnum. „Tvennt?“

„Já – eða eitt þar réttara sagt. Kom í ljós við húsleit heima hjá Halldóri í morgun. Ég efast ekki um að það nægi meira að segja til að sannfæra móður hans um sekt hans.“ Svipurinn á Markúsi lýsti slíkri sjálfumgleði að Þóru langaði mest til þess að geispa og kveðja án þess að spyrja hann frekar út í þetta. Forvitni varð þeirri löngun þó yfirsterkari.

„Og hvað funduð þið þar?“

„Augun úr Harald.“

31. kafli

Þóra horfði þögul á Halldór. Hann sat beint á móti henni með höfuðið ofan í bringu – hafði ekki sagt eitt aukatekið orð frá því að henni var vísað inn fyrir dyrnar á viðtalsherberginu. Hann hafði litið upp þegar hún settist en umsvifalaust tekið aftur til við að brenna gat í gólfið með augunum. „Halldór,“ sagði Þóra frekar örg. „Ég get ekki verið hér mikið lengur. Ef þú vilt ekki ræða við mig hef ég annað við tímann að gera.“

Hann leit upp. „Mig langar í sígarettu.“

„Það er ekki hægt,“ sagði Þóra. „Það er bannað að reykja herna. Þú ert um tíu árum of seinn ef þú ert hingað kominn til þess að fá þér smók.“

„Það breytir því ekki að mig langar samt í sígarettu.“

„Kannski getur löggan leyft þér að reykja einhvers staðar á eftir. Hér inni færðu ekki að reykja svo að við skulum koma okkur að efninu. Sammála?“ Hann kinkaði þreytulega kalli. „Þú veist af hverju þú ert herna, er það ekki?“

„Jú. Nokkurn veginn.“

„Þá gerir þú þér væntanlega ljóst að þú ert í vondum málum. Verulega vondum.“

„Ég drap hann ekki,“ sagði Halldór og leit beint í augu hennar án þess að hvika. Þegar hún gaf ekkert út á það hóf hann að fikta við gat á öðru hnénu á gallabuxunum sem hann var í – gat sem var örugglega á þeim þegar hann keypti þær og hækkaði verð þeirra um helming.

„Eitt skulum við hafa á hreinu áður en við ræðum meira saman.“ Þóra beið eftir að hún hefði athygli hans óskipta og hélt ekki áfram fyrr en hann leit upp og á hana. „Ég er að vinna fyrir fjölskyldu Haralds. Það þýðir að þínir hagsmunir og þeirra fara ekki endilega saman. Allra síst núna. Ég ráðlegg þér því að fá þér annan lögfræðing hið allra fyrsta.“

Fyrir þig geri ég ekkert annað en að hitta þig hér og nú. Ég get gefið þér nöfn á ágætis fólki sem veitir þér alla þá aðstoð sem þú þarft.“

Halldór kipraði augun og hugsaði sig um. „Ekki fara. Ég vil tala við þig. Engin af þessum löggu trúir mér.“

„Hefurðu hugleitt að það kunni að vera vegna þess að þú ert að ljúga að þeim?“ spurði Þóra þurr á manninn.

„Ég er ekki að ljúga. Ekki í aðalatriðum,“ svaraði Halldór fúll.

„Og ég geri ráð fyrir að það sé í þínu valdi að ákveða hvað eru aðalatriði og hvað aukaatriði?“

Það brá fyrir reiði í andliti hans. „Þú veist alveg hvað ég meina. Aðalatriðið er að ég drap hann ekki.“

„Og aukaatriðin? Hver eru þau?“ spurði Þóra.

„Bara,“ sagði hann og hengdi haus.

„Ef ég á að verða þér að einhverju gagni þá vil ég að þú gerir eitt fyrir mig,“ sagði Þóra og hallaði sér fram á völdugt borðið sem skildi þau að. „Ekki ljúga að mér. Ég veit hvenær fólk lýgur.“ Hún vonaði að henni hefði tekist að ná fram sama sannfæringarkrafti og lögreglu-manninum.

Halldór kinkaði kolti, enn fúll að sjá. „Fínt – en það sem okkur fer á milli er trúnaðarmál. Ókei?“

„Nokkurn veginn,“ sagði Þóra. „Ég er búinn að segja þér að ég ætla mér ekki að koma fram sem verjandi þinn farir þú fyrir rétt og því getur þú sagt mér nokkurn veginn hvað sem er – nema auðvitað frá glæpum sem þú ætlar að fremja síðar á lífsleiðinni. Um þá skaltu ekki ræða við mig.“ Hún brosti til hans.

„Ég ætla ekki að fremja neina glæpi,“ sagði hann þungur. „Þú lofar að allt annað fari ekki lengra?“

„Ég lofa að það fari ekki til lögreglunnar – en það gæti samt ekki orðið til annars en að bæta stöðu þína gagnvart þeim. Þú ert þegar kominn í snöruna; það versnar ekki mikið úr þessu. En ef þér líður betur með það getum við sammælst um að við séum einungis að velta fyrir okkur því sem kunni að bæta stöðu þína. Sáttur? Þá ertu hólpinn og hefur í raun ekkert sagt.“

„Ókei,“ sagði hann þótt efa gætti í röddinni. Hann bætti svo við með þjósti: „Spurðu mig þá.“

„Augu Haralds munu hafa fundist heima hjá þér. Hvernig getur staðið á því?“

Hendur Halldórs tóku kipp. Hann klóraði sér taugaóstyrkur á vinstra handarbakinu. Þóra beið róleg meðan hann gerði upp við sig hvort hann ætlaði að segja henni satt eða neita því að hafa nokkuð haft með þau að gera. Hún var staðráðinn í að ganga út veldi hann síðari kostinn.

„Ég ... Ég ...“

„Við vitum bæði hver þú ert,“ sagði Þóra óþreyjufull. „Svaraðu mér eða ég er farin héðan út.“

„Ég gat ekki sent þau,“ ruddi hann skyndilega út úr sér. „Ég þorði það ekki. Líkið hafði fundist og ég var svo hræddur um að þau myndu í póstinum. Ég ætlaði að gera það síðar, þegar allt væri fallið í ljúfa löð. Ég notaði blóðið til þess að skrifa særinguna og henti bréfinu í umslag strax á sunnudeginum. Ég stakk því svo í póstkassa niðri í bæ.“ Hann dró andann djúpt að játningunni lokinni en klemmdi svo saman varirnar eins og hann ætlaði ekki að segja neitt fleira.

„Var það vegna samningsins?“ spurði Þóra. „Varstu virkilega að reyna að efna þennan fáránlega samning um hefndargaldurinn?“

Halldór horfði reiðilega á hana. „Já. Ég sór að ég myndi gera það og ég vildi standa við orð mín fyrir Harald. Þetta var honum svo mikils virði,“ svaraði hann rjóður í framan. „Mamma hans var algjör viðbjóður.“

„Þú áttar þig á því að þetta er alger klikkun?“ spurði Þóra agndofa. „Hvernig gastu látið þér svo mikið sem detta þetta í hug?“

„Bara,“ var álappalegt svarið. „En ég drap hann ekki.“

„Bíddu, við erum ekki komin svo langt,“ sagði Þóra pirruð. „Þú fjarlægðir sem sé úr honum augun – er það ekki rétt skilið hjá mér?“

Halldór kinkaði kolli skömmustulegur.

„Og fórst með þau heim?“

Hann kinkaði aftur kolli.

„Hvar, ef mér leyfist að spyrja, geymdirðu þau?“

„Í frystinum. Inni í brauði. Ég tróð þeim inn í og setti brauðið í frysti.“

Þóra hallaði sér aftur. „Auðvitað. Inni í brauði. Hvar annars staðar.“

Hún tók sér tak og reyndi að eyða myndinni úr huga sér. „Hvernig gastu gert þetta, framið sjálfan verknaðinn á ég við?“

Halldór yppti öxlum. „Það var ekkert mál. Ég notaði teskeið. Það var erfiðara að rista stafinn á hann. Það gekk ekki nógu vel. Ég var frekar mikið út úr heiminum – þurfti oft að fara út í glugga til að fá mér ferskt loft.“

„Ekkert mál, segirðu,“ sagði Þóra gáttuð. „Ég leyfi mér að efa það, þú fyrirgefur.“

Hann hvessti á hana augun. „Ég hef séð miklu viðbjóðslegri hluti. Og gert miklu ógeðfældari hluti. Hvernig heldur þú að það sé að rista í sundur tunguna í vini sínum? Eða fylgjast með aðgerðum á skurðstofu?“

Þóra gat ekki ímyndað sér það en efaðist samt um að það væri jafnvíðbjóðslegt og að plokka augun úr vini sínum með teskeið. Framvegis myndi hún hræra í kaffinu sínu með matskeið. „Hvað sem því líður þá hefur þetta varla verið geðslegt.“

„Auðvitað ekki,“ sagði Halldór hátt. „Við vorum út úr heiminum. Ég sagði þér það.“

„Við?“ spurði Þóra hissa. „Varstu ekki einn að?“

Halldór beið aðeins með að ansa. Hann plokkaði aðeins í gatið á hnénu og hóf aftur að klóra sér á handarbakinu. Þóra varð að ítreka spurninguna áður en hann svaraði. „Nei, ég var ekki einn. Við vorum þarna öll; ég, Marta Mist, Bríet, Andri og Brjánn. Við vorum á leiðinni neðan úr bæ. Ætluðum aftur í partið – Mörtu langaði í dóp og Bríet sagði Harald eiga nokkrar e-pillur inni í nemendaerberginu.“

„En Hugji, var hann ekki með ykkur?“

„Nei. Ég hitti Huga ekkert um kvöldið. Hann hafði farið með Harald úr partíinu en sást ekki meir. Ekki frekar en Harald. Það er að segja á lífi.“

„Svo þið fóruð upp í Árnagarð?“ spurði Þóra hissa. „Hvernig komust þið inn – kerfið sýndi ekki neinn umgang?“

„Kerfið var ekki í gangi – mér skilst að það sé það eiginlega aldrei. Hver heldur þú líka að nenni að ganga um allt hús til þess að vita hvort hann sé síðastur út? Mjög fáir.“

„Þorbjörn Ólafsson, umsjónarmaður Haralds, stendur á því fastar

en fótunum að hann hafi sett kerfið í gang,“ sagði Þóra. „Hann segir það staðfest.“

„Það var ekki í gangi þegar við komum þarna. Sá sem drap Harald hlýtur að hafa tekið það úr sambandi.“

„En það var engu að síður læst og það þarf aðgangsslykil til þess að komast inn,“ sagði Þóra. „Það fer allt í einhverja tölvuskra og samkvæmt henni fór enginn um dyrnar.“ Útprentun úr þjófavarnarkerfinu hafði fylgt gögnunum frá lögreglunni og Þóra hafði séð þetta eigin augum.

„Við fórum inn um opinn glugga bak við húsið. Hann er alltaf opin, þér að segja – þar er einhver sauður með aðstöðu sem man aldrei eftir að loka honum. Svo segir Bríet að minnsta kosti. Það var hún sem benti okkur á hann. Við fórum líka út um hann. Hvorki hún né Brjánn voru með lyklna sína.“

„Og hvað?“ spurði Þóra. „Var Harald þar? Sofandi úr sér vímuna? Látinn? Hvað?“

„Ég er búinn að segja þér að ég drap hann ekki. Hann var ekki sofandi þegar við komum. Hann var inni í nemendaherberginu. Á gólfinu. Dauður. Steindauður. Blár í framan með tunguna úti. Það þurfti engan réttarlækni til að sjá að hann hafði kafnað.“ Nokkrir smávægilegir breistir í rödd Halldórs bentu til þess að hann væri nú ekki jafnsvellkaldur og hann vildi vera láta.

„Gæti hann hafa kafnað við einhverja kynlífsathöfn? Fjarlægðuð þið eitthvað sem gat bent til þess?“ spurði Þóra.

„Nei. Ekkert. Ekkert utan um hálsinn – bara ljótt mar.“

Þóra melti þetta. Hann gat auðvitað verið að ljúga hana fulla en þá var hann fjandi góður lygari, svo mikið var víst. „Hvað var klukkan eiginlega?“

„Eitthvað um fimm. Kannski hálf sex. Eða sex. Ég veit það ekki. Ég man eftir að hafa farið á barinn um fjögurleytið. Hvað við vorum lengi á röltinu er ég bara ekki með á hreinu. Við vorum lítið að spá í hvað klukkan var.“

Þóra dró andann djúpt. „Og hvað svo – þú tókst til við að fjarlægja úr honum augun og hvaðeina þarna inni eða hvað? Og hvernig endaði hann svo inni í ljósritunarkompunni?“

„Auðvitað byrjaði ég ekkert strax á því. Við stóðum þarna eins og hálfvitar. Vissum ekkert hvað við ættum að gera. Marta Mist var meira að segja í móðursýkiskasti og það dettur nú aldrei né drýpur af henni. Við vorum í öngum okkar og gjörsamlega út úr kortinu, full og dópuð. Bríet fór svo allt í einu að tala um samninginn, hékk í mér og sagði að ég yrði að efna hann af því að annars myndi Harald ofsækja mig að handan. Við höfðum undirritað hann á einum fundanna fyrir framan hin – aðallega til að sýnast – en Harald var samt fullkomin alvara með þessu. Hugi var sá eini sem ekki vissi af samningnum. Harald sagði að hann tæki galdrana ekki nægilega alvarlega.“

„Náði samningurinn bara til hefndargaldursins?“ spurði Þóra.

„Já – þessi skriflegi,“ svaraði Halldór. „Við gerðum annan reyndar sem var sama eðlis. Það var ástargaldur sem átti að upphefja hinn með því að vekja síðbúna ást móður Haralds á honum og gera henni eftirsjána enn erfiðari. Sá samningur var bara munnlegur, ég átti að búa til holu við enda grafar Haralds og rita í hana nokkra galdrastafi og nafn mömmu hans. Svo átti ég líka að setja snákablóð í holuna. Harald keypti meira að segja snák til þess. Hann bað mig fyrir hann um viku áður en hann dó og ég er enn með kvikindið. Hann er að gera mig vitlausan. Það þarf að gefa honum lifandi hamstra að éta og ég gæti ælt.“

Svo Harald hafði keypt hamstrana til að fóðra snákinn. Auðvitað. „Hann bjóst sem sé við því að deyja?“ spurði Þóra hissa.

Halldór yppti öxlum en gaf ekkert frekar út á það. „Ég gerði bara það sem gera þurfti; ég man að Marta Mist og Brjálln kúguðust rosalega á meðan. Svo sagði Andri að við yrðum að koma Harald út úr þessu herbergi því að annars myndum við liggja undir grun. Við notuðum hvað mest þessa aðstöðu nemenda. Okkur fannst það skynsamlegt þá og við bárum hann og drógum inn í kompuna. Þar stilltum við honum upp því það var ekki nægilegt gólfpláss til þess að leggja hann niður. Það kostaði miklar tilfærslur og vesen. Við komum okkur út – fórum heim til Andra sem býr ekki svo langt frá í Vesturbænum. Marta Mist gubbaði þar inni á klósetti fram undir morgun. Við hin sátum bara eins og stytur í stofunni þar til við sofnuðum.“

„Hvar fenguð þið hrafnsblóð til að rita með?“

Það var ekki frá því að skömmustulegum svip brygði fyrir á andliti

Halldórs. „Við Harald skutum hann. Úti í Gróttu. Það var engin önnur leið. Við vorum búnir að fara í Húsdýragarðinn og kanna hvort þar fengist einhver til að gefa okkur hrafn eða selja og tala við allar dýrabúðir. En það gekk ekki. Við urðum að gera samninginn með blóðinu.“

„Hvar fenguð þið byssu?“

„Hnuplaði riffli hjá þabba. Hann er veiðimaður. Hann fattaði ekkert.“

Þóra vissi ekki hvað segja skyldi. Svo mundi hún eftir kassanum með líkamsleifunum. „Halldór,“ sagði hún rólega. „Hvað með líkamspartana sem voru að finnast heima hjá Harald? Höfðuð þið eitthvað með þá að gera eða var þetta eitthvað sem hann átti?“ Það passaði ekki alveg í þessu samhengi að segja *eitthvað sem hann átti* en varð bara að duga.

Halldór hóstaði og dró handarbakið eftir nefinu á sér. „Uhhh, já það,“ sagði hann kindarlega. „Þeir eru ekki af líkum, ef þú heldur það.“

„Held? Ég held ekki neitt,“ svaraði Þóra örg. „Mér finnst eins og ég geti átt von á hverju sem er. Þú gætir sagt mér að þið hefðuð grafið upp líkkistur og mér þætti það alveg sjálfsagt.“

Halldór greip fram í. „Þetta er bara dót úr vinnunni. Dót sem átti að henda.“

Þóra rak upp hæðnishlátur. „Þetta er kannski það eina sem ég leyfi mér að efast um. Dót sem átti að henda.“ Með látbragði þóttist hún lyfta einhverju upp og skoða það fúl á svip. „Hvaða fótur er nú þetta – djöfuls dót út um allt. Hendum honum bara.“ Hún fleygði ímyndaða fætinum sem hún hélt á til hliðar. „Láttu ekki eins og kjáni. Hvaðan kom þetta?“

Halldór sat sótsvartur í framan og starði á Þóru. „Ég er enginn kjáni. Þetta var dót sem átti að henda – ekki beint henda heldur brenna. Ef löggan rannsakar þetta kemur í ljós að þetta eru allt skaddaðir líkams hlutar sem varð að fjarlægja. Starf mitt felst meðal annars í því að koma svona löguðu í brennslu. Ég tók það með heim í staðinn.“

„Ég held að réttara væri að segja að þetta hafi verið starf þitt, vinur minn. Ég leyfi mér að efast um að þú takir fleiri vaktir.“ Þóra reyndi að ná utan um þær ótal hugsanir og spurningar sem vöknudu.

„Hvernig er hægt að geyma fót og fingur og hvað þetta nú var í einhvern tíma? Myglar ekki mennskt hold við geymslu? Var þetta kannski líka geymt í frysti?“

„Nei, ég bakaði þá,“ svaraði Halldór eins og ekkert væri eðlilegra.

Þóra hló aftur taugaveiklunarhlátri. „Þú bakaðir líkamsparta. Ætti ég ekki frekar að kalla þig Jóa Hel en Halldór? Jesús Kristur, ég segi nú ekki annað en aumingja lögmaðurinn þinn.“

„Ha, ha. Þvílíkur skemmtikraftur. Ég bakaði þá ekki beinlínis,“ sagði Halldór argur. „Ég þurrkaði þá við lágan hita í ofni. Þá skemmast þeir ekki. Að minnsta kosti hægar. Svo heitir það rotnun en ekki mygla þegar hold á í hlut.“ Hann hallaði sér reiður aftur í stólinn. „Við þurftum að nota þetta við galdrana – þetta gerði þá miklu skemmtilegri.“

„Og fingurinn sem fannst í Árnagarði – var hann úr einni sortinni sem þú bakaðir?“

„Hann var sá fyrsti. Ég ætlaði að stríða Bríeti með honum og setti hann í hettuna á úlpunni hennar. Ég hélt að hann myndi detta framan í hana og hún fá kast en hann datt út úr henni án þess að hún tæki eftir því. Það var samt ekkert hægt að tengja þetta við okkur sem betur fer. Ég hætti að fíflast með líkamspartana eftir það því að það munaði mjóu að við lentum í mjög vondum málum.“

Þóra sat og melti þetta. Hún ákvað að breyta aðeins um gír – komin með nóg af ógeði í bili. „Af hverju laugstu að okkur varðandi ferðina á Strandir og Rangá? Við vitum að þú fórst með Harald.“

Dóri leit niður. „Ég vildi ekki að þið færuð að tengja mig við Galdrasýninguna. Harald komst þar í tæri við galdrana sem voru í samningi okkar. Það gerðist ekkert merkilegt þar. Ég beið á bekk fyrir utan á meðan Harald ræddi við þann sem sér um safnið. Það fór vel á með þeim, svo mikið veit ég, tókust innilega í hendur þegar við fórum. Ég var hrikalega þunnur og alveg að drepast þannig að ég treysti mér ekki inn. Það hékk vinalegur hrafn með mér.“

„Ræddi hann þetta ekkert á heimleiðinni?“ spurði Þóra.

„Nei, flugmaðurinn var náttúrlega með okkur.“

„En á Rangá? Hvað gerði hann þar?“ spurði Þóra. „Ég veit að þú varst með honum þar líka.“

Dóri roðnaði. „Ég veit ekki hvað hann gerði. Eitt er víst að hann var ekki að veiða. Meira veit ég í raun ekki. Við gistum á hótelinu og Harald fór eitthvað á meðan ég hékk inni á herbergi og las.“

„Af hverju fórstu ekki með honum?“ spurði Þóra.

„Hann vildi það ekki,“ svaraði Dóri. „Hann tók mig með af því að ég hafði sagt honum að ég væri kominn í hálfgerðan skít með eitt fagið – hann sagðist skyldu læsa mig inni með bækurnar alla helgina á stað þar sem ekkert annað væri við að vera. Hann stóð við það – raunar ekki bókstaflega en hann neitaði að taka mig með sér þegar hann fór út um sveitirnar. Hvað hann gerði veit ég ekki nákvæmlega en Skálholt er nú þarna rétt hjá.“

„Þið hljótið að hafa eytt einhverjum tíma saman í ferðinni – rædduð þið þetta ekkert?“ spurði Þóra.

„Jú, við hittumst auðvitað um kvöldið – borðuðum og fórum svo á barinn,“ sagði Dóri og brosti til hennar. „Þá vorum við bara að ræða allt aðra hluti, skilurðu?“

„En af hverju sagðistu ekki vita neitt um þessa ferð?“ spurði Þóra hissa. „Og af hverju ósköpunum varstu þarna undir nafninu Harry Potter?“

„Bara,“ sagði Dóri pirraður. „Harald bókaði mig undir þessu nafni. Þetta var húmor. Honum fannst fyndið að uppnefna fólk og ég varð í þetta sinn fyrir barðinu á honum.“ Hann þagnaði aðeins. „Og af hverju sagði ég ykkur ekki frá þessu? Ég veit það ekki – ég laug bara til að ljúga. Ókei?“

„Því miður held ég að lögreglunni hafi alls ekkert skjáttast. Ég held að Hugi hafi drepið Harald og þið svo tekið við án þess kannski að gera ykkur endilega grein fyrir því. Hann var kannski farinn aftur heim, það má vel vera. Þið eruð greinilega ekki í lagi – og væntanlega er hann sami rugludallurinn og þú og hefur drepið Harald út af einhverju rugli sem enginn skilur nema kannski hann sjálfur.“

„Nei!“ Reiðin var horfin og örvænting komin í staðinn. „Hugi drap ekki Harald – það er ekki sjens.“

„Það fannst bolur með blóði Haralds inni í skáp hjá honum. Huga hefur ekki tekist að skýra hvernig hann lenti þar. Lögreglan telur að bolurinn hafi verið notaður til þess að þurrka upp blóð Haralds.“ Þóra

leit á Dóra. „Bolurinn sem um ræðir er sami bolur og einhver var í þegar aðgerðin á tungu Haralds var gerð. Það stendur á honum 100% Silicon. Kannastu við hann?“

Dóri kinkaði kalli ákafur. „Það er bolurinn sem Hugi var í. Það skvettist á hann blóð og hann fór úr honum. Ég notaði hann til þess að þurrka upp af gólfinu eftir aðgerðina.“ Hann leit skömmustulega á Þóru. „Ég vildi ekki segja Huga frá því. Ég henti bolnum bara inn í skáp. Hugi drap ekki Harald.“

„Hver þá, vinur?“ spurði Þóra. „Einhver gerði það og ég spái því að Hugi verði í það minnsta dæmdur fyrir það og þú og vinir þínir fyrir illa meðferð á líki ef ekki eitthvað verra.“

„Bríet,“ sagði Halldór allt í einu. „Ég held að Bríet hafi drepið hann.“

Þóra hugsaði sig um. Bríet. Það var litla ljóshærða stelpan með stóru brjóstin. „Af hverju segirðu það?“ spurði hún rólega.

„Bara,“ svaraði Halldór veiklulega.

„Nei, segðu mér. Þú hlýtur að hafa eitthvað fyrir þér fyrst þú nefnir hana sérstaklega. Af hverju hún?“ spurði Þóra ákveðin.

„Af því. Hún hvarf af einum barnum þegar við vorum niðri í bæ. Hún sagðist hafa týnt okkur en við sátum alltaf á sama stað – að minnsta kosti eitthvert okkar.“

„Þetta er ekki nóg,“ sagði Þóra. Hún nennti ekki að spyrja hann hvers vegna þau hefðu ekki sagt lögreglunni frá þessu. Í vitnisburðum þeirra höfðu þau alltaf verið meira eða minna öll saman.

„Teskeiðin,“ sagði Halldór lágt. „Hún átti að sjá um að losa okkur við teskeiðina en gerði það ekki. Hún getur ekki hafa verið svo vitlaus að setja hana í þessa skúffu sem löggan segist hafa fundið hana í – ég trúí því ekki. Marta Mist sá um hnífinn og hann er horfinn. En teskeiðin birtist allt í einu núna. Mér finnst það ekki ganga upp.“

„Af hverju ætti hún að lauma henni aftur þarna inn – þetta hljómar ekki beinlínis rökrétt.“

„Hún vildi koma mér í vandræði. Hún hélt aldrei á skeiðinni með berum höndum eins og ég. Hún var í fingravettlingum. Hún er reið út í mig af því að ég vil ekkert lengur með hana hafa. Ég veit það ekki.“ Halldór ók sér til í stólnum. „Þetta kvöld var hún eitthvað skrytin.

Þegar við komum að líkinu þá var hún sú eina sem ekki gólaði og gargaði. Hún ein var róleg. Hún horfði bara á hann og sagði ekki orð á meðan við hin fríkuðum gjörsamlega út. Ekki orð fyrir en hún minnti mig á samninginn. Hún hefur ætlað að klína þessu á mig. Spurðu bara hin ef þú trúir mér ekki.“ Hann hallaði sér fram og greip um handlegg Þóru yfir borðið. „Hún vissi um gluggann – kannski fór hún út um hann fyrir um kvöldið; hvað veit ég um það? Hún var reið út í Harald af því að hann hafði ekki viljað ræða við hana vikuna áður, frekar en okkur hin, en það er sama. Kannski trylltist hún eða eitthvað; hefur átt við hann stefnumót og hann orðið eitthvað leiðinlegur. Eitthvað bara. Trúðu mér, ég er búinn að hugsa mikið um þetta og ég veit hvað ég er að segja. Tékkaðu á þessu – talaðu við hana fyrir mig þó ekki væri annað.“

Þóra losaði um handlegginn. „Fólk bregst misjafnlega við sjokki – kannski er hún bara ein af þeim sem fer í leiðslu. Mig langar ekkert að ræða við hana. Láttu lögregluna um það.“

„Ef þú trúir mér ekki, að hún sé biluð, skaltu tala við skólann. Hún og Harald unnu saman að einhverju verkefni og það fór allt til andskotans. Þú þarft bara að spyrja.“ Hann mændi á hana bænaraugum.

„Hvaða verkefni og hvað gerðist með það?“ spurði Þóra hægt. Kannski voru einhver tengsl eftir allt saman við rannsóknir Haralds.

„Eitthvað varðandi það að skrá og safna saman samtímaheimildum um Brynjólf Sveinsson biskup í ýmsum söfnum. Hún fékk þá flugu í höfuðið að einhverjum skjölum hefði verið stolið. Það varð allt vitlaust. Svo reyndist þetta einhver vitleysa. Hún er svo klikkuð, ég sá það bara ekki fyrir en núna. Talaðu við skólann – þó ekki væri annað.“

„Hjá hvaða kennara unnu þau verkefnið?“ spurði Þóra og sá um leið eftir því. Nú var hún farin að taka undir þessa kenningu hans sem enginn fótur gat verið fyrir.

„Ég veit það ekki – ábyggilega hjá þessum Þorbirni – þeir vita það uppi í skóla. Farðu þangað og spurðu. Gerðu það, ég lofa því að þú sérð ekki eftir því.“



Hún stóð upp. „Sjáumst í stríðinu, bakaradrengur. Ef þú vilt skal ég finna handa þér lögmann.“


Hann hristi höfuðið og horfði í gaupnir sér. „Ég hélt að þú myndir

skilja þetta – þú vildir hjálpa Huga og ég hélt að ég gæti fengið þig til að hjálpa mér líka.“


Þóra fór strax að vorkenna honum. Móðureðlið sagði til sín. Eða var það ömmueðlið? „Hver sagði að ég ætlaði ekki að hjálpa þér?“ sagði hún. „Við sjáum til hvað ég finn út úr þessu. Ég mun hins vegar aldrei nokkurn tímann koma nálægt því að verja þig, vinur. Ég mun samt verða viðstödd málflutninginn. Ég vildi ekki missa af honum fyrir öll heimsins auðæfi.“




Hann leit upp og brosti dauflega. Þóra bankaði á dyrnar og lét hleypa sér út. Þetta var að verða búið. Hún fann það á sér.





12. desember 2005





32. kafli

Þóra sat við skrifborðið sitt og sló taktfast í borðbrúnina með blýanti. Matthew fylgdist þögull með aðförunum. „Mér skilst að karlarnir í Rolling Stones séu að leita að ömmu á trommurnar,“ sagði hann.

Þóra hætti að banka í borðið og lagði frá sér blýantinn. „Fyndinn. Þetta hjálpar mér að hugsa.“

„Hugsa? Af hverju þarftu að hugsa núna?“ Daginn áður hafði Þóra sagt Matthew frá örvæntingarfullri tilraun Halldórs til þess að beina athyglinni að Bríeti og hann hafði gefið lítið fyrir þá kenningu. Þóru hafði einnig þótt hún fjarstæðukennd en eftir að hafa legið andvaka og velt henni fyrir sér fram og til baka var hún ekki jafnviss. Matthew hélt áfram: „Þetta virðist vera að skríða saman fyrir utan örfáa lausa enda. Trúðu mér, þegar lögreglan leggst núna yfir þennan Halldór munu peningarnir finnast og jafnvel handritið, ef það er þá til.“

Hann leit út um gluggann. „Förum frekar á veitingastað og fáum okkur síðbúinn morgunmat.“ Matthew var nýkominn á skrifstofuna til Þóru en hann hafði sofið yfir sig.

„Það er ekki hægt. Í dag er frídagur veitingamanna,“ laug Þóra. „Þeir opna ekki fyrr en í hádeginu.“ Matthew stundi. „Þú lifir það alveg af – það er til kex frammi,“ sagði hún og teygði sig í símann og hringdi í Bellu. „Bella, ekki getur þú komið hingað með kexpakkann sem er þarna við kaffivélina?“ Nei-ið lá í loftinu svo að hún flýtti sér að bæta við: „Þetta er fyrir Matthew, ekki mig. Takk.“ Hún sneri sér að Matthew. „Finnst þér ekki ástæða til þess að kanna það sem hann sagði um Bríeti? Kannski er eitthvað til í því.“

Matthew hallaði höfðinu aftur og mændi upp í loft í smástund áður en hann svaraði. „Þú áttar þig væntanlega á því að Halldór er kominn út í horn?“ Þóra kinkaði kalli. „Það er ekkert sem við höfum séð eða heyrt sem bendir til þess að hún sé viðriðin málið að öðru leyti en því

að vera klikkuð og hafa tekið þátt í sérkennilegum athöfnum þar sem bakaðir líkamshlutar komu við sögu.“

„Kannski hefur okkur hreinlega yfirsést eitthvað,“ sagði Þóra með litlum sannfæringarkrafti.

„Eins og hvað?“ spurði Matthew. „Því miður, Þóra mín, þá lítur út fyrir að Hugi hafi þegar allt kemur til alls drepíð Harald og svo hafi vinur hans tekið við. Það eina sem er óljóst er hvort þeir hafi verið saman í þessu og hvort peningarnir hafi horfið ofan í vasa þeirra. Langlíklegast er að þeir hafi logið Harald fullan um handritið, þóst vita vita hvar það væri að finna. Þú verður að viðurkenna að Halldór var í lykilstöðu til að skálda upp einhverja vitleysu þegar hann var að aðstoða Harald við þýðingarnar. Þeir hefðu svo getað þóst koma kaupum á því í kring og stungið peningunum undan. Þegar kom að því að afhenda handritið hafa þeir síðan orðið að grípa til sinna ráða og þagga niðri í Harald. Þessi skýring Dóra á bolnum er ábyggilega skáldskapur.“

„En ...“ Bella stormaði í sömu svifum inn án þess að banka með kexpakkann. Hún hafði raðað kexinu snyrtilega á disk og hellt kaffi í bolla. Einn bolla. Þóru sagði svo hugur að hefði kexið verið handa henni hefði Bella grýtt óopnuðum pakkanum úr gættinni og miðað á höfuð hennar.

„Þakka þér innilega fyrir,“ sagði Matthew og tók við veitingunum. „Sumir skilja ekki mikilvægi morgunmatar.“ Hann nikkaði í átt að Þóru og blikkaði Bellu. Bella leit á Þóru og setti í brýnnar, brosti svo sínu blíðasta til Matthews og gekk út.

„Þú blikkaðir hana.“ sagði Þóra agndofa.

Matthew blikkaði Þóru í tvígang. „Ég blikkaði þig tvisvar. Ertu sátt?“ Hann stakk upp í sig kexköku með miklum tilþrifum.

Þóra ranghvolfdi í sér augunum. „Passaðu þig bara, hún er á lausu og ég er vís með að segja henni á hvaða hóteli þú býrð.“ Farsíminn hennar hringdi.

„Sæl, er þetta ekki Þóra Guðmundsdóttir?“ spurði konurödd sem Þóra kannaðist óljóst við.

„Jú, sæl.“

„Þetta er Guðrún sem leigði Harald íbúðina,“ sagði konan þá.

„Já, komdu sæl.“ Þóra hripaði nafn hennar og hver hún væri á blað og sneri því að Matthew svo að hann vissi hvað um væri að vera. Hún setti tvö spurningarmerki þar fyrir aftan til að gefa til kynna að erindið væri óljóst.

„Ég veit nú ekki hvort ég er að hringja í rétta manneskju en var með nafnspjaldið þitt og ... Já, og allavega þá fann ég kassa hérna um helgina sem Harald átti, með ýmiss konar hlutum í.“ Konan þagnaði.

„Já, ég veit hvað fannst þarna,“ sagði Þóra til þess að hlífa konunni við að lýsa fyrir henni bökuðum líkamspörtum.

„Já, er það?“ Feginleikinn í málrómmum var áþreifanlegur. „Mér brá gífurlega eins og gefur að skilja og ég var bara að átta mig á því núna að ég hef gripið með mér eitt skjal þegar ég hljóp út úr þvottahúsinu.“

„Sem þú ert þá enn með eða hvað?“ Þóru fannst hún verða að aðstoða konuna við að halda þræði.

„Já, einmitt. Ég tók það með mér þegar ég fór til þess að hringja í lög-
regluna og var að finna það rétt í þessu hjá símanum inni í eldhúsi.“

„Er þetta skjal sem Harald átti, eða hvað?“

„Ja, ég veit það ekki svei mér þá. Þetta er gamalt bréf. Eldgamalt. Ég mundi að þið voruð að leita að slíku og hélt kannski að það væri betra að láta ykkur hafa það en lögregluna.“ Þóra heyrði konuna draga andann djúpt áður en hún hélt áfram. „Þeir eru með nóg til að skoða. Ég get ekki ímyndað mér að þetta komi málinu við.“

Þóra krotaði á blaðið: *Gamalt bréf??* Matthew lyfti brúnum og fékk sér aðra kekköku. Í símann sagði Þóra: „Við myndum þiggja að fá að líta á það í það minnsta. Getum við komið til þín núna?“

„Ehmm, já. Ég er heima. Það er bara eitt.“ Konan þagnaði.

„Hvað?“ spurði Þóra varlega.

„Ég er samt hrædd um að ég hafi krumpað bréfið ansi mikið í flýtinum. Ég var í algeru sjokki. Það er alls ekki ónýtt.“ Hún flýtti sér að bæta við: „Það er nú eiginlega þess vegna sem ég sagði lögreglunni ekki frá því. Ég vildi ekki að þeir færu að gera mál úr því að ég hefði skemmt það. Ég vona að þið skiljið hvernig þetta bar að.“

„Ekkert mál. Við komum.“ Þóra lagði á og stóð upp. „Þú verður að taka kexið með þér; við erum á leiðinni út. Við erum kannski búin að hafa uppi á týnda bréfinu frá Danmörku.“

Matthew greip tvær kekkökur og fékk sér síðasta sopann af kaffinu. „Bréfinu sem prófessorinn var að leita að?“

„Já, vonandi.“ Þóra hengdi töskuna á öxlina og gekk að dyrunum. „Ef þetta er bréfið getum við farið og skilað því til Gunnars og kannski náð að toga upp úr honum þetta sem Halldór sagði um Bríeti.“ Hún brosti til hans sigurbrosi, ánægð með hvernig hlutirnir komu upp í hendurnar á henni. „Jafnvel þótt þetta sé ekki bréfið getum við bara þóst halda það.“

„Ætlar þú að plata manngreyið?“ spurði Matthew. „Það telst nú varla fallett – miðað við það sem vesalings maðurinn hefur mátt þola.“

Þóra horfði um öxl á leið sinni eftir ganginum og brosti til hans. „Eina leiðin til að finna út hvort þetta sé bréfið er að fara með það til Gunnars. Hann verður örugglega svo glaður þegar hann sér það að hann vill allt fyrir okkur gera. Tvær eða þrjár spurningar um þessa Bríeti geta varla sakað.“

Þóra brosti ekki jafnbreitt þegar þau sátu við eldhúsborð Guðrúnar með bréfið fyrir framan sig. Gunnar yrði tæplega ánægður að fá það í hendur svona illa farið. Hann myndi án efa óska þess heitast að það hefði áfram verið týnt. „Þú ert viss um að það hafi ekki verið rífið þegar þú tókst það úr kassanum?“ spurði Þóra og reyndi að slétta varlega úr þykkri örkinni, án þess að slíta af henni hlutann sem hafði næstum rifnað af.

Konan gaut augunum skömmustuleg á blaðið. „Alveg viss. Það var heilt. Ég hlýt að hafa rífið það í geðshræringunni. Ég var ekki með réttu ráði.“ Hún brosti afsakandi. „Það er örugglega hægt að líma það saman – er það ekki? Og svo strauja aðeins yfir það jafnvel?“

„Jú, jú. Alveg ábyggilega,“ sagði Þóra þó svo að hana grunaði að viðgerð á skjalinu yrði vandasamari en þessi lýsing gaf til kynna, ef hún væri þá möguleg yfirleitt. „Við þökkum þér kærlega fyrir að setja þig í samband við okkur. Þú gerðir rétt með því – þetta er líklegast skjalið sem við leitum að og það hefur í raun ekkert með rannsókn lögreglunnar að gera. Við komum því til skila í réttar hendur.“

„Gott, því fyrr sem ég losna við allt héðan út sem minnir á Harald og allt þetta umstang, því betra. Þetta hafa ekki verið ánægjulegir dagar fyrir mig eða manninn minn frá því að morðið var framið. Svo vil ég eindregið að þið komið því á framfæri við fjölskyldu hans að ég óski sérstaklega eftir því að fljótlega verði hafist handa við að losa íbúðina. Því fyrr sem ég get gleymt þessu því fyrr get ég jafnað mig.“ Hún lagði grannar hendur sínar flatar á eldhúsbordið og starði á hringskreytta fingurna. „Ekki það að ég hafi ekki kunnað ágætlega við Harald sjálfan. Það má ekki misskilja mig þannig.“

„Nei, nei,“ sagði Þóra vinalegri röddu. „Ég get vel ímyndað mér að þetta hafi verið allt annað en skemmtilegt.“ Hún gerði smáhlé á máli sínu. „Svona rétt að lokum langar mig að spyrja þig hvort þú hafir eitthvað kynnst vinalópi Haralds – séð til þeirra eða heyrð?“

„Á þetta að vera fyndið?“ spurði konan, skyndilega orðin þurr á manninn. „Heyrt í þeim? Þau hefðu eins getað verið hérna inni hjá mér, svo mikil voru lætin stundum.“

„Hvernig læti þá?“ spurði Þóra varlega. „Rifrildi? Öskur?“

Það hnussaði í konunni. „Aðallega var þetta hávær tónlist. Ef tónlist skyldi kalla. Svo voru ógurlegir dynkir oft og tíðum, eins og þau væru að stappa eða hoppa. Einstaka spangól og önnur hróp og gól – ég hafði það oft á tilfinningunni að ég hefði allt eins getað leigt íbúðina undir tamningar.“

„Af hverju hélstu áfram að leigja honum?“ spurði Matthew sem hafði haldið sig að mestu utan við samræðurnar. „Ef ég man rétt var grein í leigusamningnum um umgengni og fyrirvari um uppsögn væri brotið gegn henni.“

Konan roðnaði án þess að Þóru væri ljóst hvers vegna. „Ég kunni vel við hann, ætli það sé ekki bara skýringin. Hann greiddi leiguna á réttum tíma og þar fyrir utan var hann hinn ágætasti leigjandi.“

„Vorur það kannski aðallega vinir hans sem stóðu fyrir þessum hávaða?“ spurði Þóra.

„Já, það má kannski segja það,“ sagði konan. „Í það minnsta magnaðist allt upp þegar þeir voru í heimsókn. Harald átti það til að spila hátt og stíga fast til jarðar eða þannig – þegar vinir hans voru hjá honum jókst það hins vegar til mikilla muna.“

„Varðstu einhvern tímann vitni að rifrildi eða ósætti milli Haralds og þessara vina hans?“ spurði Þóra.

„Nei, ekki get ég nú sagt það. Lögreglan spurði að þessu sama á sínum tíma. Það eina sem ég mundi voru einhver hröð og reiðileg orðaskipti í þvottahúsinu milli Haralds og einhverrar stúlku. Ég var nú ekkert að skipta mér af því, var upptekin við bakstur fyrir jólin. Ég var ekki inni með þeim eða þannig; heyrði þetta bara þegar ég gekk framhjá.“ Roðinn færðist aftur yfir kinnarnar á konunni. Hún hafði óumbeðin sýnt þeim inn í þvottahúsið, útskýrt fyrir þeim hvernig og hvar hún fann kassann. Herbergið var inn af anddyrinu og óhugsandi að hún hefði átt leið þar *framhjá* nema ef hún hefði verið að koma inn. Konan hafði því greinilega legið á hleri og Þóra reyndi að upphuga leið til þess að gefa henni færi á að segja frá því sem hún hafði heyrt – án þess að verða að viðurkenna að hún hefði lagt eyrað upp að hurðinni.

„Oh,“ stundi hún full hluttekningar. „Ég bjó einmitt í íbúð þar sem dyr að sameiginlegu rými lágu inn til mín og það sem maður varð að láta yfir sig ganga. Maður heyrði næstum hvert orð. Mér þótti það allveg ömurlega óþægilegt.“

„Já,“ sagði konan hikandi. „Harald var nú oftast einn í þvottahúsinu – sem betur fer. Ég veit ekki hvort þessi stúlka var að hjálpa honum með þvottinn eða hvort hún fylgdi honum bara niður en þau voru æði æst. Þetta varðaði horfið skjal ef ég man rétt. Ætli þetta sé ekki það.“ Konan benti með hökunni í átt að gamla bréfinu. „Harald var að biðja hana að láta kyrrt liggja; í fyrstu mjög rólega, en hann ætist allur upp þegar hún vildi fá skýringu á því af hverju hann stæði ekki með henni. Hún endurtók í sífellu að þetta myndi gefa henni svo geðveikt vogarafl í náminu – hvað sem það átti nú að þýða. Meira heyrði ég svo ekki enda gekk ég bara hjá eins og ég sagði.“

„Þekktir þú nokkuð röddina í stúlkunni – gæti þetta hafa verið litla ljóshærða stúlkan sem var í vinahópi hans?“ spurði Þóra vongóð.

„Nei, ég kannaðist ekki við hana,“ sagði konan, aftur orðin þurr á manninn. „Þær voru tvær sem komu hingað aðallega, önnur hávaxin og rauðhærð og hin eins og þú varst að lýsa. Báðar tvær áttu það sammerkt að líta út eins og hórur sem hafa skyndilega verið kvaddar í

herinn – með stríðsmálningu í sniðlausum felulitafatnaði. Afskaplega óaðlaðandi báðar tvær og ókurteisar. Ég held að þær hafi aldrei einu sinni heilsað mér þótt við höfum oft mæst. Ég hefði því ekki þekkt í þeim röddina.“

Þótt Þóra væri sammála konunni um að Bríet og Marta Mist væru ókurteisar þá teldust þær seint óaðlaðandi. Hana var farið að gruna að konan hefði verið skotin í Harald og því ósátt við vinkonur hans. Undarlegri hlutir áttu sér nú stað. Hún reyndi að láta ekki á neinu bera. „Jæja, það skiptir hvort eð er engu máli. Þetta tengist málinu eflaust ekki neitt.“ Hún gerði sig líklega til að standa upp og tók bréfið. „Við þökkum þér kærlega fyrir aftur og ég skal koma óskum þínum varðandi íbúðina á framfæri.“

Matthew stóð einnig upp og tók í hönd konunnar. Hún leit á hann brosandí og hann brosti órætt á móti. „Þú vilt ekki bara taka íbúðina?“ sagði hún og lagði vinstri höndina alúðlega yfir hönd Matthews.

„Já, nei, ég verð ekki búsettur hér á landi í bráð,“ sagði hann vandræðalegur og reyndi að upphugsa leiðir til þess að ná hendi sinni aftur.

„Þú gætir líka alltaf búið hjá Bellu,“ sagði Þóra og kímdu. Matthew sendi henni manndrápssvip sem mildaðist aðeins þegar konan sleppti hendi hans.

„Þú lætur hann hafa skjalið,“ sagði Þóra og reyndi að koma stóru umslagi yfir á Matthew. Konan hafði fundið það til fyrir þau að skilnaði – til að fyrirbyggja frekari skemmdir á skjalinu. Ef það var þá til einhvers.

„Ekki að ræða það,“ sagði Matthew og krosslagði hendur þétt upp að líkamanum. „Þú áttir hugmyndina og ég ætla bara að sitja og fylgjast með – rétti manningnum kannski vasaklút ef hann brestur í grát þegar þú afhendir rifrildin.“

„Mér hefur ekki liðið svona síðan ég var nýkomin með bílpróf og bakkaði á bíl nágrannans,“ sagði Þóra þar sem þau sátu og biðu. Þeim hafði verið vísað þar til sætis og sagt að Gunnar væri væntanlegur úr

kennslustund. Þóra sá ekki nokkra sálu svo að hún hallaði sér aftur upp að stólbakinu. „Það er ekki einu sinni eins og ég hafi rífið bréfið.“

„Þú ert hins vegar sú sem lendir í því að færa honum tíðindin,“ sagði Matthew og leit á klukkuna. „Fer hann ekki að koma? Ég verð að ná að borða áður en þú ferð að hitta Ameliu. Er ekki pottþétt að þessi frídagur veitingamanna gildir bara til hádegis?“

„Við verðum fljót, engar áhyggjur. Þú verður farinn að borða áður en þú veist af.“ Hún heyrði fótatak berast frá öðrum enda gangsins og leit upp. Þetta var Gunnar sem gekk hröðum skrefum í átt að þeim. Hann hélt á bunka af pappírurum og bókum í fanginu og virtist hissa að sjá þau.

„Sæl verið þið,“ sagði hann og reyndi með lagni að ná lyklinum að skrifstofunni upp úr vasanum. „Eruð þið komin til að hitta mig?“

Matthew og Þóra stóðu upp. „Já, sæll vertu,“ sagði Þóra. Hún veifaði umslaginu fyrir framan sig. „Við vildum fá að bera undir þig hvort bréf sem fannst um helgina væri nokkuð það sem þú leitaðir að.“

Það lifnaði yfir Gunnari. „Hvað segirðu,“ sagði hann og opnaði inn til sín. „Gangið í bæinn. Mikið eru þetta gleðileg tíðindi.“ Hann gekk að skrifborðinu sínu og lagði frá sér bunkann. Svo settist hann og benti þeim jafnframt á að fá sér sæti. „Hvar fannst það eiginlega?“

Þóra settist og lagði umslagið á borðið. „Heima hjá Harald, í kassa með einhverju dóti. Ég verð að vara þig við að bréfið er ekki í góðu ásigkomulagi.“ Hún brosti afsakandi. „Sú sem fann það fór hamförum.“

„Hamförum?“ spurði Gunnar skilningsvana. Hann tók umslagið og opnaði það varlega. Hægt og rólega dró hann bréfið upp úr því og þegar ástand þess varð ljósara þyrmdi alltaf meira og meira yfir hann. „Hvað í ósköpunum gerðist eiginlega?“ Hann lagði bréfið á borðið fyrir framan sig og starði á það.

„Uhhh, konan fann einnig alls konar aðra hluti sem komu henni úr jafnvægi,“ sagði Þóra. „Ekki að ástæðulausu get ég sagt þér. Hún bað okkur um að skila því að henni þætti þetta afar leiðinlegt en vonaði að hægt yrði að gera við það.“ Hún brosti afsakandi.

Gunnar sagði ekkert. Hann starði hreyfingarlaus á bréfið. Allt í einu fór hann að hlæja. Frekar ógeðfelldum hlátri – ekkert í líkingu við

hlátur sem fylgir því þegar einhver segir eitthvað fyndið. „Guð minn góður,“ dæsti hann svo þegar hláturrokan var liðin hjá. „Mikið verður hún María reið.“ Líkami hans tók smákipt um leið og hann slepti orðinu. Hann strauk yfir skjalið, lyfti því upp og skoðaði það. „Þetta er hins vegar bréfið, maður ætti svo sem að geta glaðst yfir því.“ Hann flissaði.

„María,“ sagði Þóra. „Hver er María?“

„Forstöðumaður Árnastofnunar,“ sagði Gunnar daufri röddu. „Það er hún sem er með böggum hildar út af þessu bréfi.“

„Þú skilar kannski til hennar þessu frá konunni sem fann þau,“ sagði Þóra, „að henni hafi þótt þetta afskaplega leitt.“

Gunnar leit af bréfinu á Þóru. Svipurinn á honum benti til þess að það hefði lítið að segja. „Já, ég geri það.“

„Mig langaði hins vegar að nota tækifærið, Gunnar, og fá að spyrja þig um einn nemanda deildarinnar – hana Bríeti, vinkonu Haralds.“

Gunnar hvessti augun. „Hvað með hana?“

„Okkur var sagt að það hefði slegið í brýnu milli þeirra tveggja. Eitt-hvað í tengslum við sameiginlegt verkefni um Brynjólf Sveinsson. Það hefði kastast í kekki milli þeirra vegna glataðs skjals. Kannast þú eitt-hvað við það?“ Þóra tók eftir því að fyrir aftan Gunnar á veggnum hékk málverk og gat hún ekki betur séð en að það væri af téðum Brynjólfi. „Er þetta ekki hann?“ Hún benti á myndina.

Gunnar þagði hugsí. Hann leit ekki aftur fyrir sig, enda eflaust fyllilega ljóst hvað hékk á veggnum. „Þetta er ekki Brynjólfur Sveinsson; þetta er langafi minn sem ég er skírður í höfuðið á. Séra Gunnar Harðarson. Hann er í prestaskrúða, ekki biskupsklæðum frá sautjándu öld.“

Þóra roðnaði aðeins og ákvað að spyrja ekki út í eina af fjölmörgum innrömmuðum ljósmyndum sem héngu einnig á veggnum – mynd sem henni sýndist vera af Gunnari og bóndanum frá Hellu sem hún og Matthew höfðu hitt þegar þau voru að skoða hellana. Það að hún virtist skammast sín hressti Gunnar aðeins við og hann hallaði sér fram á borðbrúnina og sagði hvasst: „Þið eruð með leiðinlegri gestum sem ég hef fengið,“ sagði hann þurr á manninn.

Þóru rak í rokastans. „Það var leitt. Ég ætla samt að biðja þig að sýna okkur smáþolinmæði – við erum bara að hnýta nokkra lausa enda og

þetta varðandi Bríeti er einn af þeim. Ef þú vilt síður ræða þetta getur þú ef til vill gefið okkur upp nafnið á þeim kennara eða prófessor sem hafði með málið að gera.“

„Nei, nei. Ég get alveg sagt ykkur frá þessu – það ætti ekki að verða mér ofviða. Ég átti einungis við að þið virðist einkar fundvís á viðkvæm innanhússmál. Þetta er eitt þeirra.“

„Nú?“ sagði Þóra hissa. „Ég hélt að þetta yrði aðallega viðkvæmt gagnvart stúlkunni, Bríeti. Okkur skildist að hún hefði hegðað sér eitt-hvað undarlega og það er nú þess vegna sem við erum að spyrja út í þetta.“

„Bríet, já. Mikið rétt, hún hegðaði sér afskaplega sérkennilega. Það var eiginlega Harald að þakka að það tókst að stöðva hana áður en skorin var komin í mjög vandræðalega stöðu.“ Gunnar losaði aðeins um bindishnúttinn.

„En um hvað snerist þetta nákvæmlega?“ spurði hún meðan hún velti fyrir sér bindisnælu Gunnars. Hún minnti hana á eitthvað en kom því ekki fyrir sig.

Gunnar gaut augunum niður á bindið þar sem honum þótti Þóra horfa fullmikið á það. Til vonar og vara strauk hann lófanum yfir það, ef svo ólíklega vildi til að á því væru matarleifar. Hann rispaði sig á skarpri brún nælunnar og dró höndina strax að sér. „Um hvað snerist þetta, segirðu – látum okkur nú sjá. Ef ég man rétt þá ákváðu Harald og Bríet að skrá allar heimildir um Brynjólf Sveinsson sem vitað væri um en verkefnið var hluti af námskeiði sem þau sóttu. Ég held að Harald hafi átt tillöguna að þessu, ekki Bríet. Hún slóst bara í för með honum, enda von að hengja sig á aðra í verkefnavinnunni.“

„Var þetta í einhverjum tengslum við meistararitgerðina hans?“ spurði Þóra en taldi sjálf að hann hefði verið að kanna hvort Brynjólfur hefði haft frumritið af *Malleus Maleficarum* í sínum fórum.

„Nei, engan veginn,“ svaraði Gunnar. „Okkur fannst hann frekar stefnulaus hvað það varðaði, eins og ég held að ég hafi nefnt við ykkur. Í stað þess að nýta verkefni í námskeiðum til undirbúnings ritgerðinni fór hann út um víðan völl – sökkti sér ofan í hluti sem stundum komu galdramálum ekkert við. Það átti að vísu ekki við um Brynjólf – hann var uppi á sautjándu öld, eins og þið þekkið.“

„Varst þú umsjónarmaður með þessu verkefni?“ spurði Þóra.

„Nei, mig minnir að það hafi verið Þorbjörn Ólafsson. Ég get flett því upp ef þú vilt.“ Gunnar bandaði hendinni í átt að tölvuskjánum á borðinu.

Þóra afþakkaði. „Nei, þess gerist líklegast ekki þörf. Ef þú gætir bara sagt okkur hvað gerðist þá erum við ánægð. Við erum ekkert að biðja um fleira að svo stöddu. Við erum frekar tímabundin.“

Gunnar leit á klukkuna sína. „Það á nú reyndar við um mig líka – ég þarf víst að koma bréfinu til hennar Maríu.“ Af svip hans að dæma var það honum ekkert sérstakt tilhlökkunarefni. „Þau fóru sem sé á helstu söfn borgarinnar; Þjóðskjalasafnið, Handritadeildina og aðra slíka staði til þess að skrá niður öll skjöl og bréf þar sem Brynjólfs biskups Sveinssonar er getið. Þeim miðaði vel, að því er mér skilst, þar til Bríet taldi sig hafa komist að því að bréf hefði horfið frá Þjóðskjalasafninu.“

„Er það ekki alveg hugsanlegt?“ spurði Þóra og gaut augunum að rífrildinu á borðinu. „Ég meina, annað eins hefur nú gerst.“

„Vel kann það að vera en að þessu sinni var um hreina handvömm í skráningu að ræða. Að vísu er óljóst hvað varð um bréfið en hún þjófkenndi hins vegar ákveðinn mann sem hafinn er yfir grun í því sambandi.“

„Hvern þá?“ spurði Þóra.

„Þann sem hér situr,“ svaraði Gunnar og þagði. Hann leit á þau til skiptis og manaði þau með augunum að draga í efa sakleysi hans.

„Ég skil,“ sagði Þóra, horfði ákveðin á Gunnar og bætti við: „Fyrirgefðu að ég skuli spyrja en af hverju datt henni þú í hug?“

„Eins og ég sagði þá áttu sér stað ákveðin mistök í skráningu. Samkvæmt skránni mun ég síðastur manna hafa fengið bréfið til skoðunar en ég hef aldrei handleikið það. Annaðhvort notaði einhver nafnið mitt eða færslunúmer hafa skolast til. Brynjólfur Sveinsson interessar mig ekki og það hefði aldrei hvarflað að mér að leita að skjölum sem tengjast honum. Það sem gerði þetta mál enn óheppilegra en ella var að stúlkan reyndi að notfæra sér þetta til þess að láta mig greiða götu hennar í náminu. Sagði blákalt við mig að hún skyldi þegja ef ég rétti henni hjálparhönd, eins og hún komst svo smekklega að orði.“

Ég ræddi þetta við Harald og hann lofaði að fá hana ofan af þessari vitleysu. Ég hafði samband við vini mína á Þjóðskjalasafninu og óskaði eftir því að þeir rannsökuðu málið. Ég vil ekki að einhver stelpugopi telji sig hafa eitthvað á mig. Þeir fundu hins vegar ekkert út úr þessu þar sem svo langt var um liðið, um áratugur eða svo. Að endingu viðurkenndu þeir að þetta hlytu að vera mistök af þeirra hálfu, bréfið hefði væntanlega lent með öðru skjali og kæmi í leitirnar fyrir eða síðar. Bríet hafði vit á því að ræða þetta ekki frekar við mig.“

„Hvaða bréf var þetta eiginlega?“ spurði Þóra. „Um hvað var það, á ég við?“

„Bréfið er skrifað árið 1702 og er frá einum prestanna í Skálholti til Árna Magnússonar. Það virðist vera svar við fyrirspurn Árna um hvað hafi orðið um hluta erlendra handrita í eigu Brynjólfs Sveinssonar sem lést nokkru áður eða 1675. Það er því enginn vafi á því að bréf þetta var til í safninu. Það muna margir eftir því, meira að segja. Það þótti heldur undarlegt.“

„Ekkert fleira?“ spurði Þóra. „Ekkert um handrit sem höfðu verið falin eða tilraunir til þess að koma þeim undan frá Skálholti?“

Gunnar horfði á hana íhugull á svip. „Því spyrðu þegar þér er kunnugt um svarið?“

„Hvað meinarðu?“ spurði Þóra hissa. „Ég veit ekkert um þetta bréf annað en það sem þú varst að enda við að segja.“ Augu hennar leituðu aftur að bindisnælu Gunnars. Hvað í fjandanum var það við þessa nælu sem angraði hana? Og hvað gekk manningnum til?

„Þetta er undarleg tilviljun,“ sagði Gunnar þurr á manninn. Hann stóð greinilega í þeirri meiningu að þau vissu meira en raunin var. „Við getum svo sem haldið áfram þessum skollaleik, ef þið viljið. Í bréfinu er málsgrein sem mönnum hefur gengið illa að ráða í, óljós texti um verndun dýrgripa fyrir dönskum embættismanni og vörslu þeirra við krossinn forna. Flestir eru sammála um að þar sé átt við krossinn helga í Kaðlaneskirkju sem var fjarlægður þaðan við siðaskipti vegna banns við helgum dómum.“

„Þú veist æði mikið um þetta bréf,“ sagði Matthew sem lagði þá fyrst eitthvað til málanna. „Miðað við það að þú hefur aldrei séð það.“

„Að sjálfsögðu kynnti ég mér það þegar þessar ávörðingar voru

bornar á mig,” sagði Gunnar reiðilega. „Bréfið er vel þekkt meðal sagnfræðinga og ýmsir hafa skrifað ágætar greinar um það.“

Þóra starði enn á bindið eins og í leiðslu. Þetta var óvenjuleg næla, frekar óregluleg í laginu og að því er virtist úr silfri. „Hvar fékkstu þessa nælu?“ spurði hún eins og asni og benti á blátt, skáteinótt bindið.

Gunnar og Matthew litu á hana í forundran. Gunnar tók í bindið og skoðaði næluna. Hann sleppti því svo og beindi athyglinni aftur að Þóru. „Ég verð nú að viðurkenna að ég átta mig ekki á hvaða stefnu samtál okkar er að taka. En fyrst þú hefur svona mikinn áhuga á henni þá fékk ég hana í fimmtugsafmælisgjöf.“ Hann stóð upp. „Ég held að það sé ástæðulaust að samtál okkar verði lengra – ég hef engan sérstakan áhuga á að ræða útganginn á mér. Mín bíður síður en svo skemmtilegur fundur með Maríu forstöðumanni í Árnastofnun og ég má ekki vera að því að eyða meiri tíma í þessa vitleysu. Ég óska ykkur sannarlega alls hins besta í rannsókn ykkar en mæli með því að þið haldið ykkur við núíð því að fortíðin kemur morðinu á Harald ekki við.“

Hann fylgdi þeim til dyra.

33. kafli

Matthew leit á Þóru og hristi höfuðið. Þau stóðu í anddyri Árnagarðs. „Þetta sló aldeilis í gegn hjá þér.“

„Sástu ekki næluna?“ spurði Þóra óðamála. „Þetta var sverð. Bindisnælan var samsett úr silfurplatta og á honum var silfursverð sem lá þvert yfir bindið. Sástu það ekki?“

„Jú. Og?“ spurði Matthew.

„Manstu ekki eftir myndunum af hálsinum á Harald? Farinu sem líktist rýtingi eða krossi?“ Hvað hafði læknirinn sagt? *Þetta er einna líkast litlum rýtingi – samt er eitthvað fleira þarna því húðin hefur rifnað við útbrún þessa hlutar, aðeins of utarlega til þess að þessi rýtingur, eða hvað þetta nú er, hafi valdið því.*

„Jú, jú,“ svaraði Matthew. „Ég skil hvað þú ert að fara. Ég er hins vegar ekki viss um að þetta sé sami hluturinn. Myndirnar voru nú ekki það skýrar, Þóra.“ Hann dæsti. „Maðurinn er sagnfræðingur. Víkingasverðið á nælunni er greinilega einhver tenging við helsta fræðasvið hans, landnámið. Ég myndi nú ekki lesa of mikið í það. Mér fannst farið líkara krossi.“ Hann brosti. „Kannski var Harald drepinn af brjáluðum presti.“

Þóra tvísté. Hún teygði sig í símann sinn. „Ég vil ræða við þessa Bríeti. Þetta er eitthvað stórskrýtið allt saman.“

Matthew hristi hausinn en Þóra lét það ekki á sig fá. Bríet ansaði á fjórðu hringingu, grútfúl. Þegar Þóra sagði henni tíðindin af handtöku Dóra sljákkaði aðeins í stelpunni og hún samþykkti að hitta þau í Delínu við Bóksölu stúdenta eftir kortér. Matthew maldaði aðeins í móinn en þegar Þóra sagði honum að þar gæti hann keypt sér eitthvað að borða lét hann tilleiðast. Hann var að háma í sig pizzu þegar Bríet birtist.

„Hvað er Dóri búinn að segja lögreglunni?“ spurði hún skjálfandi röddu um leið og hún settist við borðið.

„Ekkert,“ svaraði Þóra. „Ennþá. Hann hefur hins vegar sagt mér sitt lítið af hverju varðandi nóttina og þátt ykkar í því sem þar fór fram. Ég yrði ekkert ógurlega hissa þótt hann segði fleirum frá því áður en langt um líður. Hann heldur að þú hafir drepit Harald.“

Allur litur hvarf úr andliti Bríetar. „Ég?“ spurði hún hissa. „Ég drap hann ekki neitt.“

„Hann segir að þú hafir horfið úr hópnum þarna um nóttina og þú hafir hegðað þér undarlega þegar þið komuð að líkinu – verið ólík sjálfri þér.“

Bríet galopnaði munninn og sat þannig gapandi í smástund áður en hún tók til máls. „Ég skrapp frá í tuttugu mínútur – max. Svo var ég gjörsamlega í losti þegar við fundum líkið. Ég gat ekki einu sinni hugsað. Hvað þá talað.“

„Hvert fórstu?“ spurði Matthew.

Bríet brosti tvírætt til hans. „Ég? Ég fór inn á klósett með gömlum vini mínum. Hann getur staðfest það.“

„Í tuttugu mínútur?“ spurði Matthew efins.

„Já. Og? Viltu fá að vita hvað við gerðum?“

„Nei,“ greip Þóra fram í. „Við getum alveg getið okkur til um það.“

„Hvað viljið þið mér eiginlega? Ég drap ekki Harald. Ég stóð bara hjá Dóra á meðan Dóri gerði að líkinu. Það er bara Andri sem er í djúpum skít ef Dóri segir löggunni frá þessu. Hann hjálpaði til. Ég snerti ekki Harald.“ Bríet reyndi með þessu að stappa í sig stálinu en fórst það ekkert alltof vel úr hendi.

„Mig langar að spyrja þig út í verkefnið sem þú vannst með Harald varðandi Brynjólf biskup og horfna bréfið,“ svaraði Þóra. „Dóri sagði að þið Harald hefðuð orðið eitthvað ósátt út af því. Er það rétt?“

Bríet leit á Þóru skilningsvana. „Það rugl? Hvað kemur það málinu við?“

„Ég veit það ekki, því spyr ég,“ svaraði Þóra.

„Harald var alveg ömurlegur,“ sagði Bríet upp úr þurru. „Ég var með kverkatak á Gunnari. Hann víbraði allur þegar ég kom til hans og sagðist vita til þess að hann hefði stolið bréfi frá Þjóðskjalasafninu. Hann gerði það alveg örugglega, sama hvað hver segir.“

„Hvernig var Harald ömurlegur?“ spurði Matthew.

„Fyrst fannst honum þetta bara fyndið og manaði mig upp í að hjóla í Gunnar. Við laumuðumst meira að segja inn á skrifstofuna hans til þess að leita að því eftir að kallinn hafði hent mér út. Þetta var mjög furðulegt allt saman. Þegar við vorum þarna inni skipti Harald allt í einu um skoðun. Hann fann einhverja gamla grein um Papa og fór á því líkt flug að það hálfu hefði verið nóg.“

„Hvernig þá?“ spurði Þóra.

Bríet yptti öxlum. „Þetta var einhver grein eftir Gunnar sem var inni í einum skápnum. Harald fann hana og lét mig segja sér hvað stæði undir myndunum. Hann var hrikalega spenntur yfir tveimur þeirra. Önnur var af krossi og hin af einhverri helvítis holu. Svo vildi hann vita allt um aðra teikningu líka. Ég var að fara á límingunum af stressi því að ég var svo hrædd um að Gunnar kæmi. Ég hafði engan áhuga á því að fara að þýða fyrir Harald. Á endanum tróð hann greininni í vasann og við hættum að leita. Rukum bara út.“

„Hvað sagði hann nákvæmlega? Manstu það nokkuð?“ spurði Þóra.

„Ekki nákvæmlega. Við fórum inn í nemendaherbergið og hann heimtaði að ég segði sér hvaða hola þetta væri á myndinni. Þetta var eldstó inni í einhverjum helli. Krossinn líka. Hann var höggvinn í vegg þarna inni. Eitthvert altari.“

„En teikningin?“ spurði Matthew. „Hvað var á henni?“

„Þetta var yfirlitsmynd af hellinum með einhverjum táknum sem áttu að sýna hvað væri hvar. Ef ég man rétt þá var eitt þeirra við krossinn, annað við gat gegnum loftið – ég held að það hafi verið strompur – og svo var þriðja táknið við holuna þar sem átti að vera eldstó.“ Bríet leit á Matthew. „Ég man að hann benti rosalega æstur á þetta þriðja tákni og spurði mig hvort ég teldi líklegt að munkar myndu elda á altarinu. Ég sagðist ekkert vita um það. Þá spurði hann hvort ég héldi ekki að þeir myndu að minnsta kosti setja eldstóna undir strompinn. Á teikningunni var það alls ekkert þannig. Eldstóin var hjá altarinu en strompurinn nær innganginum. Þetta var eitthvað svo óáhugavert og ólíkt Harald að æsa sig svona út af einhverju kjaftæði.“

„Hvað gerðist svo?“ spurði Matthew.

„Hann fór og ræddi við Gunnar. Bannaði mér í kjölfarið að skipta mér meira af bréfinu.“ Hún leit á þau reið á svip. „Samt var það hann

sem upphaflega hvatti mig til þess að pína Gunnar – helvítis Gastbucht eins og hann kallaði hann.“

„Gastbucht?“ hváði Þóra. Hvað hafði staðið á rissblaðinu hans Haralds? Gastbucht? Það var alls ekki gestabók krossins eins og hún hafði talið – þetta var ekki kross heldur t, Gastbucht var bein þýsk þýðing á nafninu Gestvík.

Þóra og Matthew fóru rakleitt aftur í Árnagarð. Hún hringdi á hlaupunum í Markús hjá lögreglunni og sagði honum frá hugmyndum þeirra Matthews um Gunnar en hann tók því fálega. Eftir miklar fortölur samþykkti hann þó að kanna hreyfingar á bankareikningi prófessorsins.

Skrifstofa Gunnars var mannlaustr þegar þau komu þangað. Í stað þess að bíða fyrir utan tóku þau sér það bessaleyfi að setjast inn en þau gerðu ráð fyrir að Gunnar væri á fundi Maríu forstöðumanns að skila bréfinu.

Matthew leit á klukkuna. „Hann hlýtur að fara að koma maðurinn.“

Í því opnuðust dyrnar og inn gekk Gunnar.

Hann rak í rokastans þegar hann kom auga á þau. „Hver hleypti ykkur eiginlega hingað inn?“

„Enginn. Það var opið,“ svaraði Þóra róleg.

Gunnar strunsaði að skrifborðinu sínu. „Ég hélt að við hefðum kvaðst áðan.“ Hann settist í stólinn sinn og mændi illilega á þau. „Ég er ekki í sem bestu skapi. María tók því ekkert sérstaklega fagnandi að fá bréfið svona illa farið.“

„Við skulum ekki tefja þig lengi,“ sagði Matthew. „Við náðum ekki að klára málið alveg áðan.“

„Nú?“ svaraði Gunnar höstugur. „Mér finnst ég nú ekkert eiga vantal að við ykkur.“

„Okkur langar hins vegar að spyrja þig um örfá atriði sem standa enn út af borðinu,“ sagði Þóra.

Gunnar hallaði höfðinu og mændi upp í loft. Hann stundi þungan áður en hann leit aftur á þau. „Gott og vel. Hvað fýsir ykkur að vita?“

Þóra leit fyrst á Matthew en síðan á Gunnar. „Krossinn forni sem tal- að er um í bréfinu til Árna Magnússonar – gæti það ekki verið kross- inn sem er í hellum Papa við Hellu?“ spurði hún. „Þú ættir nú að vera manna fróðastur um það tímabil – er það ekki? Krosinn var í það minnsta fyrir í landinu þegar eiginlegt landnám hófst.“

Gunnar sótroðnaði. „Hvað ætti ég að vita um það?“ bunaði hann út úr sér.

Þóra yppti öxlum. „Ég held raunar að þú vitir allt um það. Er þetta ekki mynd af þér og bóndanum sem á landið með hellunum?“ Hún benti á innrammaða ljósmyndina á veggnum. „Papahellunum?“

„Jú, reyndar. Ég kem reyndar ekki auga á samhengið,“ sagði Gunnar. „Mér þykir þið spyrja undarlegra spurninga og botna hvorki upp né niður í áhuga ykkar á sögu. Langi ykkur að innritast í deildina liggja umsóknareyðublöð frammi á skrifstofu.“

Þóra lét þetta ekki á sig fá. „Ég held einmitt að þú áttir þig ágætlega á samhenginu. Þú varst á Erasmus-fundinum sem stóð þarna fram undir miðnætti þegar Harald var myrtur.“ Þegar Gunnar svaraði þessu engu bætti hún við: „Getur verið að þú hafir hitt Harald þetta kvöld?“

„Hvaða dómadags vitleysa er þetta? Ég er margbúinn að gefa skýrslu hjá lögreglunni út af ótímabæru andláti Haralds. Ég varð fyrir því óláni að finna líkið en það kemur ekki við mig að öðru leyti. Þið skuluð því fara héðan út.“ Titrandi benti hann þeim á dyrnar.

„Ég er viss um að lögreglan á eftir að endurskoða allar sínar yfir- heyrslur yfir þér núna þegar ljóst er hvernig áverkarnir á líkinu komu til,“ sagði Þóra og brosti hæðnislega til Gunnars.

„Hvað áttu við?“ spurði Gunnar æstur.

„Þeir eru búnir að finna þann sem fjarlægði augun og risti stafinn á líkið. Hvernig þér brá við að sjá líkið er ekki lengur nein trygging fyrir því að lögreglan fari um þig silkihönskum. Þetta lítur allt öðruvísi út í ljósi framburðar þess manns.“

Gunnar saup hveljur. „Þið eruð tímabundin. Ég er það líka. Ég vil ómögulega tefta ykkur. Við skulum segja þetta gott.“

„Þú kyrktir hann með hálsbindinu,“ hélt Þóra áfram. „Bindisnælan þín mun staðfesta það.“ Hún stóð upp. „Ástæðan á eftir að koma í ljós

en hún skiptir raunar engu í augnablikinu. Þú drapst hann. Ekki Hugi, ekki Halldór og alls ekki Bríet. Þú.“ Hún horfði framan í hann og fann togast á í sér ógeð og samúð. Það fór skjálfti um Gunnar og Matthew reis hægt upp, notaði um leið aðra höndina til þess að ýta Þóru rólega aftur á bak – í áttina að dyrunum. Hann virtist óttast að Gunnar stykki yfir skrifborðið með bindið á lofti til þess að kyrkja hana.

„Ertu gengin af göflunum?“ spurði Gunnar og starði á Þóru. Hann reis upp með miklum látum. „Hvernig dettur þér slíkt í hug? Ég ræð þér að leita þér aðstoðar og það sem allra fyrst.“

„Þetta er engin vitleysa – þú myrtir hann.“ Þóra stóð föst á sínu. „Við erum með ýmislegt sem bendir til þess að þú sért sá seki. Trúðu mér. Þegar lögreglan fær það í hendur og leggst yfir þín mál verður erfitt fyrir þig að verjast.“

„Það er útilokað, ég drap hann ekki.“ Gunnar leit á Matthew í von um stuðning.

„Lögreglan hefur kannski áhuga á að heyra þig neita því – við höfum það ekki.“ Matthew stökk ekki bros á vör. „Kannski deildin geti eitthvað aðstoðað þá við að fara ofan í þína hagi. Húsleit skilar svo ef til vill einhverjum vísbendingum ef bindisnælan ein dugar ekki til.“

Sími Þóru hringdi. Hún hafði ekki augun af Gunnari meðan á stuttu símtalinu stóð. Hann fylgdist taugaóstyrkur með samtalinu án þess að fá botn í samhengið. Þóra setti símann aftur í vasann. „Þetta var lögreglan, Gunnar.“

„Og?“ spurði hann. Barkakýlið á honum gekk upp og niður.

„Þeir báðu mig um að koma upp á stöð. Þeir hafa komist að því að það eru athyglisverðar hreyfingar á bankareikningi þínum og vilja að við Matthew útskýrum betur mál okkar. Mér sýnist á öllu að lögreglan sé komin með þig í sigtið.“ Hún þagnaði og horfði á hann.

Gunnar leit ráðvilltur á þau til skiptis. Hann lyfti svo bindinu og gónði á næluna. Hann opnaði munninn oftar en einu sinni eins og til að segja eitthvað en hætti jafnharðan við. Að endingu hengdi hann haus í uppgjöf. „Eruð þið að leita að peningunum?“ spurði hann drafandi röddu. „Ég hef ekki eytt miklu af þeim.“ Hann leit á þau en fékk engin viðbrögð. „Ég er líka með bókina en ég vil síður sleppa hend-

inni af henni. Enda á ég hana. Ég fann hana.“ Hann greip um enni sér, að því er virtist í örvæntingu. „Ég á ekkert annað sem telst ómetanlegt eða einstakt. Harald virtist eiga allt, í það minnsta nóg af peningum. Af hverju gat hann ekki ágirnst eitthvað annað en þetta?“

„Gunnar, ég held að við ættum að hringja í lögregluna,“ sagði Þóra lágt og vinalega. „Þú þarft ekki að segja fleira við okkur – sparaðu krafta þína.“ Hún sá að Matthew tók upp símann sinn, tilbúinn til þess að hringja. „Eitthundrað og tólf,“ sagði hún við hann án þess að Gunnar veitti því neina sérstaka eftirtekt. Matthew steig aðeins frá til þess að hringja.

„Ég átti alltaf von á því að lögreglan ásakaði mig um morðið þegar hún yfirheyrði mig um líkfundinn. Ég var sannfærður um að þeir væru bara að leika sér að mér, láta eins og þeir vissu ekki að ég hefði drepið hann. Svo kom bara í ljós að það hafði ekki einu sinni fallið grunur á mig.“ Hann leit upp og brosti dauft. „Mér hefði verið ómögulegt að leika skelfinguna sem greip mig þegar líkið datt þarna á mig. Þegar ég sá það síðast lá það á gólfinu í nemendaherberginu. Ég hélt um stund að hann væri risinn upp frá dauðum til þess að ná fram hefndum. Þið verðið að trúá mér að ég átti ekkert við augun. Ég kyrkti hann bara.“

„Það eitt og sér er auðvitað alveg nóg,“ sagði Þóra. „En af hverju? Af því að hann vildi kaupa af þér handritið af Nornahamrinum? Áttir þú það?“

Gunnar kinkaði kalli. „Ég fann það í hellunum. Ég var í rannsóknarleyfi og sökkti mér ofan í Papana. Ég fékk leyfi bóndans til þess að grafa þarna aðeins í von um að finna mannvistarleifar sem sönnuðu eða afsönnuðu að þeir hefðu grafið hellana. Þeir höfðu ekkert verið rannsakaðir áður – það eru liðin tuttugu ár síðan ég var þarna á ferð. Ég varð fyrstur til að stinga skóflu í jörð þarna þó svo að hluti annarra Ægissíðuhella hafi verið kannaðir töluvert fyrr. Búfé var hýst í hellunum allt fram á miðja síðustu öld og þeir því að mestu ókannaðir. En í stað þess að rekast á mannvistarleifar frá því fyrir landnám fann ég lítinn kistil sem var vel falinn við altarið. Í honum var þetta handrit, ásamt ýmsu öðru. Handskrifuð Biblía á dönsku, sálmabók og tvær forkunnarfagrar bækur um náttúruvísindi á norsku.“ Hann horfði

djúpt í augu Þóru. „Ég gat ekki staðist þetta. Ég flýtti mér með kistlinn út í bíl áður en bóndinn kæmi að mér og sagði ekki nokkrum manni frá þessu. Smám saman áttaði ég mig á því hvílíkar gersemar ég væri með í höndunum, að þetta væri góss úr Skálholti. Tvær bókanna voru merktar fangamarki Brynjólfs – LL. Það var þó ekki fyrr en Harald birtist að ég fékk skýringu á því hvað þessi undarlega útgáfa af Nornahamrinum var að gera þarna.“

„En hvernig fann hann út úr þessu?“ spurði Þóra og bætti við: „Þú þarft ekkert að segja mér það frekar en þú vilt.“

Gunnar lét þetta síðara eins og vind um eyru þjóta. „Glópalán,“ sagði hann. „Ég flokka það að vísu ekki undir lán, frekar ólán. Harald kom hingað gagngert til þess að leita að þessu handriti, eins og þið ef-laust vitið. Hann hamaðist í öllum heimildum þar til hann komst á slóðina, að því er hann taldi. Hann var sannfærður um að Jón Arason hefði tekið handritið til prentunar og komið því svo í felur þegar fór að hrynja undan honum. Á þeim tíma áttaði ég mig ekkert á því hvert hann var að fara og gerði ekkert til þess að leggja stein í götu hans. Hann fór gagngert í Skálholt til þess að kanna aðstæður á aftökustaðnum. Þar komst hann á slóðir handritsins fyrir hreina tilviljun – honum var sagt frá handritasafni Brynjólfs og hann lagðist í könnun á heimildum um hann í von um að geta rakið afdrif handritanna sem komið var undan. Það var ekki fyrr en hann kom svo til mín eftir að Bríet hafði fundið þetta út með bréfið sem hvarf frá Þjóðskjalasafninu ...“

Hann leit niður og svo aftur á Þóru. „Ég hélt auðvitað bréfinu eftir þegar ég áttaði mig á því hvað ég hafði fundið. Ég var svo hræddur um að það leiddi aðra að hellunum – að einhver kæmist að sömu niðurstöðu og þú varðandi krossinn helga. Það urðu dýrkeypt mistök. Ég átti nú ekki í vandræðum með Bríeti en svo birtist Harald. Hann hafði kannað efni bréfsins. Hann kom sér beint að efninu, sagðist vita til þess að ég hefði fundið Nornahamar Kramers og að hann vildi fá hann. Hann hafði stolið grein um Papa og hellana af skrifstofunni minni – gamalli grein sem ég neyddist til að skrifa eftir að rannsóknarleyfinu lauk. Ég varð að fjalla um það sem ég hafði gert og birti ritgerðina í tímariti sem nú er hætt að koma út og fór heldur ekki víða. Ég asnaðist þar til að setja inn mynd af holunni sem ég náði kistlinum

úr. Ég sagði þetta vera gamla eldstó. Það amaðist enginn við þeirri niðurstöðu – ég held í raun að enginn hafi nennt að lesa greinina. Harald lagði einfaldlega saman tvo og tvo. Og ég hélt að ræstingarkonurnar hefðu stolið greininni.“

Gunnar þagnaði smástund. „Hann vildi Nornahamarinn. Sagði að sér væri sama um annað sem kynni að hafa verið þarna líka en hann yrði að fá bókina. Svo bauðst hann til þess að kaupa hana af mér. Nefndi ótrúlega upphæð, miklu meiri fjármuni en ég fengi fyrir hana á svörtum markaði, ef ég hefði þá hugmynd um hvar sá markaður væri. Í staðinn fyrir að neita þessu og vísa honum á dyr gaf ég færi á mér. Peningarnir freistuðu mín. Mér var ekki kunnugt um það þá hversu merkilegt handritið var. Harald sagði mér ekki alla söguna fyrr en hann lét mig hafa peningana. Þá snerist mér hugur. En ég gat vitaskuld ekki sagt honum það.“ Gunnar dæsti. „Þið skiljið það auðvitað ekki en þegar maður vinnur alla sína ævi í návist sögunnar þá heillast maður ósjálfrátt af því sem eftir situr. Þarna hafði ég í höndunum einstakan grip. Algerlega einstakan.“

„Svo þú drapst Harald til þess að eiga áfram handritið – án þess að reyna að skila peningunum og kanna hvort hann væri til í að hætta við allt saman?“ spurði Þóra. „Kannski hefði hann frekar kosið að lifa án þess heldur en að deyjja.“



Gunnar hló veikum hlátri. „Auðvitað hafði ég reynt það. Hann hló bara að mér og sagði heppilegra að eiga við sig en yfirvöld því að hann myndi ekki hika við að segja til mín ef ég sviki hann.“ Gunnar dæsti. „Ég sá hann. Hann kom hjólandi eftir Suðurgötunni þegar ég var að keyra heim. Ég sneri við og náði honum við anddyrið. Hann henti hjólinu til hliðar og við gengum saman inn. Önnur hönd hans var öll í blóði sem hann hafði greinilega strokið af nefinu. Hann var með blóðnasir. Ógeðslegur.“ Gunnar lokaði augunum. „Hann notaði lykilinn sinn og leyninúmer til þess að opna. Hann var drukkinn og örugglega á lyfjum. Ég reyndi eina ferðina enn að ræða við hann, bað hann að sýna mér skilning. Hann hló bara að mér. Ég elti hann inn í nemendaherbergið og þar gramsaði hann í skáp og kom út með litla hvíta pillu sem hann glepti. Hann varð fljótlega enn undarlegri eftir það. Hann lét sig falla í hægindastól, sneri baki í mig og bað mig um

að nudda á sér axlirnar. Ég hélt að hann væri farinn yfir um en frétti síðar að hann hefði tekið e-töflu sem eykur víst þörf fólks fyrir líkamlega snertingu. Ég gekk upp að honum og í fyrstu var ég að hugsa um að gera eins og hann bað í þeirri von að hann féllist á bón mína. En svo fylltist ég slíkri heift að áður en ég vissi af var ég búinn að taka af mér bindið og kasta því yfir höfuð hans. Ég herti að. Hann barðist um. Samt gerðist ekkert. Svo dó hann. Rann hægt og rólega út úr stólnum á gólfið. Og ég fór.“ Gunnar leit á Þóru og beið eftir viðbrögðum hennar. Hann virtist algerlega búinn að gleyma Matthew.



Ómur af sírenum barst inn um gluggann og varð æ háværi. „Þeir eru komnir til þess að sækja þig,“ sagði Þóra.

Gunnar leit af henni og mændi út um gluggann. „Ég ætlaði mér að verða rektor,“ sagði hann dapurlega.

„Ég held að þú getir gleymt því.“



13. desember 2005



Eftirmáli

Amelia Guntlieb starði á borðplötuna, þögul sem gröfin. Þóru grunaði að hún treysti sér ekki til þess að tala. Í hennar sporum hefði Þóru án efa einnig verið orðfátt. Matthew var nýbúinn að fara yfir málavöxtu eins og þau þekktu þá. Ólíklegt var að fleira ætti eftir að koma í ljós sem skipti máli. Þóra dáðist að því hve vel honum tókst að milda hluti sem hlutu að særa móður Haralds. Samt var sagan andstyggileg og erfið á að hlýða – meira að segja fyrir Þóru sem þó þekkti allar hliðar hennar.

„Það er búið að finna Nornahamarinn og fleira af því sem Gunnar gróf upp í hellinum,“ sagði Matthew rólega. „Peningana líka. Hann hafði ekki eytt nema broti af þeim. Þetta var allt saman í bankahólf.“

Eftir að lögreglan hafði handtekið Gunnar daginn áður fóru fram yfirheyrslur svo ekkert varð úr því að Þóra og Matthew færu saman út að borða. Þóra hafði ekki heldur treyst sér til þess að hitta Ameliu Guntlieb eftir að þau losnuðu frá lögreglunni. Þess í stað hafði hún farið heim. Áður en hún settist með Gylfa til að ræða um barnið sem hann nú átti von á spjallaði hún lengi við Laufeyju. Hún ráðlagði Þóru að gera drengnum aðstæðurnar ljósar með því að láta hann gera eitthvað sem myndi persónugera barnið fyrir honum. Þannig gæti hann betur áttað sig á því sem var að gerast. Hún gæti til dæmis hvatt hann til þess að velta fyrir sér hugsanlegum nöfnum á barnið.

Þau sátu á mannlausri kaffistofunni í Ráðhúsinu. Elisa hafði fellt nokkur tár á meðan Matthew sagði frá en móðir hennar verið sem steinrunnin. Horfði til skiptis í gaupnir sér og á borðplötuna. Hún leit nú upp og dró andann djúpt. Enginn sagði orð. Þau biðu hálfvegis eftir að hún segði eitthvað, gréti eða léti tilfinningar sínar á annan hátt í ljós. Það varð ekki. Hún leit ekki á neitt þeirra þriggja heldur beindi þess í stað sjónum sínum að stórum glervegg sem vísaði út á Tjörnina

og fylgdist með öndum sem syntu þar í makindum, ásamt nokkrum gæsnum. Vindurinn ýfði yfirborð vatnsins og fuglarnir lyftust og hnigu rólega með öldunum. Mávur kom skyndilega aðvífandi og lenti inni í miðjum strjálum hópnum. „Eigum við að kíkja á kortið af Íslandi?“ sagði Matthew skyndilega við Elisú. „Það er hérna frammi.“ Elisa kinkaði dauflega kalli og þau stóðu upp og gengu yfir í stóra salinn við hliðina á kaffihúsinu. Þóra og móðir Haralds sátu einar eftir.

Það var ekki að sjá að konan gerði sér grein fyrir því að það hefði fækkað við borðið. Þóra ræksti sig kurteislega, án þess að það bæri til-æflaðan árangur. Hún beið smástund en sá að hún yrði að beita markvissari aðferðum til þess að ná athygli konunnar. „Ég hef ekki mikla reynslu af svona löguðu og get því illa tjáð þér hvað mér þykir þetta leitt. Ég vil bara að þú vitir að þú og fjölskylda þín eigið alla mína samúð.“

Það hnussaði í konunni. „Ég á enga samúð skilið – ekki frá þér og ekki frá öðrum.“ Hún sneri sér frá glugganum og leit á Þóru. Hún var örg á svip en svo var eins og sljákkaði í henni. „Fyrirgefðu. Ég er ekki með sjálfri mér.“ Hún lagði hendurnar á borðið og fór að fíkta við hringana sína. „Ég veit ekki af hverju ég finn mig knúna til þess að tala við þig.“ Hún leit af gullinu á Þóru. „Kannski vegna þess að ég á aldrei eftir að sjá þig aftur. Kannski vegna þess að ég þarf að fá tækifæri til þess að réttlæta gjörðir mínar, nú þegar hegðun mín hefur haft þessar skelfilegu afleiðingar.“

Þóra gat einungis getið sér til um að þessar skelfilegu afleiðingar vísuðu til láts Haralds. „Þú þarft ekkert að útskýra þetta fyrir mér,“ sagði Þóra. „Ég er ekki fædd í gær og veit að oft liggur annað og meira að baki en það sem manni virðist við fyrstu sýn.“

Konan brosti dauft. Þóra veitti því eftirtekt að hún var afskaplega vel snyrt. Aldurinn var vissulega farinn að færast yfir hana en samt var hún enn glæsileg, þó svo að fegurðin væri aðeins tekin að víkja fyrir virðuleikanum. Klæðnaður hennar dró lítt úr þeim áhrifum. Þóra gerði ráð fyrir að dökk dragtin og kápan kostuðu meira en hún eyddi sjálf í föt á einu ári. „Harald var svo yndislegt barn,“ sagði konan dreymin. „Þegar hann fæddist vorum við feikilega hamingjusöm. Við áttum Bernd fyrir, hann var þá rúmlega tveggja ára og svo bættist við

Þessi yndislegi litli drengur. Árin sem á eftir komu, þar til Amelia fæddist, eru í minningunni eins og maður ímyndar sér himnaríki. Ekki brá skugga á nokkra stund.“

„Hún var veik, er það ekki?“ spurði Þóra. „Fæddist með einhvern sjúkdóm?“

Bros Ameliu Guntlieb hvarf jafnskyndilega og það hafði birst. „Nei. Hún fæddist ekki veik. Hún fæddist fullkomlega heilbrigð. Hún var lifandi eftirmynd mín af þeim ljósmyndum að dæma sem ég átti af mér sem kornabarni. Hún var yndisleg, eins og öll mín börn hafa verið – svaf og grét bara stöku sinnum. Ekkert þeirra fékk í magann eða eyrun. Yndisleg ungabörn.“ Þóra lét sér nægja að kinka kolli því að hún vissi ekki hvað væri við hæfi að segja á þessari stundu. Hún sá að tár birtist í augnhvarmi konunnar. „Harald ...“ Rödd hennar brast. Hún gerði hlé á máli sínu og reyndi að ná sér áður en hún hélt lengra. Hún fjarlægði tárið með snöggri handarhreyfingu. „Ég hef ekki rætt þetta við nokkurn mann, fyrir utan eiginmann minn og lækna okkar. Maðurinn minn talaði um þetta við foreldra sína en aðra ekki. Við erum ekki opin fjölskylda og eigum erfitt með að ræða hlutina – okkur er flest betur gefið en að þiggja samúð annarra. Ég held í það minnsta að það sé ástæðan.“

„Það getur verið erfitt,“ sagði Þóra, án þess að hafa hugmynd um það í raun. Sem betur fer hafði hún ekki fram að þessu þurft á mikilli samúð að halda.

„Harald var afbrýðisamur, þó svo að hann væri jafnframt afskaplega hrifinn af litlu systur sinni. Hann hafði verið litla barnið mitt í meira en þrjú ár og átti erfitt með að sætta sig við nýja fjölskyldumeðliminn á köflum. Við tókum það ekkert alvarlega, bjuggumst við að það liði hjá.“ Tárin ultu nú niður kinnarnar. „Hann missti hana, henti henni í gólfíð.“ Hún þagnaði og fór aftur að fylgjast með fuglunum.

„Missti hann barnið í gólfíð?“ spurði Þóra og gætti þess að láta ekki á neinu bera. Nettur hrollur læddist niður með hryggnum á henni.

„Hún var fjögurra mánaða, sofandi í burðarrúmi. Við vorum nýkomin inn frá því að versla. Ég fór að losa mig við yfirhafnirnar og þegar ég sneri aftur stóð Harald með hana í fanginu. Raunar ekki beinlínis í fanginu. Hann hélt á henni eins og hún væri tuskudýr. Hún

vaknaði auðvitað við þetta brambolt og fór að ambra. Hann skamm-
aði hana og hristi. Ég hljóp að en var of sein. Hann leit bara á mig og
brosti. Svo lét hann hana detta. Hún skall í flísalagt gólfíð.“ Tárin
runnu eitt af öðru og skildu eftir sig glansandi rákir í andliti konunn-
ar. „Ég gat aldrei afmáð þetta úr huga mér. Alltaf þegar ég leit á Har-
ald sá ég fyrir mér svipinn á honum þegar hann lét hana detta.“ Kon-
an þagnaði, safnaði kröftum en hélt svo áfram. „Hún höfuðkúpu-
brotnaði, féll í dá á spítalanum og fékk í kjölfarið heilabólgur. Hún
vaknaði aldrei söm. Litli engillinn minn.“

„Þið hljótið að hafa legið undir grun um illa meðferð á barninu?
Hérlendis hefði farið í gang rannsókn á högum ykkar.“

Svipurinn á Ameliu benti til þess að henni þætti Þóra vera hálfgerð-
ur einfeldningur. „Við þurftum ekki að þola neitt slíkt. Læknir fjöl-
skyldunnar aðstoðaði okkur í því og aðrir læknar sem hjúkruðu henni
sýndu okkur fyllsta skilning. Harald var sendur til sálfræðings en það
hafði ekkert að segja. Hann sýndi engin merki þess að eiga við gedræn
vandamál að stríða. Hann var bara lítið afbrýðisamt barn sem urðu á
hræðileg mistök.“

Þóra leyfði sér að efast um að þetta atvik flokkaðist undir eðlilega
hegðun barns en gaf ekkert út á það. Hvað vissi hún svo sem um það?
„Vissi Harald þetta eða gleymdi hann því með tímanum?“ spurði hún
þess í stað.

„Ég veit það hreinlega ekki. Við töluðum lítið saman, hann og ég.
Mér finnst líklegt að hann hafi vitað þetta – hann var í það minnsta
einstaklega góður við Ameliu Mariu alveg þar til hún fékk frið og dó.
Mín tilfinning var ávallt sú að hann væri að reyna að bæta fyrir það
sem hann gerði henni.“

„Samband ykkar hefur þá einkennst af þessu í öll þessi ár?“ spurði
Þóra.

„Það var ekki um neitt samband að ræða. Ég átti erfitt með að horfa
á hann, hvað þá umgangast hann. Ég forðaðist son minn einfaldlega á
alla vegu. Pabbi hans gerði það eiginlega líka. Harald reyndist það
erfitt í fyrstu, skildi ekki af hverju mamma vildi ekki lengur hafa hann
hjá sér. Svo vandist hann því.“ Hún var hætt að tárast og harka hafði
færst yfir andlitsdrætti hennar. „Ég hefði auðvitað átt að fyrirgefa

honum – ég bara gat það ekki. Kannski hefði ég frekar átt að sækja tímana hjá sálfræðingnum, þá hefði þetta kannski farið öðruvísi. Harald orðið annar maður en hann varð.“

„Var hann ekki góður?“ spurði Þóra, minnug þess sem eftirlifandi systir hans hafði sagt. „Elisa virðist minnst hans sem góðs manns.“

„Hann var leitandi,“ sagði konan. „Við skulum orða það þannig. Hann var stöðugt að reyna að öðlast væntumþykju föður síns – sem hann fékk aldrei. Hann gafst fljótlega upp á mér. Það varð honum til bjargar að afi hans reyndist honum vel. En þegar hann dó tók að halla verulega undan fæti hjá Harald. Hann var við nám í Berlín og fór fljótlega eftir það að nota eiturlyf og leika sér að dauðanum. Einn vina hans dó við þá iðju. Þannig komumst við að því.“

„Þið hafið ekki séð að ykkur og reynt að koma til móts við hann á einhvern hátt?“ spurði Þóra en vissi þó svarið fyrirfram.

„Nei,“ sagði konan stutt í spuna. „Hann fékk í kjölfarið hræðilegan áhuga á öllu sem við kom göldrum en þar smitaðist hann af afa sínum. Þegar Amelia Maria dó skráði hann sig í herinn. Við gerðum ekkert til þess að stöðva það. Sú ákvörðun hans reyndist ekki happadrjúg – ég vil ekki ræða það en hann var sendur heim eftir innan við árs veru þar. Hann hafði þá næga peninga milli handanna sem hann hafði erfð eftir afa sinn og við sáum ekki mikið af honum. Hann hafði þó samband þegar hann ákvað að koma hingað; hringdi til þess að láta okkur vita.“

Þóra horfði hugsí á konuna. „Ef þú ert að biðja um skilning þá færðu hann ekki hjá mér. En ég hef samúð með þér. Ég veit ekki hvernig ég hefði sjálf brugðist við – kannski nákvæmlega eins. Ég vona samt ekki.“

„Ég vildi svo gjarnan hafa verið manneskja til að byggja upp samband mitt við Harald á nýjan leik. Nú er það um seinan og ég verð að eiga það við sjálfa mig.“

Þóru þótti þetta kaldhæðið, kannski hafði hefndargaldurinn virkað þegar öllu var á botninn hvolft. „Ekki halda að ég hafi ánægju af því að auka á vanlíðan þína út af þessu en ég verð að benda þér á að þetta hefur haft áhrif á fleiri. Nú situr til dæmis í fangelsi ungur maður, læknaneminn sem var vinur Haralds. Hann mun ekki eiga sér upp-reisn æru eftir kynni sín af honum.“

Konan leit út um gluggann. „Hvað verður um hann?“

Þóra yppti öxlum. „Hann fær að öllum líkindum dóm fyrir að tilkynna ekki um líkfundinn og fyrir illa meðferð á líki og situr eitthvað inni fyrir það. Hann á væntanlega ekki afturkvæmt í læknaeild háskólans. Mér segir svo hugur að hann hlífi öðrum vinum sínum við því að blandast í málið – þó veit maður aldrei. Ég hef raunar grun um að Harald nefni hann í erfðaskrá sinni. Það er svo sem sárabót.“

„Reyndist hann Harald góður vinur að þínu mati?“ spurði konan og leit á Þóru.

„Já, það held ég. Hann efndi í það minnsta loforð sitt við hann – hversu ógeðfellt og heimskulegt sem það kann að teljast. Sonur þinn valdi sér svo sem ekki vini með það að leiðarljósi að þeir væru eins og venjulegt fólk.“

„Ég skal sjá um hann,“ sagði konan hljóðlega. „Það er það minnsta sem ég get gert. Hann getur skráð sig í læknanám erlendis. Við verðum ekki í vandræðum með að tryggja að það gangi eftir jafnvel þótt hann kunni að hljóta dóm fyrir það sem hann gerði.“ Hún rétti úr fingrunum og kreppti svo hendurnar eins og hún væri með liðverki. „Mér liði betur að fá að gera eitthvað. Það dregur aðeins úr vanlíðaninni.“

„Matthew getur gengið frá því fyrir ykkur ef þér er alvara.“ Þóra bjóst til að standa upp. „Ætli það sé þá fleira,“ sagði hún og vonaði innilega að svo væri ekki. Hún var eiginlega búin að fá nóg.

Amelia fjarlægði handtöskuna sína af stólbakinu og kom henni fyrir á öxlinni. Hún stóð upp og hneppti að sér kápunni. Hún rétti Þóru höndina og þær tókust í hendur. „Þakka þér fyrir,“ sagði hún og virtist meina það. „Þú sendir okkur reikning – hann verður greiddur um leið og hann berst.“ Þær kvöddust og Þóra gekk hröðum skrefum í átt að útganginum. Hún gat ekki beðið eftir að komast út undir ferskt loft.

Á leiðinni gekk hún framhjá salnum með stóra Íslandskortinu. Hún horfði ofan á Matthew og Elisu ganga rólega umhverfis upphleypt, lárétt líkanið. Matthew leit upp þegar hann sá hana útundan sér, greip létt í upphandlegg Elisu, benti henni á Þóru, sagði nokkur orð og gekk svo hratt upp stigann til hennar.

„Hvernig gekk?“ spurði hann um leið og þau gengu framhjá ljóði Tómasar Guðmundssonar í glugganum í anddyrinu.

„Vel – illa,“ svaraði Þóra. „Ég veit það hreinlega ekki.“

„Þú skuldar mér hádegisverð,“ sagði hann og opnaði dyrnar fyrir henni. „En þar sem ég er sanngjarn maður og alls ekkert svangur er ég alveg til í að taka það út í einhverju öðru.“

„Eins og hverju?“ spurði Þóra þó svo hún gerði sér alveg grein fyrir hvert þetta stefndi.

Þau gengu af stað í áttina að Hótel Borg.

Þóra laumaði sér fram úr rúminu tveimur stundum síðar og klæddi sig. Matthew rumskaði ekki. Hún fann blað og penna á litlu skrifborði þarna inni og skrifaði stutta kveðju til hans og lagði á náttborðið.

Hún komst út án þess að hann vaknaði, flýtti sér út á götu og gekk í áttina að Skólavörðustígnum til þess að sækja bílinn sem svo kirfilega var merktur Bílaverkstæði Bibba. Hún átti skilið að taka sér frí það sem eftir lifði dags.

Síminn hringdi í vasanum á jakkanum hennar og hún svaraði.

„Hæ, mamma,“ sagði sonur hennar kátur.

„Hæ, elskan,“ svaraði Þóra. „Hvernig gengur? Ertu kominn heim?“

„Já, við Sigga erum hérna,“ svaraði hann örlítið vandræðalegur. „Við erum að spá í nöfnin, eins og þú sagðir mér að gera. Veistu hvort Pepsi er stelpu- eða strákanafn?“